

Frumvarp til laga

um markaði fyrir fjármálagerninga.

Frá fjármála- og efnahagsráðherra.

1. ÞÁTTUR

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaða, veitendur gagnaskýrsluþjónustu og fyrirtæki í þriðja landi sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi hér á landi. Lög þessi gilda einnig um verðbréfafyrirtæki þegar þau veita viðbótarþjónustu í nánnum tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi. Um gildissvið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR), sbr. 3. gr., fer skv. 1. gr. reglugerðarinnar.

Eftirfarandi ákvæði laganna gilda um lánastofnanir þegar þær veita fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi auk viðbótarþjónustu þegar hún er veitt í nánnum tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi:

1. 2. mgr. 2. gr., 4.–6. mgr. 10. gr., 19. gr. og 21.–30. gr.
2. II.–III. kafli 2. þáttar.
3. 8. og 9. þáttur.
4. 133., 138. og 139. gr.
5. 11. þáttur.

Eftirfarandi ákvæði laganna gilda um verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir þegar þau selja viðskiptavinum samsettar innstæður eða ráðleggja þeim um þær: 4.–6. mgr. 10. gr., 19. gr., 1. og 2. mgr. 21. gr., 22. gr., 1. mgr. 23. gr., 32.–41. gr., 44.–47. gr., 49. gr., 52. gr. og 8. og 9. þáttur auk I. kafla VII. hluta MiFIR.

Eftirfarandi ákvæði laganna gilda um rekstrarfélög verðbréfasjóða þegar þau stunda starfsemi skv. 2. másl. 1. mgr. 27. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og rekstraraðila sérhæfðra sjóða þegar þau sinna verkefnum skv. 3. mgr. 9. gr. laga um sérhæfðra sjóði, nr. 45/2020: 20.–24. gr. og 33.–46. gr.

Ákvæði 34. gr. gilda um markaðsefni rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ákvæði 25.–27. gr. gilda um aðila að skipulegum mörkuðum og markaðstorgum fjármálagerninga sem þurfa ekki starfsleyfi samkvæmt lögum þessum skv. 1., 5., 9. og 10. tölul. 1. mgr. 2. gr.

Ákvæði 4. þáttar gilda um aðila sem eru undanþegnir frá gildissviði laganna skv. 2. gr.

Marghliða kerfi skulu starfrækt annað hvort í samræmi við ákvæði 2. þáttar um markaðstorg fjármálagerninga og skipuleg markaðstorg eða ákvæði 3. þáttar um skipulega markaði.

Verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning þegar það framkvæmir fyrir-mæli viðskiptavina utan viðskiptavettvangs á skipulegan, tíðan og kerfisbundinn hátt skal starfa í samræmi við III. bálk MiFIR.

Viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. eða 7. mgr. sem ekki eru framkvæmd innan marghliða kerfa eða af innmiðlurum skulu vera í samræmi við viðeigandi ákvæði III. bóls MiFIR. Ákvæði 6. þáttar gilda um skuldajöfnuð og tryggingarréttindi í tengslum við afleiður.

2. gr.

Takmarkanir á gildissviði.

Lög þessi gilda ekki um:

1. Vátryggingafélög eða félög sem stunda endurtryggingastarfsemi samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi.
2. Aðila sem veita aðeins móðurfélögum sínum, dótturfélögum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu.
3. Lögmenn og löggilta endurskoðendur, enda sé um tilfallandi þjónustu að ræða og hún veitt sem hluti af eðlilegri starfsemi á starfssviði þeirra.
4. Aðila sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning með aðra fjármálagerninga en hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður með losunarheimildir og veita aðeins fjárfestingarþjónustu eða stunda aðeins fjárfestingarstarfsemi hvað varðar hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður með losunarheimildir, nema þeir séu:
 - a. viðskiptavakar,
 - b. aðilar að skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða hafi beinan raf-rænan aðgang að viðskiptavettvangi, nema um sé að ræða ófjárhagslegar einingar sem framkvæma viðskipti á viðskiptavettvangi sem á hlutlægt mælanlegan hátt draga úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjármögnun þeirra eða samstæðu sem þær tilheyra,
 - c. að beita hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms, eða
 - d. að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina.
5. Rekstraraðila með losunarleyfi samkvæmt lögum um loftslagsmál sem framkvæma ekki fyrirmæli viðskiptavina í viðskiptum með losunarheimildir og veita ekki fjárfestingarþjónustu eða stunda ekki fjárfestingarstarfsemi aðra en fyrir eigin reikning, að því tilskildu að þessir aðilar beiti ekki hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms.
6. Aðila sem veita fjárfestingarþjónustu einungis í tengslum við stjórnun á fjárfestingar-sjóðum starfsmanna.
7. Aðila sem veita aðeins móðurfélögum sínum, dótturfélögum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu sem felst einungis í að stjórna bæði fjárfestingarsjóðum starfsmanna og að veita fjárfestingarþjónustu.
8. Aðila að seðlabankakerfi Evrópu og aðrar stofnanir aðildarríkja sem gegna sambærilegum hlutverkum innan EES, opinbera aðila sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun opinberra skulda innan EES eða í Bretlandi, og alþjóðlegar fjármálastofnanir sem tvö eða fleiri aðildarríki hafa komið á fót og hafa það markmið að virkja fjármagn og veita fjárhagsaðstoð þeim aðilum sínum sem eiga í alvarlegum fjármögnunarerfiðleikum eða sjá fram á slíka erfiðleika.
9. Sjóði um sameiginlega fjárfestingu og vörsluaðila þeirra. Sama á við um rekstraraðila og vörsluaðila þeirra.

10. Aðila sem:
- stunda viðskipti fyrir eigin reikning, þ.m.t. viðskiptavaka, með hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra, þó ekki aðila sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning þegar þeir framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eða
 - veita viðskiptavinum eða þjónustuveitendum meginstarfsemi sinnar fjárfestingarþjónustu, þó ekki fyrir eigin reikning, með hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður þeirra.
- Aðilar skv. 1. mgr. eru þó aðeins undanþegnir frá gildissviði laganna að því tilskildu að:
- hvert þessara tilvika eitt og sér og þau sem heild teljist til viðbótarstarfsemi við aðalstarfsemi þeirra þegar hún er metin á grundvelli samstæðu fyrirtækja og að aðalstarfsemin felist ekki í því að veita fjárfestingarþjónustu í skilningi þessara laga eða leyfis skylda starfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki eða þeir starfi sem viðskiptavaki í tengslum við hrávöruafleiður,
 - þeir beiti ekki hátiðniviðskiptatækni með notkun algríms, og
 - þeir tilkynni á hverju ári Fjármálaeftirlitinu að þeir nýti sér þessa undanþágu og gefi því skýrslu, að fenginni beiðni þar um, á hvaða forsendum starfsemi þeirra skv. a- og b-lið 1. mgr. sé viðbót við aðalstarfsemi þeirra.
11. Aðila sem veita fjárfestingarráðgjöf án þess að endurgjald komi sérstaklega til fyrir hana, meðfram því að veita aðra þjónustu í atvinnuskyni sem ekki fellur undir lög þessi.
12. Flutningsfyrirtæki í skilningi raforkulaga þegar það veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi í tengslum við hrávöruafleiður við að rækja skyldur sínar samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær þó ekki til reksturs eftirmarkaðar svo sem með fjárhagsleg flutningsréttindi.
13. Verðbréfamiðstöðvar nema í þeim tilvikum sem greinir í 73. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sbr. lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, nr. 7/2020.
- Þau réttindi sem lög þessi veita taka ekki til þess að veita þjónustu í hlutverki mótaðila í viðskiptum sem opinberir aðilar, sem fást við opinberar skuldir, annast.
- Seðlabanki Íslands setur reglur þar sem nánar er skýrt hvenær um viðbótarstarfsemi í skilningi a-liðar 2. mgr. 10. tölul. 1. mgr. er að ræða.

3. gr.

Lögfesting.

Ákvæði eftirfarandi reglugerða, eins og þær voru teknar upp í EES-samninginn, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, bls. 1–6, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við EES-samninginn, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR), sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 26. mars 2020, bls. 1–65, eins og henni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1033 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga, reglugerð (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik og reglugerð (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 26. mars 2020, bls. 66–72.

2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrar-skilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 26. mars 2020, bls. 221–303.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðaihlutun og stöður, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 26. mars 2020, bls. 304–330.

Þegar vísað er til laga þessara í lögnum er átt við lögin og reglugerðir ESB skv. 3. gr.

Með vísun í lánastofnanir með starfsleyfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB í 2. mgr. 1. gr. MiFIR er átt við lánastofnun með starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Með vísun til fjármálastofnunar í þriðja landi í 41. tölul. 1. mgr. 2. gr. MiFIR er átt við fyrirtæki í þriðja landi sem hefur heimild til að stunda starfsemi eða veita þjónustu þar sem er starfsleyfisskyld hér á landi samkvæmt þessum lögum, lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um váttryggingastarfsemi, lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og lögum um starfstengda eftirlaunasjóði.

Með vísun í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 til rekstrarfélaga samkvæmt tilskipun 2009/65/EB og tilskipun 2011/61/ESB er átt við rekstrarfélög í skilningi laga um fjármálafyrirtæki og rekstraraðila í skilningi laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Með vísun í 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 til flutningskerfisstjóra samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/72/EB er átt við flutningsfyrirtæki í skilningi raforkulaga.

Með vísun í 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 til afleiðusamnings skv. I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB er átt við afleiðu skv. g-lið 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. þessara laga og aðrar sambærilegar afleiður sem byggjast á losunarheimildum.

Með vísun í 4. mgr. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 til varfærnis krafna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB er átt við varfærnis kröfur samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Með vísun í sömu málsgrein til þeirrar verndar sem veitt er í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/49/ESB þá er átt við vernd sem innstæðueigendum er veitt samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Með vísun í 3. mgr. 48. gr. og c- og h-lið 2. mgr. 78. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 til tilskipunar 2003/71/EB er átt við lög um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

Með vísun í b-lið 2. mgr. 20. gr. og b-lið 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) 2017/567 til tryggingaverndar samkvæmt tilskipun 2014/49/ESB fyrir samsettar innstæður er átt við vernd sem innstæðueigendum er veitt samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

4. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir: *Aðildarríki*: Ríki sem er aðili að EES-samningnum, aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.

1. *Afleiður*:
 - a. Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir vaxtasamningar og aðrar afleiður sem byggjast á verðbréfum, gjaldmiðlum, vöxtum, ávöxtunarkröfu, losunarheimildum, öðrum afleiðum, fjárhagslegum vísitölum eða fjárhagslegum viðmiðum sem gera má upp efnislega eða með reiðufé.
 - b. Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir samningar og aðrar afleiður sem byggjast á hrávörum sem gera verður upp með reiðufé eða má gera upp með reiðufé ef einn aðilanna kýs svo, að því gefnu að það sé ekki vegna vanefnda eða annarra ástæðna sem heimila uppsögn samnings.
 - c. Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar og aðrar afleiður sem byggjast á hrávörum sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi og gera má upp við afhendingu, aðrar en heildsöluorkuafurðir sem viðskipti eru með á skipulegu markaðstorgi og gera verður upp með afhendingu.
 - d. Valréttarsamningar, framtíðarsamningar, skiptasamningar, framvirkir samningar og aðrar afleiður sem byggjast á hrávörum og má gera upp við afhendingu, aðrar en þær sem fram koma í c-lið, sem ekki eru gerðar í viðskiptalegum tilgangi og hafa sömu eiginleika og aðrir afleiðufjármálagerningar.
 - e. Afleiður til yfirfærslu lánaáhættu.
 - f. Samningar um fjárhagslegan mismun.
 - g. Aðrar afleiður sem ekki falla undir a–f-lið en hafa sömu eiginleika og þær afleiður og gera verður upp með reiðufé eða má gera upp með reiðufé ef einn aðilanna kýs það, að því gefnu að það sé ekki vegna vanefnda eða annarra ástæðna sem heimila uppsögn samnings.
 - h. Losunarheimildir í formi eininga í skilningi laga um loftslagsmál.
2. *Algrímsviðskipti*: Viðskipti með fjármálagerninga þar sem tölvualgrím ákvarðar sjálfkrafa einstakar breytur fyrirmæla, svo sem hvort setja eigi fyrirmæli af stað, tíma-setningar, verð eða magn eða hvernig eigi að stýra fyrirmælunum þegar þau hafa verið lögð fram, án eða með takmörkuðum mannlegum afskiptum, en tekur ekki til kerfis sem er einungis notað til að beina fyrirmælum til eins viðskiptavettvangs eða fleiri eða vinnslu fyrirmæla sem taka ekki til ákvörðunar á neins konar viðskiptabreytum eða til að staðfesta fyrirmæli eða eftirávinnslu framkvæmdra viðskipta.
3. *Almennur fjárfestir*: Viðskiptavinur sem er ekki fagfjárfestir.
4. *Beinn rafrænn aðgangur*: Fyrirkomulag þar sem þátttakandi eða viðskiptavinur viðskiptavettvangs heimilar aðila að nota viðskiptaaudkenni sitt til að senda rafrænt fyrirmæli tengd fjármálagerningi beint til viðskiptavettvangsins og felur í sér fyrirkomulag þar sem aðili notar innviði þátttakanda eða viðskiptavinar eða hvers konar tengt kerfi, sem þátttakandinn eða viðskiptavinurinn leggur til, til að senda fyrirmæli (beinn markaðsaðgangur) og fyrirkomulag þar sem aðili notar ekki slíka innviði (aðgangur í gegnum annan).
5. *C6 orkuafleiðusamningar (afleiðusamningar skv. 6. tölul. C-þáttar I. viðauka MiFID2)*: Afleiður skv. 2. tölul. sem byggjast á kolum eða olíu, gera verður upp við afhendingu og viðskipti eru höfð með á skipulegu markaðstorgi.
6. *Dótturfélag*: Dótturfélag í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.
7. *EES*: Evrópska efnahagssvæðið.
8. *Eignastýring*: Stjórnun eignasafns í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrir fram ákveðin af viðskiptavini.

9. *Einkaumboðsmaður*: Aðili sem kemur fram fyrir hönd og á ábyrgð eins verðbréfafyrirtækis og kynnir fyrir viðskiptavinum eða líklegum viðskiptavinum fjárfestingar- og/eða viðbótarþjónustu, tekur á móti og miðlar fyrir mælum eða pöntunum frá þeim varðandi fjárfestingarþjónustu eða fjármálagerninga, selur fjármálagerninga eða veitir ráðgjöf varðandi fjármálagerninga eða fjármálaþjónustu.
11. *ESMA*: Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin.
12. *Fagfjárfestir*: Viðskiptavinur sem býr yfir reynslu, þekkingu og sérfræðikunnáttu til að taka sjálfur ákvarðanir um fjárfestingar og meta áhættuna sem þeim fylgir. Eftirfarandi aðilar teljast fagfjárfestar:
 - a. Aðilar, hér á landi eða erlendis, sem hafa starfsleyfi eða sinna lögbundinni starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t. lánastofanir, verðbréfafyrirtæki, fjármálastofnanir, váttryggingafélög, sjóðir um sameiginlega fjárfestingu og rekstrarfélög þeirra, lífeyrisjóðir og rekstrarfélög þeirra eftir því sem við á, seljendur hrávöru og hrávöruafleiðna, staðbundnir aðilar og aðrir stofnanafjárfestar.
 - b. Stór fyrirtæki sem uppfylla a.m.k. tvö eftirfarandi skilyrða hvað varðar fjárhæðir, sem miða skal við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni:
 1. Heildartala efnahagsreiknings er jafnvirði 20 millj. evra í íslenskum krónum eða hærri.
 2. Hrein ársvelta er jafnvirði 40 millj. evra í íslenskum krónum eða meiri.
 3. Eigið fé er jafnvirði tveggja millj. evra í íslenskum krónum eða meira.
 - c. Ríkisstjórnir, héraðsstjórnir, seðlabankar og alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðagjald-eyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar sambærilegar alþjóðastofnanir.
 - d. Aðrir stofnanafjárfestar sem hafa það að aðalstarfi að fjárfesta í fjármálagerningum, þ.m.t. aðilar sem fást við verðbréfun eigna eða önnur fjármögnunarviðskipti.
 - e. Aðilar sem samþykktir hafa verið sem fagfjárfestar skv. 50. gr.
13. *Fjárfestingarráðgjöf*: Persónulegar ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinarins eða þess sem þjónustuna veitir.
14. *Fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi*:
 - a. Móttaka og miðlun fyrir mæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.
 - b. Framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina.
 - c. Viðskipti fyrir eigin reikning.
 - d. Eignastýring.
 - e. Fjárfestingarráðgjöf.
 - f. Sölutrygging í tengslum við útgáfu fjármálagerninga og/eða útboð fjármálagerninga.
 - g. Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar.
 - h. Rekstur markaðstorgs fjármálagerninga.
 - i. Rekstur skipulegs markaðstorgs.
15. *Fjármálagerningur*:
 - a. Verðbréf.
 - b. Peningamarkaðsgerningar.
 - c. Hlutdeildarskírteini.
 - d. Afleiður.
 - e. Losunarheimildir í formi eininga í skilningi laga um loftlagsmál.
16. *Framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina*: Að ganga frá samningum um kaup eða sölu eins eða fleiri fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavina.

17. *Framkvæmdastjórn*: Einstaklingur, einn eða fleiri, sem stjórn fyrirtækis ræður til að standa fyrir rekstri þess í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög eða laga þessara, óháð starfsheiti.
18. *Fyrirtæki í þriðja landi*: Fyrirtæki sem teldist vera lánastofnun, með heimild til að veita fjárfestingarþjónustu eða sinna fjárfestingarstarfsemi, eða verðbréfafyrirtæki væri aðalskrifstofa þess eða skráð skrifstofa staðsett innan EES.
19. *Gistiðildarríki*: Aðildarríki annað en heimaaðildarríki þar sem verðbréfafyrirtæki er með útibú eða veitir fjárfestingarþjónustu eða sinnir fjárfestingarstarfsemi eða ríkið þar sem skipulegur markaður býður fjaraðilum eða -þátttakendum, sem hafa staðfestu í því aðildarríki, aðgang til að eiga viðskipti í kerfi markaðarins.
20. *Hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms*: Viðskiptatækni með notkun algríms sem ein-kennist af:
 - a. innviðum sem er ætlað að draga eins og kostur er úr biðtíma á netkerfi og annars konar biðtíma, þ.m.t. í það minnsta einni tegund eftirfarandi búnaðar til innfærslu algrímsfyrirmæla: samhýsingu, nándarhýsingu eða beinum, rafrænum háhraðaáðgangi,
 - b. kerfisákvörðun um að setja af stað, búa til, beina eða framkvæma fyrirmæli án mannlegrar íhlutunar fyrir stök viðskipti eða fyrirmæli og
 - c. miklum fjölda skilaboða innan dags sem samanstanda af fyrirmælum, tilboðum eða afturköllunum.
21. *Heildsöluorkuafurð*: Eftirtaldir samningar og afleiður óháð því hvar og hvernig viðskipti með þau fara fram:
 - a. samningar um afhendingu raforku eða gass þar sem afhending fer fram innan EES,
 - b. afleiður sem tengjast raforku eða gasi sem er framleitt, viðskipti eru höfð með eða er afhent innan EES,
 - c. samningar sem tengjast flutningi á raforku eða gasi innan EES og
 - d. afleiður sem tengjast flutningi á raforku eða gasi innan EES.

Samningar um afhendingu og dreifingu á raforku eða gasi til notenda teljast ekki heildsöluorkuafurðir. Líta skal þó á samninga um afhendingu og dreifingu raforku eða gass til notenda með meiri notkunargetu en 600 gígavattsstundir á ári sem heildsöluorkuafurð.
22. *Heimaaðildarríki*:
 - a. Þegar um er að ræða verðbréfafyrirtæki sem:
 1. Er einstaklingur, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa hans er.
 2. Er lögaðili, aðildarríkið þar sem það er með skráða skrifstofu.
 3. Hefur enga skráða skrifstofu í samræmi við landslög, aðildarríkið þar sem það er með aðalskrifstofu.
 - b. Þegar um er að ræða skipulegan markað, aðildarríkið þar sem skipulegi markaðurinn er skráður, eða ef hann hefur enga skráða skrifstofu í samræmi við lög þess aðildarríkis, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa skipulega markaðarins er.
 - c. Þegar um er að ræða viðurkennda birtingarþjónustu, þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennt skýrslugjafarkerfi sem:
 1. Er einstaklingur, aðildarríkið þar sem aðalskrifstofa hans er.
 2. Er lögaðili, aðildarríkið þar sem hann er með skráða skrifstofu.
 3. Hefur enga skráða skrifstofu samkvæmt landslögum, aðildarríkið þar sem það er með aðalskrifstofu.

23. *Heimildarskírteini*: Verðbréf sem unnt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði og fela í sér eignarhald á verðbréfum útgefanda, sem á lögheimili erlendis, og hægt er að taka til viðskipta á skipulegum markaði og eiga viðskipti með óháð verðbréfum hins erlenda útgefanda.
24. *Hrávöruafleiður*: Hrávöruafleiður skv. 30. tölul. 1. mgr. 2. gr. MiFIR.
25. *Innmiðlari*: Verðbréfafyrirtæki sem á skipulega, títt og kerfisbundið í umfangsmiklum viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirsmæli viðskiptavina utan við viðskiptavettvang án þess að starfrækja marghliða kerfi. Mæla skal hvort viðskipti séu regluleg og kerfisbundin út frá fjölda OTC-viðskipta með fjármálagerninga fyrir eigin reikning, sem framkvæmd eru á grundvelli fyrirsmæla viðskiptavina. Mæla skal umfang viðskipta annað hvort út frá stærð OTC-viðskipta á vegum verðbréfafyrirtækis í tengslum við heildarviðskipti þess með tiltekinn fjármálagerning eða stærð OTC-viðskipta á vegum verðbréfafyrirtækis í tengslum við heildarviðskipti innan EES með tiltekinn fjármálagerning. Aðili telst aðeins innmiðlari þegar hann fer bæði yfir fyrir fram ákveðin mörk hvað varðar tíð og kerfisbundin viðskipti og umfang viðskipta eða þegar verðbréfafyrirtæki ákveður að gerast innmiðlari.
26. *Jöfnuð eigin viðskipti*: Viðskipti þar sem milligönguaðili staðsetur sig á milli kaupanda og seljanda í viðskiptum án þess að milligönguaðilinn taki á sig markaðsáhættu við framkvæmd þeirra, þar sem báðar hliðar viðskiptanna eru framkvæmdar á sama tíma og þau fara fram á verði sem milligönguaðilinn hvorki hagnast né tapar á, að undanskildum fyrir fram uppgefnum umboðslaunum, þóknun eða gjöldum fyrir viðskiptin.
27. *Kauphallarsjóður*: Sjóður þar sem a.m.k. eitt hlutdeildarskírteini eða einn flokkur hlutabréfa eru í viðskiptum yfir daginn á a.m.k. einum viðskiptavettvangi og með a.m.k. einn viðskiptavaka sem gerir ráðstafanir til að tryggja að verð hlutdeildarskírteina eða hlutabréfa hans á viðskiptavettvangnum víki ekki verulega frá verðmæti hreinnar eignar hans og, þegar við á, frá ætluðu verðmæti hreinnar eignar hans.
28. *Krosssala*: Boð um fjárfestingarþjónustu ásamt annarri þjónustu eða vöru sem hluta af pakka eða sem skilyrði fyrir samningnum eða pakkanum.
29. *Landbúnaðarhrávöruafleiður*: Afleiðusamningar sem tengjast afurðum sem eru taldar upp í 1. gr. og I.–XX. hluta og hluta XXIV/1 í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013, sbr. reglugerð nr. 327/2016 um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (VI).
30. *Lánastofnun*: Lánastofnun í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.
31. *Lítill og meðalstór fyrirtæki*: Fyrirtæki sem höfðu meðalmarkaðsverðmæti undir að jafnvirði 200 millj. evra í íslenskum krónum á grundvelli uppgefinna tilboða í lok árs síðustu þrjú almanaksár miðað við opinbert viðmiðunargengi í lok árs.
32. *Lögbært yfirvald*: Yfirvald í aðildarríki sem sinnir eftirliti með MiFID2 og MiFIR. Fjármálaeftirlitið er lögbært yfirvald hér á landi.
33. *Marghliða kerfi*: Kerfi eða torg þar sem kaup- og söluáhugi fjölda þriðju aðila á fjármálagerningum getur mæst innan kerfisins.
34. *MAR*: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, sbr. lög um markaðssvik nr. [xx/2021].
35. *Markaðssvik*: Markaðssvik í skilningi MAR.
36. *Markaðstorg fjármálagerninga*: Marghliða kerfi sem starfrækt er af verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem leiðir saman fjölda kaupanda og seljenda fjármálagerninga, í samræmi við ófrávikjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast.

37. *Miðlægur mótaðili*: Miðlægur mótaðili í skilningi 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sbr. lög um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár.
38. *MiFID2*: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB.
39. *MiFIR*: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.
40. *Móðurfélag*: Móðurfélag í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.
41. *Náin tengsl*: Þegar einstaklingar og/eða félög tengjast með:
 - a. hlutdeild í formi beins eignarréttar eða yferráðum sem nemur 20% eða meira af hlutfé, stofnfé eða atkvæðavægi félags,
 - b. yferráðum, þ.e. tengslum milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegu sambandi milli einstaklings eða lögaðila og félags eða
 - c. með varanlegum tengslum þeirra við sama þriðja aðila í gegnum yferráðatengsl.
42. *OTC-samningur*: Samningur um fjármálagerninga sem ekki eru viðskipti með á viðskiptavettvangi.
43. *Peningamarkaðsgerningar*: Þeir flokkar gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, svo sem ríkisvixlar, innlánskírteini og viðskiptabréf, að undanskildum greiðsluskjölum.
44. *Rekstraraðili markaðar*: Aðili eða aðilar sem stýra og/eða reka skipulegan markað sem kann að vera skipulegi markaðurinn sjálfur.
45. *Rekstrarfélag verðbréfasjóðs*: Rekstrarfélag í skilningi í laga um fjármálafyrirtæki.
46. *Ríkisskuld*: Skuldagerningur sem ríkisútgefandi gefur út.
47. *Ríkisútgefandi*: Eftirfarandi aðilar sem gefa út skuldagerninga:
 - a. Evrópusambandið.
 - b. Aðildarríki, þ.m.t. ráðuneyti, stofnun eða félag aðildarríkis með sérstakan tilgang.
 - c. Þegar um er að ræða sambandsríki, aðili að sambandsríkinu.
 - d. Félag nokkurra aðildarríkja með sérstakan tilgang.
 - e. Alþjóðleg fjármálastofnun sem tvö eða fleiri aðildarríki hafa komið á fót og hefur það markmið að virkja fjármagn og veita aðilum fjárhagsaðstoð sem eiga í alvarlegum fjármögnunarerfiðleikum eða sjá fram á slíka erfiðleika.
 - f. Fjárfestingarbanki Evrópu.
48. *Samsettar fjármálaafurðir*: Samsettar fjármálaafurðir skv. 28. tölul. 1. mgr. 2. gr. MiFIR.
49. *Samsettar innstæður*: Innlán, í skilningi laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, sem eru endurgreiðanleg að fullu á gjalddaga samkvæmt skilmálum um að vextir eða álag verði greitt eða geti tapast, á grundvelli reiknireglu sem tekur til þátta á borð við:
 - a. vísitölu eða samblands vísitalna, þó ekki innlána með breytilegum vöxtum þar sem ávöxtun er beint tengd vaxtavísitölum eins og Euribor-vöxtum eða Libor-vöxtum,
 - b. fjármálagerninga eða samblands fjármálagerninga,
 - c. hrávöru eða samblands hrávara eða annarra efnislegra eða óefnislegra óútskiptanlegra eigna eða
 - d. gengi erlends gjaldmiðils eða samblands af gengi erlendra gjaldmiðla.
50. *Samstæða*: Samstæða í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.

51. *Skilyrt fyrirmæli*: Fyrirmæli um kaup eða sölu á fjármálagerningum í tilgreindu magni og á tilgreindu verði eða betra verði.
52. *Skipulegt markaðstorg (OTF)*: Marghliða kerfi sem er ekki skipulegur markaður eða markaðstorg fjármálagerninga og þar sem kaup- og söluáhugi þriðju aðila á skuldabréfum, samsettum fjármálaafurðum, losunarheimildum eða afleiðum getur mæst innan kerfisins þannig að það leiði til sammings.
53. *Skipulegur markaður*: Marghliða kerfi innan EES sem leiðir saman kaupendur og seljendur fjármálagerninga, í samræmi við ófrávíkjanlegar reglur þess, þannig að til samninga stofnast um fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta í kerfinu.
54. *Skírteini*: Skírteini skv. 27. tölul. 1. mgr. 2. gr. MiFIR.
55. *Stjórn*: Stjórn í skilningi laga um hlutafélög.
56. *Útibú*: Starfsstöð sem lögum samkvæmt er háð verðbréfafyrirtæki, sem hún er hluti af, og annast með beint öll eða hluta þeirra viðskipta sem verðbréfafyrirtæki stundar.
57. *Varanlegur miðill*: Tæki sem gerir viðskiptavini, eða mögulegum viðskiptavini, kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í hæfilegan tíma.
58. *Vaxtarmarkaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki*: Markaðstorg fjármálagerninga sem er skráð sem vaxtarmarkaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í samræmi við 55. gr.
59. *Veitendur gagnaskýrsluþjónustu*: Viðurkennd birtingarþjónusta, þjónusta fyrir sameinadar viðskiptaupplýsingar eða viðurkennt skýrslugjafarkerfi.
60. *Verðbréf*: Framseljanleg verðbréf, þ.e. þeir flokkar verðbréfa sem unnt er að eiga viðskipti með á fjármagnsmarkaði, að undanskildum greiðsluskjölum, sem eru t.d.:
 - a. hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélagum eða öðrum einingum og innlánskírteini vegna hlutabréfa,
 - b. skuldabréf eða önnur tryggð skuldaskjöl, þ.m.t. innlánskírteini vegna slíkra verðbréfa, og
 - c. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja framseljanleg verðbréf eða leiða til uppgjors í reiðufé sem ákvarðast með tilliti til framseljanlegra verðbréfa, gjaldmiðla, vaxta eða ávöxtunarkrafna, hrávara eða annarra vísitalna eða mælikvarða.
61. *Verðbréfafyrirtæki*: Aðili sem í atvinnuskyni og sem hluti af reglulegri starfsemi veitir þriðja aðila fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi.
62. *Verðbréfamiðstöð*: Verðbréfamiðstöð í skilningi 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.
63. *Viðbótarþjónusta*:
 - a. Varsla og umsýsla í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerning fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. varsla fjármálagerninga og tengd þjónusta, svo sem vegna fjármuna eða trygginga og að undanskilinni veitingu og vörslu verðbréfareikninga á efsta stigi skv. 2. lið A-þáttar viðauka við reglugerð (ESB) nr. 909/2014, sbr. lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, nr. 7/2020.
 - b. Veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með einn eða fleiri fjármálagerninga ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.
 - c. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
 - d. Þjónusta í tengslum við sölutryggingu.
 - e. Gjaldeyriþjónusta ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.

- f. Fjárfestingar- og fjármálagreiningar eða önnur form af almennum ráðleggingum í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga.
- g. Þjónusta í tengslum við undirliggjandi eignir afleiðusamninga skv. b-, c-, d- og g-lið 2. tölul. þegar þær tengjast fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.
64. *Viðskiptavaki*: Aðili sem starfar á fjármálamörkuðum og gefur sig jafnan út fyrir að vilja eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að kaupa og selja fjármálagerninga með eigin fjármagni sínu á verði sem hann ákveður.
65. *Viðskiptavettvangur*: Skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg.
66. *Viðskiptavinur*: Aðili sem verðbréfafyrirtæki lætur í té fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.
67. *Viðskipti fyrir eigin reikning*: Viðskipti verðbréfafyrirtækis með einn eða fleiri fjármálagerning þar sem eigið fé þess er undirliggjandi.
68. *Viðurkennd birtingarþjónusta (APA)*: Aðili sem hefur heimild samkvæmt lögum þessum til að veita þá þjónustu að birta viðskiptaskýrslur fyrir hönd verðbréfafyrirtækja skv. 20. og 21. gr. MiFIR.
69. *Viðurkenndur gagnaðili*: Íslensk eða erlend verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir, váttryggingafélög, verðbréfasjóðir og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra, aðrar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi á fjármálamarkaði og ríkisstjórnir, þ.m.t. opinberir aðilar sem fást við ríkisskuldur, seðlabankar og yfirþjóðlegar stofnanir.
70. *Viðurkennt skýrslugjafarkerfi (ARM)*: Aðili sem hefur heimild samkvæmt lögum þessum til að veita þá þjónustu að gefa lögbærum yfirvöldum eða ESMA upplýsingar um viðskipti fyrir hönd verðbréfafyrirtækja.
71. *Virkur eignarhlutur*: Bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutfé eða atkvæðisrétti, eða sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.
72. *Virkur markaður*: Markaður fyrir fjármálagerning eða flokk fjármálagerninga þar sem fyrir hendi eru ætíð reiðubúnir og viljugir kaupendur og seljendur, metinn í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir, með hliðsjón af sérstökum markaðsumgjörðum fyrir tiltekinn fjármálagerning eða tiltekinn flokk fjármálagerninga:
- meðaltíðni og -stærð viðskipta við ýmis markaðsskilyrði með hliðsjón af eðli og líftíma vara í þeim flokki fjármálagerninga,
 - fjölda og tegund markaðsaðila, þ.m.t. hlutfallið milli markaðsaðila og fjölda gerninga sem viðskipti eru stunduð með í tengslum við tiltekna afurð og
 - meðalstærð verðbils, ef það liggur fyrir.
73. *Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP)*: Aðili sem hefur heimild samkvæmt lögum þessum til að safna saman viðskiptaskýrslum um fjármálagerninga skv. 6., 7., 10., 12., 13., 20. og 21. gr. MiFIR frá skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga, skipulegum markaðstorgum og viðurkenndum birtingarþjónustum og sameina í einn samfelldan rafrænan rauntímagagnastraum sem sýnir upplýsingar um verð og magn fyrir hvern fjármálagerning.
- Nánari skýringar hugtaka er að finna í reglugerð (ESB) 2017/565, sbr. 3. tölul. 3. gr.

2. ÞÁTTUR Starfsleyfi og skilyrði fyrir starfsemi verðbréfafyrirtækja.

I. KAFLI.

Starfsleyfi.

5. gr.

Starfsleyfi.

Fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi er starfsleyfis skyld.

Verðbréfafyrirtæki er heimilt að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi að fengnu starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins. Fyrirtækið skal vera hlutafélag og hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

Einungis ríkisborgarar aðildarríkja og lögaðilar með staðfestu í aðildarríki geta verið stofnendur verðbréfafyrirtækja hér á landi nema að fengnu samþykki ráðherra.

Verðbréfafyrirtæki er einu heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „verðbréfafyrirtæki“, eitt sér eða samtengt öðrum orðum. Sé hætta á að villst verði á nöfnum verðbréfafyrirtækja sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að fyrirtæki verði auðkennt sérstaklega.

6. gr.

Gildissvið starfsleyfis og skrá yfir verðbréfafyrirtæki.

Í starfsleyfi skal koma fram hvaða fjárfestingarþjónustu verðbréfafyrirtæki er heimilt að veita og hvaða fjárfestingarstarfsemi því er heimilt að stunda. Starfsleyfi getur náð til einnar eða fleiri tegunda viðbótarþjónustu. Ekki er heimilt að veita starfsleyfi sem tekur eingöngu til viðbótarþjónustu.

Verðbréfafyrirtæki sem hyggst auka við starfsemi sína með því að bjóða fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða sinna fjárfestingarstarfsemi sem fellur ekki undir starfsleyfi þess ber að sækja um aukið starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið heldur uppfærða skrá yfir öll verðbréfafyrirtæki, sem skal vera aðgengileg almenningi. Skráin skal innihalda upplýsingar um þá fjárfestingarþjónustu sem verðbréfafyrirtækjum er heimilt að veita og þá fjárfestingarstarfsemi sem þeim er heimilt að stunda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA um breytingar á skránni. Hafi Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi af ástæðum sem tilgreindar eru í 1., 2. eða 4. tölul. 8. gr. skal sú afturköllun birt á listanum næstu fimm árin.

7. gr.

Verklag vegna umsóknar um starfsleyfi.

Fjármálaeftirlitið veitir ekki starfsleyfi fyrr en umsækjandi hefur uppfyllt skilyrði laga þessara. Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg og í henni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að fullvissa sig um að verðbréfafyrirtæki uppfylli skyldur samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. starfsáætlun þar sem fram kemur meðal annars hvers konar starfsemi er fyrirhuguð og skipurit fyrirtækisins. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda um það þegar umsókn telst fullnægjandi.

Akvörðun Fjármálaeftirlitsins vegna umsóknar um starfsleyfi skal tilkynnt umsækjanda skriflega eigi síðar en sex mánuðum eftir að fullnægjandi umsókn barst.

Um samráð Fjármálaeftirlitsins við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum vegna starfsleyfisveitinga fer skv. 137. gr.

Seðlabanki Íslands setur reglur um efni og form umsóknar.

8. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi verðbréfafyrirtækis eða einstakar starfsheimildir:

1. Óski fyrirtækið sjálf eftir því.
2. Hafi fyrirtækið fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
3. Fyrirtækið uppfyllir ekki lengur skilyrði sem lágu til grundvallar veitingu starfsleyfis, svo sem um stofnframlag skv. 20. gr.
4. Nýti fyrirtækið ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti að veita fjárfestingarþjónustu eða sinna fjárfestingarstarfsemi í meira en sex mánuði samfellt.
5. Brjóti fyrirtækið að öðru leyti gróflega eða ítrekað gegn lögum þessum eða lögum um fjármálafyrirtæki eða reglum, samþykktum eða reglugerðum sem settar eru samkvæmt fyrrgreindum lögum.
6. Brjóti fyrirtækið gegn ákvæðum annarra laga sem varðað getur afturköllun starfsleyfis. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA um afturköllun starfsleyfis.

9. gr.

Tilkynning um afturköllun starfsleyfis verðbréfafyrirtækis eða einstakra starfsheimilda.

Afturköllun starfsleyfis verðbréfafyrirtækis eða einstakra starfsheimilda þess skal tilkynnt stjórn þess og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynninguna á vef sínum og í Lögbirtingablaðinu. Starfræki fyrirtækið útibú eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal tilkynningin send lögberum yfirvöldum í því ríki.

10. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri.

Um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis fer eftir ákvæðum 52. gr. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og í tilviki kerfislega mikilvægs verðbréfafyrirtækis, 52. gr. e sömu laga.

Fjármálaeftirlitið getur heimilað stjórnarmanni í kerfislega mikilvægu verðbréfafyrirtæki að sitja í stjórn eins annars eftirlitsskylds aðila þrátt fyrir ákvæði 52. gr. e laga um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið skal upplýsa ESMA reglulega um slíkar heimildir.

Um framkvæmd starfa stjórnar, ábyrgð hennar og verkaskiptingu stjórnar og framkvæmdastjóra fer eftir ákvæði 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Stjórn verðbréfafyrirtækis skal skilgreina, hafa eftirlit með og bera ábyrgð á innleiðingu á stjórnarháttum og innra eftirliti sem tryggir skilvirka og varfærna stjórnun verðbréfafyrirtækisins, þ.m.t. aðskilnaði starfa í verðbréfafyrirtækinu og að komið sé í veg fyrir hagsmunarárekstra, þannig að það stuðli að heilindum markaðarins og hagsmunum viðskiptavina. Þessar ráðstafanir skulu einnig tryggja að stjórn skilgreini, samþykki og hafi eftirlit með:

1. skipulagi fyrirtækisins með hliðsjón af þeirri fjárfestingarstarfsemi sem það sinnir og þeirri fjárfestingar- og viðbótarþjónustu sem það veitir, þ.m.t. færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu starfsfólks og úrræðum, ferlum og fyrirkomulagi við veitingu þjónustu með tilliti til eðlis, umfangs og þess hversu flókin starfsemi þess er og öllum þeim kröfum sem fyrirtækið þarf að uppfylla,

2. stefnu um þá þjónustu, starfsemi, vörur og viðskipti sem fyrirtækið býður eða annast í samræmi við áhættuþol fyrirtækisins og sérkenni og þarfir viðskiptavina þess sem er boðin eða veitt slík þjónusta, þ.m.t. framkvæmd álagsprófa, þar sem við á, og
3. starfskjarastefnu aðila sem koma að veitingu þjónustu til viðskiptavina sem miðar að því að hvetja til ábyrgra viðskiptahátta, sanngjarnrar meðferðar viðskiptavina og að forðast hagsmunaárekstra gagnvart viðskiptavinum.

Stjórn skal hafa eftirlit með og meta reglulega hvort stefnumótun og innleiðing markmiða fyrirtækisins vegna fjárfestingar- og viðbótarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi sé fullnægjandi og hvort unnið sé í samræmi við þær. Þá skal stjórn hafa eftirlit með og meta reglulega skilvirkni stjórnarhátta og innra eftirlits verðbréfafyrirtækisins og hvort stefnur og reglur er varða veitingu þjónustu til viðskiptavina séu fullnægjandi. Stjórn skal gera viðeigandi ráðstafanir til að bregðast við hvers konar annmörkum sem koma í ljós.

Stjórnarmenn skulu hafa fullnægjandi aðgang að upplýsingum og skjölum sem eru nauðsynleg til að hafa umsjón og eftirlit með ákvarðanatöku framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda sem heyra beint undir framkvæmdastjóra.

Fjármálaeftirlitið skal synja um starfsleyfi ef það telur ekki ljóst að stjórnarmenn og framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækisins hafi nægilega gott orðspor, fullnægjandi þekkingu, færni og reynslu eða verji nægilegum tíma til starfa sinna innan verðbréfafyrirtækisins eða ef sýna má fram á að stjórn eða framkvæmdastjóri fyrirtækisins kunni að vera ógn við skilvirka, trausta og varfærna stjórnun þess og að fullnægjandi tillit sé tekið til hagsmuna viðskiptavina þess og heilleika markaðarins.

Verðbréfafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinar þessarar sé fullnægt.

Í 25. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., er nánar fjallað um ábyrgð stjórnar.

Sæðlabanki Íslands setur nánari reglur um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þar á meðal um hvað felist í fullnægjandi þekkingu og reynslu, góðu orðspori og fjárhagslegu sjálfstæði, og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

11. gr.

Aðilar sem fara með virka eignarhluti.

Fjármálaeftirlitið skal ekki veita verðbréfafyrirtæki starfsleyfi:

1. nema fyrirtækið upplýsi um nöfn allra aðila sem fara með virkan eignarhlut og stærð hluta,
2. telji það aðila sem fara með virka eignarhluti ekki hæfa með hliðsjón af nauðsyn þess að tryggja trausta og varfærna stjórnun fyrirtækisins,
3. ef náin tengsl á milli fyrirtækisins og annarra aðila koma í veg fyrir að það geti sinnt eftirlitshlutverki sínu, eða
4. ef reglur lands utan EES, sem gilda um einn eða fleiri aðila sem fyrirtækið hefur náin tengsl við, koma í veg fyrir virkt eftirlit. Hið sama á við ef vandkvæði eru við framfylgni reglnanna.

Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að aðilar sem fara með virkan eignarhlut hafi slæm áhrif á trausta og varfærna stjórnun verðbréfafyrirtækis þá fer um slíkt skv. 18. gr.

12. gr.

Tilkynningar vegna virks eignarhlutar.

Aðili eða aðilar í samstarfi sem hafa tekið ákvörðun um að annaðhvort afla sér virks eignarhlutar í verðbréfafyrirtæki eða auka virkan eignarhlut sinn í verðbréfafyrirtæki, sem leiða mundi til þess að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár næmi eða færi yfir 20%, 33% eða 50% eða til þess að verðbréfafyrirtækið yrði dótturfélag þeirra, skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu það skriflega fyrir fram, þar sem tilgreind er stærð þess hlutar í félaginu sem þeir hyggjast ráða yfir ásamt viðeigandi upplýsingum skv. 3. mgr. 14. gr.

Aðili sem hefur tekið ákvörðun um að draga svo úr eignarhlut sínum í verðbréfafyrirtæki að hann eigi ekki virkan eignarhlut eftir það skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu það skriflega fyrir fram og tilgreina hversu stórum hlut í félaginu hann hyggst halda eftir. Hann skal einnig tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef hann hefur tekið ákvörðun um að minnka virkan eignarhlut sinn svo mikið að hlutfall atkvæðisréttar eða hlutafjár hans fari niður fyrir 20%, 33% eða 50% eða að verðbréfafyrirtækið hætti að vera dótturfélag hans.

Við mat á því hvort skilyrði þessarar greinar og 11. gr. séu uppfyllt skal ekki taka tillit til atkvæðisréttar eða hlutabréfa sem verðbréfafyrirtæki eða lánastofnanir kunna að eiga vegna fjárfestingarþjónustu sem þeir hafa veitt skv. f-lið 14. tölul. 3. gr., að því tilskildu að þessi réttindi séu ekki nýtt eða notuð á annan hátt til að hlutast til um stjórn útgefandans og þeim sé ráðstafað innan eins árs frá kaupunum.

Verðbréfafyrirtæki sem fær vitneskju um öflun og ráðstöfun á eignarhlutum í því, sem leiðir til þess að farið er yfir eða undir viðmiðunarmörk skv. 2. mgr. skal þegar í stað tilkynna það Fjármálaeftirlitinu.

Verðbréfafyrirtæki skal einnig, að lágmarki einu sinni á ári, tilkynna Fjármálaeftirlitinu um nöfn þeirra hluthafa sem eiga virkan eignarhlut og um hlutafjáreign hvers þeirra.

Um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að krefjast upplýsinga og gagna við mat á því hvort aðilar falli undir tilkynningarskyldu 1. mgr. fer skv. 49. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Seðlabanki Íslands setur reglur um form og efni tilkynninga samkvæmt þessari grein.

13. gr.

Matstímabil.

Eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir móttöku tilkynningar skv. 12. gr. og ítarlegri upplýsinga skv. 2. mgr. skal Fjármálaeftirlitið staðfesta móttöku hennar. Í staðfestingu skal koma fram fyrir hvaða dag megi vænta niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins.

Telji Fjármálaeftirlitið að nauðsynlegt sé að afla ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 1. mgr. 12. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það krafist viðkomandi um þær. Beiðni um ítarlegri upplýsingar skal vera skrifleg og tilgreina þær upplýsingar sem óskað er eftir. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en 50 virkum dögum eftir staðfestingu tilkynningar.

Fjármálaeftirlitið hefur 60 virka daga frá staðfestingu tilkynningar skv. 1. mgr. til að meta hvort það telji þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi skv. 2. mgr. bætist bið eftir upplýsingum við dagafjölda skv. 3. másl. 2. mgr. en þó ekki meira en 20 virkir dagar. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni lengir ekki framangreinda tímafresti.

Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er staðsettur í ríki utan EES, eða hann lýtur ekki opinberu fjármálaeftirliti innan EES sem verðbréfafyrirtæki, lánastofnun eða

verðbréfasjóður, bætist bið eftir upplýsingum við dagafjölda skv. 3. másl. 2. mgr. en þó ekki meira en 30 virkir dagar.

14. gr.

Mat á hæfi aðila.

Fjármálaeftirlitið skal leggja mat á hvort aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sinn samkvæmt tilkynningu skv. 12. gr. sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til varfærins og trausts rekstrar verðbréfafyrirtækis að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa aðilans á verðbréfafyrirtækið. Skal mat Fjármálaeftirlitsins grundvallast á öllum eftirfarandi atriðum:

1. Orðspori aðilans.
2. Orðspori og reynslu þess sem mun veita verðbréfafyrirtækinu forstöðu komi til þess að aðili eignist eða auki við eignarhlut.
3. Fjárhagslegu heilbrigði aðilans, einkum með tilliti til þess rekstrar sem verðbréfafyrirtækið hefur eða mun hafa með höndum.
4. Hvort verðbréfafyrirtækið uppfylli og geti haldið áfram að uppfylla varfærniskröfur þessara laga og eftir atvikum annarra laga, einkum laga um viðbótareftirlit með fjármála-samsteypum og laga um fjármálafyrirtæki, sérstaklega hvort uppbygging samstæðunnar sem það verður hluti af sé þannig að hægt sé að hafa skilvirkt eftirlit með henni, þ.m.t. að lögbærum yfirvöldum sé mögulegt að skiptast á skilvirkan hátt á upplýsingum um samstæðuna og ákvarða skiptingu ábyrgðar sín á milli hvað varðar eftirlit með henni.
5. Hvort ætla megi að fyrirhugað eignarhald tengist peningþvætti eða fjármögnun hryðju-verka, eða tilraun til slíks athæfis, eða geti aukið líkur á slíku athæfi innan hlutaðeigandi verðbréfafyrirtækis.

Fjármálaeftirlitinu er aðeins heimilt að hafna fyrirhuguðum kaupum þegar til þess liggja haldbær rök á grundvelli viðmiðanna sem sett eru fram í 1. mgr. eða þegar upplýsingarnar sem aðilinn veitir reynast ófullnægjandi. Fjármálaeftirlitið skal hvorki setja nein fyrir fram skilyrði um hlutfall eignarhlutdeildar né meta fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til efnahagslegra eða samkeppnislegra forsendna.

Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega lista yfir þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og skal aðilinn senda þær með tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. 12. gr. Upplýsingarnar sem krafist er skulu vera í réttu hlutfalli við og lagaðar að eðli aðilans. Ekki má krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli fyrir varfærnismat.

Hafi Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt um tvenn eða fleiri fyrirhuguð kaup eða aukningu við virkan eignarhlut í sama verðbréfafyrirtæki skal meðferð tilkynninganna fara fram á jafnréttisgrundvelli þrátt fyrir ákvæði 13. gr.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við eftirlitsstjórnvöld annarra aðildarríkja við framkvæmd mats skv. 1. mgr. ef fyrirhugaður yfirtökuaðili er lánastofnun, líftryggingafélag, vátryggingafélag, endurtryggingafélag, verðbréfafyrirtæki eða rekstrarfélag verðbréfasjóðs með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða öðrum geira en þeim þar sem kaupin eru fyrirhuguð eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirtök yfir slíkum aðila.

Fjármálaeftirlitið skal veita eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja, án ástæðulauss dráttar, allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru eða skipta máli fyrir mat skv. 1. mgr. Fjármálaeftirlitið skal láta eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja í té allar upplýsingar sem málið varðar ef óskað er eftir því, og allar nauðsynlegar upplýsingar að eigin frumkvæði.

Fjármálaeftirlitið skal í ákvörðun samkvæmt þessari grein tilgreina sjónarmið eða fyrirvara sem það eftirlitsstjórnvald, sem hefur eftirlit með fyrirhuguðum kaupanda, hefur látið í ljós eða gert.

15. gr.

Niðurstaða mats.

Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi þar um eigi síðar en tveimur virkum dögum frá því að niðurstaða lá fyrir. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal vera skrifleg og rökstudd. Jafnframt er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta tilkynningu á vef sínum að beiðni aðila eða að eigin frumkvæði.

Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan þess tíma sem kveðið er á um í 13. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið geri ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi verðbréfafyrirtæki.

16. gr.

Frestur í kjölfar heimildar Fjármálaeftirlitsins og endurnýjun tilkynningar

Seðlabanka Íslands er heimilt að ákvarða í reglum hámarksfrest sem aðili hefur til að eignast eða auka við virkan eignarhlut í kjölfar þess að heimild Fjármálaeftirlitsins þar um liggur fyrir eða tímamörk skv. 2. mgr. 15. gr. eru liðin. Að þeim tíma liðnum skal aðili senda tilkynningu skv. 12. gr. að nýju. Í reglunum getur Seðlabankinn tilgreint í hvaða tilvikum heimilt er að veita lengri frest en almennt.

17. gr.

Tilkynning ekki send.

Nú tilkynnir aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sinn í verðbréfafyrirtæki Fjármálaeftirlitinu ekki um fyrirhuguð kaup sín eða aukningu á virkum eignarhlut, þrátt fyrir að honum sé það skylt skv. 12. gr., og fellur þá niður atkvæðisréttur sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi verðbréfafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins fái stofnunin vitneskju um kaupin eða aukninguna. Skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að hlutaðeigandi sendi inn tilkynningu í samræmi við ákvæði 12. gr. Geri Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við að viðkomandi aðili eignist eða auki við virkan eignarhlut öðlast hann atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn.

Berist tilkynning hlutaðeigandi ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir.

18. gr.

Óhæfur aðili eignast hlut.

Eignist aðili eða auki við virkan eignarhlut sinn í verðbréfafyrirtæki þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að hann sé ekki hæfur til að eignast eða auka við hlut sinn fellur niður atkvæðisréttur aðila umfram lágmark þess hlutar sem telst virkur eignarhlutur. Viðkomandi aðila er skylt að selja þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður og niðurstaða Fjármálaeftirlitsins tók til. Fjármálaeftirlitið setur tímamörk í því skyni og skal fresturinn ekki vera skemmri en tveir mánuðir. Aðili öðlast fyrri atkvæðisrétt að sölu lokinni.

19. gr.

Aðild að viðurkenndu bótakerfi fyrir fjárfesta.

Fjármálaeftirlitið skal sannreyna áður en það veitir starfsleyfi að verðbréfafyrirtæki uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

20. gr.

Stofnframlag.

Fjármálaeftirlitið skal ekki veita starfsleyfi nema verðbréfafyrirtæki hafi nægilegt stofnframlag skv. 14. og 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, að teknu tilliti til þeirrar fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi sem starfsleyfið tekur til.

21. gr.

Almennt um skipulagskröfur.

Verðbréfafyrirtæki skal setja reglur og verkferla sem tryggja að fyrirtækið, stjórn þess, starfsmenn og einkaumboðsmenn fari að lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Jafnframt skal verðbréfafyrirtæki setja reglur um einkaviðskipti þessara aðila með fjármálagerninga.

Verðbréfafyrirtæki skal koma á skilvirku skipulags- og stjórnunarfyrikomulagi til að gera því kleift að grípa til allra tiltækra ráðstafana til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skv. 32. gr. hafi neikvæð áhrif á hagsmuni viðskiptavina þess.

Skipulagi verðbréfafyrirtækis skal vera þannig háttað að tryggð sé samfelld og regluleg starfsemi og þjónusta við viðskiptavini. Í því skyni skal verðbréfafyrirtæki meðal annars nota viðeigandi kerfi og verkferla og hafa yfir að ráða nauðsynlegri þekkingu.

Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að útvistun verkefna sem hafa mikilvæga þýðingu fyrir starfsemi þess auki ekki rekstraráhættu fyrirtækisins. Útvistun slíkra verkefna er óheimil ef hún hefur skaðleg áhrif á innra eftirlit eða eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Verðbréfafyrirtæki ber fulla ábyrgð á útvistuðum verkefnum.

Verðbréfafyrirtæki skal hafa trausta verkferla fyrir stjórnun, reikningsskil, innra eftirlit og áhættumat fyrirtækisins og skilvirka stýringu og öryggisráðstafanir fyrir upplýsingavinnsluferfi.

Verðbréfafyrirtæki skal hafa öryggisferla til að:

1. tryggja öryggi og áreiðanleika aðferða við að senda upplýsingar,
2. draga eins og kostur er úr hættu á spillingu gagna og aðgangi óviðkomandi aðila,
3. koma í veg fyrir leka upplýsinga, og
4. tryggja trúnað um gögn.

Í 21.–27., 29.–34. og 38.–43. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., er nánar fjallað um skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja.

22. gr.

Vöruþróun og dreifing fjármálagerninga og samsettra innstæðna.

Verðbréfafyrirtæki sem framleiðir fjármálagerninga sem ætlaðir eru til sölu til viðskiptavina skal koma á, og endurskoða reglulega, vöruþróunarferli vegna sérhvers fjármálagernings áður en þeir eru settir á markað eða þeim er dreift til viðskiptavina. Ferlið skal einnig taka til verulegra breytinga á fjármálagerningum.

Í vöruþróunarferli skal skilgreina tiltekinn markhóp endanlegra viðskiptavina innan viðkomandi flokks viðskiptavina fyrir hvern fjármálagerning og tryggja að áhættur sem skipta máli séu metnar og að fyrirhuguð dreifing samrýmist markhópnum.

Verðbréfafyrirtæki skal reglulega meta hvort fjármálagerningar, sem það býður til sölu eða markaðssetur, henti viðkomandi markhóp meðal annars að teknu tilliti til áhættu og dreifingar.

Verðbréfafyrirtæki sem framleiðir fjármálagerninga skal veita dreifingaraðilum allar viðeigandi upplýsingar um fjármálagerninginn og vörubrúunarferlið, þ.m.t. um markhóp fjármálagerningsins.

Verðbréfafyrirtæki sem býður til sölu eða mælir með fjármálagerningi sem það framleiðir ekki sjálf skal hafa til staðar fullnægjandi fyrirkomulag til að afla upplýsinga skv. 4. mgr., skilja einkenni fjármálagerningsins og hver sé markhópur hans.

Ráðherra setur reglugerð með nánari reglum um vörubrúun og dreifingu fjármálagerninga og samsettra innstæðna.

23. gr.

Skráning og varðveisla gagna.

Verðbréfafyrirtæki skal halda skrár yfir alla fjárfestingarþjónustu sem það veitir og alla fjárfestingarstarfsemi sem það stundar. Skrárnar skulu vera fullnægjandi til að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu og ganga úr skugga um að verðbréfafyrirtæki hafi farið að lögum í starfsemi sinni og uppfyllt allar skyldur, þ.m.t. þær sem varða viðskiptavini eða mögulega viðskiptavinum og heilindi markaðarins.

Verðbréfafyrirtæki skal varðveita símtalsupptökur og önnur rafræn samskipti, a.m.k. þau sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta fyrir eigin reikning eða móttöku, miðlunar og framkvæmdar fyrirmæla viðskiptavina. Verðbréfafyrirtæki skal gera allar tiltækar ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn og verktafar eigi aðeins í slíkum samskiptum með búnaði sem:

1. verðbréfafyrirtækið lætur þeim í té, eða hefur heimilað þeim að nota, og
2. sem verðbréfafyrirtækið getur varðveitt og afritað.

Verðbréfafyrirtæki skal tilkynna viðskiptavinum um að símtöl og samskipti milli fyrirtækisins og viðskiptavina þess sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta verði skráð. Nægilegt er að slíkt sé gert einu sinni, áður en fjárfestingarþjónusta er veitt nýjum eða núverandi viðskiptavinum.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að móttaka, miðla og framkvæma fyrirmæli viðskiptavina í gegnum síma ef viðskiptavinum hefur ekki verið tilkynnt fyrir fram um upptöku símtals eða annarra boðskipta. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja, þegar viðskiptavinir koma fyrirmælum á framfæri á annan hátt, að samskiptin fari fram á varanlegum miðli, svo sem pósti, símbréfi, tölvupósti eða með ritun fundargerðar. Í samskiptum augliti til auglitis skal rita fundargerð eða minnispunkta. Fyrirmæli viðskiptavina sem berast þannig skulu jafngild fyrirmælum sem berast um síma.

Verðbréfafyrirtæki skal varðveita skrár samkvæmt þessari grein í a.m.k. fimm ár og afhenda þær viðkomandi viðskiptavinum, óski hann þess. Fjármálaeftirlitinu er þó heimilt að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki varðveiti skrár í sjö ár telji það þörf á því.

Í 35., 72. og 74.–76. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., er að finna frekari reglur um skráningu og varðveislunni gagna.

24. gr.

Vernd eigna viðskiptavina.

Verðbréfafyrirtæki skal halda fjármálagerningum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Verðbréfafyrirtæki getur aðeins nýtt fjármálagerninga viðskiptavinar fyrir eigin reikning með sérstöku samþykki hans.

Verðbréfafyrirtæki skal jafnframt halda fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Fjármunir viðskiptavinar skulu varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi. Verðbréfafyrirtæki sem ekki teljast lánastofnanir geta ekki nýtt fjármuni viðskiptavina fyrir eigin reikning.

Verðbréfafyrirtæki skal ekki gera samninga við almenna fjárfesta um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu í þeim tilgangi að tryggja eða vernda skuldir og skuldbindingar viðskiptavina.

Ráðherra setur reglugerð með nánari reglum um verndun eigna viðskiptavina.

25. gr.

Almennar kröfur vegna algrímsviðskipta.

Verðbréfafyrirtæki sem hefur með höndum algrímsviðskipti skal ráða yfir viðeigandi og skilvirkum kerfum og stjórnækjum vegna eftirlits með áhættu. Tryggja skal að viðskiptakerfi séu álagsþolin og búi yfir nægilegri getu til að eiga viðskipti, lúti viðeigandi viðskiptamörkum og -takmörkunum og komi í veg fyrir sendingu rangra fyrirmæla eða að þau að öðru leyti stuðli að óróleika á markaði. Verðbréfafyrirtæki skal einnig ráða yfir skilvirkum kerfum og áhættuvörnum til að tryggja að ekki sé unnt að nota viðskiptakerfin í tilgangi sem gengur gegn ákvæðum MAR eða reglum þess viðskiptavettvangs sem þau tengjast. Verðbréfafyrirtækið skal hafa til staðar skilvirkt fyrirkomulag til að halda samfellu í rekstri við bilun í viðskiptakerfum þess og skal sjá til þess að kerfin séu að fullu prófuð og undir viðeigandi eftirliti til að tryggja að þau uppfylli skilyrði þessarar málsgreinar.

Verðbréfafyrirtæki sem stundar algrímsviðskipti skal tilkynna um þá starfsemi til Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda þess viðskiptavettvangs þar sem það stundar viðskiptin.

Fjármálaeftirlitið getur farið fram á að verðbréfafyrirtæki láti því í té, reglubundið eða eftir þörfum, lýsingu á þeim aðferðum sem það notar við algrímsviðskipti, upplýsingar um þær viðskiptabreytur og viðskiptatakmarkanir sem gilda um kerfið, verklag við reglufylgni og áhættustjórnun sem tryggja á að skilyrði 1. mgr. séu uppfyllt auk nákvæmra upplýsinga um framkvæmd prófana á kerfum þess. Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er farið fram á frekari upplýsingar frá verðbréfafyrirtæki um þau algrímsviðskipti sem það stundar og þau kerfi sem notuð eru til viðskipta.

Komi fram beiðni af hálfu lögbærs yfirvalds þess viðskiptavettvangs þar sem algrímsviðskiptin eru stunduð um afhendingu Fjármálaeftirlitsins á upplýsingum skv. 3. mgr. skal verða við þeirri beiðni án ástæðulausrar tafar.

Verðbréfafyrirtæki skal halda skrár í tengslum við atriði skv. 2.–3. mgr. sem skulu vera fullnægjandi til að Fjármálaeftirlitið geti sinnt eftirliti með því hvort farið sé að viðeigandi ákvæðum þessara laga.

Verðbréfafyrirtæki sem stundar hátíðniviðskipti með notkun algríms skal geyma á viðurkenndu sniði nákvæmar skrár í réttri tímaröð yfir öll fyrirmæli, þ.m.t. afturkölluð fyrirmæli, framkvæmd fyrirmæli og tilboð á viðskiptavettvangi og hafa þær til reiðu fyrir Fjármálaeftirlitið að beiðni þess.

Verðbréfafyrirtæki sem starfar sem almennur færsluvísir fyrir aðra skal ráða yfir skilvirkum kerfum og stjórnækjum til að tryggja að stöðustofnunarþjónusta sé einungis boðin aðilum sem eru hæfir og uppfylla skýr viðmið og að viðeigandi kröfur séu gerðar til þessara aðila til að draga úr áhættu verðbréfafyrirtækisins og markaðarins. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að fyrir liggi bindandi skriflegur samningur milli þess og aðilans varðandi helstu réttindi og skyldur sem leiða af veitingu þjónustunnar.

Seðlabanki Íslands setur reglur um nánari framkvæmd greinarinnar, þ.m.t. um skipulagskröfur til verðbréfafyrirtækja sem stunda algrímsviðskipti.

26. gr.

Viðskiptavakt með notkun algríms.

Verðbréfafyrirtæki sem stundar algrímsviðskipti í þeim tilgangi að fylgja áætlun um viðskiptavakt skal, að teknu tilliti til seljanleika, umfangs og eðlis markaðarins og einkenna fjármálagerningsins sem viðskipti eru höfð með:

1. annast viðskiptavakt samfelld yfir tiltekinn hluta af opnunartíma viðskiptavettvangs, nema við sérstakar aðstæður, þannig að það stuðli að seljanleika á viðskiptavettvanginum á reglulegan og fyrirsjáanlegan hátt,
2. gera bindandi samning við viðskiptavettvang þar sem a.m.k. skyldur verðbréfafyrirtækisins skv. 1. tölul. eru tilgreindar og
3. hafa á öllum tímum yfir að ráða skilvirkum kerfum og eftirliti til að tryggja að það uppfylli skyldur sínar samkvæmt samningnum.

Verðbréfafyrirtæki sem stundar algrímsviðskipti telst fylgja áætlun um viðskiptavakt þegar fyrirtækið, sem aðili að eða þátttakandi á einum eða fleiri viðskiptavettvangi, stundar viðskipti fyrir eigin reikning og fylgir áætlun sem byggist á því að setja fram samtímis bindandi sölu- og kauptilboð af sambærilegri stærð og á samkeppnishæfu verði á einum eða fleiri viðskiptavettvangi er varða einn eða fleiri fjármálagerning þannig að seljanleiki myndist ört og reglubundið á heildarmarkaðinum.

Seðlabanki Íslands setur reglur um nánari framkvæmd greinarinnar, þ.m.t. um skipulagskröfur til verðbréfafyrirtækja sem stunda algrímsviðskipti í þeim tilgangi að fylgja áætlun um viðskiptavakt.

27. gr.

Beinn rafrænn aðgangur.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að bjóða beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi nema það ráði yfir skilvirkum kerfum og stjórnækjum sem tryggja:

1. fullnægjandi mat á hæfi viðskiptavina sem nota þjónustuna,
2. að komið sé í veg fyrir að viðskiptavinir sem nota þjónustuna fari yfir viðeigandi fyrir fram ákveðin viðskipta- og lánamörk,
3. að viðeigandi eftirlit sé haft með viðskiptum viðskiptavina sem nota þjónustuna, og
4. að viðeigandi áhættueftirlit komi í veg fyrir viðskipti sem gætu leitt til áhættu fyrir verðbréfafyrirtækið sjálft, stuðlað að óróleika á markaði eða gengið gegn ákvæðum MAR eða reglum viðskiptavettvangsins.

Verðbréfafyrirtæki sem opnar fyrir beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi skal bera ábyrgð á því að tryggja að viðskiptavinir sem nota þjónustuna uppfylli kröfur þessara laga og reglur viðskiptavettvangsins. Verðbréfafyrirtækið skal fylgjast með viðskiptunum til að greina brot á þessum reglum, óróleika í viðskiptum eða háttsemi sem kann að fela í sér markaðssvik og tilkynna skal til Fjármálaeftirlitsins. Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að fyrir liggi bindandi skriflegur samningur milli fyrirtækisins og viðskiptavinar varðandi helstu réttindi og skyldur vegna þjónustunnar og að fram komi að verðbréfafyrirtækið beri ábyrgð á grundvelli þessara laga.

Verðbréfafyrirtæki sem býður upp á beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi skal tilkynna um það til Fjármálaeftirlitsins og lögbærs yfirvalds viðskiptavettvangsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefjast þess að verðbréfafyrirtækið láti í té, reglubundið eða eftir þörfum, lýsingu á kerfum eða stjórnækjum skv. 1. mgr. og gögn sem sýna fram á að þeim hafi verið beitt. Berist beiðni þar um skal Fjármálaeftirlitið áframsenda, án ástæðulausrar tafar, slíkar upplýsingar og gögn til lögbærs yfirvalds viðskiptavettvangsins sem verðbréfafyrirtækið býður beinan rafrænan aðgang að.

Verðbréfafyrirtæki skal halda fullnægjandi skrá um atriði skv. 1.–3. mgr. til að Fjármálaeftirlitinu sé kleift að sinna eftirliti með því hvort farið sé að viðeigandi ákvæðum laganna.

Seðlabanki Íslands setur reglur um skipulagskröfur til verðbréfafyrirtækja sem bjóða upp á beinan rafrænan aðgang.

28. gr.

Viðskipti á markaðstorgi fjármálagerninga og skipulegu markaðstorgi.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg skulu:

1. Setja gagnsæjar reglur og ferla fyrir sanngjörn og hnökralaus viðskipti og setja hlutlæg viðmið fyrir skilvirka framkvæmd fyrir mæla, auk þess að uppfylla skipulagskröfur skv. 21.–24. gr. Þau skulu viðhafa trausta stjórnun á rekstri tæknilegra kerfa, þ.m.t. skilvirkra viðbúnaðaráætlana, með tilliti til áhættu vegna kerfiskana.
2. Setja gagnsæjar reglur varðandi viðmið fyrir fjármálagerninga sem hægt er að stunda viðskipti með í kerfum þeirra.
3. Útvega nægilegar upplýsingar, eða ganga úr skugga um að þær séu aðgengilegar almenningi, til að notendum sé kleift að meta fjárfestingar að teknu tilliti til þess hvers konar notendur um ræðir og tegunda gerninga í viðskiptum.
4. Setja, birta, endurskoða reglulega og innleiða reglur um aðgengi að markaðstorginu sem skulu vera gagnsæjar og byggðar á hlutlægum viðmiðum.
5. Hafa til staðar fyrirkomulag til að skýrt greina og takast á við hugsanlegar óhagstæðar afleiðingar hagsmunarárekstra fyrir rekstur markaðstorgsins eða þátttakendur og notendur þess, sem komið geta upp á milli markaðstorgsins, eigenda eða rekstraraðila þess annars vegar og traustrar virkni markaðstorgsins hins vegar.
6. Uppfylla ákvæði 79.–86. gr. og hafa yfir að ráða öllum nauðsynlegum skilvirkum kerfum, verkferlum og fyrirkomulagi í því skyni.
7. Upplýsa aðila eða þátttakendur markaðstorgsins skýrt um ábyrgð þeirra á uppgjöri viðskipta sem þar fara fram.
8. Gera nauðsynlegar ráðstafanir til að greiða fyrir skilvirku uppgjöri viðskipta sem fara fram í kerfum þeirra.
9. Framfylgja án tafar fyrir mælum frá Fjármálaeftirlitinu skv. 10. og 11. tölul. 4. mgr. 118. gr. um að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerning eða taka hann úr viðskiptum.
10. Láta Fjármálaeftirlitinu í té ítarlega lýsingu á starfsemi markaðstorgsins, þ.m.t. upplýsingar um hvers konar tengsl við eða þátttöku viðskiptavettvangs eða innmiðlara sem er í eigu verðbréfafyrirtækisins eða rekstraraðila markaðarins á markaðstorginu, ásamt skrá yfir aðila þeirra, þátttakendur og notendur.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA um starfsleyfi til að starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg og veita ESMA aðgang að upplýsingum skv. 10. tölul. 1. mgr. sé þess óskað.

Á markaðstorgi fjármálagerninga og skipulegu markaðstorgi skulu vera a.m.k. þrír raunverulega virkir aðilar eða notendur sem hver um sig hefur tækifæri til að eiga samskipti við alla hina með tilliti til verðmyndunar.

Fari viðskipti með verðbréf, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, einnig fram á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi án samþykkis útgefanda, er útgefanda ekki skylt að annast fjárhagslega upplýsingagjöf gagnvart viðkomandi markaðstorgi.

Seðlabanki Íslands setur reglur um efni og form lýsingar á starfsemi markaðstorgsins skv. 10. tölul. 1. mgr.

29. gr.

Sérkröfur til markaðstorga fjármálagerninga.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga skulu setja hlutlægar reglur um framkvæmd fyrirmæla í kerfinu, ásamt því að uppfylla kröfur skv. 21.–24. gr. og 28. gr. Þeim er óheimilt að framfylgja fyrirmælum viðskiptavinar gegn eiginfjármagni eða stunda jöfnuð eigin viðskipti. Enn fremur skulu þeir gera ráðstafanir til að:

1. vera nægilega vel í stakk búnir til að stýra áhættum sem snúa að markaðstorginu, koma á viðeigandi ráðstöfunum og kerfum til að greina allar verulegar áhættur fyrir rekstur þess og koma á skilvirkum ráðstöfunum til að draga úr þeim,
2. koma á árangursríku fyrirkomulagi til að auðvelda skilvirk og tímanleg lok viðskipta sem eiga sér stað í kerfum þess, og
3. ávallt sé til staðar nægilegt fjármagn til að greiða fyrir skipulegri starfsemi, að teknu tilliti til eðlis og umfangs viðskipta sem fram fara á markaðinum, áhættustigs og fjölbreytileika áhætta.

Reglur skv. 4. tölul. 1. mgr. 28. gr. um aðgang að markaðstorgi fjármálagerninga skulu uppfylla skilyrði 3. mgr. 93. gr.

Ákvæði 33.–41. gr., 44.–46. gr., 1.–4. og 6.–10. mgr. 48. gr. og 49. gr. gilda ekki um viðskipti sem fara fram samkvæmt reglum um markaðstorg fjármálagerninga milli aðila eða þátttakenda þess eða milli markaðstorgsins og aðila eða þátttakenda þess. Aðilar eða þátttakendur á markaðstorgi fjármálagerninga skulu þó fara að ákvæðunum þegar þeir framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina sinna í gegnum kerfi markaðstorgs fjármálagerninga.

30. gr.

Sérkröfur til skipulegra markaðstorga.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja skipuleg markaðstorg skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fyrirmæli viðskiptavina á skipulegu markaðstorgi séu framkvæmd gegn eiginfjármagni verðbréfafyrirtækisins eða rekstraraðila markaðarins eða aðila sem er hluti af sömu samstæðu eða lögaðila.

Aðilum skv. 1. mgr. er heimilt að stunda jöfnuð eigin viðskipti með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og tiltekna afleiður hafi viðskiptavinur veitt samþykki sitt fyrir því. Þeir skulu ekki nota jöfnuð eigin viðskipti til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar á skipulegu markaðstorgi með afleiður sem eru stöðustofnunarskyldar skv. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, sbr. lög um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár. Þá skulu þeir koma á fyrirkomulagi til að tryggja að jöfnuð eigin viðskipti fari fram í samræmi við ákvæði laga þessara.

Aðilum skv. 1. mgr. er einungis heimilt að stunda viðskipti fyrir eigin reikning, önnur en jöfnuð eigin viðskipti, með skuldagerninga ríkis sem lítill seljanleiki er með á markaði.

Starfsemi innmiðlara og skipulegs markaðstorgs skal ekki fara fram innan sama lögaðila. Skipulegt markaðstorg skal ekki tengjast innmiðlara þannig að fyrirmæli á einu skipulegu markaðstorgi hafi áhrif á fyrirmæli eða tilboð hjá innmiðlara, og öfugt. Skipulegt markaðstorg skal ekki tengjast öðru skipulegu markaðstorgi þannig að fyrirmæli á einu skipulegu markaðstorgi hafi áhrif á fyrirmæli á öðru skipulegu markaðstorgi.

Aðilum skv. 1. mgr. er heimilt að fá verðbréfafyrirtæki til að halda úti sjálfstæðri viðskiptavakt á skipulegu markaðstorgi. Verðbréfafyrirtæki telst ekki halda úti sjálfstæðri viðskiptavakt á skipulegu markaðstorgi ef það hefur nán tengsl við verðbréfafyrirtækið eða þann rekstrar- aðila markaða sem starfrækja það.

Framkvæmd fyrirmæla á skipulegu markaðstorgi skal háð ákvörðun aðila skv. 1. mgr. Slík ákvörðun skal þó aðeins taka til þess:

1. hvort setja skuli fram eða draga til baka tilboð á skipulega markaðstorginu, og/eða
2. að para ekki tiltekin tilboð viðskiptavinar við önnur fyrirliggjandi tilboð í kerfinu á ákveðnum tíma enda sé slíkt í samræmi við fyrirmæli frá viðskiptavini og skyldur skv. 48. gr.

Í viðskiptakerfi þar sem fyrirmæli viðskiptavina eru samkeyrð geta aðilar skv. 1. mgr. ákveðið hvort, hvenær og í hvaða mæli þeir para tvö eða fleiri tilboð í kerfinu. Jafnframt er þeim heimilt í samræmi við 1.–5. mgr. að greiða fyrir viðræðum milli viðskiptavina í því skyni að færa saman í viðskipti viðskiptaáhuga tveggja eða fleiri aðila sem kann að vera samrýmanlegur.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt, við mat á því hvort veita eigi starfsleyfi til rekstrar skipulegs markaðstorgs eða eftir þörfum, að krefjast ítarlegra skýringa á því hvers vegna kerfið teljist ekki geta eða geti ekki starfað sem skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga eða innmiðlari. Heimild Fjármálaeftirlitsins á einnig við þegar krafist er skýringa á því hvernig svigrúm til ákvörðunar er nýtt, sérstaklega um þau tilvik þegar tilboð er dregið til baka og hvenær og hvernig tvö eða fleiri tilboð frá viðskiptavinum verði pöruð innan markaðstorgsins. Enn fremur skulu aðilar skv. 1. mgr. láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar sem skýra notkun þeirra á jöfnuðum eigin viðskiptum. Fjármálaeftirlitið skal fylgjast með því hvernig aðilar skv. 1. mgr. stunda jöfnuð eigin viðskipti til að tryggja að þau falli undir skilgreiningu laganna á slíkum viðskiptum og þau leiði ekki til hagsmunaárekstra milli verðbréfafyrirtækis eða rekstraradila skipulegs markaðstorgs annars vegar og viðskiptavina þeirra hins vegar.

Ákvæði 33.–41. gr., 44.–46. gr. og 48. og 49. gr. gilda um viðskipti á skipulegu markaðstorgi.

II. KAFLI

Viðvarandi kröfur til verðbréfafyrirtækja.

31. gr.

Reglulegt eftirlit með starfsleyfisskilyrðum.

Verðbréfafyrirtæki skal ávallt uppfylla starfsleyfisskilyrði samkvæmt lögum þessum.

Verðbréfafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu, fyrir fram ef við á, um allar breytingar á áður veittum upplýsingum í tengslum við starfsleyfi, þar á meðal upplýsingum um stjórn eða framkvæmdastjóra, um fjölgun eða fækkun útibúa og ef verðbréfafyrirtæki uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.

32. gr.

Hagsmunaárekstrar.

Verðbréfafyrirtæki skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, þ.m.t. hagsmunaárekstra sem leiða af viðtöku þóknana eða kaupaukakerfi fyrirtækisins, milli:

1. fyrirtækisins annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem eru tengdir því vegna yferráða, og viðskiptavina þess hins vegar, og
2. viðskiptavina fyrirtækisins innbyrðis.

Þegar ráðstafanir skv. 2. mgr. 21. gr. og 22. gr. veita ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hættu á hagsmunaárekstrum verði afstýrt skal verðbréfafyrirtæki, áður en þjónusta er veitt, upplýsa viðskiptavin skýrt um almennt eðli og/eða ástæður hagsmunaárekstranna og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr hættunni. Upplýsingarnar skulu veittar á varanlegum miðli og vera nægilega ítarlegar, með hliðsjón af því hvers konar viðskiptavin um ræðir, til að gera honum kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaáreksturinn tengist.

Í 21., 27., 33., 34. og 38.–43. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., er að finna frekari reglur um hagsmunaárekstra.

33. gr.

Meginreglur um viðskiptahætti.

Verðbréfafyrirtæki skal starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur við veitingu fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

Verðbréfafyrirtæki sem framleiðir fjármálagerninga sem ætlaðir eru til sölu til viðskiptavina skal tryggja að gerningarnir séu þannig gerðir að þeir mæti þörfum skilgreinds markhóps endanlegra viðskiptavina innan viðkomandi flokks viðskiptavina, að dreifingaráætlun fjármálagerninganna samrýmist markhópnum og að verðbréfafyrirtækið geri eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningum sé dreift til þessa tiltekna markhóps.

Innan verðbréfafyrirtækja skal vera skilningur á fjármálagerningum sem það býður til sölu eða mælir með. Meta skal hvort þeir samrýmist þörfum viðskiptavina með hliðsjón af markhópi endanlegra viðskiptavina eins og um getur í 22. gr. Tryggja skal að fjármálagerningarnir séu aðeins boðnir til kaups eða mælt með þeim sé það í þágu hagsmuna viðskiptavinar.

Í 38.–43., 58., 64., 65. og 67.–69. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., er að finna frekari reglur um viðskiptahætti verðbréfafyrirtækja.

Seðlabanki Íslands getur sett reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti verðbréfafyrirtækja.

34. gr.

Upplýsingar til viðskiptavina.

Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að öll upplýsingagjöf, þ.m.t. markaðsefni, til viðskiptavina eða hugsanlegra viðskiptavina sé sanngjörn, skýr og ekki villandi. Markaðsefni skal vera auðgreinanlegt sem slíkt.

Verðbréfafyrirtæki skal veita viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar með góðum fyrirvara um verðbréfafyrirtækið og þjónustu þess, fjármálagerninga

og tillagðar fjárfestingaráætlanir, viðskiptastaði og allan kostnað og tengd gjöld. Upplýsingagjöf skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Þegar fjárfestingarráðgjöf er veitt verður verðbréfafyrirtæki að upplýsa viðskiptavin með góðum fyrirvara áður en hún er veitt:
 - a. hvort ráðgjöfin sé óháð eða ekki,
 - b. hvort ráðgjöfin byggi á víðtækri eða takmarkaðri greiningu á ólíkum tegundum fjármálagerninga og þá einkum hvort greiningin sé takmörkuð við fjármálagerninga sem eru gefnir út eða látnir í té af aðila með nán tengsl eða önnur lagaleg eða fjárhagsleg tengsl við verðbréfafyrirtækið, svo sem á grundvelli samnings, sem eru svo nán að hætta er á að þau dragi úr óhæði ráðgjafarinnar, og
 - c. hvort verðbréfafyrirtækið láti viðskiptavinum í té reglubundið mat á því hvort fjármálagerningar, sem mælt er með við viðskiptavininn, hæfi honum.
2. Upplýsingar um fjármálagerninga og tillagðar fjárfestingaráætlanir verða að innihalda viðeigandi leiðbeiningar og viðvaranir um áhættur sem felast í fjárfestingum í viðkomandi fjármálagerningum eða fjárfestingaráætlunum og hvort fjármálagerningur er ætlaður almennum fjárfestum eða fagfjárfestum, með hliðsjón af skilgreindum markhópi í samræmi við 2. mgr. 33. gr.
3. Upplýsingar um allan kostnað og tengd gjöld verða að taka til upplýsinga er tengjast bæði fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, þ.m.t. ráðgjafarkostnað þegar við á, kostnað við fjármálagerninginn sem mælt er með eða boðinn er til kaups og hvernig kostnaðurinn getur komið til greiðslu, að meðtöldum greiðslum til og frá þriðja aðila.

Verðbréfafyrirtæki skal hafa tiltækt samandregið yfirlit með upplýsingum um allan kostnað og gjöld, þ.m.t. í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjármálagerninga, sem er ekki tilkominn vegna undirliggjandi markaðsáhættu, til að viðskiptavinur geti áttað sig á heildarkostnaði og áhrifum hans á uppsafnaða arðsemi fjárfestingarinnar. Óski viðskiptavinur eftir því skal veita upplýsingar sem sýna sundurliðun einstakra kostnaðarþátta. Þegar við á skal láta viðskiptavinum þessar upplýsingar reglubundið í té, eða a.m.k. árlega, á líftíma fjárfestingarinnar.

Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að upplýsingar skv. 2. og 3. mgr. og 2.–4. mgr. 36. gr. séu settar fram á þann hátt að viðskiptavinir eða hugsanlegir viðskiptavinir geti skilið eðli og áhættur fjárfestingarþjónustunnar og þá tilteknu tegund fjármálagernings sem boðinn er til kaups og tekið upplýsta ákvörðun um fjárfestingu í kjölfarið.

Greinin gildir ekki um fjárfestingarþjónustu sem boðin er sem hluti af fjármálaafurð sem upplýsingar skal veita um á grundvelli ákvæða í lögum um lán til neytenda.

Í 36.–53., 58., 61. og 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 3. gr., er að finna frekari reglur um upplýsingar til viðskiptavina.

35. gr.

Óháð fjárfestingarráðgjöf.

Verðbréfafyrirtæki sem veitir óháða fjárfestingarráðgjöf skal upplýsa viðskiptavin um það og uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Meta nægilegt úrval fjölbreyttra fjármálagerninga á markaði með hliðsjón af tegund þeirra og útgefanda eða aðilunum sem láta þá í té til að hægt sé að uppfylla fjárfestingarmarkmið viðskiptavinarins á viðeigandi hátt og að matið takmarkist ekki við fjármálagerninga sem eru gefnir út eða látnir í té af:
 - a. verðbréfafyrirtækinu sjálfu eða aðilum sem hafa nán tengsl við það, eða

- b. öðrum aðilum sem verðbréfafyrirtækið hefur svo nán lagaleg eða fjárhagsleg tengsl við, svo sem á grundvelli samnings, að hætt sé við að þau dragi úr óhæði ráðgjafarinnar.
2. Ekki taka við og halda eftir þóknunum, umboðslaunum eða öðrum fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi sem þriðji aðili eða aðili sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila greiðir eða lætur í té í tengslum við þjónustu við viðskiptavinum. Minni háttar ófjárhagslegur ávinningur, sem getur eflt gæði þeirrar þjónustu sem viðskiptavininum er látin í té og er í þeim mæli og af þeim toga að hann kemur ekki í veg fyrir að verðbréfafyrirtækið uppfylli skyldu sína til að vinna að hagsmunum viðskiptavinarins, fellur ekki hér undir og skal skýrt upplýst um hann.

Í 38.-43., 52. og 53. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., er að finna frekari reglur um óháða fjárfestingarráðgjöf.

Ráðherra setur reglugerð um óháða fjárfestingarráðgjöf, svo sem um mat á nægilegu úrvali fjármálagerninga á markaði.

36. gr.

Þóknanir, umboðslaun og annar ávinningur.

Verðbréfafyrirtæki sem veitir eignastýringarþjónustu skal ekki taka við og halda eftir þóknunum, umboðslaunum eða öðrum fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi sem þriðji aðili eða aðili sem kemur fram fyrir hönd þriðja aðila greiðir eða lætur í té í tengslum við þjónustu við viðskiptavinum. Minni háttar ófjárhagslegur ávinningur, sem getur eflt gæði þeirrar þjónustu sem viðskiptavininum er látin í té og er í þeim mæli og af þeim toga að hann kemur ekki í veg fyrir að verðbréfafyrirtækið uppfylli skyldu sína til að vinna að hagsmunum viðskiptavinarins, fellur ekki hér undir og skal upplýst um hann á skýran hátt.

Verðbréfafyrirtæki telst ekki uppfylla skyldur skv. 32. gr. og 1. mgr. þessarar greinar ef það greiðir eða fær greidda þóknun eða umboðslaun, eða það lætur í té eða því er látinn í té ófjárhagslegur ávinningur í tengslum við fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu af hálfu aðila öðrum en viðskiptavininum eða fulltrúa hans, nema greiðslan eða ávinningurinn:

1. sé til þess fallinn að efla gæði viðkomandi þjónustu við viðskiptavininn, og
2. komi ekki í veg fyrir að verðbréfafyrirtækið starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni viðskiptavina þess.

Verðbréfafyrirtæki skal, áður en þjónusta er veitt, upplýsa viðskiptavinum skilmerkilega og á aðgengilegan, nákvæman og skiljanlegan hátt um tilvist, eðli og fjárhæð greiðslu eða ávinnings skv. 3. mgr. Ef ekki er unnt að tilgreina fjárhæðina með vissu, skal upplýsa hvaða aðferð er notuð til útreiknings á henni. Verðbréfafyrirtæki skal enn fremur, þegar við á, upplýsa viðskiptavinum um hvernig þóknunum, umboðslaunum og fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi sem tekið er við í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, er komið til viðskiptavina.

Greiðsla eða ávinningur, sem gera verðbréfafyrirtæki kleift að veita eða eru nauðsynleg vegna veitingar fjárfestingarþjónustu, svo sem vörslu-, uppgjör- og viðskiptakostnaður, eftirlitsgjöld eða kostnaður vegna lögfræðiþjónustu sem getur ekki, eðli sínu samkvæmt, hindrað verðbréfafyrirtæki í að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku þannig að það samræmist hagsmunum viðskiptavina þess, fellur ekki undir kröfur 3. mgr.

Ráðherra setur reglugerð um þóknanir, umboðslaun og annan ávinning.

37. gr.

Kaupaukakerfi og starfslokasamningar verðbréfafyrirtækja.

Verðbréfafyrirtæki sem veitir viðskiptavinum fjárfestingarþjónustu skal sjá til þess að það hvorki umbuni starfsmönnum sínum né meti frammistöðu þeirra þannig að það stangist á við skyldu þess að starfa með hagsmuni viðskiptavina sinna að leiðarljósi. Sér í lagi skal það ekki setja fram kaupaukakerfi, sölumarkmið eða annað sem gæti búið til hvata fyrir starfsmenn til að mæla með tilteknum fjármálagerningi við almennan fjárfesti þegar verðbréfafyrirtækið gæti boðið viðkomandi annan fjármálagerning sem mundi þjóna þörfum hans betur.

Um kaupaukakerfi og starfslokasamninga verðbréfafyrirtækja fer að öðru leyti skv. 57. gr. a og b, sbr. 4. mgr. 25. gr., laga um fjármálafyrirtæki.

Í 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr., eru að finna frekari reglur um efni þessarar greinar.

38. gr.

Pakkar.

Þjóði verðbréfafyrirtæki fjárfestingarþjónustu ásamt annarri vöru eða þjónustu sem hluta af pakka eða gerir það að skilyrði að fjárfestingarþjónustan sé keypt sem hluti af ákveðnum pakka skal það upplýsa viðskiptavinum um hvort hægt sé að kaupa einstaka hluta pakkans og geta látið í té sundurliðuð gögn um kostnað og gjöld vegna hvers og eins hluta hans.

Verðbréfafyrirtæki skal gefa viðunandi lýsingu á ólíkum hlutum pakkans og hvernig samspil þeirra breytir áhættunni þegar líklegt er að áhætta sem leiðir af pakknum sem boðinn er almennum fjárfesti sé ólík þeim áhættum sem felast í einstökum hlutum.

39. gr.

Þekking og hæfni einstaklinga sem veitir upplýsingar um fjármálagerninga og þjónustu.

Verðbréfafyrirtæki skal tryggja að einstaklingar sem veita fjárfestingarráðgjöf, upplýsingar um fjármálagerninga eða fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins búi yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni til að uppfylla skyldur skv. 33.–38. gr. og 44.–46. gr.

Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir því að verðbréfafyrirtæki sýni fram á hvernig þessar kröfur eru uppfylltar. Fjármálaeftirlitið skal birta viðmið til að meta þekkingu og hæfni.

40. gr.

Verðbréfaréttindi.

Starfsmenn verðbréfafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi eða veita fjárfestingarráðgjöf, skulu hafa verðbréfaréttindi.

Ráðherra veitir verðbréfaréttindi. Til þess að öðlast slík réttindi þarf að standast sérstakt próf, sbr. 41. gr., og heldur ráðuneytið skrá yfir þá sem hafa réttindin. Aðeins þeim sem eru á skránni er heimilt að vísa til eða gefa á annan hátt til kynna að þeir hafi verðbréfaréttindi.

Í tengslum við veitingu starfsleyfis sem verðbréfafyrirtæki ber verðbréfafyrirtæki að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um starfsmenn skv. 1. mgr. Verðbréfafyrirtæki ber að halda uppfærðan lista yfir þá starfsmenn. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita allt að sex mánaða frest fyrir nýja starfsmenn verðbréfafyrirtækis til að öðlast verðbréfaréttindi og þá sem þurfa vegna breytinga í starfi að hafa verðbréfaréttindi, t.d. vegna stöðuhækkunar, ef sérstakar ástæður mæla með því. Sótt skal um slíka undanþágu til Fjármálaeftirlitins. Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar.

Þeim sem hafa öðlast verðbréfaréttindi er skylt að sækja reglulega endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og gildum. Ráðherra ákveður í reglugerð þann fjölda klukkustunda sem viðkomandi þarf að verja í endurmenntun á hverju þriggja ára tímabili til að viðhalda réttindum sínum sem skulu að hámarki vera níu klukkustundir vegna verðbréfaréttinda. Endurmenntunartímabil þeirra sem hafa öðlast réttindi hefst 1. janúar árið eftir að þau voru veitt. Þeir sem hafa réttindi samkvæmt þessari grein skulu halda skrá um endurmenntun í samræmi við ákvörðun prófnefndar verðbréfavíðskipta.

Hafi sá sem öðlast hefur réttindi ekki lokið endurmenntun skv. 4. mgr. innan tilskilins frests er ráðherra heimilt að fella niður réttindi hans.

41. gr.

Próf og prófnefnd.

Prófnefnd verðbréfaréttinda hefur umsjón með verðbréfaréttindaprófi skv. 40. gr. sem að jafnaði skal haldið einu sinni á ári. Ráðherra skipar prófnefnd til fjögurra ára í senn. Ákvarðanir prófnefndar eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

Prófnefnd verðbréfaréttinda er heimilt að fela óháðum aðilum að gefa einkunn fyrir prófúrlausn. Þá getur prófnefnd skipað prófdómara til að endurskoða úrlausn próftaka. Til að standa straum af kostnaði við framkvæmd prófa skulu próftakar greiða gjald sem ráðherra ákveður.

Ráðherra setur reglugerð um skipan prófnefndar og framkvæmd verðbréfaréttindaprófs, þar á meðal um prófkröfur, prófgreinar, lágmarksárangur til að standast próf og heimildir til að veita undanþágur frá einstökum hlutum slíks prófs eða prófi í heild, og heimild prófnefndar til að ráða starfsmann til að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd prófa og námskeiða.

42. gr.

Safnskráning.

Verðbréfafyrirtæki getur sótt um heimild Fjármálaeftirlitsins til að varðveita fjármála-gerninga í eigu viðskiptavina sinna á safnreikningi og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina sinna frá einstökum útgefendum fjármálagerninga enda hafi verðbréfafyrirtækið gert viðskiptavini grein fyrir réttaráhrifum þess og hann veitt samþykki sitt. Verðbréfafyrirtæki ber að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig samkvæmt þessari grein.

Komi til þess að bú verðbréfafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar getur viðskiptavinur á grundvelli skrár skv. 1. mgr. tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi enda sé ekki ágreiningur um eignarhald.

Ráðherra setur reglugerð um safnskráningu, þ.m.t. um skilyrði heimildar til að skrá fjármálagerninga á safnreikning, auðkenningu safnreiknings, upplýsingar um fjölda eigenda að safnreikningi, auðkenni viðskiptamanna að baki safnreikningum og upplýsingagjöf til Fjármálaeftirlitins.

43. gr.

Framsalsáritun.

Verðbréfafyrirtæki er heimilt að framselja framseljanlega fjármálagerninga í nafni viðskiptavinar síns hafi það fengið til þess skriflegt umboð. Framsalsáritun verðbréfafyrirtækis telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til þess fylgi ekki framseljanlegum fjármálagerningi

enda sé þess getið í framsalsáritun að gerningurinn sé framseldur samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfafyrirtækinu ber að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á gerningnum sem framseldur hefur verið á þennan hátt. Skyld er að láta kaupanda gerningsins í té samrit umboðsins krefjast hann þess.

Verðbréfafyrirtæki sem býður upp á vörslu framseljanlegra fjármálagerninga er heimilt að varðveita framsalsáritanir skv. 1. mgr. í sérstakri skrá meðan gerningurinn er í vörslu þess enda séu slíkar framsalsáritanir færðar inn á bréfið þegar það hverfur úr vörslu verðbréfafyrirtækisins. Verðbréfafyrirtæki sem hyggst nýta sér þessa heimild ber að afla sér samþykkis Fjármálaeftirlitsins fyrir fyrirkomulagi vörslu og því upplýsingakerfi sem fyrirhugað er að nota.

Viðskiptavinur sem veitt hefur verðbréfafyrirtæki umboð skv. 1. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa með stoð í heimildarskorti verðbréfafyrirtækisins nema umboð þess til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

44. gr.

Mat á hæfi.

Verðbréfafyrirtæki skal, þegar það veitir fjárfestingarráðgjöf eða annast eignastýringu, meta hvort vara eða þjónusta hæfi viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini með því að afla nauðsynlegra upplýsinga um:

1. reynslu og þekkingu viðskiptavinar á sviði fjárfestinga sem máli skiptir fyrir viðkomandi tegund vöru eða þjónustu,
2. fjárhagsstöðu viðskiptavinar, þ.m.t. um getu hans til að mæta tapi, og
3. fjárfestingarmarkmið viðskiptavinar, þ.m.t. áhættuþol hans.

Upplýsingar sem verðbréfafyrirtæki aflar skv. 1. mgr. skulu gera því kleift að veita viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini ráðleggingu um vöru eða þjónustu sem hæfir honum. Verðbréfafyrirtæki skal gæta sérstaklega að því að varan eða þjónustan samræmist áhættuþoli og getu viðskiptavinar til að mæta tapi.

Verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingarráðgjöf þar sem mælt er með pakka skv. 38. gr. skal tryggja að hann hæfi viðskiptavini.

Um mat á hæfi er nánar fjallað í 54. og 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

45. gr.

Mat á tilhlýðileika.

Verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingarþjónustu sem fellur ekki undir 44. gr. skal afla upplýsinga frá viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini um þekkingu og reynslu hans á sviði fjárfestinga sem máli skiptir fyrir viðkomandi tegund vöru eða þjónustu til að geta metið hvort hún sé tilhlýðileg fyrir hann.

Við mat á pakka skv. 38. gr. skal litið til þess hvort hann sé tilhlýðilegur fyrir viðskiptavin.

Telji verðbréfafyrirtæki á grundvelli upplýsinga skv. 1. mgr. að viðkomandi vara eða þjónusta sé ekki tilhlýðileg fyrir viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin skal það upplýsa hann um það. Heimilt er að veita slíka viðvörun á stöðluðu formi.

Veiti viðskiptavinur eða hugsanlegur viðskiptavinur ófullkomnar upplýsingar um þekkingu og reynslu eða lætur alfarið hjá líða að veita upplýsingar skv. 1. mgr. skal verðbréfafyrirtæki upplýsa hann um að það geti ekki lagt mat á hvort viðkomandi vara eða þjónusta sé tilhlýðileg fyrir hann. Heimilt er að veita slíka viðvörun á stöðluðu formi.

Verðbréfafyrirtæki er heimilt að veita fjárfestingarþjónustu án þess að afla upplýsinga eða framkvæma mat á tilhlýðileika skv. 1. mgr. að því gefnu að í þjónustunni felist eingöngu

framkvæmd eða móttaka og miðlun fyrir mæla viðskiptavina með eða án viðbótarþjónustu, að undanskildum lánveitingum skv. b-lið 61. tölul. 4. gr. öðrum en þegar samþykktum lánnum viðskiptavina, þ.m.t. yfirdráttarheimildum, og öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. Þjónustan varði einhverja eftirtalinna fjármálagerninga:
 - a. hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði innan EES eða á sambærilegum markaði þriðja lands eða á markaðstorgi fjármálagerninga, að undanskildum hlutabréfum í sjóðum sem eru ekki verðbréfasjóðir og hlutabréfum með innbyggðri afleiðu,
 - b. skuldabréf eða annars konar verðbréfuð skuld sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði innan EES eða á sambærilegum markaði þriðja lands eða á markaðstorgi fjármálagerninga, að undanskildum þeim sem hafa innbyggða afleiðu eða fela í sér samsetningu sem gerir viðskiptavini erfitt um vik að skilja áhættu sem þeim fylgja,
 - c. peningamarkaðsgerninga, að undanskildum þeim sem hafa innbyggða afleiðu eða fela í sér samsetningu sem gerir viðskiptavini erfitt um vik með að skilja áhættu sem þeim fylgja,
 - d. hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, þó ekki í afleiðutengdum verðbréfasjóðum skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 583/2010, sbr. reglugerð nr. 983/2013 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða vefsetri,
 - e. samsettar innstæður, að undanskildum þeim sem fela í sér samsetningu sem gera viðskiptavini erfitt um vik að átta sig á óvissu um ávöxtun eða kostnað við lokun fyrir lokadagsetningu, eða
 - f. aðra einfalda fjármálagerninga.
2. Þjónustan sé veitt að frumkvæði viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar.
3. Viðskiptavinur eða hugsanlegur viðskiptavinur hafi verið skilmerkilega upplýstur um að verðbréfafyrirtæki sé óskýlt að að meta hvort fjármálagerningurinn eða þjónustan sé tilhlýðileg og af þeim sökum njóti hann ekki samsvarandi verndar viðeigandi reglna um viðskiptahætti. Heimilt er að veita slíka viðvörðun á stöðluðu formi.
4. Verðbréfafyrirtækið uppfylli skyldur sínar um ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra skv. 32. gr.

Markaður í þriðja landi skal talinn sambærilegur skipulegum markaði í skilningi a- og b-liðar 1. tölul. 5. mgr. hafi jafngildisákvörðun þar um verið tekin upp í EES-samninginn.

Um mat á tilhlýðileika og veitingu fjárfestingarþjónustu án þess að afla upplýsinga eða framkvæma mat á tilhlýðileika er nánar fjallað í 55.–57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

46. gr.

Samningar og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Verðbréfafyrirtæki skal halda skrá yfir alla samninga sem gerðir eru við hvern viðskiptavin þess sem innihalda ákvæði um réttindi og skyldur í viðskiptum aðila. Heimilt er að fella inn í samning ákvæði um réttindi og skyldur aðila með tilvísun til réttarreglna eða skjala sem eru aðgengileg viðskiptavini.

Verðbréfafyrirtæki skal láta viðskiptavinum í té fullnægjandi upplýsingar um veitta þjónustu á varanlegum miðli. Upplýsingagjöf þessi skal meðal annars fela í sér reglubundnar tilkynningar til viðskiptavina með hliðsjón af þeirri tegund fjármálagerninga sem þjónustan varðar, hversu flóknir þeir eru og eðli þeirrar þjónustu sem er veitt. Þegar við á skulu upplýsingarnar taka til kostnaðar sem tengist viðskiptunum og/eða þjónustunni.

Þegar verðbréfafyrirtæki veitir almennum fjárfesti fjárfestingarráðgjöf skal það, áður en viðskipti eiga sér stað, afhenda honum yfirlýsingu um mat á hæfi á varanlegum miðli þar sem tilgreint er hvaða fjárfestingarráðgjöf hefur verið veitt og hvernig hún samræmist áherslum, markmiðum og öðrum þörfum hans.

Þegar gerður er samningur um kaup eða sölu á fjármálagerningi með fjarsölu sem kemur í veg fyrir að hægt sé að afhenda yfirlýsingu um hæfi fyrir fram er verðbréfafyrirtækinu heimilt að afhenda skriflega yfirlýsingu um hæfi á varanlegum miðli um leið og viðskiptavinurinn hefur skuldbundið sig með slíkum samningi, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. viðskiptavinurinn hefur samþykkt að taka við yfirlýsingu um hæfi eins fljótt og auðið er eftir að viðskiptin fara fram, og
2. verðbréfafyrirtækið hefur gefið viðskiptavininum kost á að fresta viðskiptunum til að hann geti mótttekið yfirlýsingu um hæfi fyrir fram.

Þegar verðbréfafyrirtæki annast eignastýringu eða hefur upplýst viðskiptavin um að það muni framkvæma reglubundið mat á hæfi, skal matið innihalda uppfærða yfirlýsingu um hvernig fjárfestingin samræmist áherslum, markmiðum og öðrum þörfum hins almenna fjárfestis.

Ákvæði 44.–46. gr. eiga ekki við í þeim tilvikum sem fjárfestingarþjónusta er veitt í tengslum við fasteignalán til neytanda skv. a-lið 4. tölul. 4. gr. laga um fasteignalán til neytanda, nr. 118/2016, og þjónustan er forsenda þess að lánið sé veitt, að því gefnu að láns hæfis- og greiðslumat vegna lánsins hafi þegar verið framkvæmt.

Um samninga og upplýsingagjöf til viðskiptavina er nánar fjallað í 56., 59.–63. og 73. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

47. gr.

Veiting þjónustu fyrir milligöngu þriðja aðila.

Verðbréfafyrirtæki sem tekur við fyrirmælum um að framkvæma fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu fyrir hönd viðskiptavinar frá öðru verðbréfafyrirtæki er heimilt að reiða sig á upplýsingar frá hinu síðarnefnda um viðskiptavininn og ráðleggingar sem það hefur veitt honum.

Verðbréfafyrirtæki sem sendir fyrirmæli skv. 1. mgr. ber ábyrgð á að upplýsingar séu heildstæðar og nákvæmar og að ráðleggingar sem veittar hafa verið viðskiptavininum hæfi honum.

Verðbréfafyrirtæki sem tekur við fyrirmælum skv. 1. mgr. ber ábyrgð á að framkvæmd þjónustu og viðskipta sé í samræmi við ákvæði þessa þáttar.

48. gr.

Besta framkvæmd.

Verðbréfafyrirtæki skal við framkvæmd fyrirmæla leita allra leiða til að ná bestu mögulega niðurstöðu fyrir viðskiptavin að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkna á að af viðskiptum og uppgjöri verði, umfangs, eðlis eða annarra þátta sem máli skipta. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.

Þegar verðbréfafyrirtæki framkvæmir fyriræmi fyrir hönd almenns fjárfestis skal ákvarða bestu mögulegu niðurstöðu út frá heildargreiðslu, þ.e. verðs fjármálagernings auk kostnaðar vegna framkvæmdar. Innifalinn skal allur kostnaður viðskiptavinar sem er beinlínis tengdur framkvæmd fyriræma, þ.m.t. þóknanir.

Í því skyni að ná fram bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin skv. 1. mgr. skal verðbréfafyrirtæki, ef hægt er að framkvæma fyriræmi á fleiri en einum viðskiptastað, meta og bera saman þá niðurstöðu sem hægt væri að ná fyrir viðskiptavin á sérhverjum viðskiptastað sem tilgreindur er í stefnu verðbréfafyrirtækis um framkvæmd fyriræma. Í matinu skal tekið tillit til þóknana verðbréfafyrirtækisins sjálfs og þess kostnaðar sem hlýst af framkvæmd fyriræma á hverjum viðskiptastað fyrir sig.

Verðbréfafyrirtæki skal ekki taka við endurgjaldi, afslætti eða ófjárhagslegum ávinningi fyrir að beina fyriræmum viðskiptavinar til tiltekins viðskiptavettvangs eða viðskiptastaðar, sem væri andstætt kröfum um ráðstafanir vegna hagsmunaárekstra eða umbun skv. 1.–3. mgr. þessarar greinar, 2. mgr. 21. gr., 22. gr. og 32.–38. gr.

Viðskiptavettvangar og innmiðlarar skulu, a.m.k. einu sinni á ári, gera aðgengileg almennungi án endurgjalds gögn í formi skýrslu varðandi gæði framkvæmdar viðskipta með fjármálagerninga sem falla undir viðskiptaskyldu skv. 23. og 28. gr. MiFIR. Viðskiptastaðir skulu einnig gera aðgengilegar almennungi slíkar skýrslur um fjármálagerninga sem ekki falla undir viðskiptaskylduna. Skýrslurnar skulu innihalda upplýsingar um verð, kostnað, hraða og líkur á viðskiptum fyrir einstaka fjármálagerninga. Verðbréfafyrirtæki skal í kjölfar viðskipta upplýsa viðskiptavin um það hvar þau voru framkvæmd.

Verðbréfafyrirtæki skal hafa til staðar skilvirkar ráðstafanir til að fullnægja skyldum skv. 1.–3. mgr. Sér í lagi skal verðbréfafyrirtæki hafa til staðar stefnu um framkvæmd viðskiptafyriræma sem gerir því kleift að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína. Í henni skulu koma fram, að því er varðar hvern flokk fjármálagerninga, upplýsingar um þá viðskiptastaði sem verðbréfafyrirtæki notar til að framkvæma fyriræmi viðskiptavina sinna og þá þætti sem hafa áhrif á val viðskiptastaðar. Í stefnunni skal a.m.k. tilgreina þá viðskiptastaði sem gera verðbréfafyrirtækinu kleift að ná að jafnaði bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd fyriræma viðskiptavina. Verðbréfafyrirtæki skal veita viðskiptavinum sínum viðeigandi upplýsingar um stefnu sína um framkvæmd viðskiptafyriræma og afla fyrir fram samþykkis þeirra á henni. Í upplýsingunum skal greina skilmerkilega, nægilega ítarlega og á þann hátt að auðskilið sé fyrir viðskiptavin hvernig verðbréfafyrirtækið muni framkvæma viðskiptafyriræmin.

Þegar stefna um framkvæmd fyriræma skv. 6. mgr. býður upp á þann möguleika að fyriræmi viðskiptavina séu framkvæmd utan viðskiptavettvangs skal verðbréfafyrirtæki upplýsa viðskiptavini sína sérstaklega um þann möguleika. Verðbréfafyrirtæki skal afla fyrir fram sérstaks samþykkis viðskiptavina áður en fyriræmi þeirra eru framkvæmd utan viðskiptavettvangs. Samþykkið getur verið annað hvort almennt eða að því er varðar einstök viðskipti.

Verðbréfafyrirtæki sem framkvæmir fyriræmi viðskiptavinar skal árlega útbúa og birta opinberlega, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, yfirlit um fimm helstu viðskiptastaði með tilliti til umfangs viðskipta síðastliðið ár og upplýsingar um gæði framkvæmdar.

Verðbréfafyrirtæki sem framkvæmir fyriræmi viðskiptavina skal hafa eftirlit með skilvirkni þess fyrirkomulags og stefnu sem þau setja um framkvæmd fyriræma til að geta greint annmarka og bætt úr þeim, eins og við á. Það skal einkum meta reglulega hvort viðskiptakerfin, sem eru hluti af stefnu þess um framkvæmd fyriræma, veiti bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavininn eða hvort þau þurfi að gera breytingar á fyrirkomulagi sínu við framkvæmd fyriræma, meðal annars með hliðsjón af upplýsingum sem birtar eru skv. 5. og 8. mgr.

Verðbréfafyrirtæki skal tilkynna viðskiptavinum sínum um verulegar breytingar á fyrirkomulagi sínu og stefnu um framkvæmd fyrirmæla.

Verðbréfafyrirtæki skal geta sýnt fram á, að beiðni viðskiptavinar, að það hafi framkvæmt fyrirmæli hans í samræmi við stefnu fyrirtækisins um framkvæmd fyrirmæla skv. 6. mgr.

Um bestu framkvæmd er nánar fjallað í 64.–66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

49. gr.

Meðferð fyrirmæla viðskiptavina.

Verðbréfafyrirtæki skal hafa til staðar verkferla og fyrirkomulag þar sem kveðið er á um skjóta og sanngjarna framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina samanborið við fyrirmæli annarra viðskiptavina og viðskiptahagsmuni verðbréfafyrirtækisins.

Verðbréfafyrirtæki skal framkvæma fyrirmæli viðskiptavina, sem eru sambærileg, í þeirri röð sem þau berast.

Ef skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar vegna hlutabréfa sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi eru ekki framkvæmd jafnskjótt og þau berast vegna markaðsaðstæðna skal verðbréfafyrirtæki, nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað, gera ráðstafanir til að þau verði framkvæmd eins skjótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis þannig að þau séu aðgengileg öðrum markaðsaðilum. Verðbréfafyrirtæki getur fullnægt þessari skyldu með miðlun fyrirmælanna til viðskiptavettvangs.

Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþágu frá skyldu skv. 3. mgr. að birta skilyrt fyrirmæli sem eru óvenju umfangsmikil samanborið við venjulega markaðsstærð í skilningi 4. gr. MiFIR.

Um meðferð fyrirmæla viðskiptavina er nánar fjallað í 67.–70. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

50. gr.

Einkaumboðsmenn.

Verðbréfafyrirtæki er heimilt að tilnefna einkaumboðsmenn til að kynna þjónustu þess, stofna til viðskipta eða taka á móti fyrirmælum frá viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum og miðla þeim, selja fjármálagerninga og veita fjárfestingarráðgjöf.

Verðbréfafyrirtæki sem veitir þjónustu fyrir milligöngu einkaumboðsmanna ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á aðgerðum og vanrækslu þeirra þegar þeir starfa á vegum þess. Einkaumboðsmönnum er skylt að gera viðskiptavinum grein fyrir í umboði hvers þeir starfa. Einkaumboðsmönnum er óheimilt að taka við fjármunum frá viðskiptavinum.

Verðbréfafyrirtæki skulu hafa eftirlit með að einkaumboðsmenn þeirra:

1. hafi gott orðspor,
2. hafi viðeigandi almenna, viðskiptalega og faglega þekkingu,
3. hafi hæfi til að geta veitt fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eða greint viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini nákvæmlega frá öllum viðeigandi upplýsingum varðandi fyrirhugaða þjónustu, og
4. starfi í samræmi við lög og reglur sem gilda um fjárfestingar- og viðbótarþjónustu.

Verðbréfafyrirtæki skal gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að önnur starfsemi sem einkaumboðsmaður sinnir hafi neikvæð áhrif á þá starfsemi sem hann annast í umboði fyrirtækisins skv. 1. mgr.

Verðbréfafyrirtæki sem hyggst fela einkaumboðsmanni að starfa í umboði þess hér á landi skal sækja um skráningu einkaumboðsmannsins hjá Fjármálaeftirlitinu. Einkaumboðsmaður skal hafa verðbréfaréttindi.

Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir einkaumboðsmenn sem uppfylla skilyrði þessarar greinar og birta hana á vef sínum. Einkaumboðsmanni er heimilt að hefja starfsemi hér á landi í kjölfar skráningar.

51. gr.

Flokkun viðskiptavina o.fl.

Verðbréfafyrirtæki skal flokka viðskiptavinina sína í viðurkennda gagnaðila, fagfjáfesta og almenna fjáfesta við upphaf viðskiptasambands. Verðbréfafyrirtæki skal veita viðskiptavinum upplýsingar á varanlegum miðli um flokkun þeirra, rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess. Verðbréfafyrirtæki skal setja sér verklagsreglur um flokkun viðskiptavina.

Fagfjáfestar bera ábyrgð á því að tilkynna verðbréfafyrirtækjum um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjáfesta. Þá ber verðbréfafyrirtækjum að grípa til viðeigandi aðgerða verði þeim kunnugt um að viðskiptavinur uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir því að farið verði með hann sem fagfjáfesti.

Um flokkun viðskiptavina er nánar fjallað í 45. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

52. gr.

Aukin vernd fyrir fagfjáfesta.

Verðbréfafyrirtæki skal upplýsa fagfjáfesti um rétt hans til að óska eftir því að vera flokkaður sem almennur fjáfestir. Aukin vernd verður einungis veitt fagfjáfesti í kjölfar skriflegs samkomulags við verðbréfafyrirtæki um að hann verði ekki flokkaður sem fagfjáfestir. Í samkomulaginu skal tilgreina hvort þetta gildir almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar.

53. gr.

Aðilar sem geta óskað eftir því að vera fagfjáfestar.

Aðilar, sem ekki teljast fagfjáfestar, geta óskað eftir því að verðbréfafyrirtæki flokki þá sem fagfjáfesta. Verðbréfafyrirtæki skal leggja mat á sérfræðikunnáttu, þekkingu og reynslu viðskiptavinar og hvort hún veiti nægilega vissu fyrir því að hann geti sjálfur tekið ákvarðanir um fjáfestingar og skilji áhættuna sem í þeim felst. Til að farið verði með viðskiptavin sem fagfjáfesti samkvæmt þessari grein skal hann uppfylla a.m.k. tvö af eftirfarandi skilyrðum:

1. Hann hafi átt umtalsverð viðskipti á viðeigandi markaði næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi.
2. Verðgildi fjármálagerninga og innstæðna fjáfestis nemi samanlagt meira en jafnvirði 500.000 evra, miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.
3. Fjáfestir gegni eða hafi gegnt, í a.m.k. eitt ár, stöðu í fjármálageiranum sem krefst þekkingar á fyrirhuguðum viðskiptum eða þjónustu.

Til að viðskiptavinir skv. 1. mgr. geti óskað eftir því að teljast fagfjáfestar verða þeir að tilkynna verðbréfafyrirtækinu skriflega hvort þeir óski eftir að hafa slíka stöðu almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Þá skal verðbréfafyrirtæki gefa þeim skýra skriflega viðvörðun um þá réttarvernd og þann bótarétt sem þeir kunna að verða af og skulu

viðskiptavinir í sérstöku skjali lýsa því yfir að þeim sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd.

54. gr.

Viðskipti við viðurkennda gagnaðila.

Verðbréfafyrirtæki sem hefur leyfi til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina, eiga viðskipti fyrir eigin reikning eða taka á móti og miðla fyrirmælum er heimilt að eiga í viðskiptum við viðurkennda gagnaðila án þess að fullnægja skilyrðum skv. 33. gr., 1. og 5. mgr. 34. gr., 35.–38. gr., 39–41. gr. 44.–45. gr., 1. og 6. mgr. 46. gr., 48. gr. og 1. og 2. mgr. 49. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er viðurkenndum gagnaðila heimilt að krefjast þess að verðbréfafyrirtæki fari að þeim ákvæðum sem tilgreind eru í 1. mgr. í viðskiptum sínum við hann.

Verðbréfafyrirtæki skal, áður en það framkvæmir viðskipti skv. 1. mgr., afla fyrir fram staðfestingar frá viðurkenndum gagnaðila um að hann samþykki að farið sé með hann sem slíkan í þeim viðskiptum. Heimilt er að afla almenns samþykkis einu sinni eða sérstaks samþykkis fyrir hver viðskipti.

Verðbréfafyrirtæki skal starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samskiptum sínum við viðurkennda gagnaðila og miðla upplýsingum á sanngjarnan og skýran hátt og ekki villandi, að teknu tilliti til eðlis hinna viðurkenndu gagnaðila og starfsemi þeirra.

Um viðskipti við viðurkennda gagnaðila er nánar fjallað í 71. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

55. gr.

Viðskiptaefirlit.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg skulu hafa skilvirkar ráðstafanir og verklag í því skyni að hafa reglulegt eftirlit með því að aðilar, þátttakendur og notendur fari að reglum þeirra. Jafnframt skulu þeir hafa skilvirkt eftirlit með tilboðum, afturköllum og viðskiptum aðila, þátttakenda og notenda í því skyni að greina brot á reglum markaðarins, ótilhlýðilegar viðskiptaaðstæður, háttsemi sem kann að fela í sér brot gegn ákvæðum MAR og kerfirsaskanir sem tengjast fjármálagerningi.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða skv. 1. mgr. skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar í stað um veruleg brot á reglum þeirra, óróleika í viðskiptum, háttsemi sem kann að fela í sér brot gegn ákvæðum MAR og kerfirsaskanir. Jafnframt skulu þeir veita Fjármálaeftirlitinu og lögreglu fulla aðstoð við rannsókn og saksókn vegna markaðssvika sem eiga sér stað í eða gegnum kerfi þeirra.

Fjármálaeftirlitið skal áframsenda ESMA og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja upplýsingar skv. 2. mgr. Þó skulu upplýsingar í tengslum við háttsemi sem kann að fela í sér brot gegn ákvæðum MAR aðeins áframsendar að því gefnu að Fjármálaeftirlitið sé sannfært um að slík ólögmet háttsemi hafi átt sér stað.

Um viðskiptaefirlit er nánar fjallað í 82. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

56. gr.

Tímabundin stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og taka þeirra úr viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðila markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg er heimilt að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerning

eða taka hann úr viðskiptum, uppfylli hann ekki lengur reglur markaðstorgsins, nema slík ákvörðun sé líkleg til að valda verulegu tjóni á hagsmunum fjárfesta eða skipulegri starfsemi markaðarins. Í slíkum tilvikum skal verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar einnig stöðva tímabundið viðskipti með, eða taka úr viðskiptum, afleiður skv. a–g-lið 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. sem tengjast fjármálagerningnum eða nota hann sem viðmið, þegar slíkt er nauðsynlegt til að styðja við markmið ákvörðunarinnar. Verðbréfafyrirtækið eða rekstraraðili markaðar skulu birta ákvörðun skv. 1. másl. og tilkynna Fjármálaeftirlitinu um hana.

Fjármálaeftirlitið skal krefjast þess að viðskiptavettvangar og innmiðlarar sem eiga viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. afleiður, skv. 1. mgr., stöðvi tímabundið viðskipti með eða taki þá úr viðskiptum þegar um er að ræða yfirtökutilboð, grun um markaðssvik eða þegar um er að ræða brot gegn 7. og 17. gr. MAR sökum þess að innherjaupplýsingar um útgefanda eða fjármálagerning hafa ekki verið birtar, nema slík ákvörðun geti valdið verulegu tjóni á hagsmunum fjárfesta eða skipulegri starfsemi markaðarins. Fjármálaeftirlitið skal þegar í stað birta ákvörðunina, og tilkynna ESMA og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna um hana.

Þegar Fjármálaeftirlitið fær tilkynningu skv. 2. mgr. um ákvörðun lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis skal það krefjast þess að viðskiptavettvangar og innmiðlarar sem eiga viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. afleiður, skv. 2. mgr., stöðvi tímabundið viðskipti með eða taki þá úr viðskiptum ef um er að ræða yfirtökutilboð, grun um markaðssvik eða þegar um er að ræða brot gegn 7. og 17. gr. MAR sökum þess að innherjaupplýsingar um útgefanda eða fjármálagerning hafa ekki verið birtar, nema slík ákvörðun geti valdið verulegu tjóni á hagsmunum fjárfesta eða skipulegri starfsemi markaðarins. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA og öðrum lögbærum yfirvöldum um ákvörðun sína, þar sem sérstaklega skal koma fram skýring á því taki Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að aðhafast ekki.

Verklag skv. 2. og 3. mgr. á einnig við þegar Fjármálaeftirlitið afléttir ákvörðun samkvæmt þessari grein, þegar það tekur ákvörðun um að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. afleiður, eða taka þá úr viðskiptum á grundvelli 10. og 11. tölul. 4. mgr. 118. gr. og þegar það afléttir slíkri ákvörðun.

Um tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi er nánar fjallað í reglugerð (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd ákvæðisins, þ.m.t. um form og efni tilkynninga.

57. gr.

Vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Rekstraraðilar markaðstorgs fjármálagerninga með starfsleyfi hér á landi geta sótt um það til Fjármálaeftirlitsins að markaðstorgið verði skráð sem vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fenginni umsókn skv. 1. mgr. að skrá markaðstorg sem vaxtarmarkað fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki, að því gefnu að það telji kröfur skv. 3. mgr. uppfylltar.

Á markaðstorgi fjármálagerninga skulu gilda skilvirkar reglur, kerfi og verklag sem tryggja að:

1. Hið minnsta 50% útgefanda fjármálagerninga, sem hafa verið teknir til viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga, séu lítill og meðalstór fyrirtæki á þeim tíma þegar markaðstorg

fjármálagerninga er skráð sem vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja og á hverju almanaksári eftir það.

2. Sett séu viðeigandi viðmið fyrir upphaflega töku fjármálagernings til viðskipta og áframhaldi veru hans í viðskiptum.
3. Birtar séu nægjanlegar upplýsingar þegar fjármálagerningar eru upphaflega teknir til viðskipta til að gera fjárfestum kleift að taka upplýsta ákvörðun um fjárfestingu. Það skal gera annað hvort með viðeigandi skráningarskjali eða lýsingu, þegar kröfur laga um verðbréfavíðskipti um almenn útboð eiga við.
4. Birtar séu á markaðinum reglubundið viðeigandi fjárhagsupplýsingar, annað hvort af útgefanda eða fyrir hans hönd, svo sem endurskoðaður ársreikningur.
5. Útgefendur, einstaklingar sem gegna stjórnunarstörfum og aðilar nákomnir þeim í skilningi MAR uppfylli viðeigandi ákvæði MAR.
6. Upplýsingar sem útgefendum er skylt að veita lögum samkvæmt séu geymdar og þeim miðlað til almennings.
7. Til staðar séu skilvirk kerfi og stjórnþæki sem miði að því að koma í veg fyrir og koma auga á markaðssvik á vaxtarmarkaðinum.

Aðila sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga er heimilt að gera kröfur til útgefenda til viðbótar kröfum 3. mgr.

Fjármálaeftirlitið getur tekið vaxtarmarkað fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki af skrá ef:

1. aðili sem starfrækir markaðinn sækir um afskráninguna, eða
2. kröfur skv. 3. mgr. eru ekki lengur uppfylltar.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA eins fljótt og unnt er ef það skráir eða afskráir vaxtarmarkað fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki.

Hafi fjármálagerningur verið tekinn til viðskipta á einum vaxtarmarkaði fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki er heimilt að taka hann til viðskipta á öðrum vaxtarmarkaði, að því tilskildu að útgefandinn hafi verið upplýstur um slíkt og ekki hreyft við því andmælum. Útgefandanum ber í slíkum tilvikum ekki skylda til að uppfylla reglur um stjórnarhætti fyrirtækja eða birtingu upplýsinga vegna síðari vaxtarmarkaðarins.

Um vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja er nánar fjallað í reglugerð (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

58. gr.

Úrskurðar- og réttarúrræði.

Verðbréfafyrirtæki skulu hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttarúrræði ef ágreiningur rís á milli þeirra og neytanda um fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu, meðal annars um málskot til úrskurðarnefndar skv. 2. mgr.

Neytendur geta skotið ágreiningi um fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni tengdum fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármála-fyrirtæki.

Verðbréfafyrirtækjum er skylt að eiga aðild að úrskurðarnefndinni og skulu þau verðbréfafyrirtæki sem eiga aðild að málum standa undir kostnaði nefndarinnar vegna þeirra.

Nefndin kveður upp rökstudda úrskurði og verður þeim ekki skotið til stjórnvalda en aðilum er heimilt máls að leggja ágreining sinn fyrir dómstóla með venjubundnum hætti.

III. KAFLI

Starfsemi verðbréfafyrirtækja á milli aðildarríkja.

59. gr.

Þjónusta og starfsemi verðbréfafyrirtækja, með starfsleyfi í aðildarríki, hér á landi án stofnunar útibús.

Verðbréfafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi og eru undir eftirliti í öðru aðildarríki er heimilt að veita þjónustu og stunda starfsemi samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús eða í gegnum einkaumboðsmann sem staðsettur er í heimaaðildarríki þess.

Heimildir til að veita þjónustu og stunda starfsemi hér á landi samkvæmt þessari grein verða aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækisins í heimaaðildarríki þess. Viðbótarþjónustu má aðeins veita samhliða fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi.

Svissnesk og færeysk verðbréfafyrirtæki geta veitt þjónustu og stundað starfsemi samkvæmt þessum lögum hér á landi enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og verðbréfafyrirtækja sem hafa starfsleyfi og eru undir eftirliti í ríki innan EES og að gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum upplýsingar um einkaumboðsmenn staðsetta í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækis sem hafa heimild til að veita þjónustu og/eða stunda starfsemi hér á landi í umboði erlends fyrirtækis.

60. gr.

Þjónusta og starfsemi verðbréfafyrirtækja, með starfsleyfi í aðildarríki, með stofnun útibús eða í gegnum einkaumboðsmann.

Verðbréfafyrirtæki sem hafa starfsleyfi og eru undir eftirliti í öðru aðildarríki geta stofnsett útibú hér á landi eða veitt þjónustu og stundað starfsemi í gegnum einkaumboðsmann sem er staðsettur hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki fyrirtækisins, sbr. þó 2. mgr.

Ekki er heimilt að veita þjónustu eða stunda starfsemi samkvæmt þessari grein í gegnum einkaumboðsmenn sem staðsettir eru hér á landi fyrr en Fjármálaeftirlitinu hefur borist tilkynning frá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki fyrirtækisins um auðkenni þeirra.

Heimildir til að veita þjónustu og stunda starfsemi hér á landi samkvæmt þessari grein verða aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækisins í heimaaðildarríki þess. Viðbótarþjónustu má aðeins veita samhliða fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi.

Svissnesk og færeysk verðbréfafyrirtæki geta veitt þjónustu og stundað starfsemi samkvæmt þessum lögum hér á landi enda séu sömu kröfur gerðar til þeirra og verðbréfafyrirtækja sem hafa starfsleyfi og eru undir eftirliti í ríki innan EES og að gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með að útibú verðbréfafyrirtækja hér á landi sem veita þjónustu eða stunda starfsemi sem fellur undir lög þessi fari að ákvæðum 33.–41. gr., 44.–46. gr. og 48. og 49. gr. laganna og 14.–26. gr. MiFIR.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að kanna ráðstafanir útibúsins og óska eftir breytingum sem þörf er á til að Fjármálaeftirlitinu sé kleift að sinna eftirliti með því að útibúið uppfylli skyldur skv. 5. mgr. Áður en Fjármálaeftirlitið framkvæmir vettvangsskoðun í útibúi verðbréfafyrirtækis hér á landi skal það tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki þess þar um.

Lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki er heimilt, eftir að hafa tilkynnt Fjármálaeftirlitinu þar um, að framkvæma vettvangsskoðun í útibúum þeirra fyrirtækja er tilkynnt hafa um þjónustu og/eða starfsemi hér á landi.

Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum upplýsingar um einkaumboðsmenn sem staðsettir eru hér á landi og hafa heimild til að veita þjónustu og/eða stunda starfsemi í umboði erlendra fyrirtækja samkvæmt þessari grein.

Ákvæði laga um hlutafélög varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

61. gr.

Þjónusta og starfsemi verðbréfafyrirtækja, með starfsleyfi á Íslandi, í aðildarríki án stofnunar útibús.

Verðbréfafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi og eru undir eftirliti hér á landi er heimilt að veita þjónustu og stunda starfsemi í aðildarríki samkvæmt lögum þessum án stofnunar útibús eða í gegnum einkaumboðsmann sem staðsettur er hér á landi. Fyrirtæki skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkar fyrirætlanir fyrir fram. Í tilkynningu skal koma fram í hvaða ríki standi til að veita þjónustu eða stunda starfsemi, í hverju fyrirhuguð þjónusta og/eða starfsemi sé fölgin og hvort fyrirtækið hyggist notast við einkaumboðsmenn og auðkenni þeirra.

Verðbréfafyrirtæki geta veitt þjónustu og stundað starfsemi samkvæmt þessum lögum í Sviss og Færeyjum ef gerður hefur verið samstarfssamningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

Eigi síðar en einum mánuði frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr. skal Fjármálaeftirlitið framsenda tilkynninguna til lögbærra yfirvalda í viðkomandi gístaðildarríki ásamt staðfestingu á því að fyrirhuguð þjónusta og starfsemi rúmist innan starfsleyfis fyrirtækisins.

Fyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem fyrirtækið veitir þjónustu og/eða stundar starfsemi um breytingar á áður veittum upplýsingum.

Seðlabanki Íslands setur reglur um form, efni og ferli vegna tilkynninga skv. 1. mgr.

62. gr.

Tilkynning innlendra verðbréfafyrirtækja um stofnun útibús og/eða notkun einkaumboðsmanns í öðru aðildarríki.

Verðbréfafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi og eru undir eftirliti hér á landi er heimilt að veita þjónustu og stunda starfsemi í aðildarríki samkvæmt lögum þessum með stofnun útibús eða í gegnum einkaumboðsmann sem staðsettur er í gístaðildarríki. Fyrirtæki skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um slíkar fyrirætlanir fyrir fram.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skulu fylgja upplýsingar um:

1. aðildarríki þar sem fyrirtæki ætlar að stofna útibú eða notast við einkaumboðsmann með staðfestu þar,
2. rekstraráætlun, þar sem meðal annars skal koma fram sú fjárfestingar- og viðbótarþjónusta sem ætlunin er að bjóða og sú fjárfestingarstarfsemi sem ætlunin er að stunda,
3. stjórnskipulag útibús sem hefur verið stofnað og tilgreining á þeim einkaumboðsmanni sem útibúið hyggst notast við,
4. hvernig fyrirtækið hyggist nýta sér einkaumboðsmann í aðildarríkjum þar sem það hefur ekki komið á fót útibúi, ásamt upplýsingum um stjórnskipulag, þ.m.t. um boðleiðir og staðsetningu einkaumboðsmannsins í skipulagi fyrirtækisins,
5. heimilisfang í gístaðildarríki þar sem hægt er að nálgast skjöl, og
6. nöfn þeirra sem bera ábyrgð á stjórnun útibúsins og/eða einkaumboðsmannsins.

Þegar fyrirtæki notar einkaumboðsmenn með staðfestu utan heimaaðildarríkis þess skulu ákvæði laga þessara um útibú eiga við um þá. Hafi útibú verðbréfafyrirtækis verið stofnað í viðkomandi aðildarríki skal einkaumboðsmaður samsamaður því.

Fjármálaeftirlitið skal senda lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríki allar upplýsingar skv. 1. mgr. eigi síðar en þremur mánuðum frá því að því bást upplýsingarnar nema það hafi ástæðu til að efast um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða fyrirtækisins sé fullnægjandi. Jafnframt skal Fjármálaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkis upplýsingar um tryggingavernd viðskiptavina útibúsins samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að senda lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríki ekki upplýsingarnar skal rökstudd og send hlutaðeigandi fyrirtæki svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku fullnægjandi upplýsinga skv. 1. mgr.

Verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir geta veitt þjónustu og stundað starfsemi samkvæmt þessum lögum í Sviss og Færeyjum ef gerður hefur verið samstarfssamningur á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

Fyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um hverjar þær breytingar sem kunna að verða á áður veittum upplýsingum samkvæmt þessari grein eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbærum yfirvöldum gístiaðildarríkis um breytingar á áður veittum upplýsingum. Ákveði fyrirtæki að loka útibúi skal jafnframt tilkynna það Fjármálaeftirlitinu innan framangreinds frests.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt, eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi í gístiaðildarríki þar um, að framkvæma vettvangsskoðun í útibúum innlendra verðbréfafyrirtækja.

Seðlabanki Íslands setur reglur um form, efni og ferli vegna tilkynninga skv. 1. mgr.

63. gr.

Starfsemi markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga milli aðildarríkja.

Verðbréfafyrirtækjum og rekstraraðilum markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga eða skipuleg markaðstorg í öðrum aðildarríkjum er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir hér á landi til að auðvelda fjarnotendum, aðilum eða þátttakendum sem hafa staðfestu hér á landi aðgang að mörkuðunum og að eiga viðskipti á þeim.

Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðili markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg hér á landi skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu ætli það sér að gera ráðstafanir í öðru aðildarríki til að auðvelda fjarnotendum, aðilum eða þátttakendum sem hafa staðfestu erlendis aðgang að og viðskipti á mörkuðunum. Í tilkynningunni skal koma fram í hvaða aðildarríki ætlunin er að gera slíkar ráðstafanir. Fjármálaeftirlitið skal senda þessar upplýsingar innan mánaðar til lögbæra yfirvaldsins í aðildarríkinu þar sem fyrirtækið hyggst gera slíkar ráðstafanir.

Fjármálaeftirlitið skal, að beiðni lögbærs yfirvalds gístiaðildarríkis markaðstorgs fjármálagerninga og án ástæðulausrar tafar, veita upplýsingar um fjaraðila og þátttakendur markaðstorgsins sem hafa staðfestu í gístiaðildarríkinu.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um form og efni tilkynninga skv. 1. mgr.

64. gr.

Aðild verðbréfafyrirtækja í öðrum aðildarríkjum að skipulegum mörkuðum hér á landi.

Skipulegir markaðir hér á landi skulu, að uppfylltum reglum markaðarins skv. 90. gr., veita verðbréfafyrirtækjum með starfsheimildir í öðrum aðildarríkjum til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina eða stunda viðskipti fyrir eigin reikning aðild og/eða aðgang:

1. beint, með því að stofna útibú hér á landi, eða
2. með því að gerast fjaraðilar eða hafa fjaraðgang að skipulega markaðinum án þess að hafa staðfestu hér á landi, þegar fyrirkomulag viðskipta eða markaðskerfi hlutaðeigandi markaðar gera ekki kröfu um viðveru þeirra til að stunda viðskipti á honum.

65. gr.

Aðgangur að miðlægum mótaðila, færsluvísunar- og uppgjörsaðstöðu og réttur til að tilgreina uppgjörskerfi.

Miðlægir mótaðilar og aðilar sem veita færsluvísunar- og uppgjörsaðstöðu hér á landi skulu veita verðbréfafyrirtækjum frá öðrum aðildarríkjum beinan og óbeinan aðgang svo þeim sé kleift að ljúka eða koma í kring lokum viðskipta með fjármálagerninga. Aðgangurinn skal vera háður sömu gagnsæju og hlutlægu viðmiðum og gilda um innlenda aðila og þátttakendur.

Aðilar og þátttakendur á skipulegum markaði hér á landi skulu hafa rétt á að tilgreina kerfi til uppgjörs viðskipta með fjármálagerninga sem fram fara á viðkomandi skipulega markaði að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. tengslin og ráðstafanirnar á milli tilgreinda uppgjörskerfisins og annars kerfis eða aðstöðu séu þannig að þau tryggi skilvirkt og hagkvæmt uppgjör umræddra viðskipta, og
2. Fjármálaeftirlitið hafi samþykkt að tæknileg skilyrði fyrir uppgjöri viðskipta, sem fram fara á skipulega markaðinum í gegnum annað uppgjörskerfi en það sem hann tiltekur, séu þannig að þau geri hnökralausa og skipulega starfsemi fjármálamarkaða mögulega.

66. gr.

Miðlægir mótaðilar og færsluvísunar- og uppgjörsfyrirkomulag að því er varðar markaðstorg fjármálagerninga.

Verðbréfafyrirtækjum og rekstraraðilum markaða sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga er heimilt að koma á viðeigandi fyrirkomulagi með miðlægum mótaðila eða færsluvísunarstöð og uppgjörskerfi í öðru aðildarríki í því skyni að stöðustofna, færsluvísa eða gera upp sum eða öll viðskipti sem aðilar eða þátttakendur í kerfum þeirra ljúka.

Fjármálaeftirlitið getur einungis takmarkað notkun verðbréfafyrirtækja og rekstraraðila markaða, sem starfrækja markaðstorg fjármálagerninga, á miðlægum mótaðilum, færsluvísunarstöðvum og uppgjörskerfum í öðru aðildarríki ef sýnt er fram á að það sé nauðsynlegt til að viðhalda skipulegri starfsemi markaðstorgsins að teknu tilliti til skilyrða um uppgjörskerfi skv. 2. mgr. 64. gr.

IV. KAFLI

Verðbréfafyrirtæki með staðfestu utan EES.

67. gr.

Þjónusta og/eða starfsemi verðbréfafyrirtækis með staðfestu utan EES hér á landi með stofnun útibús.

Fjármálaeftirlitið getur veitt verðbréfafyrirtæki með staðfestu utan EES heimild til að veita fjárfestingarþjónustu og/eða stunda fjárfestingarstarfsemi með stofnun útibús hér á landi.

Um gildissvið heimildar útibús og skrá yfir þau fer skv. 6. gr.

Fjármálaeftirlitið skal innan sex mánaða frá því að fyrirtækið lagði fram fullnægjandi umsókn taka afstöðu til þess hvort það veiti heimild til að starfrækja útibú. Fullnægi umsókn ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal það synja um heimild til að starfrækja útibú. Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að útibú frá ríki utan EES verði gert að færa starfsemi útibús í dótturfélag með starfsleyfi hér á landi ef starfsemi þess, stjórnskipulag, stærð, fjöldi viðskiptavina eða áhrif á fjármálamarkað hér á landi eru slík að Fjármálaeftirlitið metur það nauðsynlegt.

Um eftirlit með útibúinu fer skv. 118. gr.

68. gr.

Skilyrði heimildar til stofnunar útibús.

Forsenda þess að Fjármálaeftirlitið geti veitt útibúi heimild skv. 67. gr. er að fyrir liggja ákvörðun Evrópusambandsins um að löggjöf um þá fjárfestingarþjónustu og/eða fjárfestingarstarfsemi sem fyrirhugað er að veita og/eða stunda og eftirlit með henni í heimaríki samræmist þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt MiFID2. Jafnframt skal vera til staðar samstarfssamkomulag um regluleg upplýsingaskipti á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærra yfirvalda í heimaríki verðbréfafyrirtækisins.

Auk framangreinds þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

1. Fyrirtækið skal vera undir eftirliti í heimaríki sínu og uppfylla kröfur sem þar gilda um reksturinn. Fyrirtækið skal vera með sambærilegar starfsheimildir og verðbréfafyrirtæki innan EES. Fyrirhuguð þjónusta hér á landi skal rúmast innan starfsheimilda þess.
2. Þá skal liggja fyrir að lögbært yfirvald í heimaríki geri ekki athugasemd við stofnun útibús hér á landi. Ef félagið er undir eftirliti fleiri en eins lögbærs yfirvalds skal yfirlýsing koma frá þeim öllum.
3. Eftirlitið í heimaríki þess skal taka viðeigandi tillit til tilmæla fjármálaaðgerðahópsins í tengslum við baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
4. Útibúið skal hafa fjármuni til skilyrðislausar ráðstöfunar á bankareikningi héraðs sem nema a.m.k. stofnframlagi verðbréfafyrirtækja skv. 2., 3. og 4. mgr. 14. gr. a. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.
5. Þeir aðilar, einn eða fleiri, sem bera ábyrgð á stjórnun útibúsins skulu allir uppfylla skilyrði 1. mgr. 10. gr. Sömu kröfur skulu gerðar til lykilstarfsmanna útibúsins í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.
6. Heimaríki fyrirtækisins skal hafa undirritað samning við íslensk stjórnvöld, sem fer að öllu leyti að stöðlum skv. 26. gr. skattasamningsfyrirmyndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar um tekjur og fjármagn og tryggir skilvirk upplýsingaskipti um skattamál, þ.m.t. hvers konar marghliða samninga um skattamál, ef við á.
7. Fyrirtækið skal tilheyra bótakerfi fyrir fjárfesta sem er sambærilegt við bótakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/9/EB um bótakerfi fyrir fjárfesta.
8. Útibúið skal uppfylla skyldur skv. 21.–30. gr., 32.–41. gr., 44.–46. gr. og 48. gr., 1. og 2. mgr. 49. gr., 50. gr. og 54.–56. gr. laganna, 3.–26. gr. MiFIR.
9. Útibúið skal uppfylla ákvæði laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
10. Útibúið skal uppfylla sambærilegar kröfur til upplýsingakerfa og útivistunar og gerðar eru til fyrirtækja er veita sambærilega þjónustu hér á landi. Útvistun má ekki torvelda eftirlit með útibúinu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um reglubundin gagna- og upplýsingaskil samkvæmt þessari grein.

69. gr.

Upplýsingaskylda.

Til að Fjármálaeftirlitið geti veitt félagi heimild til að starfsrækja útibú skv. 67. gr. skal láta eftirfarandi upplýsingar í té:

1. Allar viðeigandi upplýsingar um fyrirtækið, meðal annars heiti, rekstrarform, skráða skrifstofu í heimaríki, aðila í stjórn og hluthafa þess. Upplýsingar skulu fylgja um hvort viðkomandi lögbært yfirvald hafi framkvæmt mat á þeim sem fara með virka eignarhluti í félaginu.
2. Ársreikninga félagsins síðustu þriggja ára ásamt skipuriti þess og upplýsingum um stjórnarhætti.
3. Rekstraráætlun útibús, upplýsingur um hvaða fjárfestingar- og viðbótarþjónustu stendur til að veita, starfsskipulag og innra skipulag útibúsins, meðal annars hvernig starfsemi verður sinnt, upplýsingar um hvaða verkefnum félagið í aðildarríki sinnir fyrir útibúið og um fyrirhugaða útvistun.
4. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar

Ef breytingar verða á framangreindum upplýsingum, skilyrðum skv. 68. gr. eða á starfsemi útibús skal tilkynna um þær fyrir fram til Fjármálaeftirlitsins.

70. gr.

Afturköllun heimildar.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afturkalla heimild til starfrækslu útibús skv. 67. gr.:

1. Afsali fyrirtækið heimild sinni til stofnunar útibús.
2. Hafi fyrirtækið fengið heimildina á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
3. Útibúið uppfyllir ekki lengur skilyrði sem lágu til grundvallar veitingu heimildarinnar.
4. Nýti fyrirtækið ekki heimildina innan tólf mánaða frá því að hún var veitt eða hætti að veita fjárfestingarþjónustu eða sinna fjárfestingarstarfsemi í meira en sex mánuði samfelld.
5. Brjótí útibúið að öðru leyti gróflega eða ítrekað gegn lögum hér á landi sem um starfsemina gilda eða reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.
6. Brjótí útibúið gegn ákvæðum annarra laga sem varðað getur afturköllun starfsleyfis.
7. Ef starfsemi útibúsins er þannig háttáð að upplýsingagjöf er ekki nægilega traust eða eftirlit með starfsemi eða þjónustunni er torveldað.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal fyrirtækinu veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé unnt að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

71. gr.

Starfsemi innlendra verðbréfafyrirtækja utan aðildarríkja.

Verðbréfafyrirtæki sem ætlar sér að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi utan aðildarríkja skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það fyrir fram og skal í tilkynningunni koma fram lýsing á fyrirhugaðri starfsemi eða þjónustu og aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar.

Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við starfsemi eða þjónustu skv. 1. mgr. hafi stofnunin réttmæta ástæðu til að ætla að lögbundin upplýsingagjöf verði ekki nægilega traust eða eftirlit með starfsemi eða þjónustunni verði torvelduð. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna fyrirtækinu um ákvörðun sína svo fljótt sem auðið er.

72. gr.

Kaup innlendra verðbréfafyrirtækja á hlutum í fjármálafyrirtæki utan aðildarríkja.

Verðbréfafyrirtæki sem ætlar sér að kaupa eða fara með virkan eignarhlut í erlendu fjármálafyrirtæki með staðfestu í ríki sem ekki er aðildarríki skal tilkynna það Fjármálaeftirlitinu fyrir fram. Fjármálaeftirlitið getur lagt bann við slíku ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að lögbundin upplýsingagjöf verði ekki nægilega traust eða eftirlit með starfseminni eða þjónustunni verði torveldað. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna fyrirtækinu um ákvörðun sína svo fljótt sem auðið er.

3. ÞÁTTUR Skipulegir markaðir.

73. gr.

Starfsleyfi.

Starfræksla skipulegs markaðar er einungis heimil rekstraraðila markaðar, sem starfar sem hlutafélag og hlotið hefur starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið skal veita aðila, sem um það sækir, starfsleyfi sem rekstraraðili markaðar að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

1. Að hlutafé skv. 75. gr. hafi verið að fullu greitt.
2. Að þeir sem eiga eða koma til með að eiga virkan eignarhlut í félaginu séu hæfir til að fara með eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts rekstrar skipulegs markaðar.
3. Að ákvæði 77. gr. um stjórn og framkvæmdastjóra séu uppfyllt og ekki sé hlutlægt sýnt fram á að stjórn eða framkvæmdastjóri kunni að ógna skilvirkri, traustri og varfærinni stjórnun skipulega markaðarins að teknu tilliti til heilleika markaðarins.
4. Að önnur skilyrði þessa kafla séu uppfyllt.

Við mat á starfsleyfisumsókn skal Fjármálaeftirlitið líta svo á að framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður í starfandi rekstraraðila markaðar uppfylli skilyrði 1. mgr. 78. gr.

Rekstraraðili markaðar ber ábyrgð á því að starfsleyfisskilyrði skv. 2. mgr. séu ávallt uppfyllt og skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu, fyrir fram ef við á, um allar breytingar á áður veittum upplýsingum í tengslum við starfsleyfi.

Hafi á hluthafafundi verið samþykktar breytingar á samþykktum rekstraraðila markaðar skulu breyttar samþykktir sendar Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá hluthafafundi ásamt greinargerð um þær breytingar sem gerðar hafa verið. Rekstraraðila markaðar er einum heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin kauphöll og verðbréfamarkaður, ein sér eða samtengd öðrum orðum. Sé hætta á að villst verði á nöfnum erlends og innlends rekstraraðila markaðar sem starfa hér á landi getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að fyrirtæki verði auðkennt sérstaklega.

Fjármálaeftirlitið veitir rekstraraðila markaðar heimild, að uppfylltum skilyrðum I. kafla 2. þáttar, til að reka markaðstorg fjármálagerninga.

74. gr.

Umsókn um starfsleyfi.

Umsókn um starfsleyfi til rekstrar skipulegs markaðar skal vera skrifleg og skulu þar koma fram nægar upplýsingar til að mat verði lagt á hvort skilyrði 73. gr. um veitingu starfsleyfis séu uppfyllt. Umsókn skulu fylgja:

1. Samþykktir félags.

2. Upplýsingar um starfsskipulag þar sem meðal annars koma fram upplýsingar um hvernig fyrirhugaðri starfsemi verður sinnt og reglur um viðskipta- og upplýsingakerfi sem nota skal í starfseminni.
3. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur.
4. Rekstraráætlun þar sem meðal annars kemur fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eigin fjár.
5. Upplýsingar um stofnendur og hluthafa.
6. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.
7. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár eða stofnfjár.
8. Upplýsingar um nán tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila.
9. Upplýsingar um þau skilyrði sem gilda um aðild að markaðinum og áætlun um væntanlega markaðsaðila og þær tegundir fjármálagerna sem áætlað er að teknar verði til viðskipta.

Séu rekstraraðili markaðar og skipulegi markaðurinn mismunandi lögaðilar þá skal taka mið af því í upplýsingum sem fylgja starfsleyfisumsókn.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska eftir frekari upplýsingum en skv. 1. mgr., sé það nauðsynlegt við mat á því hvort skilyrði 73. gr. um veitingu starfsleyfis séu uppfyllt.

Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullnægjandi umsókn barst því. Synjun Fjármálaeftirlits á umsókn skal rökstudd.

Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningar um starfsleyfi skipulegra markaða í Lögbirtinga-
blaði. Fjármálaeftirlitið skal senda ESMA og eftirlitsstjórnvöldum annarra ríkja innan EES
lista yfir skipulega markaði sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi. Senda skal uppfærðan lista
ef breytingar verða á honum.

75. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afturkalla starfsleyfi til að reka skipulegan markað, í heild eða að hluta:

1. Óski fyrirtækið sjálft eftir því.
2. Hafi fyrirtækið fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
3. Fullnægi fyrirtækið ekki skilyrðum þessa þáttar.
4. Nýti fyrirtækið ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt eða hætti að starfrækja skipulegan markað í meira en sex mánuði samfelld.
5. Brjóti fyrirtækið að öðru leyti gróflega eða ítrekað gegn lögum þessum eða reglugerðum skv. 3. gr., reglum eða reglugerðum sem settar eru með stoð í lögunum.
6. Brjóti fyrirtækið gegn ákvæðum annarra laga sem varðað getur afturköllun starfsleyfis.

Afturköllun starfsleyfis skal tilkynnt stjórn rekstraraðila markaðar og rökstudd skriflega. Birta skal tilkynningu um afturköllun í Lögbirtinga-
blaði og auglýsa hana í fjölmiðlum.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA um afturköllun starfsleyfis.

76. gr.

Hlutfé.

Innborgað hlutfé skipulegs markaðar skal nema að lágmarki jafnvirði 730.000 evrum miðað við opinbert viðmiðunargengi eins og það er skráð hverju sinni.

Fjármálaeftirlitið getur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. ákveðið hærra lágmarkshlutfé skipulegs markaðar með tilliti til umfangs rekstrarins og áhættuþátta sem honum fylgja og með hliðsjón af kröfum í 77. gr.

Bókfært eigið fé skipulegs markaðar má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1. mgr. eða ákveðið í samræmi við 2. mgr.

77. gr.

Skipulagskröfur.

Skipulegur markaður skal:

1. Hafa til staðar fyrirkomulag til að greina skýrt og takast á við hugsanlegar óhagstæðar afleiðingar hagsmunaárekstra fyrir rekstur skipulega markaðarins eða aðila og þátttakendur, sem komið geta upp á milli skipulega markaðarins, eigenda hans eða rekstraraðila annars vegar og traustrar virkni markaðarins hins vegar. Þetta á sér í lagi við þegar slíkir hagsmunaárekstrar gætu haft neikvæð áhrif á framkvæmd verkefna sem Fjármálaeftirlitið hefur falið skipulega markaðinum að sinna.
2. Vera nægilega vel í stakk búinn til að stýra áhættum sem að honum snúa, koma á við-eigandi ráðstöfunum og kerfum til að greina allar verulegar áhættur fyrir rekstur hans og koma á skilvirkum ráðstöfunum til að draga úr þeim.
3. Tryggja öruggan rekstur tæknilegra kerfa, þ.m.t. að koma á skilvirkri viðbúnaðaráætlun til að takast á við áhættur vegna kerfiskraskana.
4. Hafa gagnsæjar og óhlutdrægar reglur og ferla sem tryggja að viðskipti á markaðinum geti farið fram á heiðarlegan og sanngjarnan hátt og koma á hlutlægum viðmiðum um skilvirka framkvæmd fyrirmæla.
5. Gera ráðstafanir svo að uppgjör viðskipta á markaðinum geti farið fram tímanlega og skilvirkt.
6. Búa ávallt yfir nægilegu fjármagni til að sinna hlutverki sínu að teknu tilliti til eðlis og umfangs viðskipta á markaðinum sem og áhættu sem tengist þeim.

Rekstraraðilum markaða er óheimilt að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina með því að nýta eiginfjármagn eða taka þátt í jöfnuðum eigin viðskiptum á skipulegum bréfamarkaði sem þeir sjálfir reka.

78. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri rekstraraðila markaðar.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri rekstraraðila markaða skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir, lögráða, hafa gott orðspor og búa yfir nægilegri þekkingu, færni og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Horft skal til þess að sameiginleg reynsla stjórnar sé nægilega víðtæk.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um gjaldeyrismál, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Samsetning stjórnar rekstraraðila markaðar skal vera þannig að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem viðkomandi rekstraraðili markaðar stundar, þ.m.t. helstu áhættuþætti hennar.

Rekstraraðili markaðar skal setja sér stefnu um val á stjórnarmönnum í þeim tilgangi að tryggja nægilega fjölbreytni í stjórninni.

Rekstraraðila markaðar ber að verja fullnægjandi fjármunum til að kynna starfsemi rekstraraðila markaðar fyrir stjórnarmanni og tryggja að hann hljóti viðeigandi þjálfun til stjórnarsetunnar.

Rekstraraðili markaðar skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum þessarar greinar og 80. gr. sé fullnægt.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þar á meðal um hvað felist í fullnægjandi þekkingu og reynslu, góðu orðsperi og fjárhagslegu sjálfstæði, og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

79. gr.

Störf stjórnar rekstraraðila markaðar.

Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri skulu starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku og vera sjálfstæður í hugsun til að geta skilvirkt metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda sem heyra beint undir framkvæmdastjóra.

Stjórn rekstraraðila markaðar skal skilgreina og hafa eftirlit með innleiðingu á stjórnarháttum sem tryggja skilvirka og varfærna stjórnun félagsins, þ.m.t. aðskilnað starfa og að koma þannig í veg fyrir hagsmunaárekstra að það stuðli að heilleika markaðarins.

Stjórn skal hafa eftirlit með og meta reglulega skilvirkni stjórnarhátta og innra skipulags og gera viðeigandi ráðstafanir til að taka á hvers konar annmörkum.

Stjórnarmenn skulu hafa fullnægjandi aðgang að nauðsynlegum upplýsingum og gögnum til að sinna eftirliti með ákvarðanatöku framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda sem heyra beint undir framkvæmdastjóra.

80. gr.

Takmarkanir á önnur störf stjórnar og framkvæmdastjóra rekstraraðila markaðar.

Stjórnarmenn skulu verja fullnægjandi tíma í störf sín í þágu starfsemi rekstraraðila markaðar. Við mat á því hvað stjórnarmenn mega eiga sæti í mörgum stjórnnum samhliða því að sitja í stjórn rekstraraðila markaðar skal hafa hliðsjón af aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig auk eðlis og umfangs starfsemi rekstraraðila markaðarins og því hversu flókin hún er.

Stjórnarmanni og framkvæmdastjóra rekstraraðila markaðar, sem er mikilvægur hvað varðar stærð, innra skipulag, eðli, umfang og flækjustig starfseminnar, er óheimilt að taka að sér störf í stjórnareiningum annarra félaga samhliða setu í stjórn þess nema heildarfjöldi félaganna, að meðtöldum rekstraraðila markaðar, sé innan eftirfarandi marka:

1. fjögur félög ef eingöngu er um að ræða stjórnarsetu, eða
2. tvö félög þar sem viðkomandi sinnir stjórnarsetu og eitt þar sem hann gegnir starfi framkvæmdastjóra.

Við afmörkun á fjölda félaga skv. 2. mgr. skal telja öll:

1. sæti í stjórnnum félaga sem eru hluti af samstæðu sem setu í stjórn eins félags,
2. sæti í stjórnnum félaga sem rekstraraðili markaðar fer með virkan eignarhlut í sem setu í stjórn eins félags,
3. störf sem framkvæmdastjóri hjá félögum sem eru hluti af sömu samstæðu sem starf framkvæmdastjóra í einu félagi,
4. störf sem framkvæmdastjóri hjá félögum sem rekstraraðili markaðar fer með virkan eignarhlut í sem starf framkvæmdastjóra í einu félagi.

Takmarkanir skv. 2. mgr. taka hvorki til starfa í stjórnareiningum félaga sem eru ekki rekin í atvinnuskyni að meginstefnu til né til einstaklings sem settur er í starf framkvæmdastjóra eða í stjórn rekstraraðila markaðar fyrir hönd ríkisins á grundvelli laga vegna sérstakra aðstæðna í starfsemi umrædds rekstraraðila markaðar.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt, að teknu tilliti til umfangs og eðlis þeirra starfa sem framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður gegnir eða vegna sérstakra aðstæðna, að veita undanþágu frá takmörkunum skv. 2. mgr. og heimila setu í stjórn eins félags til viðbótar. Fjármálaeftirlitið skal reglulega upplýsa ESMA um slíkar undanþágur.

81. gr.

Kröfur vegna virkra eignarhluta í rekstraraðila markaðar.

Aðili sem hyggst fara með virkan eignarhlut í rekstraraðila skipulegs markaðar skal leita samþykkis Fjármálaeftirlitsins. Um ferlið fer skv. 11.–18. gr. laganna.

Fjármálaeftirlitið skal synja aðila um heimild til að fara með ráðandi hlut í rekstraraðila skipulegs markaðar ef það telur að eignarhaldið ógni traustri og varfærinni stjórnun skipulegs markaðar.

Rekstraraðili markaðar skal senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um eignarhald í rekstrar- aðilanum og breytingar á því. Rekstraraðili skal jafnframt birta upplýsingarnar á vef sínum.

82. gr.

Álagspól kerfa og sjálfvirk stöðvun viðskipta.

Skipulegur markaður skal búa yfir skilvirku kerfi, verkferlum og fyrirkomulagi til að tryggja að viðskiptakerfi hans séu álagspólin, búi yfir nægilegri getu til að ráða við álagstoppa í magni tilboða og skilaboða, tryggi hnökralaus viðskipti þegar mikið álag er á markaði og séu rækilega prófuð til að ábyrgjast að þau uppfylli þessi skilyrði. Skipulegur markaður skal gera ráðstafanir til að tryggja samfellda starfsemi og samfellu í þjónustu ef bilun verður í viðskipta- kerfum hans.

Skipulegur markaður skal hafa skilvirk kerfi, verklag og fyrirkomulag til að hafna tilboðum sem fara umfram fyrir fram ákveðið magn og verðmörk eða eru augljóslega röng.

Skipulegur markaður skal vera fær um að stöðva tímabundið eða takmarka viðskipti þegar verðsveiflur verða á fjármálagerningi, á stuttu tímabili, á þeim markaði eða tengdum markaði og geta í undantekningartilvikum fellt niður, breytt eða leiðrétt viðskipti. Skipulegur markaður skal tryggja að breyturnar sem notaðar eru til að stöðva viðskipti séu stilltar þannig að þær taki tillit til seljanleika mismunandi flokka og undirflokka eigna, eðlis markaðslíkansins og tegunda notenda og að þær nægi til að komast megi hjá verulegri röskun á viðskiptum.

Skipulegur markaður skal senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um breytur sem eru notaðar til að stöðva viðskipti og um hverjar þær breytingar sem gerðar eru á þeim á samkvæman og samanburðarhæfan hátt. Fjármálaeftirlitið skal framsenda ESMA skýrsluna. Skipulegur markaður, sem er mikilvægur hvað varðar seljanleika fjármálagernings, skal hafa yfir að ráða nauðsynlegum kerfum og verkferlum til að tryggja að Fjármálaeftirlitið fái tilkynningu um stöðvun viðskipta svo það geti tekið ákvarðanir um hvort ástæða sé til að stöðva viðskipti þar sem fjármálagerningurinn er í viðskiptum þar til viðskipti hefjast að nýju á upprunalega markaðinum.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd greinarinnar.

83. gr.

Viðskiptavakt.

Skipulegur markaður skal gera skriflega samninga við öll verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskiptavakt á markaðinum og, ef þörf er á með hliðsjón af eðli og umfangi viðskipta á markaðinum, áætlun til að tryggja nægilegan fjölda verðbréfafyrirtækja með slíka samninga sem fela í sér skyldu til að setja inn föst tilboð á samkeppnishæfu verði til að tryggja seljanleika á reglulegum og fyrirsjáanlegum grundvelli.

Í samningi skv. 1. mgr. skal að lágmarki tilgreina:

1. Skyldur verðbréfafyrirtækis til að stuðla að seljanleika á markaðinum og, þegar við á, aðrar skyldur sem leiða af þátttöku í áætlun skv. 2. tölul. 1. mgr.
2. Hvers konar hvata, svo sem afslætti í formi endurgreiðslu eða annað sem skipulegur markaður býður verðbréfafyrirtæki til að stuðla að seljanleika á markaði á reglulegum og fyrirsjáanlegum grundvelli og önnur réttindi, ef við á, sem verðbréfafyrirtækið hlýtur af þátttöku í áætlun skv. 2. tölul. 1. mgr.

Skipulegur markaður skal hafa eftirlit með og sjá til þess að verðbréfafyrirtæki uppfylli skyldur slíkra samninga og láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar um efni þeirra og allar frekari nauðsynlegar upplýsingar til að það geti fullvissað sig um að skipulegi markaðurinn uppfylli skyldur samkvæmt þessari grein.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd greinarinnar.

84. gr.

Algrímsviðskipti.

Skipulegur markaður skal hafa skilvirk kerfi, verkferla og fyrirkomulag sem meðal annars skyldar aðila og þátttakendur til að framkvæma fullnægjandi prófanir á algrími og bjóða upp á prófunarumhverfi. Þessu er ætlað að tryggja að algrímsviðskiptakerfi geti ekki skapað eða stuðlað að truflunum á aðstæðum til viðskipta og gera skipulegum markaði kleift að bregðast við slíkum truflunum af völdum algrímsviðskiptakerfa. Kerfið skal meðal annars geta takmarkað hlutfall óframkvæmdra tilboða af viðskiptum sem aðili eða þátttakandi getur sett inn í kerfið, hægt á flæði tilboða ef hætta er á því að kerfi þess nálgist getumörk og takmarkað og framfylgt lágmarksverðskrefi sem heimilt er að framkvæma á markaði.

Skipulegur markaður skal geta greint tilboð, út frá merkingum aðila eða þátttakenda á þeim, sem upprunnin eru úr algrími, hvaða algrím notað er við myndun tilboðsins og þann aðila sem stendur fyrir því. Þessar upplýsingar skal senda til Fjármálaeftirlitsins, óski það eftir þeim.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um algrímsviðskipti, þ.m.t. um prófanir.

85. gr.

Beinn rafrænn aðgangur.

Skipulegur markaður sem heimilar beinan rafrænan aðgang skal ráða yfir skilvirkum kerfum, verkferlum og fyrirkomulagi til að tryggja að einungis verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir geti boðið upp á slíka þjónustu og að viðeigandi viðmið gildi um hæfi þeirra aðila sem veittur er slíkur aðgangur. Aðilar og þátttakendur skulu bera ábyrgð á tilboðum sem sett eru inn og viðskiptum sem komast á í gegnum slíkan aðgang.

Skipulegur markaður skal hafa viðeigandi áhættustýringu og viðmiðunarmörk vegna viðskipta sem komast á með beinum rafrænum aðgangi. Jafnframt skal skipulegur markaður geta greint hvaða tilboð og viðskipti frá aðila eða þátttakenda eru gerð eða fara fram í gegnum slíkan aðgang og hafa möguleika á að stöðva slíkt tilboð og viðskipti.

Skipulegur markaður skal hafa til staðar fyrirkomulag til að koma í veg fyrir, tímabundið eða varanlega, að sett séu inn tilboð og komið á viðskiptum í gegnum beinan rafrænan aðgang ef farið er gegn reglum eða viðmiðum sem sett eru á grundvelli þessa ákvæðis.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd ákvæðisins.

86. gr.

Fyrirkomulag þóknana.

Skipulegum markaði ber að tryggja að fyrirkomulag þóknana, þ.m.t. viðskipta- og viðbót- arþóknana og afslátta í formi endurgreiðslu, sé gagnsætt, sanngjarnt og án mismununar og myndi ekki hvata til að setja fram, breyta eða afturkalla tilboð eða framkvæma viðskipti á þann hátt að það ýti undir ótilhlýðilegar viðskiptaaðstæður eða markaðssvik.

Skipulegur markaður skal gera kröfu um viðskiptavakt með einstök hlutabréf eða körfu þeirra í skiptum fyrir hvers konar afslætti í formi endurgreiðslu.

Skipulegum markaði er heimilt að miða þóknunir fyrir afturkölluð tilboð við þann tíma sem tilboðið var til staðar og ákvarða mismunandi þóknunir fyrir hvern fjármálagerning.

Skipulegum markaði er heimilt að krefjast hærri þóknunar sem endurspeglar viðbótarálag á afkastagetu kerfisins:

1. fyrir afturkölluð tilboð,
2. frá þátttakendum sem eru með hátt hlutfall afturkallaðra tilboða, og
3. frá þeim sem að stunda háhraðaviðskipti.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um fyrirkomulag þóknana.

87. gr.

Aðgangur Fjármálaeftirlitsins að tilboðabók.

Að beiðni Fjármálaeftirlitsins skal skipulegur markaður afhenda því gögn sem tengjast tilboðabók, eða veita aðgang að henni, svo stofnunin geti sinnt eftirliti með viðskiptum.

88. gr.

Reglur um samhýsingu.

Reglur skipulegs markaðar um samhýsingu skulu vera gagnsæjar, sanngjarnar og án mismununar.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um samhýsingu.

89. gr.

Verðskref.

Skipulegur markaður skal koma á verðskrefakerfi vegna hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga. Verðskrefakerfi skulu stillt:

1. þannig að þau endurspegli seljanleikaskilyrði fjármálagernings á mismunandi mörkuðum og meðaltal verðbils kaup- og sölutilboða, með hliðsjón af stöðugleika í verði án þess að komið sé að óþörfu í veg fyrir frekari þrengingu verðbils, og
2. á viðeigandi hátt fyrir hvern fjármálagerning.

Seðlabanka Íslands setur reglur um lágmarksstærð verðskrefs eða verðskrefakerfis vegna fjármálagerninga skv. 1. mgr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að ákveða í reglum að skipulegur markaður skuli koma á verðskrefakerfi vegna annarra fjármálagerninga en fram koma í 1. mgr.

90. gr.

Samstilling viðskiptaklukkna.

Viðskiptavettvangar og aðilar og þátttakendur þeirra skulu samstillta viðskiptaklukkur sem notaðar eru til að skrá dag- og tímasetningar á sérhverjum tilkynningarskyldum atburði. Seðlabanki Íslands setur frekari reglur um samstillingu viðskiptaklukkna.

91. gr.

Taka fjármálagerninga til viðskipta.

Skipulegur markaður skal setja skýrar og gagnsæjar reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta. Reglurnar skulu tryggja að hægt sé að stunda viðskipti á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt. Þegar um er að ræða verðbréf skulu reglurnar tryggja að þau séu framseljanleg án takmarkana.

Reglur skv. 1. mgr. skulu í tilviki afleiðusamninga einkum tryggja að þeir séu þannig gerðir að eðlileg verðmyndun og skilvirk uppgjörsskilyrði séu möguleg.

Skipulegur markaður skal viðhafa skilvirkt fyrirkomulag til að fylgjast með því hvort útgefendur fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á markaðinum uppfylli skyldur um upplýsingagjöf. Skipulegur markaður skal jafnframt koma á fyrirkomulagi sem gerir þátttakendum kleift að hafa aðgang að upplýsingum sem útgefendur hafa gert opinberar.

Skipulegur markaður skal koma á fyrirkomulagi til að viðhafa reglubundið eftirlit með því að fjármálagerningar sem teknir hafa verið til viðskipta á markaðinum uppfylli skilyrði fyrir töku fjármálagerninga til viðskipta.

Heimilt er að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum markaði án samþykkis útgefanda ef verðbréfin hafa verið tekin til viðskipta á öðrum skipulegum markaði innan EES. Skipulegur markaður skal tilkynna útgefanda um það að viðskipti fari fram með verðbréf hans á markaðinum. Útgefandi verðbréfa sem hefur ekki samþykkt töku þeirra til viðskipta er ekki skylt að sinna upplýsingaskyldu gagnvart viðkomandi markaði.

Seðlabanki Íslands setur frekari reglur um töku fjármálagerninga til viðskipta.

92. gr.

Tímabundin stöðvun viðskipta og taka fjármálagerninga úr viðskiptum.

Rekstraraðila markaðar er heimilt að stöðva tímabundið viðskipti með fjármálagerninga eða taka þá varanlega úr viðskiptum uppfylli þeir ekki lengur kröfur sem gerðar eru til töku til viðskipta eða ef útgefandi verðbréfa fylgir ekki reglum skipulegs markaðar, nema líkur séu til þess að slíkt geti valdið fjárfestum eða skipulegri starfsemi markaðarins verulegu tjóni.

Rekstraraðili markaðar sem stöðvar tímabundið viðskipti með fjármálagerninga eða tekur þá úr viðskiptum skal gera sömu ráðstafanir vegna afleiðna sem tengjast eða vísa í fjármálagerninginn, þegar nauðsyn krefur, til að styðja við markmið ákvörðunarinnar.

Rekstraraðili markaðar skal birta ákvörðun sína um tímabundna stöðvun eða töku úr viðskiptum þegar í stað og tilkynna Fjármálaeftirlitinu um hana án tafar.

Fjármálaeftirlitið skal krefjast þess að aðrir skipulegir markaðir, markaðstorg fjármálagerninga, skipuleg markaðstorg og innmiðlarar hér á landi stöðvi einnig tímabundið viðskipti með eða taki úr viðskiptum fjármálagerninga skv. 1. mgr. og afleiður skv. 2. mgr. þegar ákvörðunin kemur til vegna grunsemda um markaðssvik, yfirtökutilboð eða um er að ræða brot gegn 7. og 17. gr. MAR sökum þess að innherjaupplýsingar um útgefanda eða fjármálagerning hafa ekki verið birtar, nema líkur séu til þess að slíkt geti valdið fjárfestum eða skipulegri starfsemi markaðarins verulegu tjóni.

Fjármálaeftirlitið skal, geri það kröfu um tímabundna stöðvun viðskipta eða töku úr viðskiptum, birta ákvörðun þegar í stað á vef sínum. Einnig skal tilkynna ESMA og öðrum lögbærum yfirvöldum um hana án tafar. Hið sama á við ákveði Fjármálaeftirlitið að gera ekki kröfu um tímabundna stöðvun viðskipta eða töku úr viðskiptum og skal þá fylgja með tilkynningunni útskýring á ástæðum þess.

Fjármálaeftirlitið skal, berist því tilkynning frá lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis skv. 5. mgr., krefjast þess án tafar að viðskiptavettvangar og innmiðlarar hér á landi stöðvi tímabundið viðskipti með eða taki úr viðskiptum fjármálagerna skv. 1. mgr. eða afleiður skv. 2. mgr., þegar stöðvun viðskipta eða taka úr viðskiptum kemur til vegna grunsemda um markaðssvik, yfirtökutilboð eða um er að ræða brot gegn 7. og 17. gr. MAR sökum þess að innherjaupplýsingar um útgefanda eða fjármálagerning hafa ekki verið birtar, nema líkur séu til þess að slíkt geti valdið fjárfestum eða skipulegri starfsemi markaðarins verulegu tjóni.

Ákveði Fjármálaeftirlitið að stöðva tímabundið eða taka úr viðskiptum fjármálagerning eða afleiður skv. 10. og 11. tölul. 4. mgr. 115. gr. skal það fylgja ákvæðum 4.–6. mgr.

Um afléttingu tímabundinnar stöðvunar viðskipta með fjármálagerninga eða afleiður fer einnig skv. 4.–6. mgr.

Seðlabanki Íslands setur frekari reglur um tímabundna stöðvun viðskipta og töku fjármálagerninga úr viðskiptum.

93. gr.

Markaðsaðild.

Skipulegur markaður skal setja reglur um aðild og aðgengi að honum þar sem gerð er grein fyrir þeim skyldum sem hvíla á aðilum og þátttakendum. Reglurnar skulu vera gagnsæjar, hlutlægar og byggðar á jafnræði. Í þeim skal gert ráð fyrir möguleika á bæði beinum aðgangi og fjaraðgangi verðbréfafyrirtækja og lánastofnana.

Í reglunum skal sérstaklega taka fram hvaða skyldur leiða af:

1. Skipulagi og stjórnun markaðarins.
2. Reglum um viðskipti á markaðinum.
3. Faglegum kröfum sem gerðar eru til starfsfólks verðbréfafyrirtækja og lánastofnana á markaðinum.
4. Skilyrðum sem aðilar eða þátttakendur markaðarins, aðrir en verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir skv. 3. mgr, skulu uppfylla.
5. Reglum og verklagi varðandi greiðslujöfnun og uppgjör viðskipta á markaðinum.

Skipulegur markaður getur samþykkt sem aðila eða þátttakendur verðbréfafyrirtæki, lánastofnanir og aðra aðila sem:

1. Hafa nægilega gott orðspor.
2. Hafa fullnægjandi getu til að eiga viðskipti.
3. Búa yfir fullnægjandi hæfni og reynslu.
4. Uppfylla skipulagskröfur, eins og við á.
5. Hafa getu til að framkvæma þær aðgerðir sem þeim er ætlað að framkvæma, að teknu tilliti til mismunandi fjárhagsráðstafana sem markaðurinn kann að hafa komið á til að tryggja fullnægjandi uppgjör viðskipta.

Aðilum og þátttakendum er ekki skylt að fara að ákvæðum 33.–41., 44.–46., 48. og 49. gr. í viðskiptum sín á milli á skipulegum markaði, en verða ætíð að gera það þegar þeir framkvæma fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina.

Skipulegur markaður skal án tafar tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það þegar umsókn um aðild eða aðgengi að markaðinum er samþykkt og skal auk þess ársfjórðungslega upplýsa Fjármálaeftirlitið um hverjir séu aðilar og þátttakendur.

94. gr.

Starfsemi innan EES.

Skipulegum markaði í öðru aðildarríki er heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir hér á landi til að auðvelda fjaradilum og þátttakendum hér á landi aðgang og viðskipti á markaðinum.

Skipulegur markaður hér á landi sem hyggst gera viðeigandi ráðstafanir í öðru aðildarríki til að auðvelda fjaradilum og þátttakendum þar aðgang og viðskipti á markaðinum skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu það fyrir fram og tilgreina í hvaða aðildarríki ætlunin sé að gera slíkar ráðstafanir. Fjármálaeftirlitið skal áframsenda upplýsingarnar innan eins mánaðar til lögbærs yfirvalds í viðkomandi aðildarríki.

Fjármálaeftirlitið skal, að beiðni lögbærs yfirvalds í aðildarríki og án ástæðulausrar tafar, senda upplýsingar um þarlenda aðila og þátttakendur á skipulegum markaði hér á landi.

95. gr.

Eftirlit skipulegs markaðar með viðskiptum.

Skipulegur markaður skal hafa til staðar skilvirkar ráðstafanir og verklag, þ.m.t. úrræði til að sinna reglulegu eftirliti með því að aðilar og þátttakendur fari að reglum hans.

Skipulegur markaður skal hafa eftirlit með tilboðum, þ.m.t. afturköllunum þeirra og viðskiptum aðila og þátttakenda, í því skyni að greina brot á reglum hans, óróleika í viðskiptum eða háttsemi sem kann að fela í sér brot gegn ákvæðum MAR eða kerfisraskanir.

Rekstraraðili markaðar skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar í stað um veruleg brot á reglum markaðarins, óróleika í viðskiptum, háttsemi sem kann að fela í sér brot gegn ákvæðum MAR og kerfisraskanir.

Fjármálaeftirlitið skal veita ESMA og lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum upplýsingar skv. 2. mgr. Aðeins skal senda slíkar upplýsingar í tengslum við háttsemi sem kann að fela í sér brot gegn ákvæðum MAR sé Fjármálaeftirlitið sannfært um að ólögmat háttsemi hafi átt sér stað.

Rekstraraðili markaðar skal veita Fjármálaeftirlitinu og lögreglu, án ástæðulausrar tafar, viðeigandi upplýsingar vegna rannsóknar á markaðssvikum og veita þeim fulla aðstoð við rannsókn og saksókn vegna markaðssvika sem eiga sér stað á skipulega markaðinum eða gegnum markaðskerfi hans.

Nánar er fjallað um eftirlit skipulegs markaðar með viðskiptum í 82. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

96. gr.

Aðgengi að miðlægum mótaðilum, stöðustofnun og uppgjöri.

Skipulegum mörkuðum er heimilt að koma á viðeigandi fyrirkomulagi með miðlægum mótaðila eða færsluvísunarstöð og uppgjörskerfi í öðru aðildarríki í því skyni að stöðustofna, færsluvísa eða gera upp sum eða öll viðskipti sem aðilar eða þátttakendur í kerfum þeirra ljúka.

Fjármálaeftirlitið getur einungis takmarkað notkun skipulegs markaðar á miðlægum mótadilum, færsluvísunarstöðvum og uppgjörskerfum í öðru aðildarríki ef sýnt er fram á að það sé nauðsynlegt til að viðhalda skipulegri starfsemi markaðstorgsins að teknu tilliti til skilyrða um uppgjörskerfi skv. 2. mgr. 65. gr.

4. ÞÁTTUR

Hámörk á stöður með hrávöruafleiður, áhættustýring og skýrslugjöf.

97. gr.

Ákvörðun um háværk.

Fjármálaeftirlitið skal ákvarða meginleg háværk á hreinar stöður sem aðila, einum og sér eða sem hluta af samstæðu, er heimilt á hverjum tíma að halda í hverri og einni hrávöruafleiðu sem tekin hefur verið til viðskipta á viðskiptavettvangi, þ.m.t. í OTC-samningum sem hafa sömu efnahagslegu áhrif. Hámarkinu er annars vegar ætlað að koma í veg fyrir markaðsmisnotkun og hins vegar að styðja við eðlilega verðmyndun og uppgjörsskilyrði, þ.m.t. með því að koma í veg fyrir stöður sem valdið geta markaðsröskun, og tryggja samleitni á milli verðs afleiðna í afhendingarmánuði þeirra og stundarverðs undirliggjandi hrávöru, án þess að hafa áhrif á verðmyndun á markaði fyrir hina undirliggjandi hrávöru.

Háværk á stöður skulu ekki eiga við um afleiðusamninga ófjárhagslegra aðila að því gefnu að hægt sé að sýna hlutlægt fram á að þeir dragi úr áhættu sem tengist starfsemi þeirra beint.

Fjármálaeftirlitið skal endurskoða háværk á stöður þegar veruleg breyting verður á afhendingarbæru magni eða á opnum stöðum eða einhver önnur veruleg breyting á markaðinum á sér stað.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA um fyrirhuguð háværk á stöður. Komist ESMA að því í álitinu að hámarkið ætti að vera annað skal Fjármálaeftirlitið annað hvort breyta hámarkinu í samræmi við álitinu eða rökstyðja þá ákvörðun sína að fylgja ekki álitinu. Fjármálaeftirlitið skal, þegar það setur hámark á stöður í andstöðu við álit ESMA, birta á vef sínum tilkynningu þar sem ákvörðunin er rökstudd.

Háværk á stöður skulu vera gagnsæ og án mismununar. Tilgreina skal hvernig háværk eiga við um aðila að teknu tilliti til eðlis og samsetningar markaðsaðila og í hvaða tilgangi viðskiptin eru gerð.

Seðlabanki Íslands setur reglur um hvernig reikna skuli háværk á stöður.

98. gr.

Háværk þegar viðskipti með hrávöruafleiðu fara fram í fleiri en einu ríki.

Ef hrávöruafleiða er í viðskiptum á viðskiptavettvangi og þau fara fram í verulegu magni á viðskiptavettvöngum í fleiri en einu aðildarríki, en stærstur hluti viðskiptanna fer fram á viðskiptavettvangi hér á landi, skal Fjármálaeftirlitið ákvarða hámark á stöður skv. 94. mgr. Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við viðkomandi lögbær yfirvöld um ákvörðun hámarksins og breytingar á því.

Ef hrávöruafleiða er í viðskiptum á viðskiptavettvangi og þau fara fram í verulegu magni á viðskiptavettvöngum í fleiri en einu aðildarríki, en stærstur hluti viðskiptanna fer fram á viðskiptavettvangi í öðru aðildarríki, skal Fjármálaeftirlitið framfylgja því hámarki á stöður sem lögbært yfirvald í því ríki ákvarðar. Fjármálaeftirlitið skal, telji það að hámarkið samræmist ekki skilyrðum 1. mgr. 97. gr., senda Eftirlitsstofnun EFTA skriflega tilkynningu þar sem sú afstaða er rökstudd.

Um úrlausn ágreinings skv. 1. og 2. mgr. á milli Fjármálaeftirlitsins og annarra lögbærra yfirvalda innan EES fer skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Þegar viðskipti fara fram með sömu hrávöruafleiðuna bæði á viðskiptavettvangi hér á landi og í öðru aðildarríki skal Fjármálaeftirlitið, svo að mögulegt sé að hafa eftirlit með og framfylgja hámarksástandum, koma á samningi um samstarf og upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld:

1. viðskiptavettvanga þar sem viðskipti fara fram með hrávöruafleiðuna, og
2. fjárfesta sem hafa stöður í þeim.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur framkvæmd greinarinnar.

99. gr.

Áhættustýring vegna hámarka á stöðum.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðili markaðar sem starfrækir viðskiptavettvang þar sem hrávöruafleiður eru í viðskiptum skulu koma á áhættustýringu vegna hámarka á stöðum skv. 94. gr. sem gerir þeim að lágmarki kleift að:

1. hafa eftirlit með opnum stöðum aðila,
2. fá aðgang að upplýsingum, þ.m.t. öllum viðeigandi skjölum, frá aðilum um stærð og markmið stöðu eða áhættu sem tekin er, upplýsingum um raunverulega eigendur eða undirliggjandi eigendur, hvers konar samstarf og allar tengdar eignir eða skuldir á undirliggjandi markaði,
3. krefjast þess að aðili loki eða minnki stöðu, tímabundið eða varanlega eftir eðli máls, og gera einhliða viðeigandi ráðstafanir til að tryggja lokun eða minnkun stöðu ef aðili fer ekki að þeirri kröfu, og
4. krefjast þess, eftir því sem við á, að aðili skapi seljanleika tímabundið á markaði með því að eiga viðskipti á umsömdu verði og magni í þeim sérstaka tilgangi að draga úr áhrifum stórra eða ráðandi staða.

Áhættustýring skal vera gagnsæ og án mismununar. Tilgreina skal hvernig hún á við um aðila að teknu tilliti til eðlis og samsetningar markaðsaðila og í hvaða tilgangi viðskiptin eru gerð.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja viðskiptavettvang skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um það hvernig eftirliti skv. 1. mgr. er háttað. Fjármálaeftirlitið skal senda ESMA upplýsingarnar ásamt upplýsingum um hámarksástandum sem það hefur ákvarðað.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um framkvæmd greinarinnar.

100. gr.

Frekari hámarksástand á stöðum í undantekningartilvikum.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt í undantekningartilvikum að ákvarða frekari hámarksástand á stöðum í hrávöruafleiðum en skv. 97. gr. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal rökstudd hlutlægt og þannig að gætt sé meðalhófs að teknu tilliti til seljanleika á markaði og skipulegrar starfsemi hans. Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum nákvæmar upplýsingar um ákvarðanir um frekari hámarksástand. Slíkar ákvarðanir skulu ekki gilda lengur en í sex mánuði frá birtingardegi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að framlengja gildistíma ákvörðunar um allt að sex mánuði í senn ef forsendur fyrir henni eiga ennþá við. Að öðrum kosti fellur hún sjálfkrafa úr gildi að sex mánuðum liðnum.

Fjármálaeftirlitið skal senda ESMA rökstuðing fyrir ákvörðun sinni. Komist ESMA að því í álitinu að hámarksástand sé óþarft eða ætti að vera annað skal Fjármálaeftirlitið annað hvort hlíta niðurstöðu hennar eða rökstyðja afstöðu sína að gera það ekki. Fjármálaeftirlitið skal,

þegar það ákvarðar hámark á stöður í andstöðu við álit ESMA, birta á vef sínum tilkynningu þar sem ákvörðunin er rökstudd.

101. gr.

Stöðutilkynningar eftir flokkum stöðueigenda.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja viðskiptavettvang þar sem fram fara viðskipti með hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður með losunarheimildir skulu:

1. birta opinberlega í hverri viku skýrslu með samanlögðum stöðum eftir flokkum aðila, í hrávöruafleiðum, losunarheimildum og afleiðum með losunarheimildir sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi þeirra, þar sem fram kemur fjöldi gnótt- og skortstaða, breytingar á þeim frá síðustu skýrslu, hundradshluti af heildarfjölda opinna staða í hverjum flokki og fjöldi aðila sem eiga stöðu í hverjum flokki, sbr. 4. mgr.,
2. senda skýrsluna til Fjármálaeftirlitsins og ESMA, og
3. láta Fjármálaeftirlitinu í té, a.m.k. daglega, nákvæma sundurliðun á stöðum allra aðila, þ.m.t. aðila og þátttakenda og viðskiptavina þeirra á viðskiptavettvanginum.

1. og 2. tölul. 1. mgr. á eingöngu við þegar bæði fjöldi aðila og opnar stöður þeirra ná lágmarksviðmiðum skv. 83. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Í skýrslu skv. 1. tölul. 1. mgr. og sundurliðun skv. 3. tölul. sömu málsgreinar skal gera greinarmun á annars vegar stöðum sem hægt er að sýna hlutlægt fram á að dragi úr áhættu sem tengist beint atvinnustarfsemi og hins vegar öðrum stöðum.

Aðilar og þátttakendur á skipulegum mörkuðum og markaðstorgum, og viðskiptavinir skipulegs markaðstorgs skulu a.m.k. daglega veita verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir viðkomandi viðskiptavettvang greinargóða lýsingu á eigin stöðum samkvæmt samningum sem viðskipti eru með á þeim viðskiptavettvangi, stöðum viðskiptavina sinna og viðskiptavina þeirra þar til komið er að endanlegum viðskiptavini.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja viðskiptavettvang skulu flokka aðila sem eiga stöður í hrávöruafleiðum eða losunarheimildum eða afleiðum með losunarheimildir með hliðsjón af meginstarfsemi þeirra, og starfsleyfi, ef við á, sem:

1. verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun,
2. verðbréfasjóð, fjárfestingarsjóð eða fagfjárfestastjóð samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestastjóði,
3. fjármálastofnun, þ.m.t. váttryggingafélög og endurtryggingafélög,
4. rekstraraðila samkvæmt lögum um loftlagsmál, þegar um ræðir losunarheimildir eða afleiður þeirra, eða
5. aðra atvinnustarfsemi.

Um stöðutilkynningar eftir flokkum stöðueigenda er nánar fjallað í 83. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um framkvæmd greinarinnar.

102. gr.

Stöðutilkynningar vegna viðskipta utan viðskiptavettvangs.

Verðbréfafyrirtæki sem eiga viðskipti utan viðskiptavettvangs með hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður með losunarheimildir skulu a.m.k. daglega láta eftirfarandi lögberum yfirlögum í té nákvæma sundurliðun á stöðum sem þau taka í framangreindum fjár-

málagerningum sem hafa verið teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi og fjárhagslega samþærilegum OTC-samningum, stöðum viðskiptavina og viðskiptavina þeirra þar til komið er að endanlegum viðskiptavini:

1. lögbæru yfirvaldi viðskiptavettvangsins þar sem þeir hafa verið teknar til viðskipta, eða
2. lögbæru yfirvaldi þess viðskiptavettvangs þar sem stærstur hluti viðskipta fer fram, í þeim tilvikum þegar viðskipti með þá fara fram í verulegu magni á viðskiptavettvöngum í fleiri en einu ríki.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um stöðutilkynningar vegna viðskipta utan viðskiptavettvangs.

5. ÞÁTTUR Gagnaskýrsluþjónusta.

103. gr.

Starfsleyfiskröfur.

Veiting gagnaskýrsluþjónustu er starfsleyfisskyld.

Aðila er heimilt að veita eina eða fleiri tegundir gagnaskýrsluþjónustu í atvinnuskyni þegar hann hefur fengið til þess starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu.

Verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilum markaða sem starfrækja viðskiptavettvang er heimilt að starfrækja gagnaskýrsluþjónustu hafi Fjármálaeftirlitið sannreynt að aðilar uppfylli skilyrði þessa þáttar og skal þá tilgreina heimild til að veita eina eða fleiri tegundir gagnaskýrsluþjónustu í starfsleyfi þeirra.

Fjármálaeftirlitið skal halda uppfærða skrá um veitendur gagnaskýrsluþjónustu sem skal vera aðgengileg almenningi. Skráin skal innihalda upplýsingar um þjónustuna sem veitendur gagnaskýrsluþjónustu hafa starfsleyfi til að veita. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA um sérhverja breytingu á skránni.

Hafi Fjármálaeftirlitið afturkallað starfsleyfi af ástæðum sem tilgreindar eru í 106. gr. skal afturköllunin birt í skránni næstu fimm árin.

Fjármálaeftirlitið skal sannreyna reglulega hvort veitendur gagnaskýrsluþjónustu uppfylli ákvæði þessa þáttar, þ.m.t. skilyrði fyrir upphaflegri starfsleyfisveitingu.

104. gr.

Gildissvið starfsleyfis.

Í starfsleyfi veitanda gagnaskýrsluþjónustu skal tilgreind sú þjónusta sem hann hefur heimild til að veita. Veitandi gagnaskýrsluþjónustu, sem hyggst auka við starfsemi sína með því að bjóða upp á gagnaskýrsluþjónustu sem fellur ekki undir starfsleyfi hans, ber að sækja um aukið starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins.

Veitanda gagnaskýrsluþjónustu sem fengið hefur starfsleyfi hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis, að Færeyjum og Sviss undanskildum, er heimilt að veita þá gagnaskýrsluþjónustu hér á landi sem starfsleyfið tekur til.

105. gr.

Málsmeðferð vegna umsóknar um starfsleyfi.

Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfi fyrir veitingu gagnaskýrsluþjónustu þegar umsækjandi hefur uppfyllt skilyrði laga þessara.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Í henni skulu koma fram allar nauðsynlegar upplýsingar til að gera Fjármálaeftirlitinu kleift að fullvissa sig um að veitandi gagnaskýrsluþjónustu uppfylli skyldur þessa þáttar, þ.m.t. um starfsáætlun þar sem fram kemur meðal annars hvers konar starfsemi og stjórnskipulag er fyrirhugað.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna umsækjanda skriflega um ákvörðun sína vegna umsóknar um starfsleyfi svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að fullnægjandi umsókn barst.

Seðlabanki Íslands setur reglur um form umsóknar um starfsleyfi sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu og upplýsingar sem fram skulu koma í henni.

106. gr.

Afturköllun starfsleyfis.

Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi veitanda gagnaskýrsluþjónustu í heild eða að hluta:

1. Óski fyrirtækið sjálf eftir því.
2. Hafi fyrirtækið fengið starfsleyfið á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
3. Nýti fyrirtækið ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt eða hætti að veita gagnaskýrsluþjónustu í meira en sex mánuði samfellt.
4. Uppfylli fyrirtækið ekki lengur skilyrði sem lágu til grundvallar veitingu starfsleyfis.
5. Brjóti fyrirtækið að öðru leyti gróflega eða ítrekað gegn lögum þessum eða reglugerðum skv. 3. gr., reglum eða reglugerðum sem settar eru með stöð í lögnum.

107. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri veitanda gagnaskýrsluþjónustu.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri veitanda gagnaskýrsluþjónustu skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir, lögráða, hafa gott orðspor og búa yfir nægilegri þekkingu, færni og reynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri veitanda gagnaskýrsluþjónustu mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota. Þeir mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um gjaldeyrismál, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi.

Samsetning stjórnar veitanda gagnaskýrsluþjónustu skal vera með þeim að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem viðkomandi veitandi gagnaskýrsluþjónustu stundar.

Stjórnarmaður skal starfa af heiðarleika, heilindum og fagmennsku og vera nægilega sjálfstæður í hugsun til að geta skilvirkt metið, gagnrýnt og haft eftirlit með ákvarðanatöku framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda sem heyra undir framkvæmdastjóra.

Þegar rekstraraðili markaðar sækir um starfsleyfi sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu og stjórnarmaður er þegar í stjórn skipulegs verðbréfamarkaðar þá skal hann teljast fullnægja kröfum 2. mgr.

Stjórn veitanda gagnaskýrsluþjónustu skal skilgreina og hafa eftirlit með innleiðingu á stjórnarháttum sem tryggja skilvirka og varfærna stjórn fyrirtækisins, þ.m.t. aðskilnað starfa,

og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra á hátt sem styður við heilleika markaðarins og hagsmuni viðskiptavina.

Fjármálaeftirlitinu ber að synja um veitingu starfsleyfis ef ekki er sýnt að stjórn eða framkvæmdastjóri veitanda gagnaskýrsluþjónustu hafi nægilega gott orðspor eða ef þeir kunni að ógna traustri og varfærinni stjórnun þess og því að nægileg hliðsjón sé höfð af heilleika markaðarins og hagsmunum viðskiptavina.

Veitandi gagnaskýrsluþjónustu skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra. Tilkynningunni skulu fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinar þessarar sé fullnægt.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þar á meðal um hvað felist í fullnægjandi þekkingu og reynslu, góðu orðspori og fjárhagslegu sjálfstæði, og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

108. gr.

Skipulagskröfur til viðurkenndrar birtingarþjónustu.

Viðurkennd birtingarþjónusta skal hafa viðeigandi stefnu og fyrirkomulag til að gera upplýsingar skv. 20. og 21. gr. MiFIR opinberar eins nálægt rauntíma og tæknilega mögulegt er og á eðlilegum viðskiptakjörom. Upplýsingar skulu vera aðgengilegar án endurgjalds 15 mínútum eftir að viðurkennd birtingarþjónusta birtir þær. Viðurkennd birtingarþjónusta skal á skilvirkan og samræmdan hátt miðla upplýsingum þannig að það tryggi skjótan aðgang að þeim án mismununar og á sniði sem greiðir fyrir samþættingu þessara gagna og svipaðra gagna af öðrum uppruna.

Upplýsingar sem viðurkennd birtingarþjónusta birtir opinberlega skv. 1. mgr. skulu a.m.k. tilgreina:

1. auðkenni fjármálagernings,
2. umsamið verð í viðskiptum,
3. magn viðskipta,
4. tímasetningu viðskipta,
5. tímasetningu tilkynningar um viðskipti,
6. verðviðmið viðskipta,
7. kóða viðskiptavettvangs þar sem viðskipti fóru fram, kóðann „SI“ ef viðskipti fóru fram gegnum innmiðlara eða, í öðrum tilvikum, kóðann „OTC“, og
8. tilgreiningu á því að viðskipti hafi verið háð sérstökum skilyrðum, ef við á.

Viðurkennd birtingarþjónusta skal hafa fyrirkomulag sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra á milli birtingarþjónustunnar og viðskiptavina hennar. Viðurkennd birtingarþjónusta, sem einnig er rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki, skal fara með allar upplýsingar án mismununar og hafa skilvirkt fyrirkomulag til að aðskilja mismunandi viðskiptastarfsemi sína.

Viðurkennd birtingarþjónusta skal hafa öryggisferla til að tryggja öryggi og áreiðanleika aðferða við miðlun upplýsinga, draga úr hættu á spillingu gagna og aðgangi óviðkomandi aðila og koma í veg fyrir að upplýsingum sé lekið áður en þær eru birtar. Viðurkennd birtingarþjónusta skal hafa yfir að ráða nægum aðföngum og varakerfi, til að koma í veg fyrir að ekki verði truflun á þjónustu.

Viðurkennd birtingarþjónusta skal hafa yfir að ráða kerfum sem geta á skilvirkan hátt greint hvort viðskiptaskýrslur séu fullnægjandi, hvort upplýsingar vanti eða hvort til staðar séu augljósar villur. Þá skal hún geta farið fram á að rangar skýrslur séu lagfærðar og endursendar.

Nánari er fjallað um skipulagskröfur til viðurkenndrar birtingarþjónustu í 84.–89. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, þ.m.t. um skylduna til að gera upplýsingar aðgengilegar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um framkvæmd greinarinnar, þ.m.t. um form og efni tilkynninga og skipulagskröfur.

109. gr.

Skipulagskröfur til þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar.

Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal hafa viðeigandi stefnu og fyrirkomulag til að safna saman upplýsingum sem birta skal skv. 6. gr. og 20. gr. MiFIR, samþætta þær í órofinn rafrænan gagnastraum og birta eins nálægt rauntíma og mögulegt er á eðlilegum viðskiptakjörum.

Í upplýsingum skal a.m.k. tilgreina:

1. auðkenni fjármálagernings,
2. umsamið verð í viðskiptum,
3. umfang viðskipta,
4. hvenær viðskipti fóru fram,
5. hvenær tilkynnt var um viðskipti,
6. verðviðmið viðskipta,
7. kóða viðskiptavettvangs þar sem viðskipti fóru fram eða kóðann „SI“ ef viðskipti fóru fram gegnum innmiðlara, eða í öðrum tilvikum kóðann „OTC“,
8. ef við á, hvort tölvualgrím verðbréfafyrirtækis tók fjárfestingarákvörðun og framkvæmdi viðskipti,
9. ef við á, tilgreiningu á því að viðskipti hafi verið háð sérstökum skilyrðum, og
10. ef við á, hvaða undanþága skv. a- eða b-lið 1. mgr. 4. gr. MiFIR var nýtt.

Upplýsingar skulu vera aðgengilegar án endurgjalds 15 mínútum eftir að þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar birtir þær. Hún skal á skilvirkan og samræmdan hátt miðla upplýsingum og tryggja skjótan aðgang að þeim án mismununar á aðgengilegu sniði sem nýtist markaðsaðilum.

Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal hafa viðeigandi stefnu og fyrirkomulag til að safna saman upplýsingum sem birta skal skv. 10. og 21. gr. MiFIR, samþætta þær í órofinn rafrænan gagnastraum og birta eins nálægt rauntíma og mögulegt er á eðlilegum viðskiptakjörum.

Í upplýsingum skal a.m.k. tilgreina:

1. auðkenni eða auðkennandi eiginleika fjármálagernings,
2. umsamið verð í viðskiptum,
3. umfang viðskipta,
4. hvenær viðskipti fóru fram,
5. hvenær tilkynnt var um viðskipti,
6. verðviðmið viðskipta,
7. kóða viðskiptavettvangs þar sem viðskipti fóru fram eða kóðann „SI“ ef viðskipti fóru fram gegnum innmiðlara, eða í öðrum tilvikum kóðann „OTC“, og
8. tilgreiningu um að viðskiptin hafi verið háð sérstökum skilyrðum, ef við á.

Gera skal upplýsingar aðgengilegar án endurgjalds 15 mínútum eftir að þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar birtir þær. Hún skal á skilvirkan og samræmdan hátt miðla upplýsingum og tryggja skjótan aðgang að þeim án mismununar, á almennt samþykktum sniðum sem eru rekstrarsamhæf, aðgengileg og nýttast markaðsaðilum.

Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal tryggja að gögnum hafi verið safnað saman frá öllum viðskiptavettvöngum og veitendum viðurkenndrar birtingarþjónustu og um fjármálagerninga sem tilgreindir eru í reglum sem Seðlabanki Íslands setur skv. 11. mgr.

Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal hafa fyrirkomulag sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Rekstraraðili markaða og viðurkennd birtingarþjónusta, sem einnig rekur kerfi fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar, skal fara með allar upplýsingar án mismununar og hafa til staðar skilvirkt fyrirkomulag til að skilja að mismunandi viðskiptastarfsemi.

Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal hafa öryggisferla til að tryggja öryggi og áreiðanleika aðferða við miðlun upplýsinga, draga úr hættu á aðgangi óviðkomandi aðila og spillingu gagna. Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar skal hafa yfir að ráða nægum aðföngum og varakerfi til að koma í veg fyrir að ekki verði truflun á þjónustu.

Um skyldu þjónustu um sameinaðar viðskiptaupplýsingar til að gera upplýsingar aðgengilegar er nánar fjallað í 84.–89. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um framkvæmd ákvæðisins, þ.m.t. um skipulagskröfur, hvaða fjármálagerninga þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar ber að safna gögnum um og form og efni upplýsinga.

110. gr.

Skipulagskröfur til viðurkennds skýrslugjafarkerfis.

Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal hafa viðeigandi stefnu og fyrirkomulag til að senda upplýsingar skv. 26. gr. MiFIR eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok næsta virka dags eftir að viðskipti fóru fram.

Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal hafa stjórnskipulag sem ætlað er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra við viðskiptavini þess. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi, sem einnig er rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki, skal fara með allar upplýsingar án mismununar og hafa til staðar skilvirkt fyrirkomulag til að aðskilja mismunandi viðskiptastarfsemi.

Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal hafa öryggisferla til að tryggja öryggi og áreiðanleika aðferða við miðlun upplýsinga, draga úr hættu á spillingu gagna og aðgangi óviðkomandi aðila og koma í veg fyrir að upplýsingum sé lekið áður en þær eru birtar, auk þess að tryggja öryggi gagna. Það skal hafa yfir að ráða nægum aðföngum og varakerfi til að koma í veg fyrir að ekki verði truflun á þjónustu.

Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal hafa yfir að ráða kerfum sem geta á skilvirkan hátt greint hvort viðskiptaskýrslur séu fullnægjandi, hvort upplýsingar vanti og augljósar villur sem rekja má til verðbréfafyrirtækis. Þá getur viðurkennt skýrslugjafarkerfi látið verðbréfafyrirtæki í té upplýsingar um villur eða upplýsingar sem vantar og farið fram á að skýrslur séu leiðréttar og endursendar.

Viðurkennt skýrslugjafarkerfi skal hafa yfir að ráða kerfum sem gera því kleift að greina villur eða upplýsingar sem vantar sem rekja má til viðurkennda skýrslugjafarkerfisins sjálfs og gera því kleift að leiðrétta og endursenda Fjármálaeftirlitinu, eftir því sem við á, leiðréttar og fullgerðar viðskiptaskýrslur.

Seðlabanki Íslands setur reglur um skipulagskröfur til viðurkenndra skýrslugjafarkerfa.

6. ÞÁTTUR
Samningsbundið uppgjör afleiðna.

111. gr.

Skuldajöfnuður.

Skriflegur samningur, einn eða fleiri, milli tveggja aðila um að skyldur þeirra samkvæmt afleiðu skuli jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnuði, við endurnýjun eða við vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti, skal halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir ákvæði 91. og 100. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

112. gr.

Tryggingarréttindi.

Tryggingarréttindum sem sett eru til tryggingar viðskiptum með afleiður verður ekki rift þrátt fyrir ákvæði 137. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.

7. ÞÁTTUR
Endurskoðun.

113. gr.

Endurskoðun

Ársreikningur rekstraraðila markaðar og veitanda gagnaskýrsluþjónustu skal endurskoðaður af endurskoðanda, eða endurskoðunarfélagi, sem kosinn skal á aðalfundi fyrirtækisins. Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal ekki gegna öðrum störfum fyrir fyrirtækið sem það endurskoðar. Reikningsárið skal vera almanaksárið.

Um endurskoðun verðbréfafyrirtækja fer samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um ársreikninga rekstraraðila markaðar og veitanda gagnaskýrsluþjónustu.

114. gr.

Upplýsinga- og tilkynningarskylda endurskoðanda.

Endurskoðanda er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður endurskoðunar skv. 113. gr. sé þess óskað.

Endurskoðanda er skylt að gera Fjármálaeftirlitinu tafarlaust viðvart fá hann vitneskju, í starfi sínu fyrir rekstraraðila skipulegs markaðar eða veitanda gagnaskýrsluþjónustu eða aðila sem er í nánnum tengslum við einhvern fyrrgreindra aðila, um atriði eða ákvarðanir sem:

1. fela í sér veruleg brot á löggjöf sem gildir um fyrirtækið og starfsemi þess,
2. kunna að hafa áhrif á áframhaldandi starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. atriði sem hafa verulega þýðingu fyrir fjárhagsstöðu hlutadeigandi fyrirtækis, eða
3. leitt geta til þess að endurskoðandi mundi synja um áritun eða gera fyrirvara við ársreikning fyrirtækisins.

Endurskoðandi skal gera stjórn fyrirtækis viðvart um tilkynningu skv. 2. mgr. nema rík ástæða sé til þess að gera það ekki.

Upplýsingar sem endurskoðandi veitir Fjármálaeftirlitinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar teljast ekki brot á lögbundinni eða samningsbundinni þagnarskyldu endurskoðanda.

115. gr.

Hæfi endurskoðanda.

Endurskoðandi skv. 113. gr. má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður viðkomandi fyrirtækis eða starfa í þágu þess að öðru en endurskoðun.

Endurskoðandi má ekki vera skuldugur því fyrirtæki sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

116. gr.

Sérstök endurskoðun.

Fjármálaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá fyrirtæki skv. 113. gr. telji eftirlitið ástæðu til að ætla að endurskoðað reikningsuppgjör gefi ekki glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu þess. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi fyrirtæki bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við um dótturfélög fyrirtækis.

117. gr.

Skil og birting ársreiknings.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur fyrirtækis skv. 113. gr. ásamt skýrslu stjórnar skal sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur Fjármálaeftirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Ársreikningur fyrirtækis ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi fyrirtækis og afhentur hverjum þeim viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá samþykkt aðalfundar.

8. ÞÁTTUR

Eftirlit.

118. gr.

Almennt eftirlit og eftirlitsheimildir.

Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit samkvæmt lögum þessum í samræmi við EES-samninginn, sbr. lög nr. 2/1993, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara, laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi sem fellur undir gildissvið laga þessara, þ.m.t. starfsemi innlendra aðila erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt fer Fjármálaeftirlitið með eftirlit með dótturfélögum, hlutdeildar-fyrirtækjum og sjóðum sem stunda slíka starfsemi að því marki sem nauðsynlegt er vegna eftirlits.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa til eftirfarandi ráðstafana til þess að tryggja að farið sé að lögum þessum:

1. Krefjast aðgangs að, afhendingar á eða afrits af hvers konar upplýsingum og gögnum á því formi sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.
2. Krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar og gögn og, ef þörf krefur, kalla einstaklinga til skýrslugjafar í því skyni.
3. Framkvæma vettvangsathuganir og -rannsóknir.

4. Fá aðgang að eða afrit af fyrirbyggjandi upptökum af símtölum, rafrænum samskiptum og öðrum upplýsingum um gagnaumferð í vörslu verðbréfafyrirtækis, lánastofnunar eða annars aðila sem lög þessi taka til.
5. Krefjast þess að starfsemi eða háttsemi verði tímabundið eða varanlega hætt.
6. Krefjast upplýsinga frá endurskoðendum verðbréfafyrirtækja, skipulegra markaða og veitenda gagnaskýrsluþjónustu.
7. Láta endurskoðanda eða viðeigandi sérfræðing framkvæma sannprófun eða rannsókn á tilteknum þáttum í starfsemi eða rekstri eftirlitsskylds aðila eða hafa að öðru leyti sértækt eftirlit með honum. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta eftirlitsskyldan aðila bera kostnað af því í samræmi við ákvæði laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Um þagnarskyldu endurskoðanda eða viðeigandi sérfræðings við framangreind störf fer samkvæmt ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
8. Krefjast upplýsinga og gagna frá einstaklingum og lögaðilum um stærð og tilgang stöðu eða áhættuskuldbindingar sem leiðir af hrávörufleiðu, auk upplýsinga um undirliggjandi eignir og skuldir.
9. Gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að verðbréfafyrirtæki, skipulegur markaður og aðrir aðilar sem lög þessi gilda um fari að lögum.
10. Krefjast stöðvunar viðskipta með fjármálagerning.
11. Krefjast þess að fjármálagerningur verði tekinn úr viðskiptum.
12. Krefjast þess að einstaklingar eða lögaðilar geri ráðstafanir til að minnka stöðu eða áhættu.
13. Takmarka möguleika einstaklinga og lögaðila á að gera hrávörufleiðusamning, þar á meðal með því að setja takmörk á stærð stöðu sem einstakur aðili getur átt á hverjum tíma, sbr. 97. gr.
14. Banna eða takmarka ákveðna tegund af fjármálastarfsemi eða framkvæmd, markaðssetningu, dreifingu eða sölu fjármálagerninga eða samsettra innstæðna að uppfylltum skilyrðum 42. gr. MiFIR.
15. Banna markaðssetningu eða sölu fjármálagerninga eða samsettra innstæðna þegar verðbréfafyrirtæki hefur ekki sett upp eða notað skilvirkt vörusamþykktarferli eða að öðru leyti ekki uppfyllt kröfur skv. 22. gr.
16. Krefjast þess að framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar verði vikið úr starfi og/eða einstaklingi verði vikið úr stjórn verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaðar.

Liggi fyrir rökstuddur grunur um að brotið hafi verið gegn lögum þessum, reglugerðum eða reglum sem settar eru samkvæmt þeim er Fjármálaeftirlitinu heimilt, að uppfylltum ákvæðum laga um meðferð sakamála, eftir því sem við getur átt, að:

1. Krefjast kyrrsetningar eigna og haldlagningar muna.
2. Krefjast þess fyrir dómi að fá aðgang að fyrirbyggjandi gögnum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki í vörslu fjarskiptafyrirtækja þegar slíkar upplýsingar geta haft þýðingu við rannsókn á brotum á lögum þessum. Fjarskiptafyrirtæki er skylt að afhenda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar skv. 1. másl. án úrskurðar dómara ef samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda liggur fyrir.

Um lok kyrrsetningar fer almennt skv. 3. mgr. 88. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008. Kyrrsetning fellur einnig niður ef athugun Fjármálaeftirlitsins lýkur án þess að stjórnýsluviðurlögum sé beitt eða mál kært til lögreglu. Sakborningur á þá heimtingu á að felldar verði úr gildi þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið til tryggingar kyrrsetningunni.

Kyrrsetning fellur á sama hátt niður ef sakborningur innir af hendi þær greiðslur sem kyrrsetning á að tryggja.

Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar og aðgang að gögnum samkvæmt þessari grein. Þetta gildir þó ekki um upplýsingar sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstaðings í tengslum við dómsmál, þ.m.t. þegar hann veitir ráðgjöf um hvort höfða eigi mál eða hvernig komast megi hjá málshöfðun, eða upplýsingar sem hann öðlast fyrir, á meðan eða eftir lok dómsmáls, ef upplýsingarnar hafa bein tengsl við málið.

119. gr.

Tilkynningar starfsmanna um brot í starfsemi.

Verðbréfafyrirtæki, rekstraraðilar markaða, gagnaskýrsluþjónustuveitendur, lánastofnanir í tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi og útibú fyrirtækja frá þriðju löndum skulu hafa ferla til að taka við og fylgja eftir tilkynningum starfsmanna þess um brot, möguleg brot og tilraunir til brota á lögum þessum. Ferlarnir skulu vera aðskildir frá öðrum ferlum innan fyrirtækisins.

Einstaklingur sem tekur við tilkynningum skv. 1. mgr. og sér um vinnslu þeirra skal búa við sjálfstæði í störfum sínum. Tryggt skal að hann hafi nægilegt vald, fjárveitingar og heimildir til að afla gagna og upplýsinga sem honum eru nauðsynlegar til að hann geti sinnt skyldum sínum.

Vinnsla og meðferð persónuupplýsinga skal vera í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd 1. og 2. mgr., þ.m.t. um viðtöku og vinnslu tilkynninga.

120. gr.

Vernd starfsmanns vegna tilkynningar um brot í starfsemi.

Þeir sem falið hefur verið að taka við tilkynningum skv. 119. gr. og sjá um vinnslu þeirra eru bundnir þagnarskyldu um persónugreinanlegar upplýsingar sem koma fram í tilkynningunum. Þagnarskyldan gildir bæði gagnvart öðrum starfsmönnum fyrirtækisins og utanaðkomandi aðilum. Þó er heimilt að miðla upplýsingum sem lúta þagnarskyldu til Fjármálaeftirlitsins og til lögreglu.

Fyrirtækið skal vernda starfsmann sem í góðri trú hefur lagt inn tilkynningu skv. 119. gr. gegn því að hann sæti misrétti sem rekja megi til tilkynningar hans. Sama gildir um tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins skv. 13. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Ef fyrirtæki brýtur gegn skyldu sinni skv. 2. mgr. skal það greiða starfsmanni skaðabætur samkvæmt almennum reglum, sem taka bæði til beins fjártjóns og miska.

Skyldur og réttindi samkvæmt þessari grein eru ófrávíkjanleg og óheimilt er að takmarka þau í ráðningarsamningi á milli starfsmanns og fyrirtækis.

9. ÞÁTTUR

Úrbætur, viðurlög og opinber birting niðurstaðna.

121. gr.

Úrbótakrafa vegna brots.

Komi í ljós að ákvæðum laga þessara sé ekki fylgt skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

122. gr.

Bann við setu í stjórn.

Brjótí einstaklingur gegn ákvæðum laganna getur Fjármálaeftirlitið bannað honum, tímabundið eða varanlega séu brot hans gróf og ítrekuð, að sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum innan verðbréfafyrirtækis.

123. gr.

Tímabundið bann við þátttöku á viðskiptavettvangi.

Brjótí verðbréfafyrirtæki gegn ákvæðum laganna getur Fjármálaeftirlitið lagt tímabundið bann við að fyrirtækið sé aðili eða þátttakandi á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða viðskiptavinur skipulegs markaðstorgs.

124. gr.

Stjórnvaldssektir.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirfarandi ákvæðum laganna og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra:

1. 5. gr. um starfsleyfi verðbréfafyrirtækis.
2. 2. mgr. 6. gr. um umsókn um aukið starfsleyfi verðbréfafyrirtækis.
3. 2. tölul. 1. mgr. 8. gr. um það ef fyrirtæki hefur fengið starfsleyfi á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
4. 10. gr. um stjórn verðbréfafyrirtækis, sbr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
5. 12. gr. um tilkynningar vegna virks eignarhlutar í verðbréfafyrirtæki.
6. 21. gr. um skipulagskröfur til verðbréfafyrirtækis, sbr. 21.–27., 29.–34. og 38.–43. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
7. 22. gr. um vörubrúun og dreifingu fjármálagerninga og samsettra innstæðna.
8. 23. gr. um skráningu og varðveislu gagna, sbr. 35., 72. og 74.–76. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
9. 24. gr. um vernd eigna viðskiptavina.
10. 25. gr. um almennar kröfur vegna algrímsviðskipta.
11. 26. gr. um viðskiptavakt með notkun algríms.
12. 27. gr. um beinan rafrænan aðgang.
13. 28. gr. um framkvæmd viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga og skipulegu markaðstorgi.
14. 29. gr. um sérkröfur varðandi markaðstorg fjármálagerninga.
15. 30. gr. um sérkröfur varðandi skipuleg markaðstorg.
16. 31. gr. um reglulegt eftirlit með starfsleyfisskilyrðum.
17. 32. gr. um hagsmunaárekstra, sbr. 27., 33., 34. og 38.–43. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
18. 33. gr. um meginreglur um viðskiptahætti, sbr. 38.–43., 58., 64., 65. og 67.–69. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
19. 34. gr. um upplýsingar til viðskiptavina, sbr. 36.–53., 58., 61. og 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
20. 35. gr. um óháða fjárfestingarráðgjöf, sbr. 38.–43., 52. og 53. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
21. 36. gr. um þóknanir, umboðslaun og annan ávinning.
22. 37. gr. um kaupaukakerfi og starfslokasamninga verðbréfafyrirtækja, sbr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. tölul. 3. gr.

23. 38. gr. um pakka.
24. 39. gr. um þekkingu og hæfni einstaklinga sem veita upplýsingar um fjármálagerninga og þjónustu.
25. 40. gr. um verðbréfaréttindi.
26. 42. gr. um safnskráningu.
27. 43. gr. um framsalsáritun.
28. 44. gr. um mat á hæfi, sbr. 54. og 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
29. 45. gr. um mat á tilhlýðileika og veitingu fjárfestingaþjónustu án þess að afla upplýsinga eða framkvæma mat á tilhlýðileika, sbr. 55.–57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
30. 46. gr. um samninga og upplýsingagjöf til viðskiptavina, sbr. 56., 59.–63. og 73. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
31. 47. gr. um veitingu þjónustu fyrir milligöngu þriðja aðila.
32. 48. gr. um bestu framkvæmd, sbr. 64. og 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
33. 49. gr. um meðferð fyrir mæla viðskiptavina, sbr. 67.–70. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
34. 50. gr. um einkaumboðsmenn.
35. 51. gr. um flokkun viðskiptavina o.fl., sbr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
36. 52. gr. um aukna vernd fyrir fagfjárfesta.
37. 53. gr. um aðila sem geta óskað eftir því að vera fagfjárfestar.
38. 54. gr. um viðskipti við viðurkennda gagnaðila, sbr. 71. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
39. 55. gr. um viðskiptaefirlit, sbr. 82. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
40. 56. gr. um tímabundna stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi,
41. 57. gr. um vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
42. 58. gr. um úrskurðar- og réttarúræði.
43. 59. gr. um þjónustu verðbréfafyrirtækja með starfsleyfi í aðildarríki hér á landi án stofnunar útibús.
44. 60. gr. um þjónustu verðbréfafyrirtækja með starfsleyfi í aðildarríki með stofnun útibús eða í gegnum einkaumboðsmann.
45. 61. gr. um þjónustu verðbréfafyrirtækja með starfsleyfi á Íslandi í öðru aðildarríki án stofnunar útibús.
46. 62. gr. um tilkynningu innlendra verðbréfafyrirtækja um stofnun útibús í öðru aðildarríki.
47. 2. mgr. 63. gr. um tilkynningu um ráðstafanir í öðrum aðildarríkjum til að auðvelda fjar-notendum, aðilum eða þátttakendum sem hafa staðfestu aðgang að og viðskipti á mörkuðunum.
48. 64. gr. um aðild verðbréfafyrirtæka í öðrum aðildarríkjum að skipulegum mörkuðum hér á landi.
49. 65. gr. um aðgang að miðlægum mótaðila, færsluvísunar- og uppgjörsaðstöðu og rétt til að tilgreina uppgjörskerfi.
50. 67. gr. um starfsemi eða þjónustu fyrirtækis með staðfestu utan EES hér á landi með stofnun útibús.
51. 72. gr. um kaup innlendra verðbréfafyrirtækja á hlutum í fjármálafyrirtæki utan aðildarríkja.
52. 73. gr. um starfsleyfi skipulegs markaðar.
53. 2. tölul. 1. mgr. 75. gr. um afturköllun starfsleyfis skipulegs markaðar.

54. 77. gr. um skipulagskröfur til skipulegs markaðar.
55. 78. gr. um stjórn og framkvæmdastjóra rekstraraðila markaðar.
56. 79. gr. um störf stjórnar rekstraraðila markaðar.
57. 80. gr. um takmarkanir á önnur störf stjórnar og framkvæmdastjóra rekstraraðila markaðar.
58. 81. gr. um kröfur vegna virkra eignarhluta í rekstraraðila markaðar.
59. 82. gr. um álagsþol kerfa og sjálfvirka stöðvun viðskipta.
60. 83. gr. um viðskiptavakt.
61. 84. gr. um algrímsviðskipti.
62. 85. gr. um beinan rafrænan aðgang.
63. 86. gr. um fyrirkomulag bóknana.
64. 87. gr. um aðgang Fjármálaeftirlitsins að tilboðabók.
65. 88. gr. um reglur um samhýsingu.
66. 89. gr. um verðskref.
67. 90. gr. um samstillingu á viðskiptaklukkum.
68. 91. gr. um töku fjármálagerninga til viðskipta.
69. 92. gr. um tímabundna stöðvun viðskipta og töku fjármálagerninga úr viðskiptum.
70. 93. gr. um markaðsaðild.
71. 94. gr. um starfsemi innan EES.
72. 95. gr. um eftirlit skipulegs markaðar með viðskiptum, sbr. 82. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
73. 97. gr. um ákvörðun um háværð á stöður.
74. 99. gr. um áhættustýringu vegna hámarka á stöður.
75. 100. gr. um frekari háværð á stöður í undantekningartilvikum.
76. 101. gr. um stöðutilkynningar eftir flokkum stöðueigenda, sbr. 83. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
77. 102. gr. um stöðutilkynningar vegna viðskipta utan viðskiptavettvangs.
78. 103. gr. um starfsleyfiskröfur vegna veitingar gagnaskýrsluþjónustu.
79. 2. tölul. 106. gr. um afturköllun starfsleyfis þegar fyrirtæki hefur öðlast það á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt..
80. 107. gr. um stjórn veitanda gagnaskýrsluþjónustu.
81. 108. gr. um skipulagskröfur til viðurkenndrar birtingarþjónustu, sbr. 84.–89. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
82. 109. gr. um skipulagskröfur til þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar, sbr. 84.–89. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. gr.
83. 110. gr. um skipulagskröfur til viðurkennds skýrslugjafarkerfis.
84. 113. gr. um endurskoðun.
85. 114. gr. um upplýsinga- og tilkynningarskyldu endurskoðanda.
86. 115. gr. um hæfi endurskoðanda.
87. 116. gr. um að verða ekki við kröfu Fjármálaeftirlitsins um sérstaka endurskoðun.
88. 117. gr. um skil og birtingu ársreiknings.
89. 119. gr. um tilkynningar starfsmanna um brot í starfsemi.
90. 120. gr. um um vernd starfsmanns vegna tilkynningar um brot í starfsemi.
91. 3. gr. MiFIR um kröfur fyrir viðskiptavettvang um gagnsæi áður en viðskipti fara fram með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga.
92. 3. mgr. 4. gr. MiFIR um undanþágur fyrir hlutabréfagerninga.

93. 6. gr. MiFIR um kröfur fyrir viðskiptavettvang um gagnsæi að viðskiptum loknum með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga.
94. 7. gr. MiFIR um heimild til að fresta birtingu.
95. 8. gr. MiFIR um kröfur fyrir viðskiptavettvang um gagnsæi áður en viðskipti fara fram með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður.
96. 10. gr. MiFIR um kröfur fyrir viðskiptavettvang um gagnsæi að viðskiptum loknum með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður.
97. 11. gr. MiFIR um heimild til að fresta birtingu.
98. 12. gr. MiFIR um skylduna til að gera for- og eftirviðskiptaupplýsingar tiltækar á aðskilinn hátt.
99. 13. gr. MiFIR um skylduna til að gera for- og eftirviðskiptaupplýsingar tiltækar á sanngjörnum viðskiptakjörum, sbr. 6.–11. gr. reglugerðar (ESB) 2017/567, sbr. 3. gr.
100. 14. gr. MiFIR um skyldu innmiðlara til að birta opinberlega föst verðtilboð vegna hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga.
101. 15. gr. MiFIR um framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina, sbr. 6.–14. gr. reglugerðar (ESB) 2017/567, sbr. 3. gr.
102. 17. gr. MiFIR um aðgang að verðtilboðum, sbr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2017/567, sbr. 3. gr.
103. 18. gr. MiFIR um skyldu innmiðlara til að birta opinberlega föst verðtilboð vegna skuldabréfa, samsettra fjármálaafurða, losunarheimilda og afleiðna, sbr. 6.–11. gr. reglugerðar (ESB) 2017/567, sbr. 3. gr.
104. 20. gr. MiFIR um upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækja að viðskiptum loknum, þ.m.t. innmiðlara, með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga .
105. 21. gr. MiFIR um upplýsingagjöf að viðskiptum loknum af hálfu verðbréfafyrirtækja, þ.m.t. innmiðlara, með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður.
106. 22. gr. MiFIR um upplýsingagjöf til gagnsæis- og annarra útreikninga.
107. 23. gr. MiFIR um viðskiptaskyldur verðbréfafyrirtækja.
108. 25. gr. MiFIR um skyldu til að halda skrár.
109. 26. gr. MiFIR um skyldu til að tilkynna viðskipti.
110. 27. gr. MiFIR um skyldu til að útvega tilvísunargögn fyrir fjármálagerninga.
111. 28. gr. MiFIR um skyldu til að eiga viðskipti á á skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulegum markaðstorgum.
112. 29. gr. MiFIR um stöðustofnunarskyldu fyrir afleiður sem viðskipti eru með á skipulegum mörkuðum og tímasetningu samþykkis á stöðustofnun.
113. 30. gr. MiFIR um óbeint stöðustofnunarfyrikomulag.
114. 31. gr. MiFIR um samþjöppun eignasafns, sbr. 17. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/567, sbr. 3. gr.
115. 35. gr. MiFIR um aðgang án mismunar að miðlægum mótaðila.
116. 36. gr. MiFIR um aðgang án mismununar að viðskiptavettvangi.
117. 37. gr. MiFIR um aðgang án mismununar að viðmiðunargildum og skyldu til að veita leyfi fyrir þeim.
118. banni eða takmörkun Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli 40. gr. MiFIR um heimildir til tímabundinna íhlutana.

119. banni eða takmörkun Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli 41. gr. MiFIR um heimildir til tímabundinna íhlutana.

120. banni eða takmörkun Seðlabanka Íslands á grundvelli 42. gr. MiFIR um afurðaihlutun.

Þá getur Fjármálaeftirlitið lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem verður ekki við kröfum þess skv. 4. mgr. 118. gr., þó að teknu tilliti til 128. gr. laganna.

Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 800 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri, eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að ákvarða lögaðila eða einstaklingi stjórnvaldssekt sem nemur allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur af brotinu nemur.

Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

125. gr.

Ákvörðun stjórnvæðingurlaga.

Við ákvörðun stjórnvæðingurlaga samkvæmt þessum kafla, þ.m.t. um fjárhæð stjórnvaldssekta, skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi eins og við á:

- a. alvarleika brots og hvað það hefur staðið lengi,
- b. ábyrgðar hins brotlega,
- c. fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af ársveltu lögaðila eða árstekjum og eignum einstaklings,
- d. þýðingu ávinnings, eða taps sem forðað var með broti, fyrir hinn brotlega,
- e. tap þriðja aðila af broti,
- f. samstarfsvilja hins brotlega, og
- g. fyrri brota.

126. gr.

Sátt.

Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara, reglna eða reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra, eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd greinarinnar.

127. gr.

Saknæmi.

Stjórnvæðingurlögum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

128. gr.

Réttur grunaðs manns.

Í máli sem beinist að einstaklingi og til greina kemur að ljúka með álagningu stjórnvaldssektar eða kærnu til lögreglu hefur sá sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um

lögbrot rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

129. gr.

Frestur til að leggja á stjórnsluviðurlög.

Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnsluviðurlög samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að brotinu.

130. gr.

Refsing við broti.

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirfarandi ákvæðum laganna og reglna eða reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra:

1. 5. gr. um að starfa sem verðbréfafyrirtæki án starfsleyfis.
2. 12. gr. um tilkynningu aðila vegna virks eignarhlutar í verðbréfafyrirtæki.
3. 37. gr. um kaupaukakerfi og starfslokasamninga verðbréfafyrirtækja.
4. 67. gr. um starfsemi eða þjónustu fyrirtækis með staðfestu utan EES hér á landi með stofnun útibús.
5. 73. gr. um starfsleyfi skipulegs markaðar.
6. 81. gr. um kröfur vegna virkra eignarhluta í rekstraraðila markaðar.
7. 103. gr. um veitingu gagnaskýrsluþjónustu án starfsleyfis.
8. 113. gr. um endurskoðun.
9. 114. gr. um upplýsinga- og tilkynningarskyldu endurskoðanda.
10. 115. gr. um hæfi endurskoðanda.

Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn þeim ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann, starfsmann eða annan aðila sem starfar á vegum lögaðilans. Hafi fyrirsvarsmaður, starfsmaður eða annar aðili á vegum lögaðilans á saknæman hátt brotið gegn lögum þessum eða reglum sem settar eru á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

131. gr.

Kæra til lögreglu.

Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar

ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn á sérstaklega vítaverðan hátt eða við aðstæður sem auka mjög á sagnæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn sömu brota.

Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn sömu brota.

Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

132. gr.

Opinber birting stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana vegna brota.

Fjármálaeftirlitið skal án tafar birta á vef sínum sérhverja niðurstöðu um beitingu stjórnsýsluviðurlaga, og annarra ráðstafana, vegna brota á ákvæðum laganna í kjölfar tilkynningar til hins brotlega um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Niðurstaða sem er birt skal að lágmarki innihalda upplýsingar um tegund og eðli brots og nafn hins brotlega.

Telji Fjármálaeftirlitið að opinber birting á nafni hins brotlega, annarra lögaðila eða einstaklinga sem koma fram í niðurstöðu Fjármálaeftirlitsins samræmist ekki meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar eða að birting geti stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða skaðað yfirstandandi rannsókn getur Fjármálaeftirlitið:

1. frestað birtingu niðurstöðunnar þar til ástæður fyrir að birta hana ekki eru ekki lengur til staðar, eða
2. birt niðurstöðu án þess að nafngreina hinn brotlega eða aðra lögaðila eða einstaklinga sem koma fram í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið getur ákveðið að birta ekki niðurstöðu ef eftirlitið telur að birting skv. 2. mgr. geti stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu, skaðað yfirstandandi rannsókn eða ef hún samræmist ekki meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

Í tilviki nafnlausrar birtingar niðurstöðu skv. 2. tölul. 2. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta nafn viðkomandi þegar ástæður fyrir nafnleynd eiga ekki lengur við.

Fjármálaeftirlitið skal birta upplýsingar á vef sínum ef höfðað er mál fyrir dómstólum til ógildingar á ákvörðun þess um beitingu viðurlaga vegna brota. Fjármálaeftirlitið skal enn fremur birta upplýsingar um lyktir málsins á hverju dómstigi. Afturkalli Fjármálaeftirlitið ákvörðun sína um beitingu viðurlaga skal stofnunin upplýsa um það á vef sínum.

Niðurstöður um beitingu stjórnsýsluviðurlaga vegna brota á ákvæðum laganna skulu birtar á vef Fjármálaeftirlitsins í að lágmarki fimm ár. Persónuupplýsingar sem koma fram í niðurstöðunum skulu ekki vera birtar lengur en málefnalegar ástæður kalla á það í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Samhliða birtingu niðurstöðu á vef Fjármálaeftirlitsins skal stofnunin upplýsa ESMA um birtinguna. Fjármálaeftirlitið skal einnig upplýsa ESMA um allar niðurstöður um beitingu

stjórnsýsluviðurlaga í þeim tilvikum þegar Fjármálaeftirlitið ákveður að birta þær ekki. Fjármálaeftirlitið skal enn fremur upplýsa stofnunina ef höfðað er mál til ógildingar á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um beitingu viðurlaga og um lyktir málsins á hverju dómstigi. Þá skal Fjármálaeftirlitið upplýsa ESMA um alla dóma sem falla í málum þar sem refsingum er beitt vegna brota á þessum lögum.

Fjármálaeftirlitið skal árlega senda ESMA upplýsingar á samandregnu formi um beitingu stjórnsýsluviðurlaga. Þá skal Fjármálaeftirlitið árlega senda ESMA upplýsingar á samandregnu formi, þannig að einstaka aðilar séu ópersónugreinanlegir, um kærur til lögreglu og niðurstöður slíkra mála.

Fjármálaeftirlitið skal birta á vef sínum þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd birtningar samkvæmt þessari grein.

Seðlabanki Íslands birtir reglur um form og efni tilkynninga til ESMA.

10. ÞÁTTUR

Samstarf Fjármálaeftirlitsins við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum.

133. gr.

Almennt um samstarf Fjármálaeftirlitsins við önnur lögbær yfirvöld.

Fjármálaeftirlitið skal eins og þörf er á starfa með lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum við framkvæmd eftirlits samkvæmt lögum þessum. Í því felast sér í lagi upplýsingaskipti auk þátttöku í rannsóknum og annarri eftirlitsstarfsemi.

Fjármálaeftirlitið getur óskað eftir hvers konar upplýsingum frá lögreglu um rannsókn eða saksókn mála vegna brota á lögum þessum, sbr. 2. mgr. 130. gr., og ber henni að veita Fjármálaeftirlitinu slíkar upplýsingar innan hæfilegs frests.

Seðlabanki Íslands skal gera samstarfssamning við lögbært yfirvald í heimaaðildarríki viðskiptavettvangs sé vettvangurinn talinn verulega mikilvægur með tilliti til virkni innlends verðbréfamarkaðar og fjárfestaverndar. Hið sama á við, eftir atvikum, sé innlendur viðskiptavettvangur talinn hafa slíkt mikilvægi í öðru aðildarríki.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að nýta eftirlitsheimildir sínar skv. 6. þætti til aðstoðar öðru lögbæru yfirvaldi þó að háttsemin sem er til skoðunar sé ekki ólögleg hér á landi.

Fjármálaeftirlitið skal, hafi það gilda ástæðu til að ætla að háttsemin hafi átt sér stað í öðru aðildarríki sem fari gegn ákvæðum MiFID2 eða MiFIR, tilkynna lögbæru yfirvaldi í viðkomandi aðildarríki og ESMA um það. Berist Fjármálaeftirlitinu slík tilkynning um brot gegn lögum þessum frá lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki skal það halda viðkomandi lögbæru yfirvaldi og ESMA upplýstum um lyktir málsins og, eins og við á, framvindu þess.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um samstarfssamninga við lögbær yfirvöld.

134. gr.

Tilkynningar um háværk á stöðum.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA og öðrum lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum um ráðstafanir skv. 12. og 13. tölul. 4. mgr. 118. gr.

Tilkynningin skal innihalda, eins og við á:

1. Upplýsingar skv. 8. tölul. 4. mgr. 118. gr., þ.m.t. nöfn þeirra sem ráðstöfunin beinist að og ástæður hennar.
2. Umfang takmarkana skv. 13. tölul. 4. mgr. 118. gr., þ.m.t. nöfn þeirra sem ráðstöfunin beinist að, viðkomandi fjármálagerninga, takmarkanir á stöður og undanþágur sem veittar hafa verið skv. 97. gr. og ástæður þeirra.

Tilkynningin skal send 24 klukkustundum áður en ráðstöfunin á að taka gildi, en heimilt er að senda hana með skemmri fyrirvara við sérstakar aðstæður.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt, í kjölfar þess að því berst tilkynning skv. 1. mgr. frá öðru lögbæru yfirvaldi, að grípa til ráðstafana skv. 12. og 13. tölul. 4. mgr. 118. gr. telji það þörf á því til að markmiðum lögbæra yfirvaldsins með takmörkuninni verði náð. Á það einnig við þegar lagt er til að gripið sé til ráðstafana.

Þegar tilkynning skv. 1. mgr. varðar heildsöluorkuafurð þá skal Fjármálaeftirlitið einnig senda Samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði hana.

Fjármálaeftirlitið skal, berist beiðni þar um, veita Umhverfisstofnun upplýsingar í samandregnu formi, þannig að einstakir aðilar séu ópersónugreinanlegir, um viðskipti sem falla undir lög þessi með losunarheimildir, þ.m.t. afleiðuviðskipti. Fjármálaeftirlitið skal auk þess starfa með Umhverfisstofnun eins og þörf er á til að tryggja fullnægjandi yfirsýn með markaði með losunarheimildir.

135. gr.

Samstarf við framkvæmd eftirlits.

Fjármálaeftirlitið skal, berist beiðni um aðstoð við athugun eða rannsókn frá lögbæru yfirvaldi í aðildarríki:

1. Framkvæma athugun eða rannsókn.
2. Heimila lögbæra yfirvaldinu að gera það.
3. Heimila endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum að gera það.

Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnuninni er heimilt skv. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, að taka þátt í framkvæmd eftirlits, vettvangsskoðana eða rannsókna hér á landi þegar slíkt fer fram í samstarfi Fjármálaeftirlitsins og lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um framkvæmd greinarinnar.

136. gr.

Upplýsingaskipti.

Fjármálaeftirlitið skal þegar í stað veita lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum upplýsingar sem það býr yfir og nauðsynlegar eru til framkvæmdar eftirlits með kröfum sem byggja á MiFID2 og MiFIR.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt við veitingu upplýsinga skv. 1. mgr. að taka fram að óheimilt sé að miðla þeim til þriðja aðila án samþykkis og að afmarka í hvaða tilgangi upplýsingarnar verða notaðar.

Upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið móttækur frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjum vegna eftirlits með lögum þessum verða aðeins notaðar í eftirlitsstarfssemi, sér í lagi vegna:

1. eftirlits með því að verðbréfafyrirtæki uppfylli skilyrði laga þessara, ein og sér og á samtæðugrunni,
2. eftirlits með traustri virkni viðskiptavettvangs, og
3. sönnunarfærslu fyrir dómstólum ef ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hefur verið kærð.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um framkvæmd greinarinnar.

137. gr.

Sáttamiðlun milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki.

Fjármálaeftirlitið getur vísað máli til Eftirlitsstofnunar EFTA sem varðar athugun eða rannsókn skv. 135. gr eða upplýsingaskipti skv. 136. gr. þegar beiðni hefur verið hafnað eða ekki hefur verið gripið til aðgerða innan eðlilegra tímamarka.

Um málsmeðferðina, sem getur leitt til bindandi ákvörðun gagnvart Fjármálaeftirlitinu, fer skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármála-markaði.

138. gr.

Höfnun samstarfs.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að hafna beiðni um aðstoð við eftirlit skv. 135. gr. eða upplýsingaskipti skv. 136. gr. ef beiðni varðar sömu háttsemi og sömu aðila í máli:

1. sem þegar er til meðferðar hjá íslenskum dómstólum, eða
2. þar sem endanleg niðurstaða liggur fyrir hjá íslenskum dómstólum.

Fjármálaeftirlitið skal tilkynna ESMA og lögbæra yfirvaldinu sem beiðnin barst frá um höfnunina ásamt ítarlegum upplýsingum um ástæður hennar.

139. gr.

Samráð áður en starfsleyfi er veitt.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við viðkomandi lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum áður en starfsleyfi er veitt verðbréfafyrirtæki sem er:

1. Útibú verðbréfafyrirtækis, rekstraraðila markaðar eða lánastofnunar í öðru aðildarríki.
2. Útibú móðurfélags verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar í öðru aðildarríki.
3. Undir yferráðum aðila sem fer einnig með yferráð yfir verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

Fjármálaeftirlitið skal hafa samráð við viðkomandi lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum áður en starfsleyfi er veitt verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem er:

1. Útibú lánastofnunar eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki.
2. Útibú móðurfélags lánastofnunar eða váttryggingafélags með starfsleyfi í öðru aðildarríki.
3. Undir yferráðum aðila sem fer einnig með yferráð yfir lánastofnun eða váttryggingafélagi með starfsleyfi í öðru aðildarríki.

Samráð Fjármálaeftirlitsins samkvæmt þessari grein skal sér í lagi taka til mats á hæfi til að fara með virkan eignarhlut og mat á orðspori og þekkingu þeirra sem í reynd stjórna fyrirtæki í gegnum eignarhald. Fjármálaeftirlitið skal veita viðkomandi lögbæru yfirvaldi allar upplýsingar um hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut, um þá sem í reynd stjórna viðkomandi fyrirtækjum og sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að veita starfsleyfi og vegna eftirlits með viðvarandi kröfum til viðkomandi fyrirtækja.

Seðlabanki Íslands setur nánari reglur um framkvæmd greinarinnar.

140. gr.

Upplýsingaöflun um útibú hér á landi.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefja verðbréfafyrirtæki, sem starfrækja útibú hér á landi, reglubundið um upplýsingar um starfsemi útibúsins í því skyni að vinna tölfræðiupplýsingar.

Fjármálaeftirlitinu er auk þess heimilt að krefja útibú verðbréfafyrirtækja frá öðrum aðildarríkjum um hverjar þær upplýsingar sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirlits- hlutverki sínu skv. 5. mgr. 60. gr. Slíkar kröfur skulu þó ekki ganga lengra en gagnvart verðbréfafyrirtækjum með starfsleyfi hér á landi.

141. gr.

Heimildir Fjármálaeftirlitsins til ráðstafana vegna ólögmatrar háttsemi verðbréfafyrirtækja og viðskiptavettvanga sem veita viðskipti hér á landi yfir landamæri.

Fjármálaeftirlitið skal, sé gild ástæða til að ætla að verðbréfafyrirtæki sem veitir verðbréfa- þjónustu hér á landi yfir landamæri brjóti gegn ákvæðum laga þessara, tilkynna lögbæru yfir- valdi í heimaaðildarríki um það. Hið sama á við um útibú verðbréfafyrirtækis hér á landi hafi Fjármálaeftirlitið ekki heimild samkvæmt lögum þessum til að bregðast við háttseminni á viðeigandi hátt.

Haldi verðbréfafyrirtæki eða útibú áfram háttsemi skv. 1. mgr. sem bersýnilega gengur gegn hagsmunum fjárfesta hér á landi eða traustri virkni markaða, þrátt fyrir aðgerðir lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki, skal Fjármálaeftirlitið, eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki þar um, grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til verndar fjárfestum og traustri virkni markaðanna, þ.m.t. að koma í veg fyrir öll frekari viðskipti verðbréfafyrir- tækisins hér á landi. Fjármálaeftirlitið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusam- bandsins og ESMA um slíkar ráðstafanir. Fjármálaeftirlitinu er einnig heimilt að vísa málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Í þeim tilvikum sem Fjármálaeftirlitið hefur heimildir til að bregðast við háttsemi verð- bréfafyrirtækis með útibú hér á landi, sem er andstæð ákvæðum laga þessara, þá ber því að nýta þær heimildir til krefjast þess að það láti af háttseminni. Verði verðbréfafyrirtækið ekki við kröfum Fjármálaeftirlitsins þá skal stofnunin grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að fyrirtækið láti af henni. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki um slíkar ráðstafanir. Ef útibúið heldur áfram háttsemi sem er andstæð lögum þessum, þrátt fyrir ráðstafanir Fjármálaeftirlitsins, þá skal stofnunin grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til verndar fjárfestum og traustri virkni markaðarins. Fjármálaeftirlitið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og ESMA um slíkar ráðstaf- anir. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að vísa málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið skal, sé gild ástæða til að ætla að markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg sem veitir þjónustu hér á landi yfir landamæri brjóti gegn ákvæðum laga þessara, tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki um það. Haldi markaðstorg áfram háttsemi sem bersýnilega fer gegn hagsmunum fjárfesta hér á landi, þrátt fyrir aðgerðir lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki, skal Fjármálaeftirlitið, eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki þar um, grípa til þeirra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til verndar fjárfestum og traustri virkni markaðarins, þ.m.t. að koma í veg fyrir aðgang aðila og þátttakenda hér á landi að markaðstorginu. Fjármálaeftirlitið skal tafarlaust tilkynna fram- kvæmdastjórn Evrópusambandsins og ESMA um slíkar ráðstafanir. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að vísa málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið skal senda verðbréfafyrirtæki eða markaðstorgi skriflegan rökstuðning fyrir ákvörðunum samkvæmt þessari grein sem fela í sér stjórnvaldssektir eða takmarkanir á starfsemi þeirra.

142. gr.

Samstarf og upplýsingaskipti við ESMA og ESA.

Fjármálaeftirlitið skal, í samstarfi við Eftirlitsstofnun EFTA og ESMA, sinna eftirliti með lögum þessum í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið skal veita stofnununum upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þær geti sinnt eftirlitshlutverki sínu samkvæmt lögum þessum og lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, sbr. 35. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010.

11. ÞÁTTUR

Ýmis ákvæði.

143. gr.

Aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og málskot til EFTA-dómstólsins.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómar og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

Ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA má skjóta til EFTA-dómstólsins í samræmi við samning milli EFTA-rikjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

144. gr.

Reglugerðar- og regluheimildir vegna MiFIR.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd MiFIR um þau atriði sem koma fram í 8. og 9. mgr. 1. gr. hennar um undanþágur frá gildissviði.

Seðlabanka Íslands er heimilt að setja reglur um nánari framkvæmd MiFIR um þau atriði sem koma fram í eftirfarandi greinum hennar:

1. 2. mgr. 2. gr. um skilgreiningar.
2. 6. mgr. 4. gr. um undanþágur fyrir hlutabréfagerninga.
3. 9. mgr. 5. gr. um kerfi um hámarksmagn.
4. 2. mgr. 7. gr. um heimild til að fresta birtingu.
5. 5. mgr. 9. gr. um undanþágur fyrir aðra gerninga en hlutabréfagerninga.
6. 4. mgr. 11. gr. um heimild til að fresta birtingu.
7. 2. mgr. 12. gr. um skyldu til að gera for- og eftirviðskiptaupplýsingar tiltækar á aðskilinn hátt.
8. 2. mgr. 13. gr. um skyldu til að gera for- og eftirviðskiptaupplýsingar tiltækar á sanngjörnum viðskiptakjörum.
9. 7. mgr. 14. gr. um skyldu innmiðlara til að birta opinberlega föst verðtilboð vegna hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga.
10. 5. mgr. 15. gr. um framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina.
11. 3. mgr. 17. gr. um aðgang að verðtilboðum.
12. 2. og 3. mgr. 19. gr. um eftirlit af hálfu ESMA.
13. 3. mgr. 20. gr. um upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækja að viðskiptum loknum með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga.
14. 5. mgr. 21. gr. um upplýsingagjöf að viðskiptum loknum af hálfu verðbréfafyrirtækja með skuldabréf, samsettar fjármálaafurðir, losunarheimildir og afleiður.
15. 4. mgr. 22. gr. um upplýsingagjöf til gagnsæis- og annarra útreikninga.
16. 3. mgr. 23. gr. um viðskiptaskyldur verðbréfafyrirtækja.
17. 3. mgr. 25. gr. um skyldu til að halda skrá.
18. 6. og 9. mgr. 26. gr. um skyldu til að tilkynna viðskipti.

19. 3. mgr. 27. gr. um skyldu til að útvega tilvísunargögn fyrir fjármálagerninga.
20. 5. mgr. 28. gr. um skyldu til að eiga viðskipti á skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulegum markaðstorgum.
21. 3. mgr. 29. gr. um um stöðustofnunarskyldu fyrir afleiður sem viðskipti eru með á skipulegum mörkuðum og tímasetning samþykkis á stöðustofnun.
22. 2. mgr. 30. gr. um óbeint stöðustofnunarfyrrkomulag.
23. 4. mgr. 31. gr. um samþjöppun eignasafns.
24. 1. og 6. mgr. 32. gr. um tilhögun viðskiptaskyldu.
25. 2. mgr. 33. gr. um kerfi til að koma í veg fyrir tvítekningu reglna eða reglur sem stangast á.
26. 6. mgr. 35. gr. um aðgang án mismunar að miðlægum mótaðila.
27. 6. mgr. 36. gr. um aðgang án mismunar að viðskiptavettvangi.
28. 4. mgr. 37. gr. um aðgang án mismunar að viðmiðunargildum og skyldu til að veita leyfi fyrir þeim.
29. 8. mgr. 40. gr. um heimildir ESMA til tímabundinna íhlutana.
30. 8. mgr. 41. gr. um heimildir Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar til tímabundinna íhlutana.
31. 7. mgr. 42. gr. um afurðaihlutun af hálfu lögbærra yfirvalda.
32. 10. mgr. 45. gr. um stöðustjórnunarvald ESMA.
33. 7. mgr. 46. gr. um almenn ákvæði um þjónustu og starfsemi í þriðja landi.
34. 10. mgr. 52. gr. um skýrslugjöf og endurskoðun.

145. gr.

Innleiðing.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á:

1. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (MiFID2) sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 26. mars 2020, bls. 73–220.
2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1034 frá 23. júní 2016 um breytingu á tilskipun 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga sem birt var í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42 frá 25. júní 2020, bls. 90-93.
3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR), sbr. 3. gr.
4. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1033 frá 23. júní 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. 3. gr.
5. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/565 frá 25. apríl 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði verðbréfafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun, sbr. 3. gr.
6. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/567 frá 18. maí 2016 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar skilgreiningar, gagnsæi, samþjöppun eignasafns og eftirlitsráðstafanir hvað varðar afurðainngrip og stöður, sbr. 3. gr.

146. gr.
Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 2021. Þó öðlast 39. gr. gildi 1. nóvember 2021. Krafa 1. mgr. 40. gr. um að þeir starfsmenn verðbréfafyrirtækis sem veiti fjárfestingarráðgjöf hafi verðbréfaréttindi öðlast gildi 1. júní 2022.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um kauphallir, nr. 110/2007.

Þrátt fyrir ákvæði 40. gr. veitir ráðherra þeim, sem fyrir gildistöku þessara laga hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum eða hlotið löggilt leyfi til verðbréfamiðlunar, verðbréfaréttindi.

147. gr.
Breyting á öðrum lögum.

1. *Lög um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007:*

a. 1. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi gilda um almenn útboð og töku verðbréfa til víðskipta á skipulegum markaði, upplýsingagjöf útgefenda, yfirtökur, innherjaupplýsingar og víðskipti innherja.

b. Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

1. 2. og 5.–8. tölul. 1. mgr. orðast svo:

2. *Fjármálagerningur*: Fjármálagerningur samkvæmt skilgreiningu laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
5. *Taka fjármálagerninga til víðskipta*: Samþykki skipulegs markaðar á að víðskipti með fjármálagerninga hefjist á honum skv. 91. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
6. *Markaðstorg fjármálagerninga (MTF)*: Markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt skilgreiningu laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
7. *Skipulegur markaður*: Skipulegur markaður samkvæmt skilgreiningu laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
8. *Rekstraraðili markaðar*: Rekstraraðili markaðar í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

3. 3., 4., 9.–12. og 14. tölul. 1. mgr. falla brott.

4. 2. mgr. fellur brott.

c. II.–V. kafli laganna falla brott.

d. Í stað orðanna „til verðbréfavíðskipta“ í 90. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi.

e. Eftirfarandi breytingar verða á 92. gr. laganna:

1. Í stað orðanna „til verðbréfavíðskipta samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki“ í 1. mgr. kemur: samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi.
2. Í stað orðsins „verðbréfavíðskipta“ í 1. másl. 2. mgr. kemur: að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi.
3. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Móðurfélag fjármálafyrirtækis með leyfi til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi.*

h. 116. gr. laganna fellur brott.

- i. Á eftir 130. gr. a laganna kemur ný grein, 130. gr. b, ásamt fyrirögn, svohljóðandi:
Opinber fjárfestingarráðgjöf og birting tölfraediupplýsinga.
- Hver sá sem setur fram eða birtir opinbera fjárfestingarráðgjöf skal gæta þess að slíkar upplýsingar séu settar fram af sanngirni og uppfylli skilyrði reglna sem Seðlabanki Íslands skal setja á grundvelli 132. gr. Þá skal tilgreina hagsmuni eða hugsanlega hagsmunaárekstra viðkomandi aðila vegna þeirra fjármálagerninga sem upplýsingarnar varða.
- Opinberir aðilar sem miðla tölfraeðilegum upplýsingum sem líklegar eru til að hafa marktæk áhrif á fjármálamörkuðum skulu miðla þeim af sanngirni og á gagnsæjan hátt.
- j. Við 132. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: opinbera fjárfestingarráðgjöf, þar á meðal um óhlutdræga framsetningu ráðgjafar og birtingu, tilgreiningu á þeim sem setur fjárfestingarráðgjöfina fram eða gerir hana opinbera og hagsmunum og hagsmunaárekstrum, og skilgreiningu hugtaksins greining.
- k. Eftirfarandi breytingar verða á 133. gr. laganna:
1. 5. mgr. fellur brott.
 2. Í stað tilvísananna „25. gr. og VII., VIII. og IX. kafla“ í 6. mgr. kemur: VII.–IX. kafla og 130. gr. b.
- l. Eftirfarandi breytingar verða á 141. gr. laganna:
1. 34. tölul. 1. mgr. fellur brott.
 2. Á eftir 44. tölul. 1. mgr. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: 130. gr. b um opinbera fjárfestingarráðgjöf og birtingu tölfraediupplýsinga.
 3. 2. mgr. fellur brott.
- m. 15. tölul. 145. gr. laganna fellur brott.
- n. Tilvísunin „tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE“ í 1. mgr. 149. gr. laganna fellur brott.
- o. Heiti laganna verður: **Lög um almenn útboð og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði, upplýsingagjöf útgefenda, flöggun og yfirtökur.**
2. *Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002:*
- a. Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
II. kafli, 11.–13. gr., 15. gr., V. kafli og VI. kafli gilda ekki um verðbréfafyrirtæki. Um kröfur og umsóknir vegna starfsleyfa verðbréfafyrirtækja, mat á virkum eignarhlutum verðbréfafyrirtækja og starfsemi verðbréfafyrirtækja í öðrum aðildarríkjum EES og ríkjum utan EES fer samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - b. Við 1. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna bætist: eða samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - c. Í stað orðsins „verðbréfaviðskipti“ í 27. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga.
 - d. Eftirfarandi breytingar verða á 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna:
 1. Orðin „og taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði“ í f-lið falla brott.
 2. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Rekstur skipulegs markaðstorgs.
 3. Í stað orðanna „Viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti“ í upphafsmálslið kemur: Fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

- e. Í stað 3. og 4. mgr. 3. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
- Lög þessi gilda ekki um:
1. Vátryggingafélög eða félög sem stunda endurtryggingastarfsemi samkvæmt lögum um vátryggingastarfsemi.
 2. Aðila sem veita aðeins móðurfélögum sínum, dótturfélögum sínum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu.
 3. Lögmenn og löggilta endurskoðendur, enda sé um tilfallandi þjónustu að ræða og hún veitt sem hluti af eðlilegri starfsemi á starfssviði þeirra.
 4. Aðila sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning með aðra fjármálagerninga en hrávörufleiður, losunarheimildir eða afleiður með losunarheimildir og veita aðeins fjárfestingarþjónustu, eða stunda aðeins fjárfestingarstarfsemi, hvað varðar hrávörufleiður, losunarheimildir eða afleiður með losunarheimildir, nema þeir séu:
 - a. viðskiptavakar,
 - b. aðilar að skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða hafi beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi,
 - c. að beita hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms, eða
 - d. að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina.
 5. Rekstraraðila með losunarleyfi samkvæmt lögum um loftslagsmál sem framkvæma ekki fyrirmæli viðskiptavina, í viðskiptum með losunarheimildir, og veita ekki fjárfestingarþjónustu eða stunda ekki fjárfestingarstarfsemi aðra en fyrir eigin reikning, að því tilskildu að þessir aðilar beiti ekki hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms.
 6. Aðila sem veita fjárfestingarþjónustu einungis í tengslum við stjórnun á fjárfestingarsjóðum starfsmanna.
 7. Aðila sem veita aðeins móðurfélögum sínum, dótturfélögum sínum eða öðrum dótturfélögum móðurfélaga sinna fjárfestingarþjónustu sem felst einungis í að stjórna bæði fjárfestingarsjóðum starfsmanna og að veita fjárfestingarþjónustu.
 8. Aðila að seðlabankakerfi Evrópu og aðrar stofnanir aðildarríkja sem gegna samþærilegum hlutverkum innan EES, opinbera aðila sem sjá um eða hafa afskipti af stjórnun opinberra skulda innan EES eða í Bretlandi, og alþjóðlegar fjármálastofnanir sem tvö eða fleiri aðildarríki hafa komið á fót og hafa það markmið að virkja fjármagn og veita fjárhagsaðstoð til handa þeim aðilum sínum sem eiga í alvarlegum fjármögnunarerfiðleikum eða sjá fram á slíka erfiðleika.
 9. Sjóði um sameiginlega fjárfestingu og lífeyrissjóði og vörsluaðila og rekstraraðila þeirra.
 10. Aðila sem:
 - a. stunda viðskipti fyrir eigin reikning, þ.m.t. viðskiptavakar, með hrávörufleiður, losunarheimildir eða afleiður þeirra, þó ekki aðila sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning þegar þeir framkvæma fyrirmæli viðskiptavina, eða
 - b. veita viðskiptavinum eða þjónustuveitendum meginstarfsemi sinnar fjárfestingarþjónustu, þó ekki fyrir eigin reikning, með hrávörufleiður eða losunarheimildir eða afleiður þeirra.

Aðilar skv. 1. mgr. eru þó aðeins undanþegnir frá gildissviði laganna að því tilskildu að:

 - a. hvert þessara tilvika eitt og sér og þau sem heild teljist til viðbótarstarfsemi við aðalstarfsemi þeirra þegar hún er metin á grundvelli samstæðu fyrirtækja og að aðalstarfsemin felist ekki í því að veita fjárfestingarþjónustu í skilningi þessara

- laga eða leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki eða hann starfi sem viðskiptavaki í tengslum við hrávöruafleiður,
- b. þessir aðilar beiti ekki hátíðni viðskiptatækni með notkun algríms, og
 - c. þessir aðilar tilkynni á hverju ári Fjármálaeftirlitinu að þeir nýti sér þessa undanþágu og gefi því skýrslu, að fenginni beiðni þar um, á hvaða forsendum starfsemi þeirra skv. a- og b-lið 1. mgr. sé viðbót við aðalstarfsemi þeirra.
11. Aðila sem veita fjárfestingarráðgjöf, án þess að endurgjald komi sérstaklega til fyrir hana, meðfram því að veita aðra þjónustu í atvinnuskyni sem ekki fellur undir lög þessi.
12. Verðbréfamiðstöðvar.
- Þau réttindi sem lög þessu veita taka ekki til þess að veita þjónustu í hlutverki mótaðila í viðskiptum sem opinberir aðilar, sem fást við opinberar skuldir, annast.
- Seðlabanki Íslands setur reglur þar sem nánar er skýrt hvenær um viðbótarstarfsemi í skilningi a-liðar 2. mgr. 10. tölul. 1. mgr. er að ræða.
- f. Í stað orðanna „skv. d-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti“ í 7. tölul. 3. mgr. 3. gr. laganna kemur: skv. a-lið 2. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - g. Við 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laganna bætist: sbr. 3. mgr. 1. gr.
 - h. Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. a laganna:
 - 1. Í stað tilvísananna „c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr.“ í 1. tölul. 3. mgr. kemur: c- og f-lið 14. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - 2. Í stað orðanna „a-lið 2. tölul. 1. mgr. 25. gr. og a.m.k. eina eða fleiri af þeim starfsheimildum sem getið eru um í a-, b- og d-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr.“ í 2. tölul. 3. mgr. kemur: a-lið 63. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga og a.m.k. eina af starfsheimildum skv. a-, b- og d-lið 14. tölul. 1. mgr. 4. gr. sömu laga.
 - 3. Í stað tilvísananna „c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. og a-lið 2. tölul. 1. mgr. 25. gr.“ í 4. mgr. kemur: c- og f-lið 14. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga og a-lið 63. tölul. 1. mgr. 4. gr. sömu laga.
 - h. 8. tölul. 1. mgr. 20. gr. laganna orðast svo: Þátttöku í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipta sem tengjast slíkum útboðum.
 - i. Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. laganna:
 - 1. 1. mgr. fellur brott.
 - 2. Í stað tilvísunarinnar „6. mgr. 14. gr.“ í 2. mgr. kemur: 3. mgr. 14. gr. a.
 - 3. Í stað tilvísunarinnar „a-lið 2. tölul. 1. mgr.“ í a-lið 3. mgr. kemur: a-lið 63. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - 4. Í stað tilvísananna „a-, b-, d- og/eða e-lið 1. tölul. 1. mgr.“ í b-lið 3. mgr. kemur: a-, b-, d- og/eða e-lið 14. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - 5. Í stað tilvísunarinnar „4. mgr.“ í 5. mgr. kemur: 3. mgr.
 - 6. 6. mgr. fellur brott.
 - 7. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Verðbréfafyrirtæki*.
 - j. Á eftir orðunum „skilyrði að“ í 2. másl. 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: framkvæmdin fari að lögum um markaði fyrir fjármálagerninga og.
 - k. Í stað tilvísananna „c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr.“ í 4. mgr. 30. gr. laganna kemur: c- og f-lið 14. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

- l. Í stað orðsins „verðbréfavíðskipta“ í 4. mgr. 34. gr. laganna kemur: að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi.
- m. Í stað orðanna „nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti“ í 1. mgr. 37. gr. laganna kemur: um markaði fyrir fjármálagerninga.
- n. Í stað orðanna „ef það hefur réttmæta ástæðu“ í 39. gr. laganna kemur: ef erlenda fjármálafyrirtækið er utan Evrópska efnahagssvæðisins og réttmæt ástæða er.
- o. 5. tölul. 2. mgr. 42. gr. laganna orðast svo: Hvort ætla megi að fyrirhugað eignarhald tengist peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka, eða tilraun til slíks athæfis, eða geti aukið líkur á slíku athæfi innan hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.
- p. 53. gr. laganna fellur brott.
- q. Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í 1-lið 2. mgr. 99. gr. laganna kemur: markaði.
- r. Eftirfarandi breytingar verða á 104. gr. laganna:
 1. Á eftir orðinu „lánastofnunar“ í 1. mgr. kemur: eða verðbréfafyrirtækis, sem ekki fellur undir 3.–5. mgr. 25. gr.
 2. Í stað orðsins „lánastofnunin“ í 1. mgr. kemur: fyrirtækið.
 3. Í stað orðsins „lánastofnun“ í 3. mgr. kemur: fyrirtæki skv. 1. mgr.
 4. Í stað orðsins „lánastofnunar“ í 4. mgr. kemur: fyrirtækis skv. 1. mgr.
 5. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Slit á lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki með höfuðstöðvar á Íslandi og útibú í öðru EES-riki.*
- r. Eftirfarandi breytingar verða á 105. gr. laganna:
 1. Á eftir orðinu „lánastofnun“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: eða verðbréfafyrirtæki, sem ekki fellur undir 3.–5. mgr. 25. gr.
 2. Í stað orðanna „lánastofnunar“ og „lánastofnunin“ í 2. másl. 1. mgr. kemur: fyrirtækis; og: fyrirtækið.
 3. Í stað orðsins „lánastofnunum“ í 3. másl. 1. mgr. kemur: fyrirtækjum.
 4. Á eftir orðinu „lánastofnun“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: eða verðbréfafyrirtæki, sem ekki fellur undir 3.–5. mgr. 25. gr.
 5. Í stað orðsins „lánastofnun“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: fyrirtæki.
 6. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Slit á lánastofnun eða verðbréfafyrirtæki með höfuðstöðvar erlendis en útibú á Íslandi.*
3. *Lög um afleiðuvíðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuvíðskiptaskrár, nr. 15/2018:* 2. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði eftirfarandi reglugerða, eins og þær voru teknar upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðunum sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 206/2016 frá 30. september 2016, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 13 frá 23. febrúar 2017, bls. 63–71, og nr. 78/2019 frá 29. mars 2019, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 88 frá 31. október 2019, bls. 1–6, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

 1. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuvíðskiptaskrár, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 17 frá 16. mars 2017, bls. 412–470.
 2. Reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1033 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga, reglugerð (ESB) nr.

596/2014 um markaðssvik og reglugerð (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör og verðbréfamiðstöðvar, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20 frá 26. mars 2020, bls. 66–72.

4. *Lög um ársreikninga, nr. 3/2006:*
 - a. Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í 2. tölul. 1. mgr. 1. gr., a-lið 9. tölul. 2. gr., þrívægis í 66. gr. a, 66. gr. b, 67. gr., 1. mgr. 87. gr. a, 87. gr. c, 87. gr. d, 87. gr. e, 91. gr., 4. mgr. 94. gr., 1. mgr. 94. gr. b, 1. mgr. 95. gr., 1. og 3. mgr. 100. gr., 1. mgr. 109. gr., 17., 18., 30. og 32. tölul. 122. gr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögnum kemur: markaði.
 - b. Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 17. tölul. 2. gr. og 87. gr. e laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga.
 - c. Í stað orðsins „verðbréfamarkaður“ í 38. tölul. 2. gr. laganna kemur: *markaður*.
 - d. Í stað tilvísunarinnar „lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti“ í 46. tölul. 2. gr. laganna kemur: lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
5. *Lög um einkahlutafélög, nr. 138/1994:* Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í 1. mgr. 6. gr. a og 3. tölul. 1. mgr. 70. gr. a laganna kemur: markaði.
6. *Lög um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019:* Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í a-lið 3. tölul. 2. gr. og 2. mgr. 36. gr. laganna kemur: markaði.
7. *Lög um erfðafjárskatt, nr. 14/2004:* Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ tvívægis í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: markaði.
8. *Lög um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011:* Í stað orðanna „að stunda viðskipti og þjónustu með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti“ í 9. tölul. 2. gr. laganna kemur: fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
9. *Lög um hlutafélög, nr. 2/1995:*
 - a. Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í 4. og 5. mgr. 1. gr., 1. mgr. 6. gr. a, 3. mgr. 26. gr. a, 3. mgr. 55. gr., 1. mgr. 80. gr. a, 2. mgr. 86. gr., 1. og 2. mgr. 88. gr. a, 1. mgr. 88. gr. b, 1. mgr. 88. gr. c, 1. mgr. 88. gr. d, 3. og 6. tölul. 1. mgr. 95. gr. a laganna kemur: markaði.
 - b. Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 2. mgr. 30. gr. laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga.
 - c. Í stað orðanna „skv. 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti“ í 3. mgr. 55. gr. laganna kemur: samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
10. *Lög um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999:*
 - a. Í stað orðanna „nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf“ í 1. gr. laganna kemur: veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - b. Í stað orðanna „nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti“ í 3. gr. laganna kemur: sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - c. Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:
 1. Í stað orðanna „verðbréfavíðskipta aðildarfyrirtækja“ í 1. tölul. 2. mgr. kemur: víðskipta aðildarfyrirtækja með fjármálagerninga.
 2. Í stað tilvísananna „c-lið 1. tölul. og a- og b-lið 2. tölul. 8. gr. laga um verðbréfavíðskipti“ í 2. tölul. 2. mgr. kemur: d-lið 14. tölul. og a-lið 63. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

3. Í stað orðanna „nýtir sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti“ í 6. mgr. kemur: veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
- d. Í stað orðanna „viðskiptabanka og sparisjóði og lög um verðbréfavíðskipti“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: fjármálafyrirtæki.
11. *Lög um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi, nr. 41/2015*: Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 3. mgr. 2. gr. laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga.
12. *Lög um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016*: Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 4. mgr. 5. gr. laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga.
13. *Lög um neytendalán, nr. 33/2013*: Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í f-lið 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga.
14. *Lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997*:
- Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga.
 - Á eftir orðunum „lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi“ í 31. gr. laganna kemur: lög um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - Á eftir tilvísuninni „laga þessara“ í 32. gr. laganna kemur: laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
15. *Lög um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020*:
- Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 1., 7., 9. og 32. tölul. 1. mgr. 3. gr., 3. mgr. 9. gr., 1. mgr. 24. gr., 3. mgr. 37. gr., 1. mgr. 38. gr., 4. mgr. 74. gr., og 4. mgr. 80. gr. laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerningar.
 - Í stað orðsins „verðbréfavíðskipta“ í 20. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna kemur: viðskipta með fjármálagerning.
 - Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 4. mgr. 19. gr. laganna kemur: viðskipti með fjármálagerninga.
 - Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í a-lið 5. tölul. og 23. og 32. tölul. 1. mgr. 3. gr., 2. mgr. 26. gr., 4. tölul. 89. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 93. gr. laganna kemur: markaði.
 - Í stað orðsins „verðbréfamarkaðar“ í 2. mgr. 26. gr. kemur: markaðar. Í stað orðsins „verðbréfamarkaða“ í 5. tölul. 89. gr., 2. mgr. 92. gr. og 3. tölul. 1. mgr. 93. gr. laganna kemur: markaða.
16. *Lög um samvinnufélög, nr. 22/1991*: Í stað orðanna „nr. 20/1989, um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði“ í 2. mgr. 47. gr. laganna kemur: um almenn útboð og töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði, upplýsingagjöf útgefenda, yfirtökur, innherjaupplýsingar og viðskipti innherja.
17. *Lög um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019*: Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: markaði.
18. *Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997*:
- Í stað orðanna „verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna“ í 5. tölul. 3. mgr. 29. gr. laganna kemur: viðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna með fjármálagerninga.
 - Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í 2., 3., 4. og 5. mgr. 36. gr. b og 36. gr. f laganna kemur: markaði.
19. *Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003*:
- Í stað orðsins „verðbréfamarkað“ í 4. tölul. B-liðar 30. gr. laganna kemur: markað.

- b. Í stað orðanna „opinberum verðbréfamarkaði“ í 4. mgr. 58. gr. laganna kemur: skipulegum markaði.
 - c. Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ tvívegis í 5. tölul. 73. gr. laganna kemur: markaði.
 - d. Í stað orðsins „verðbréfamarkaðir“ í 2. mgr. 92. gr. kemur: skipulegir markaðir.
20. *Lög um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016:*
- a. Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í 3. tölul. 1. mgr. 5. gr., b-lið 32. tölul. 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 113. gr., 8. mgr. 149. gr. og 6. mgr. 161. gr. laganna kemur: markaði.
 - b. Í stað orðsins „verðbréfamarkaður“ í 32. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: markaður.
21. *Lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga, nr. 7/2020:* Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 16. gr. laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga.
22. *Lög um verðbréfasjóði, nr. 128/2011:*
- a. Í stað orðsins „verðbréfavíðskipti“ í 6., 9. og 10. tölul. 2. gr., 5. mgr. 23. gr., 1. mgr. 47. gr. og 2. mgr. 62. gr. laganna kemur: markaði fyrir fjármálagerninga.
 - b. Í stað orðanna „staðist próf í verðbréfavíðskiptum, sbr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki“ í 1. mgr. 14. gr. og 6. mgr. 62. gr. laganna kemur: verðbréfaréttindi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.
 - c. Í stað orðsins „verðbréfamarkaði“ í a- og c-lið 1. tölul., 2. tölul. og 5. tölul. 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: markaði.
 - d. Í stað orðsins „verðbréfamarkaða“ í 6. og 7. tölul. 1. mgr. 30. gr., 2. mgr. 34. gr., 2., 3. og 4. mgr. 35. gr. og c-lið 1. tölul. 4. mgr. 59. gr. laganna kemur: markaða.
 - e. Í stað orðanna „lokið prófi í verðbréfavíðskiptum“ í 7., 26. og 39. tölul. 1. mgr. 65. gr. laganna kemur: verðbréfaréttindi.
23. *Lög um öryggi fyrir mæla í greiðslukerfum og verðbréfauppgjörskerfum, nr. 90/1999:* 13. tölul. 2. gr. laganna orðast svo: *Fjármálagerningur:* Fjármálagerningur í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga.
24. *Lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019:* Í stað orðanna „verðbréfamarkaða“ og „verðbréfavíðskipti“ í 9. tölul. 6. gr. laganna kemur: markaða; og: markaði fyrir fjármálagerninga.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið af nefnd sem fjármála- og efnahagsráðherra skipaði hinn 29. september 2015. Í henni eiga sæti, auk ráðuneytisins, Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn, Samtök fjármálafyrirtækja og Kauphöll Íslands. Nefndinni var falið að semja frumvarp til innleiðingar á ákvæðum tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (MiFID2) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR) í íslenskan rétt.

Uppsetning frumvarpsins miðast við að frumvarp til nýrra laga um aðgerðir gegn markaðssvikum öðlist gildi á sama tíma. Síðargreinda frumvarpið er í þinglegri meðferð (þskj. 992, 584. mál á 151. lögb. 2020–2021).

Því er ætlað að innleiða í íslenskan rétt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/ (e. Market abuse regulation, hér eftir MAR).

MiFID2, MiFIR og MAR eru tengdar, t.d. hvað varðar gildissvið og hugtakanotkun, og er því æskilegt að frumvarp þetta og frumvarp til laga um aðgerðir gegn markaðssvikum öðlist gildi á sama tíma. Gert er ráð fyrir gildistaka laganna verði 1. maí 2021.

2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Alþjóðlega fjármálakreppan árið 2008 leiddi í ljós breytingu í virkni og gagnsæi fjármálamarkaða. Samdóma álit alþjóðastofnana er að veikleikar í stjórnarháttum fjölda fjármálafyrirtækja, þ.m.t. verðbréfafyrirtækja, meðal annars skortur á öryggisventlum (e. checks and balances), hafi verið einn af þeim þáttum sem hrundu fjármálakreppunni af stað. Óhófleg og óvarleg áhættutaka getur leitt til falls einstaka fjármálafyrirtækja og aukinnar kerfisáhættu í einstaka ríkjum og á alþjóðavísu. Framferði einstaka fyrirtækja getur skaðað fjárfesta og dregið úr trausti þeirra til fjármálakerfisins. Þörf er á traustari lagaumgjörð um fjármálagerninga til að tryggja gagnsæi, efla fjárfestavernd, auka traust fjárfesta, fylla í glöppur á regluverki og tryggja að eftirlitsstofnanir hafi nægar valdheimildir til að sinna verkefnum sínum. Í því skyni hefur Evrópusambandið (ESB) samþykkt nýtt regluverk um markaði fyrir fjármálagerninga, þ.e. MiFID2 og MiFIR, sem ætlað er að leysa af hólmi eldra regluverk á sama sviði, þ.e. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE (MiFID1).

MiFID2 felur í sér þó nokkrar breytingar frá því sem hefur gilt frá setningu MiFID1. Hið nýja regluverk hefur víðtækara gildissvið, tekur mið af tækninýjungum og er meðal annars ætlað að auka gagnsæi í viðskiptum með fjármálagerninga og skerpa á fjárfestavernd. MiFID2 hefur t.d. í för með sér breytingar á gildandi reglum um starfsleyfi, viðskiptahætti og skipulagskröfur til verðbréfafyrirtækja auk nýrra tegunda viðskiptavettvanga.

MiFIR felur í sér víðtækari kröfur en í MiFID1 um gagnsæi fyrir og eftir viðskipti. Þá eru eftirlitsstjórnvöldum færðar valdheimildir til að hlutast til um markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinna fjármálaafurða, samsettra innstæðna og samsettra innstæðna með tiltekin ein-kenni, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Íhlutunarheimildir þeirra geta einnig náð til tiltekinna fjármálastarfsemi eða framkvæmdar á fjármálamarkaði.

Mikilvægt er að samræma þær reglur sem gilda hér á landi við þær sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu enda er með því best gætt að hagsmunum markaðarins, fjárfesta og almennings og ýtt undir aukna starfsemi erlendra fyrirtækja hér á landi og íslenskra fyrirtækja erlendis. Verði ekkert aðhafst mun það hafa áhrif á stöðu Íslands og íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum fjármálamörkuðum auk þess að brjóta gegn alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á grundvelli EES-samningsins.

3. Meginefni frumvarpsins.

Lagt til að sett verði ný heildarlög um markaði fyrir fjármálagerninga sem leiða ákvæði MiFID2 og MiFIR í íslenskan rétt.

Jafnframt er lagt til að lög um kauphallir, nr. 110/2007, falli brott og að þó nokkrar breytingar verði gerðar á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007, og lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Auk þess eru lagðar til minni háttar afleiddar breytingar á 20 öðrum lögum, aðallega hvað varðar vísanir á milli laga og hugtakanotkun.

Frumvarpið fjallar um:

1. Þær kröfur sem gerðar eru til verðbréfafyrirtækja.
2. Þær kröfur sem gerðar eru til rekenda markaða og markaðanna sjálfra.
3. Þær kröfur sem gerðar eru til veitenda gagnaskýrsluþjónustu.
4. Þær reglur sem gilda um skuldajöfnuð og tryggingarétt í tengslum við afleiður.

Á grundvelli MiFID2 og MiFIR, sem eru móðurgerðir, hefur ESB gefið út um 60 breytingagerðir og afleiddar gerðir sem meðal annars útfæra nánar ýmis ákvæði móðurgerðanna auk jafngildisákvæðana sem kalla ekki á sérstaka upptöku í íslenskan rétt. Lagt er til að þessar breytingagerðir og afleiddu gerðir verði innleiddar í íslenskan rétt þannig:

1. Breytingagerðum og afleiddum reglugerðum sem ekki byggja á tæknistöðlum frá ESMA verði veitt lagagildi með frumvarpi þessu.
2. Afleiddar tilskipanir verði innleiddar með reglugerð ráðherra.
3. Afleiddar reglugerðir sem byggja á tæknistöðlum ESMA verði innleiddar með reglum Seðlabanka Íslands.

4. Helstu breytingar frá gildandi rétti.

4.1. Gildissvið.

Gildissvið MiFID1-tilskipunarinnar var einskorðað við verðbréfafyrirtæki, markaðstorg fjármálagerninga og rekstur skipulegra markaða. Við innleiðingu MiFID1 í íslenskan rétt var ákvæðum hennar fundinn staður í lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, að undanskildum ákvæðum um skipulega markaði sem enduðu í lögum um kauphallir, nr. 110/2007, og veitingu starfsleyfa verðbréfafyrirtækja sem enduðu í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Gildissvið MiFID2 og þessa frumvarps er víðtækara en samkvæmt MiFID1 og gildandi lögum. Frumvarpið nær einnig til reksturs skipulegra markaðstorga, veitenda gagnaskýrsluþjónustu, tiltekinna fyrirtækja frá þriðju löndum og annarra aðila eftir atvikum.

Þá eru losunarheimildir felldar undir skilgreininguna á fjármálagerningi og tiltekin ákvæði frumvarpsins ná til samsettra innstæðna sem er nýmæli. Þá felur frumvarpið í sér ýmis önnur nýmæli sem nánar er fjallað um hér að neðan, svo sem hátíðnivíðskipti.

Sjá nánar um gildissvið í umfjöllun um 1. gr. frumvarpsins.

4.2. Samspil við lög um fjármálafyrirtæki.

Með frumvarpinu er lagt til að ákvæði um veitingu starfsleyfis verðbréfafyrirtækis séu felld úr lögum um fjármálafyrirtæki og þeim fundinn nýr staður í I. kafla 2. þáttar frumvarpsins. Ýmis ákvæði laga um fjármálafyrirtæki munu þó eftir sem áður eiga við um verðbréfafyrirtæki. Ber þar einna helst að nefna þau ákvæði sem byggja á tilskipun 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum (CRDIV) og fjalla sérstaklega um verðbréfafyrirtæki. Er því lögð til breyting á 1. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, þar sem tilgreint er hvaða ákvæði laganna gildi ekki um verðbréfafyrirtæki.

Ákvæði frumvarpsins eiga við um lánastofnanir sem hafa starfsleyfi/-heimild sem verðbréfafyrirtæki þegar þau veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi. Ákvæði frumvarpsins eiga einnig við um það þegar lánastofnanir veita viðbótarþjónustu þegar hún er veitt í nánnum tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi.

Ákvæði frumvarpsins um tilkynningar um víðskipti yfir landamæri eiga við um lánastofnanir en gert er ráð fyrir að í framkvæmd þá verði þau uppfyllt með sambærilegum tilkynningum um víðskipti yfir landamæri á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki.

4.3. Breytingar á meginhugtökum.

Í frumvarpinu er lagt til að enska orðasambandið *investment services and activities* verði þýtt sem „fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi“ í stað þess að þýða það sem „verðbréfavíðskipti“, til að koma í veg fyrir misskilning. Reglugerðir ESB sem byggja á MiFID2

og MiFIR verður að þýða og birta án þess að framkvæma neinar teljandi breytingar. Óæskilegt er að hugtakið sé þýtt á einn veg í lögum sem innleiða MiFID2 og MiFIR og á anna veg í afleiddum gerðum sem innleiddar verða með stoð í lögnum.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að enska orðasambandið *regulated market* verði þýtt sem „skipulegur markaður“ í stað „skipulegur verðbréfamarkaður“. Breytingin helgast af því að hin nýja þýðing er nær frumtextanum og auk þess verða ekki aðeins verðbréf sem munu ganga kaupum og solum á markaðinum.

4.4. Skipulegt markaðstorg, vaxtarmarkaðir lítilla og meðalstórra fyrirtækja og innmiðlarar.

Í MiFID2 er að finna nýjan flokk markaða fyrir fjármálagerninga, til viðbótar við skipulega markaði og markaðstorg fjármálagerninga, en hið síðarnefnda var nýmæli í MiFID1. Hinn nýi flokkur kallast skipulegt markaðstorg (e. organised trading facility, OTF) og er marghliða viðskiptakerfi þar sem hægt er að eiga viðskipti með fjármálagerninga, aðra en hlutabréf. Helsti munurinn á þessum þremur mörkuðum er sá að á skipulegum mörkuðum fara fram viðskipti samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum með fjármálagerninga sem hafa verið teknir til viðskipta, á markaðstorgi fjármálagerninga fara einnig fram viðskipti samkvæmt ófrávíkjanlegum reglum en með gerninga sem ekki hafa verið teknir til viðskipta. Á skipulegu markaðstorgi eru ekki slíkar ófrávíkjanlegar reglur um viðskiptin, sem leiðir til mun meiri sveigjanleika, og viðskipti fara fram með gerninga, aðra en hlutabréf, sem ekki hafa verið teknir til viðskipta.

Verðbréfafyrirtæki og kauphallir geta rekið skipulega markaði, markaðstorg fjármálagerninga og skipulegt markaðstorg. Í MiFID2 er að finna ítarlegri kröfur til stjórnarháttá og viðskiptakerfa rekstraraðila viðskiptavettvangs, sem eru í líkingu við kröfur sem gerðar eru til verðbréfafyrirtækja. Þá er einnig nýmæli í MiFID2 að rekstraraðili markaðstorgs fjármálagerninga getur sótt um að skrá það sem vaxtarmarkað lítilla og meðalstórra fyrirtækja (e. SME growth market), sem felur í sér að gerðar eru minni kröfur en á hefðbundnum markaðstorgum fjármálagerninga og gera má ráð fyrir að lægri kostnaður fylgi töku fjármálagerninga til viðskipta á því.

Til viðbótar við hina þrjá flokka viðskiptavettvanga með fjármálagerninga gerir gildandi löggjöf ráð fyrir innmiðlurum, sem eru verðbréfafyrirtæki sem eiga tíð, skipuleg og kerfisbundin viðskipti fyrir eigin reikning í verulegum mæli með því að framkvæma pantanir viðskiptavina sinna utan skipulegs markaðar, markaðstorgs fjármálagerninga og skipulegs markaðstorgs. Innmiðlarar voru skilgreindir í MiFID1, en núna er það ákvarðað samkvæmt meginlegum viðmiðum sem byggja á tíðni og umfangi viðskipta hvort viðkomandi aðili teljist innmiðlari.

Munurinn á skipulegu markaðstorgi og innmiðlara er að hið fyrrnefnda felur í sér marghliða viðskiptakerfi, en innmiðlarar reka tvíhliða pörunarkerfi þar sem fyrirmæli viðskiptavina eru ávallt pöruð við eigin reikning innmiðlarans

4.5. Breytingar á reglum um skipulega markaði og markaðstorg fjármálagerninga.

MiFID2 felur í sér ítarlegar reglur um stjórnarhætti fyrirtækja sem reka skipulega markaði, markaðstorg fjármálagerninga og skipulegt markaðstorg. Reglurnar fela meðal annars í sér kröfur um samsetningu stjórnar og hæfisskilyrði stjórnarmanna, takmarkanir á því hversu mörgum stöðum stjórnendum er heimilt að gegna og kröfu um að stjórnarmenn hafi nægan tíma til að sinna störfum sínum.

4.6. Gagnsæi.

MiFID2 og MiFIR er ætlað að auka gagnsæi og bæta virkni innri markaðarins fyrir fjármálagerninga með því að samræma kröfur um gagnsæi í viðskiptum með þá. Regluverkinu er þannig ætlað að taka til ólíkra tegunda fjármálagerninga og bæta frekar kröfur um gagnsæi tilboða og viðskipta vegna hlutabréfa sem fram komu með MiFID1. Það er til að mynda gert með strangari reglum um að viðskipti fari fram á viðskiptavettvangi.

4.7. Skylda til að veita aðgreindar viðskiptaupplýsingar á sanngjörnum viðskiptakjörum.

Rekstraraðilum viðskiptavettvangs er skylt að veita aðgang að gögnum þar sem forviðskiptagögn (e. pre-trade) og eftirviðskiptagögn eru aðgreind (e. post-trade). Upplýsingarnar skulu gerðar aðgengilegar almenningi á sanngjörnum viðskiptakjörum og jafnræði skal tryggt varðandi aðgengi að þeim. Enn fremur skal gera upplýsingarnar aðgengilegar, án kostnaðar, 15 mínútum eftir að þær voru gerðar opinberar.

4.8. Vörubrúun og dreifing fjármálagerninga.

Gerðar eru nýjar kröfur til verðbréfafyrirtækja, sem eiga bæði við um þá sem framleiða fjármálagerninga og þá sem dreifa þeim. Verðbréfafyrirtæki sem framleiðir fjármálagerninga sem ætlaðir eru til sölu til viðskiptavina skal koma á vörubrúunarferli vegna sérhvers fjármálagernings áður en þeir eru settir á markað eða þeim er dreift til viðskiptavina. Í því skal skilgreina tiltekinn markhóp endanlegra viðskiptavina innan viðkomandi flokks viðskiptavina fyrir hvern fjármálagerning og tryggja að áhættur sem skipta máli séu metnar og að fyrirhuguð dreifing samrýmist markhópnum. Verðbréfafyrirtæki sem býður til sölu eða mælir með fjármálagerningi sem það framleiðir ekki sjálf skal hafa til staðar fullnægjandi fyrirkomulag til að afla nauðsynlegra upplýsinga, skilja einkenni fjármálagerningsins og hver sé markhópur hans.

4.9. Beinn rafrænn aðgangur.

Beinn rafrænn aðgangur felur í sér að þátttakandi eða viðskiptavinur veitir aðila heimild til að nýta sér viðskiptaaudkenni sitt til að fá aðgang að viðskiptavettvangi og getur þar sent rafræn fyrirmæli tengd fjármálagerningi til vettvangsins. Þetta gefur aðilanum fulla stjórn á fyrirmælunum niður á sekúndubrot sem fyrirmælin berast, líftíma fyrirmælanna og veitir ákvörðunarrétt varðandi það til hvaða miðlara eða viðskiptavettvangs fyrirmælin eiga að berast. Gerðar eru miklar kröfur til viðskiptavettvangs um eftirlit með þeim aðilum sem hafa beinan rafrænan aðgang.

4.10. Hátíðniviðskipti.

Hátíðniviðskiptataekni með notkun algríms (e. high-frequency algorithmic trading technique) er þegar viðskiptakerfi greinir gögn eða merki frá markaðinum á miklum hraða og svarar þeirri greiningu með því að senda eða uppfæra mikinn fjölda tilboða á skömmum tíma. Fjárfestar geta þannig átt hraðari, umfangsmeiri og flóknari viðskipti, en innviðum kerfisins er ætlað að draga eins og kostur er úr biðtíma netkerfisins. Kerfisákvörðunin um að setja af stað, búa til, beina eða framkvæma fyrirmæli um viðskipti er án mannglegrar íhlutunar. Viðskiptin eru venjulega framkvæmd af fyrirtækjum sem nota eigin reikning til að eiga viðskipti og fela öðru fremur í sér notkun á háþróaðri tækni til að leggja fram tilboð og koma á viðskiptum t.d. við viðskiptavakt eða við stöðutöku.

Greitt verður fyrir hátíðniviðskiptum á þann hátt að markaðsaðilar samnýti aðstöðu sem er nálægt þeim stað þar sem pörunarvél (e. matching engine) viðskiptavettvangs er staðsett.

Nauðsynlegt er að gera þá kröfu til viðskiptavettvangs að láta í té slíka samnýtingarþjónustu án mismununar og á sanngjarnan og gagnsæjan hátt til að tryggja reglubundin og sanngjörn viðskiptaskilyrði.

Ýmiss konar áhætta getur þó fylgt þessari viðskiptatækni, svo sem aukin hætta á yfirálagi á kerfi viðskiptavettvangs vegna mikils fjölda fyrirmæla, hættu á að algrímsviðskipti hafi í för með sér tvítekingu á fyrirmælum eða að þau séu röng eða trufluð þannig að þau skapi óróa á markaði. Auk þess er hætta á að algrímsviðskiptakerfi bregðist of harkalega við öðrum atburðum á markaði sem geta aukið óstöðugleika ef markaðurinn á þegar við vandamál að etja. Loks geta algrímsviðskipti eða hátíðniðskipti með notkun algríms, líkt og öll önnur form viðskipta, leitt til háttsemi sem er óheimil samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik.

Bæði verðbréfafyrirtæki og viðskiptavettvangar eiga því að sjá til þess að fyrir hendi séu öflugar ráðstafanir sem tryggja að algrímsviðskipti eða hátíðniðskipti með notkun algríms valdi ekki glundroða á markaði og að ekki sé hægt að nota þau í svíksamlegum tilgangi eða á ólögmetan hátt. Viðskiptavettvangar eiga einnig að tryggja að viðskiptakerfi þeirra þoli álag og séu prófuð á réttan hátt til þess að taka við auknu flæði fyrirmæla eða álagi á mörkuðum og að straumrofar séu fyrir hendi á viðskiptavettvangi til að stöðva viðskipti eða takmarka þau þegar skyndilegar eða óvæntar verðbreytingar eiga sér stað.

4.11. Viðskiptatilkynningar.

Verðbréfafyrirtækjum ber að gera opinberar upplýsingar um magn og verð í viðskiptum með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, hlutdeildarskírteini og sambærilega fjármálagerninga sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi ásamt tímasetningu viðskiptanna. Sams konar skylda er lögð á verðbréfafyrirtæki vegna viðskipta með skuldabréf, samsetta fjármálagerninga, losunarheimildir og afleiður sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi. Krafan á við hvort sem viðskiptin eru fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavinar og nær skyldan til birtingar upplýsinga um viðskipti sem ekki eru framkvæmd á viðskiptavettvangi, enda eru upplýsingar um viðskiptin þá birt þar.

4.12. Veitendur gagnaskýrsluþjónustu.

Veitendur gagnaskýrsluþjónustu er yfirheiti þrenns konar mismunandi nýrrar starfsleyfis-skyldrar starfsemi:

- Viðurkennd birtingarþjónusta (e. approved publication arrangement, APA) sem er aðili sem birtir viðskiptaskýrslur fyrir hönd verðbréfafyrirtækja skv. 20. og 21. gr. MiFIR.
- Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (e. consolidated tape provider, CTP) sem er aðili sem safnar saman viðskiptaskýrslum um fjármálagerninga skv. 6., 7., 10., 12., 13., 20. og 21. gr. MiFIR frá skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga, skipulegum markaðstorgum og viðurkenndum birtingarþjónustum og sameinar í einn samfelldan rauntímagagnastraum sem sýnir upplýsingar um verð og magn fyrir hvern fjármálagerning.
- Viðurkennt skýrslugjafarkerfi (e. approved reporting mechanism, ARM) sem er aðili sem veitir lögbærum yfirvöldum eða ESMA upplýsingar um viðskipti fyrir hönd verðbréfafyrirtækja.

Sjá nánari umfjöllun hér að neðan um APA og CTP.

4.13. Viðurkennd birtingarþjónusta (APA).

Verðbréfafyrirtæki skal gera viðskiptaupplýsingar opinberar með viðurkenndri birtingarþjónustu (APA). APA er nýmæli í MiFID2. Með því að kynna hana til sögunnar er ætlunin að auka gæði upplýsinga um OTC-viðskipti og tryggja að upplýsingarnar séu birtar á þann hátt að auðvelt sé að sameina þær upplýsingum um viðskipti sem fram fara á viðskiptavettvangi.

Starfsemi APA er starfsleyfisskyld og ber rekstraraðila að uppfylla tilgreindar skipulagskröfur sem kveða meðal annars á um að þeim beri að birta upplýsingar eins nærri rauntíma og tæknilega er mögulegt og á eðlilegum viðskiptakjörum. Að 15 mínútum liðnum frá upphaflegri tilkynningu skal APA veita aðgang að upplýsingunum án endurgjalds. Upplýsingarnar skal birta á sniði sem gerir kleift að sameina þær auðveldlega sams konar gögnum frá öðrum aðilum.

APA skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Sem dæmi skal rekstraraðili APA sem einnig rekur viðskiptavettvang eða er verðbréfafyrirtæki gæta jafnræðis við söfnun upplýsinga og aðgreina mismunandi rekstur. APA ber að gera traustar öryggisráðstafanir meðal annars í þeim tilgangi að tryggja að gögn spillist ekki og til að koma í veg fyrir upplýsingaleka áður en upplýsingar eru gerðar opinberar. APA skal jafnframt vera með varakerfi á öðrum stað (e. back-up facilities) þannig að ekki verði truflun á þjónustunni. APA er einnig skyld að hafa kerfi sem auðkennir augljósar villur og sannprófar á skilvirknan hátt að ekki vanti upplýsingar í viðskiptatilkynningar.

4.14. Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP).

Þar sem viðskiptavettvöngum hefur fjölgað og samkeppni á milli þeirra aukist mikið á undanförunum árum hefur skapast brýn þörf fyrir að setja á laggirnar gagnastraum með sameinuðum upplýsingum um viðskiptatilkynningar. Uppsetning slíks gagnastraums er til þess fallin að stuðla enn frekar að samþættingu evrópska markaðarins og gera markaðsaðilum auðveldara að fá heildarsýn yfir þær viðskiptatilkynningar sem eru aðgengilegar.

Þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP) er aðili sem hefur fengið starfsleyfi til að veita þjónustu við að safna viðskiptatilkynningum vegna ákveðinna fjármálagerninga og sameina þær í samfelldan rauntímagagnastraum.

Gerð er krafa um að þeir sem fái heimild til að reka CTP afli upplýsinga frá öllum viðskiptavettvöngum og viðurkenndum tilkynningavettvöngum. Ætlunin með þessu er að skapa hvata fyrir þjónustuveitendur til að keppast við að bjóða upp á góða þjónustu til viðskiptavina í stað þess að keppast um að veita gögn frá sem flestum vettvöngum.

Upplýsingar sem CTP aflar skulu sameinaðar í samfelldan gagnastraum. Upplýsingar um verð og magn fyrir einstaka fjármálagerninga skulu þannig gerðar aðgengilegar almenningi í sem næst rauntíma og á sanngjörnum viðskiptakjörum. Upplýsingarnar skulu loks gerðar aðgengilegar, án þess að gjald sé tekið fyrir það, 15 mínútum eftir að CTP gerði þær upphaflega opinberar.

Þjónustuveitendur skulu uppfylla skipulagskröfur og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Sérstaklega er tilgreint að ef þjónustuveitandi rekur einnig viðskiptavettvang eða er rekstraraðili tilkynningavettvangs skuli hann gæta jafnræðis við söfnun upplýsinga og aðgreina starfssvið í rekstrinum. Þá ber þjónustuveitanda að gera traustar öryggisráðstafanir meðal annars í þeim tilgangi að tryggja að gögn spillist ekki og til að koma í veg fyrir upplýsingaleka áður en upplýsingar eru gerðar opinberar. Loks ber þjónustuveitanda að vera með varakerfi á öðrum stað þannig að ekki verði truflun á þjónustunni.

4.15. Verðbréfaréttindi.

Fyrirkomulag prófs í verðbréfavíðskiptum, áður nefnt löggilding verðbréfamiðlara, hefur verið að mestu leyti óbreytt frá því að það kom fyrst til sögunnar fyrir tæplega 30 árum. Upphaflega var starfsemi verðbréfamiðlara bundin við sérstakt starfsleyfi og til að öðlast leyfið þurftu einstaklingar að uppfylla ýmis hæfisskilyrði. Það var ekki fyrr en árið 1989 að starfsleyfið var bundið því skilyrði að einstaklingar hefðu sótt námskeið og staðist próf í verðbréfamiðlun, sem nú nefnist verðbréfavíðskiptapróf. Það má segja að lítil breyting hafi orðið á þeim námsgreinum sem eru til prófs frá því að fyrsta reglugerðin um prófið var sett. Þær breytingar sem hafa verið gerðar varða fyrst og fremst hvaða starfsstéttum er skylt að hafa verðbréfavíðskiptapróf.

Samkvæmt gildandi lögum skulu eftirtaldir aðilar hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum:

1. starfsmenn fjármálafyrirtækis sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við víðskipti með fjármálagerninga, skv. 1. mgr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002,
2. einkaumboðsmenn, skv. 3. mgr. 20. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007,
3. aðilar sem sinna eignastýringu eignasafna lífeyrissjóðs, skv. 4. mgr. 34. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997,
4. framkvæmdastjórar rekstrarfélags og sjóðstjórar verðbréfasjóða, skv. 1. mgr. 14. gr. laga um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011, og
5. sjóðstjórar fjárfestingarsjóða, skv. 4. mgr. 80. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

Á síðastliðnum árum hefur fyrirkomulag verðbréfavíðskiptaprófa verið endurskoðað annars staðar á Norðurlöndum, meðal annars til að bregðast við nýjum kröfum byggðum á MiFID2 og þróuninni í Bandaríkjunum. Tilhögun prófanna er þannig að annars vegar er boðið upp á verðbréfavíðskiptapróf og hins vegar sérhæfðara próf fyrir fjárfestingarráðgjafa. Getur það hvort sem er verið í formi viðbótarprófs, þar sem grunnpróf er nauðsynlegur undanfari fjárfestingarráðgjafaprófsins, eða samhliða próf, þar sem ekki er nauðsynlegt að taka grunnpróf áður en fjárfestingarráðgjafaprófið er tekið.

Umrædd þróun og þær nýju kröfur sem byggja á MiFID2 gáfu fullt tilefni til að endurskoða fyrirkomulagið á Íslandi. Á grundvelli skýrslu, sem dr. Andri Fannar Bergþórsson vann fyrir prófnefnd verðbréfavíðskipta um endurskoðun á fyrirkomulagi prófs til verðbréfavíðskipta frá janúar 2019, eru í frumvarpinu lagðar til eftirfarandi breytingar á fyrirkomulagi prófs í verðbréfavíðskiptum á Íslandi:

1. Að um sé að ræða réttindi en ekki próf – verðbréfaréttindi.

Annars staðar á Norðurlöndum er ekki aðeins gerð krafa um að tilteknir aðilar á verðbréfa-markaði hafi staðist próf heldur er þess krafist að þeir hafi öðlast ákveðin réttindi, þar sem eitt af skilyrðum fyrir veitingu réttindanna er að viðkomandi hafi staðist próf, t.d. í verðbréfavíðskiptum. Fram til ársins 1996 var talað um löggilding verðbréfamiðlara á Íslandi en nú er einungis gerð krafa um að hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum. Í frumvarpinu er lagt til að gerð sé krafa um réttindi, verðbréfaréttindi, hjá þeim sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi en ekki aðeins próf, líkt og er gert í gildandi lögum.

2. *Ad þeir starfsmenn sem veiti fjárfestingarráðgjöf skuli hafa verðbréfaréttindi meðal annars til að bregðast við nýjum kröfum MiFID2.*

Nú er ekki gerð krafa um að starfsmenn sem veita fjárfestingarráðgjöf hafi sérstök réttindi eða hafi staðist tiltekið próf. Með MiFID2 eru gerðar auknar kröfur til þeirra starfsmanna sem veita fjárfestingarráðgjöf eða upplýsingar um fjármálagerninga og fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu fyrir hönd verðbréfafyrirtækis. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) gaf árið 2017 út viðmiðunarreglur um viðmið til að meta nauðsynlega þekkingu og hæfni þeirra aðila sem veita fjárfestingarráðgjöf eða upplýsingar um fjármálagerninga og fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins.

Kröfur til starfsmanna sem veita fjárfestingarráðgjöf eru töluverðar enda hefur þróunin með MiFID2 verið í þá átt að auka enn frekar fjárfestavernd. Annars staðar á Norðurlöndum hefur verið brugðist við þessum auknu kröfum með því að bjóða upp á sérpróf fyrir fjárfestingarráðgjafa. Í Svíþjóð var farin sú leið að bjóða upp á svokallað ráðgjafapróf sem nær til þeirra aðila sem sinna váttryggingamiðlun, veita neytendum fjármálaráðgjöf og veita viðskiptavinum fjárfestingarráðgjöf. Í Finnlandi og Danmörku er boðið upp á próf sem nær einungis til fjárfestingarráðgjafar eins og hún er skilgreind í MiFID2.

Með hliðsjón af innleiðingu á MiFID2 og þróuninni annars staðar á Norðurlöndum er lagt til í frumvarpinu að gerð verði sú krafa að þeir starfsmenn verðbréfafyrirtækis sem veiti fjárfestingarráðgjöf hafi verðbréfaréttindi.

3. *Ad gerð verði krafa um endurmenntun hjá þeim aðilum sem hafa verðbréfaréttindi.*

Annars staðar á Norðurlöndum er mikil áhersla lögð á endurmenntun þeirra aðila sem hafa lokið prófi og öðlast réttindi, hvort sem það eru verðbréfaréttindi eða sérhæfðari réttindi. Í Noregi og Svíþjóð gefa verðbréfasamtök landanna árlega út námsefni, en aðildarfélögin bera ábyrgð á því að starfsmennirnir ljúki tilskildri endurmenntun. Í Noregi þurfa starfsmenn til að mynda að þreyta árlegt þekkingarpróf til að viðhalda réttindum sínum. Samkvæmt reglugerð í Danmörku er gerð sú krafa að starfsmenn taki próf á þriggja ára fresti til að halda fjárfestingarráðgjafaréttindum. Þá er í Finnlandi gerð sú krafa að starfsmaður þurfi að þreyta prófið aftur ef hann hefur ekki starfað á því sviði sem réttindin taka til í fimm ár.

Farin er sú leið í frumvarpinu að gera ekki kröfu um sérstakt próf til að viðhalda verðbréfaréttindum. Í staðinn er gerð krafa um að þeir aðilar sem hafa öðlast réttindin sæki endurmenntun sem tryggir að þeir viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Krafan um endurmenntun á einnig við um þá aðila sem hafa fyrir gildistöku laganna, verði frumvarpið að lögum, staðist próf í verðbréfavíðskiptum samkvæmt eldri lögum eða hlotið löggilt leyfi til verðbréfamíðlunar samkvæmt eldri lögum og uppfylla þar með skilyrði frumvarpsins til að öðlast verðbréfaréttindi.

4.16. *Viðskiptavakt.*

Með frumvarpinu eru lagðar til þó nokkrar breytingar á núverandi fyrirkomulagi þess hvenær aðili telst stunda viðskiptavakt og þá vera viðskiptavaki.

Í 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, er aðeins gert ráð fyrir því að fjármála-fyrirtæki gerist viðskiptavaki fyrir viðkomandi fjármálagerning með sérstökum samningi við útgefanda hans. Með viðskiptavakt er hér átt við að fjármála-fyrirtæki skuldbindi sig til að kaupa og selja fyrir eigin reikning eða reikning útgefanda tiltekna fjármálagerninga í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim.

Í 83. gr. frumvarpsins er lögð sú skylda á skipulega markaði að gera skriflegan samning við öll verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskiptavakt á markaðinum og, ef þörf er á, áætlun til

að tryggja nægilegan fjölda verðbréfafyrirtækja með slíka samninga svo að seljanleiki sé nægilegur. Í 64. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er viðskiptavaki skilgreindur sem aðili sem starfar á fjármálamörkuðum og gefur sig jafnan út fyrir að vilja eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að kaupa og selja fjármálagerninga með eiginfjármagni sínu á verði sem hann ákveður. Þetta nýja fyrirkomulag kemur ekki í veg fyrir að útgefandi semji við fjármálafyrirtæki um viðskiptavakt fyrir tiltekinn fjármálagerning.

Nánar er fjallað um viðskiptavakt í reglugerð (ESB) 2017/578 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina kröfurnar um viðskiptavaktarsamninga og viðskiptavaktarkerfi.

Jafnframt hefur ESMA birt spurningar og svör um álitaefni um þær kröfur sem gerðar eru til markaðsuppyggingar samkvæmt MiFID2 og MIFIR, sjá ESMA70-872942901-38.

4.17. Samsettar innstæður.

Samsettar innstæður falla ekki innan gildissviðs laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, enda var ekki sérstaklega fjallað um þær í MiFID1. Með MiFID2 eru í fyrsta skipti settar sérstakar reglur innan EES um samsettar innstæður. Um er að ræða innlán sem er endurgreiðanlegt að fullu á gjalddaga en vextir stýrast af reiknireglu sem tekur til þátta svo sem vísitalna, fjármálagerninga, hrávara eða gengi erlendra gjaldmiðla. Má því segja að þær séu nokkurs konar blanda innstæðu og fjármálaafurðar.

Samsettar innstæður falla ekki undir skilgreiningu frumvarpsins á fjármálagerningi og gilda ákvæði þess aðeins að hluta til um þær, sbr. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

4.18. Taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði

Í frumvarpinu er lagt til að aþnuminn verði einkaréttur fjármálafyrirtækja á því að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum markaði. Tillagan byggist á því að MiFID2 gerir ekki ráð fyrir að taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði sé starfsleyfisskyld starfsemi og ekki verður séð að þörf sé á slíkri takmörkun á atvinnufrelsi. Sjá nánari umfjöllun í lok 5. kafla um svigrúm við upptöku í landsrétt.

4.19. Fjárfestavernd og viðskiptahættir.

Ákvæði í frumvarpinu um hagsmunaárekstra eru ítarlegri en samkvæmt gildandi rétti. Ekki er lengur nóg að verðbréfafyrirtæki greini (e. identify) hagsmunaárekstra og geri allar tiltækar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þeir skaði hagsmuni viðskiptavina þess heldur skulu þau einnig koma í veg fyrir eða takast á við (e. prevent or manage) þá. Gerðar eru ítarlegri kröfur en áður varðandi skyldu verðbréfafyrirtækja til að upplýsa viðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunaárekstra.

Þá er horft til hagsmunaárekstra sem koma til vegna hvata (e. inducement) frá þriðja aðila eða kaupaukakerfis verðbréfafyrirtækis. Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að greiða eða fá greidda þóknun í tengslum við fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu nema greiðslan sé til þess fallin að auka gæði þjónustunnar, komi ekki í veg fyrir að verðbréfafyrirtækið uppfylli skyldur sínar að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni viðskiptavina sinna og viðskiptavinurinn sé upplýstur um greiðsluna. Við veitingu óháðrar fjárfestingarráðgjafar og eignastýringarþjónustu er verðbréfafyrirtæki enn fremur óheimilt að taka við og halda eftir hvata frá þriðja aðila, nema um sé að ræða minni háttar, ófjárhagslegan ávinning sem sé til þess fallinn að efla gæði þjónustunnar, komi ekki í veg fyrir að verð-

bréfafyrirtækið uppfylli skyldur sínar að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni viðskiptavina sinna og viðskiptavinurinn sé upplýstur um greiðsluna. Fjárfestinga- og fjármálagreiningar geta fallið undir skilgreininguna á hvata.

4.20. Almennar meginreglur og upplýsingar til viðskiptavina.

Verðbréfafyrirtæki ber að upplýsa viðskiptavini sína um ákveðna þætti tengda fjárfestingar- og viðbótarþjónustu með hæfilegum fyrirvara. Veita skal mun ítarlegri upplýsingar en áður, t.d. um hvort fjárfestingarráðgjöf sé veitt á óháðum grunni, hvort greining á fjármálagerningum hafi farið fram og hvort verðbréfafyrirtækið muni reglulega meta hæfi þeirra fjármálagerninga sem það hefur mælt með. Ákvæði um ráðgjöf sem er veitt er á óháðum grunni er nýmæli. Þá gilda strangari kröfur um eignastýringu en áður, þ.e. að þegar slík þjónusta er veitt skuli verðbréfafyrirtæki ekki taka við eða halda eftir þóknun, umboðslaunum eða fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi, sem sé greiddur eða veittur af þriðja aðila. Þó sé heimilt að taka við minni háttar ófjárhagslegum ávinningi sem sé til þess fallinn að auka gæði þjónustunnar.

Þá er nýtt ákvæði sem skyldar verðbréfafyrirtæki að tryggja að þegar það veitir viðskiptavininum sínum fjárfestingarþjónustu sé starfsmönnum ekki umbunað á neinn hátt eða frammi- staða þeirra metin þannig að það stangist á við þá skyldu að hafa hagsmuni viðskiptavinar ávallt að leiðarljósi. Ekki er heimilt að hvetja til þess í starfskjarastefnu, sölumarkmiðum eða með samkomulagi við starfsmenn að þeir mæli með ákveðnum fjármálagerningum við almenna fjárfesta þegar verðbréfafyrirtækið gæti boðið aðra fjármálagerninga sem mættu betur þörfum viðskiptavinarins og fái fyrir það einhvers konar umbun. Þegar fjárfestingarþjónusta er í boði ásamt annarri þjónustu eða vöru eða sem hluti af pakka eða sem skilyrði fyrir sama samningi eða pakka, skal verðbréfafyrirtækið upplýsa viðskiptavini um það hvort það sé hægt að kaupa einstakar einingar pakkans sérstaklega og veita þá upplýsingar um kostnað og gjöld fyrir hverja einingu. Upplýsa skal sérstaklega um þá áhættu sem fylgir slíkum kaupum.

4.21. Mat á hæfi og tilhlýðileika.

Verðbréfafyrirtæki skal, þegar það aflar upplýsinga við veitingu fjárfestingarráðgjafar eða sinnir eignastýringu, einnig afla upplýsinga um getu viðskiptavinarins til að bera tap og hvert áhættuþol hans er. Þegar verðbréfafyrirtæki veita framangreinda þjónustu sem hluta af pakka (e. package of services or products bundled) skal það ganga úr skugga um að allar þær tegundir þjónustu sem felist í pakkanum hæfi viðskiptavininum. Áður en verðbréfafyrirtæki á viðskipti fyrir viðskiptavin eftir að hafa veitt honum fjárfestingarráðgjöf, skal það afhenda honum yfirlýsingu um hæfi (e. statement of suitability) á varanlegum miðli, þar sem fram kemur hvaða ráðgjöf var veitt og hvernig hún hæfir fjárhagsstöðu, óskum, markmiðum og öðru sem einkennir almenna fjárfestinn.

Verðbréfafyrirtæki ber, við veitingu annarrar fjárfestingarþjónustu en fjárfestingarráðgjafar eða eignastýringarþjónustu, að afla upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinarins á því sviði fjárfestinga sem máli skiptir fyrir viðkomandi tegund vöru eða þjónustu til að geta metið hvort hún er tilhlýðileg fyrir hann. Þegar þjónustan er hluti af pakka þá skal það ganga úr skugga um að öll þjónustan sé tilhlýðileg.

Samkvæmt MiFID1 geta verðbréfafyrirtæki leyft viðskiptavinum sínum að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að kaupa og selja ákveðna fjármálagerninga samkvæmt fyrirmælum þeirra (e. execution-only basis) án þess að mat á tilhlýðileika hafi farið fram. MiFID2 þrengir

heimildir verðbréfafyrirtækja í þessum efnum, einkum þegar um er að ræða samsetta verðbréfasjóði (e. structured UCITS) og samsett innlán. Ekki verður því lengur heimilt samkvæmt frumvarpinu að selja slíkar afurðir samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar án þess að mat á hæfi eða tilhlýðileika hafi farið fram. Sem dæmi um slíka fjármálagerninga má nefna afleiðutengda fjárfestingarsjóði, sbr. nánari umfjöllun í skýringum við 45. gr.

4.22. Besta framkvæmd.

Verðbréfafyrirtæki munu samkvæmt frumvarpinu þurfa að veita frekari upplýsingar um bestu framkvæmd en þau gera nú. Með bestu framkvæmd er átt við þá skyldu verðbréfafyrirtækis við framkvæmd fyrirmæla að leita allra leiða til að ná bestu mögulega niðurstöðu fyrir viðskiptavin að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkna á að af viðskiptum og uppgjöri verði, umfangs, eðlis eða annarra þátta sem máli skipta. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.

Verðbréfafyrirtæki sem framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina verður gert skylt að taka saman og gera opinbert, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, fimm helstu viðskiptastaði með tilliti til umfangs viðskipta þar sem það hefur framkvæmt fyrirmæli viðskiptavina sinna á liðnu ári. Einnig skal veita upplýsingar um gæði framkvæmdarinnar. Við framkvæmd fyrirmæla fyrir almennan fjárfesti skal besta mögulega niðurstaðan vera metin út frá heildarkostnaði, sem felur í sér verð fjármálagernings og kostnað við viðskiptin. Ef það eru fleiri en einn markaður þar sem hægt er að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina verða verðbréfafyrirtæki þegar þau bera saman markaðina að taka inn í matið sína þóknun og kostnað við viðskiptin.

Þá er sérstaklega tekið fram að verðbréfafyrirtæki sé ekki heimilt að móttaka þóknun, afslátt eða ófjárhagslegan ávinning fyrir að beina viðskiptavinum á ákveðna markaði sem mundi brjóta í bága við skilyrðin um hagsmunaaðreksstra eða hvata. Þá er gerð sú krafa vegna ákveðinna fjármálagerninga að hver og einn markaður auk innmiðlara geri opinber, a.m.k. árlega, gögn um gæði framkvæmdar viðskipta á þeim vettvangi, án endurgjalds. Eftir framkvæmd viðskipta fyrir viðskiptavini skal verðbréfafyrirtækið upplýsa þá um hvar viðskiptin fóru fram. Upplýsingar um verð, kostnað, hraða og líkur á framkvæmd viðskipta með einstaka fjármálagerninga skulu koma fram.

Reglur um gagnsæi, heilindi, töku fjármálagerninga úr viðskiptum eða stöðvun viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga eru ítarlegri en áður, auk þess sem settar eru reglur um skipuleg markaðstorg.

4.23. Tilkynningar til eftirlitsstjórnvalda.

Með MiFIR verður skylda verðbréfafyrirtækja til að tilkynna viðskipti umfangsmeiri en áður. Nýju reglurnar munu einnig fela í sér verulega aukningu á magni tilkynningarskyldra gagna. Sem dæmi má nefna að samkvæmt MiFID1 þarf að fylla út 23 reiti, en þeir eru 81 að lágmarki samkvæmt MiFID2. Aðeins 13 af 23 reitanna eru óbreyttir.

Þá skulu verðbréfafyrirtæki sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga senda Fjármálaeftirlitinu fullkomnar og nákvæmar upplýsingar um tilboð og viðskipti, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við lok næsta vinnudags. Sem dæmi má nefna að tilkynna þarf um nafn og númer keypra og seldra fjármálagerninga, magn, dagsetningu og tíma framkvæmdar, verð o.s.frv. Þá verður verðbréfafyrirtækjum einnig skylt að senda upplýsingar um pantanir (e. transmission of orders). Gert er ráð fyrir því að verðbréfafyrirtækin geti sjálf sent þessar upplýsingar beint til viðkomandi eftirlitsstjórnvalds í gegnum viðurkenndan tilkynningabúnað eða í gegnum viðskiptavettvang. Verðbréfafyrirtækjum ber að geyma þessi gögn í fimm ár.

Auðgreining viðskiptavina verður að koma skýrar fram en áður og á stöðluðu formi (LEI code). Þá ber rekstraraðilum viðskiptavettvangs einnig að geyma í fimm ár öll gögn varðandi tilboð sem fara í gegnum kerfi þeirra. Þeim ber einnig að senda til Fjármálaeftirlitsins grunn-gögn þeirra tilboðabóka sem eru í viðskiptum hjá þeim eða eru tilkynnt til þeirra (e. reference data). Samkvæmt frumvarpinu verður ekki einungis skylt að tilkynna viðskipti með fjármála-gerninga sem hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum markaði heldur skal einnig tilkynna viðskipti með fjármálagerninga sem eru í viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga, skipulegu markaðstorgi og þá fjármálagerninga sem hafa undirliggjandi fjármálagerninga sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi. Þá verður skylt að veita upplýsingar um það hvort viðskipti með hlutabréf eða ríkisskuldabréf er skortsala eða hvort viðskiptin hafi farið fram á viðeigandi undanþágu. Rekstraraðilum viðskiptavettvangs verður skylt að tilkynna viðskipti framkvæmd á þeirra vettvangi af fyrirtækjum sem falla ekki undir gildissvið MiFIR. Þessar nýju reglur í MiFIR fela í sér að verðbréfafyrirtæki þurfa að fara yfir núverandi framkvæmd viðskipta í því skyni að meta hvort þurfi að tilkynna um fjölbreyttari viðskipti en áður.

4.24. *Hrávöruafleiður og losunarheimildir.*

Undir skilgreiningu MiFID2 á fjármálagerningi falla allar hrávöruafleiður að undanskildum heildsölusamningum um rafmagn. Slíkir samningar falla undir reglugerð (ESB) nr. 1227/2011 um heilindi og gagnsæi heildsölumarkaðar með rafmagn (REMIT) og falla því undir sambærilegt regluverk og eftirlit á þeim grunni og samkvæmt MiFID2.

Undir skilgreiningu fjármálagernings falla nú einnig losunarheimildir en samkvæmt MiFID1 féllu aðeins afleiður með undirliggjandi losunarheimildir undir gildissviðið. Með því að fella losunarheimildirnar sjálfar undir gildissvið MiFID2 er meðal annars tryggt að sömu reglur gildi um viðskipti á stundargengismarkaði (e. spot market) og afleiðusamninga um losunarheimildir.

4.25. *Hámörk á stöður með afleiður.*

Samkvæmt frumvarpinu skal Fjármálaeftirlitið ákvarða meginleggt hámark á stöður sem aðilum, einum og sér eða sem hluta af samstæðu, er heimilt á hverjum tíma að halda í hrávöruafleiðum og í OTC-samningum sem hafa sömu efnahagslegu áhrif. Markmið þessara hámarka er annars vegar að koma í veg fyrir markaðsmisnotkun og hins vegar að styðja við eðlilega verðmyndun og uppgjörsskilyrði, þ.m.t. að koma í veg fyrir stöður sem valda markaðsröskun og tryggja samleitni á milli verðs afleiðna í afhendingarmánuði þeirra og stundarverðs undirliggjandi hrávöru, án þess að hafa áhrif á verðmyndun á markaði fyrir hina undirliggjandi hrávöru.

Hámark á stærð staðna skal miðast við hvern og einn afleiðusamning og skal aðferðafræði ESMA við ákvörðun á hámarki taka tillit til eftirspurnar eftir öðrum afleiðum með sömu undirliggjandi hrávöru til að koma í veg fyrir sniðgöngu. Vert er að nefna að afleiðusamningar sem gerðir eru af ófjárhagslegum aðilum (e. non-financial firms) og fela í sér vörn gegn rekstrar-áhættu eru undanþegnir, þ.e. hámrörkin munu ekki eiga við um slíka samninga.

Viðskiptavettvangur þar sem viðskipti eru með hrávöruafleiður skal hafa til staðar viðeigandi kerfi sem gerir honum hið minnsta kleift að fylgjast með og nálgast upplýsingar um stöður í hrávöruafleiðum og krefjast þess að stöður séu minnkaðar eða þeim lokað, ef þörf er á.

Viðskiptavettvangur skal vikulega birta samandregnar upplýsingar sem sýna þær stöður sem fjárhagslegir og ófjárhagslegir aðilar halda í mismunandi hrávöruafleiðum, losunarheimildum og afleiðum með losunarheimildir. Ítarlegar upplýsingar um stöður allra aðila skulu veittar viðkomandi eftirlitsstjórnvaldi daglega.

ESMA mun birta opinberlega lista sem sýnir samantekt á öllum háþörkum á stöðum sem komið hefur verið á og þeim kerfum sem viðskiptavettvangur hefur til að fylgjast með stöðum.

4.26. Fyrirtæki í þriðju löndum.

Reglur um aðgengi fyrirtækja að innri markaði EES hvað varðar fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi eru samræmdar innan EES sem tryggir sömu meðferð óháð því í hvaða landi sóst er eftir að stunda viðskipti. Reglurnar er þó mismunandi eftir því um hvers konar þjónustu og starfsemi er að ræða og hverjum þjónustan er boðin, þ.e. almennum fjárfesti eða öðrum.

4.27. Íhlutunarheimildir Fjármálaeftirlitsins.

Eftirlitsstjórnvöldum EES-ríkjanna er samkvæmt MiFIR falið að fylgjast með mörkuðum fyrir fjármálaafurðir og samsettar innstæður sem eru markaðssettar, dreift eða seldar í eða frá þeirra ríki. Í 42. gr. MiFIR er fjallað um heimildir eftirlitsstjórnvalda aðildarríkja EES til inngríps. Munu þau annars vegar geta bannað eða takmarkað markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinna fjármálaafurða, þar á meðal samsettra innstæða, eða fjármálaafurða og samsettra innstæða með tiltekin einkenni. Hins vegar munu þau geta bannað eða takmarkað tiltekna fjármálastarfsemi eða framkvæmd á fjármálamarkaði.

Til að eftirlitsstjórnvaldi aðildarríkis EES sé heimilt að beita banni eða kveða á um takmörkun verða eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

1. Eftirlitsstjórnvald sé sannfært á grundvelli gildra ástæðna um að:
 - a. Vegna íhlutunar í tengslum við fjármálagerninga, samsettar innstæður, athafnir eða framkvæmd, þá verða að vera uppi verulegar áhyggjur um að fjárfestavernd, skipulegri virkni og heilbrigði fjármálamarkaða eða hrávörumarkaða eða stöðugleika fjármálakerfisins, í einu eða fleiri EES-ríki, sé ógnað.
 - b. Vegna íhlutunar í tengslum við afleiðu, að hún hafi skaðleg áhrif á verðmyndun á undirliggjandi markaði.
2. Að gildandi EES-regluverk taki ekki á fullnægjandi hátt á þeirri áhættu sem er til staðar og ekki sé betra að nálgast vandamálið með bættu eftirliti eða framfylgni gildandi reglna.
3. Að gætt sé meðalhófs við þær aðgerðir sem ráðist er í og leitað umsagna eftirlitsstjórnvalda annarra EES-ríkja sem aðgerðirnar geta haft veruleg áhrif á.
4. Aðgerðir megi ekki vera til þess fallnar að mismuna þjónustu eða athöfnum frá öðrum EES-ríkjum.

Þegar ofangreind skilyrði eru uppfyllt mega eftirlitsstjórnvöld EES-ríkja beita banni eða takmörkun í varúðarskyni áður en fjármálaafurð eða samsett innstæða hefur verið markaðssett, henni dreift eða hún seld til viðskiptavina. Hægt er að afmarka bann eða takmörkun við ákveðnar aðstæður eða skilgreina tilteknar undanþágur.

4.28. Tímabundnar íhlutunarheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA.

Samkvæmt 40. gr. MiFIR getur Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) beitt almennum valdheimildum sínum til að banna eða takmarka innan EES markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinna fjármálaafurða eða fjármálaafurða með tiltekin einkenni. ESMA hefur einnig heimild til að banna eða takmarka innan EES tiltekna fjármálastarfsemi eða framkvæmd.

Samkvæmt 41. gr. MiFIR hefur Evrópska bankaftirlitsstofnunin (EBA) sömu valdheimildir en í tengslum við tímabundið bann eða takmörkun innan EES á markaðssetningu, dreifingu eða sölu þá ná heimildirnar aðeins til samsettra innstæðna.

Til þess að stofnunum sé heimilt að beita þessum valdheimildum sínum þá verða fyrst ýmis skilyrði að vera uppfyllt, sbr. 2. og 3. mgr. 40. og 41. gr. MiFIR, svo sem að fyrirhugaðri aðgerð sé beint að verulegu áhyggjuefni sem varðar fjárfestavernd eða sé beint að ógn við eðlilega virkni og heilbrigði markaða eða fjármálastöðugleika og viðkomandi lögbært yfirvald, hér á landi fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands, hafi ekki gripið til aðgerða til að taka á ógninni eða að aðgerðirnar sem gripið hefur verið til taki ekki á ógninni á fullnægjandi hátt.

Við upptöku á MiFIR í EES-samninginn voru viðeigandi ákvæði reglugerðarinnar aðlöguð til samræmis við tveggja stoða kerfi samningsins og með því tryggt að ákvarðanir skv. 40. og 41. gr. MiFIR sem beint er að markaðsaðilum í EES/EFTA-ríkjunum, þ.e. Íslandi, Lichtenstein og Noregi, séu teknar af Eftirlitsstofnun EFTA en ekki ESMA eða EBA.

5. Svigrúm við upptöku í landsrétt.

MiFID2 felur í sér lágmarkskröfur sem að aðildarríki verða að taka upp í landsrétt. Hér að neðan er umfjöllun um hvernig það svigrúm sem er innbyggt í gerðina er nýtt og í hvaða tilvikum gengið er lengra heldur en lágmarkskröfur MiFID2 gera ráð fyrir.

5.1. Svigrúm ekki nýtt.

1. Í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. og 2. undirmálslið 6. mgr. 9. gr. MiFID2 kemur fram heimild fyrir aðildarríki til að opna á að verðbréfafyrirtæki geti starfað á öðru formi en sem lögaðilar eða sem lögaðili sem stýrt er af einum einstaklingi.
2. Í 3. gr. MiFID2 er fjallað um þau tilvik þar sem aðildarríki geta að ákveðnum skilyrðum uppfylltum undanþegið ákveðna aðila frá gildissviði gerðarinnar.
3. Í 2. undirmálslið 11. mgr. 16. gr. MiFID2 kemur fram heimild fyrir gístiaðildarríki útibús verðbréfafyrirtækis til að setja frekari kröfur um verndun eigna viðskiptavina. Ekki er lagt til að heimildin sé nýtt, a.m.k. ekki að svo stöddu, enda eru engin útibú erlendra verðbréfafyrirtækja starfrækt hér á landi. 11. mgr. 16. gr. MiFID2 er að öðru leyti tekin upp í 6. mgr. 23. gr. frumvarpsins.
4. Í 2. másl. 5. mgr. 24. gr. MiFID2 kemur fram að aðildarríki geti heimila að upplýsingar skv. 5. mgr., sbr. 4. mgr., 34. gr. frumvarpsins séu veittar á stöðluðu formi.
5. Í 12. mgr. 24. gr. MiFID2 kemur fram að aðildarríkjum er heimilt við sérstakar aðstæður að kveða á um frekari skyldur verðbréfafyrirtækja er kemur að fjárfestavernd, nánar tiltekið um almennar meginreglur og upplýsingar til viðskiptavina sbr. 33.–38. gr. frumvarpsins.
6. Í 2. undirmálslið 2. mgr. 29. gr. MiFID2 kemur fram að aðildarríki geti heimilað einkaumboðsmönnum að varðveita fjármuni og fjármálagerninga viðskiptavina. Vert er að nefna að engir einkaumboðsmenn eru starfandi hér á landi.
7. Í 3.–4. mgr. 30. gr. MiFID2 er heimild fyrir aðildarríki til að viðurkenna fleiri aðila en gerðin gerir ráð fyrir sem viðurkennda gagnaðila.
8. Í a-lið 5. mgr. 44. gr. MiFID2, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 75. gr. frumvarpsins, er fjallað um heimild lögbærra yfirvalda til að afturkalla starfsleyfi hafi rekstraraðili markaðar hætt að veita fjárfestingarþjónustu eða sinna fjárfestingarstarfsemi í meira en sex mánuði samfellt. Gert er ráð fyrir því að aðildarríki geti veitt aukið svigrúm fyrir verðbréfafyrirtæki, svo sem lengt tímastrestinn.
9. Í 2. undirmálsgrein 1. mgr. 70. gr. MiFID2 kemur fram að aðildarríkjum er heimilt að kveða ekki á um stjórnsluviðurlög við þeim brotum er varða refsingum samkvæmt landslögum.

10. Í 7. mgr. 70. gr. MiFID2 kemur fram að aðildarríkjum er heimilt að kveða á um frekari viðurlög við brotum gegn ákvæðum gerðarinnar heldur en 70. gr. MiFID2 gerir ráð fyrir. Jafnframt kemur fram að sektarfjárhæðir megi vera hærri heldur en kveðið er á um í f-, g- og h-lið 6. mgr. 70. gr. MiFID2.
11. Í lokaundirmálslið II.1. hluta II. kafla II. viðauka við MiFID2 kemur fram að aðildarríkjum sé heimilt að taka upp sértækt mat á þekkingu og hæfni sveitarfélaga og annarra svæðisbundinna stjórnvalda sem að óska eftir því að farið sé með þá sem fagfjárfesta til viðbótar því mati sem fram kemur í 5. undirmálslið II.1. hluta II. kafla II. viðaukans, sbr. 1. mgr. 53. gr. frumvarpsins.

5.2. Svigrúm nýtt.

Í 2. másl. 2. mgr. 28. gr. MiFID2 kemur fram heimild fyrir aðildarríki til að ákveða að verðbréfafyrirtæki geti fullnægt skyldu sinni skv. 1. másl. með því að senda viðkomandi skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar til viðskiptavettvangs. Lagt er til að heimildin verði nýtt í lokamálslið 3. mgr. 49. gr. frumvarpsins á sama hátt og við innleiðingu á MiFID1 í íslenskan rétt, sbr. 2. másl. 2. mgr. 19. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Í 3. undirmálgrein 9. mgr. 48. gr., sbr. 4. mgr. 86. gr. frumvarpsins, kemur fram að aðildarríki geta heimilað skipulegum mörkuðum að krefjast hærri þóknunar sem endurspeglar viðbótaralag á afkastagetu kerfisins fyrir afturkölluð tilboð frá þátttakendum sem eru með hátt hlutfall afturkallaðra tilboða og frá þeim sem stunda háhraðavíðskipti.

5.3. Gengið lengra.

Í 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að ákvæði 34. gr. gildi um markaðsefni rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Með ákvæðinu er lagt til að sömu kröfur séu gerðar til markaðssetningar sjóða um sameiginlega fjárfestingu til almennra fjárfesta óháð því hver ber ábyrgð á markaðssetningunni, sjá nánari umfjöllun í skýringu við 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

5.4. Eldri séríslenskar kvaðir felldar brott.

Í frumvarpinu er lagt til að afdnuminn verði einkaréttur fjármálafyrirtækja á því að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum markaði. Tillagan byggist á því að MiFID2 gerir ekki ráð fyrir að taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði sé starfsleyfisskyld starfsemi og ekki verður séð að þörf sé á slíkri takmörkun á atvinnufrelsi. Útgefendur ættu t.d. að geta leitað aðstoðar frá lögmannstofum, endurskoðunarskrifstofum og öðrum aðilum sem veita sérfræðisþjónustu á verðbréfamarkaði.

Með þessari breytingu er því verið að hverfa frá gildandi fyrirkomulagi, en skv. f-lið 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er taka verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði starfsleyfisskyld starfsemi.

6. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið felur í sér upptöku á efnisákvæðum MiFID2 og MiFIR í íslenskan rétt. Í frumvarpinu felst framsal valdheimilda til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem hefur í algjörum undantekningartilvikum og samkvæmt ströngum skilyrðum heimild til að taka ákvörðun er takmarkar fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi á íslensku yfirráðasvæði.

Ekki er talið að eðli þessara framsalsheimilda sé verulega íþyngjandi eða umfram það sem áður hefur verið talið heimilt vegna EES-samningsins.

7. Samráð.

Frumvarp þetta var unnið í nefnd skipaðri af fjármála- og efnahagsráðherra. Í henni eiga sæti, auk ráðuneytisins, Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn, Samtök fjármálafyrirtækja og Kauphöll Íslands.

Frumvarpsdrög voru birt til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is í ágúst 2019 (Mál nr. S-204/2019) og bárust fjórar umsagnir, frá Arion banka hf., Artica Finance, Nasdaq Iceland hf. og Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF).

Í umsögn Nasdaq er gerð athugasemd við að umsjón með töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum markaði eigi að vera starfsleyfisskyld starfsemi enda sé hún ekki starfsleyfisskyld samkvæmt MiFID2. Nasdaq bendir á að engin sérstök ástæða sé til þess að vera með séríslenskt ákvæði hvað þetta varðar sem önnur Evrópulönd telja ekki þörf á því. Þessi takmörkun sé til þess fallin að auka kostnað og reisa hindrun við skráningu verðbréfa á markað enda er með henni útilokað að fyrirtæki geti sjálf haft umsjón með töku verðbréfa þeirra til viðskipta. Jafnframt útilokar það t.d. að endurskoðunarfyrirtæki og lögmannsstofur taki þessa þjónustu að sér. Ráðuneytið tekur undir þessa athugasemd og var frumvarpinu breytt til samræmis.

Í umsögn Nasdaq var jafnframt gerð athugasemd við orðalag 6. mgr. 30. gr. frumvarpsdraganna sem fjallar um framkvæmd viðskipta á skipulegu markaðstorgi. Ráðuneytið tekur undir þessa athugasemd og var orðalaginu smávægilega breytt svo greinin sé í fullu samræmi við 20. gr. MiFID2 sem henni er ætlað að innleiða.

Í umsögn SFF koma fram ýmsar athugasemdir, bæði almennar og sértækar, og var talið rétt að bregðast við hluta þeirra með nokkrum breytingum á frumvarpsdrögum.

Umsögn Arion banka er almenns eðlis en í henni er þess meðal annars farið á leit að ekki verði gengið lengra en nauðsynlegt er við innleiðingu MiFID2 í íslenskan rétt og bent á að tímabært sé að endurskoða viðurlagakafla laga á fjármálamarkaði án þess að það sé nánar rökstutt. Ráðuneytið bendir á að frumvarpið felur almennt í sér að ekki er gengið lengra en ákvæði MiFID2 gera ráð fyrir, sjá nánari umfjöllun í 5. kafla.

Í umsögn Artica Finance er gerð athugasemd við 37. gr. frumvarpsins sem fjallar um kaupaukakerfi og starfslokasamninga verðbréfafyrirtækja. Félagið telur ekki ástæðu til að verðbréfafyrirtæki búi við sömu takmarkanir um greiðslu kaupauka til starfsmanna og gerð starfslokasamninga og viðskiptabankar og lánaþyrirtæki gera. Ráðuneytið áformar að taka reglur um kaupauka verðbréfafyrirtækja til skoðunar samhliða endurskoðun á þeim lagaákvæðum sem gilda um sama efni fyrir aðra starfsemi á fjármálamarkaði. Af þeim sökum eru ekki lagðar til breytingar á þessum atriðum í frumvarpinu.

8. Mat á áhrifum.

8.1. Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði.

Sterkari fjárfestavernd getur ýtt undir aukna þátttöku á verðbréfamarkaði sem stuðlar að betri verðmyndun.

Auknar kröfur til gæða í innri málum verðbréfafyrirtækjanna styrkja umgjörð markaðarins, fjárfestum og verðbréfamíðlum til góða.

Eftirlitskröfur verða auknar sem stuðlar að betri virkni markaðarins og samfellu í starfsemi hans.

Breyttar reglur um tekjur sem verðbréfafyrirtæki geta haft af því að miðla sjálfstæðum rannsóknum og ráðgjöf eiga að stuðla að því að fjárfestir fái alltaf þær upplýsingar sem eru honum fyrir bestu, í stað þeirra upplýsinga sem komi sér fjárhagslega best fyrir verðbréfafyrirtæki. Fram hafa komið ábendingar um að nýju reglurnar geti dregið úr markaðsrannsóknum

og gæðum þeirra meðan aðrir telja að ný tækifæri skapist til hagræðingar og breyttra áherslna á þessu sviði.

8.2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði.

Innleiðing MiFID2 og MiFIR mun breyta miklu hvað varðar kröfur sem gerðar eru til skipulegra markaða, markaðstorga fjármálagerninga og verðbréfafyrirtækja. Gerðar verða auknar kröfur um gagnsæi, fjárfestavernd og viðskiptahætti, og til stjórnar, stjórnarháttanna og almennt um skipulag verðbréfafyrirtækja og skipulegra markaða. Kröfur til fyrirtækjanna aukast og efla verður eftirlit með verðbréfavíðskiptum hjá Fjármálaeftirlitinu.

8.3. Samkeppnisskilyrði.

Meðal þess sem stuðla á að aukinni fjárfestavernd í frumvarpinu eru strangari skilyrði um hvað teljist vera óháð ráðgjöf og takmarkanir á tekjum sem verðbréfafyrirtæki geta haft af því að veita eða miðla slíkri ráðgjöf. Einhverjir markaðsaðilar, einkum þeir minni, telja að með þessu sé mjög vegið að viðskiptamódeli verðbréfafyrirtækja og áhyggjur hafa verið uppi um að gæði markaðsrannsókna muni minnka, þar sem ekki verði hægt að ná sams konar stærðarhagkvæmni og áður. Þetta þykir vera sérstaklega vandasamt fyrir fjárfesta sem fjárfesta einkum í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þar sem MiFID2 hefur ekki verið lengi í gildi í ESB eru áhrif þessa enn óljós.

Ekki eru taldar vera miklar líkur á því að fjöldi verðbréfafyrirtækja á markaði takmarkist beint að öðru leyti vegna aukinnar reglubyrði eða að verðbréfafyrirtækjum á markaði fækki óbeint vegna hennar. Þó að gerðar verði strangari kröfur til markaðsaðila er ekki talið líklegt að kröfurnar feli í sér aukinn kostnað við inngöngu á markað, nema að óverulegu leyti.

Líkt og með aðrar Evrópureglur sem eru innleiddar hér á landi er stefnt að samræmingu á reglum innan EES sem felur í sér tækifæri og getur aukið samkeppni innan markaðarins.

8.4. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn.

Frumvarpið miðar að því að efla fjárfestavernd, stuðla að gagnsæi í viðskiptum með fjármálagerninga og tekur mið af áskorunum fyrir verðbréfamarkaðinn sem fylgja þeim tækninýjungum sem komið hafa fram síðastliðin misseri. Þá eru gerðar auknar kröfur um viðskiptahætti og skipulagskröfur til þeirra sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi sem styrkir umgjörð markaðarins. Eftirlitsstjórnvöldum verða fengnar aukar valdheimildir á verðbréfamarkaði.

Sú breyting sem markaðsaðilar hafa mestar áhyggjur af eru takmarkanir á tekjum sem hægt er að hafa af því að veita eða miðla sjálfstæðum rannsóknum eða ráðgjöf. Einhverjir telja að þær breytingar hafi veruleg áhrif á viðskiptamódel verðbréfafyrirtækja. Breytingar á öðrum kröfum til markaðsaðila eru ekki taldar hafa í för með sér svo aukinn kostnað fyrir þá sem eiga milligöngu um veitingu fjárfestingarþjónustu að það skerði samkeppni. Samræming við evrópskar reglur á þessu sviði er aftur á móti líkleg til þess að ýta undir samkeppni.

8.5. Áætlun fjárhagsáhrif fyrir ríkið.

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2021 gerir ráð fyrir fjölgun stöðugilda vegna verkefna á sviði verðbréfamarkaðar. Þannig hefur verið tekið tillit til þeirra auknu verkefna sem stofnuninni verða falin með frumvarpinu bæði í kostnaði og útreikningi á eftirlitsgjaldi, sem stendur að mestu undir kostnaði við rekstur stofnunarinnar. Nettóáhrif á ríkissjóð verða því engin.

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins er notuð við gerð fjárlagafrumvarps og mótun fimm ára áætlunar í ríkisfjármálum. Hún byggir á þekkingu stofnunarinnar á þeim Evrópureglum sem til stendur að innleiða og mati hennar á breytingu verkefna Fjármálaeftirlitsins með tilliti til þeirra.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. þátt.

Í fyrsta þætti er fjallað um gildissvið og skilgreiningar.

Um 1. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. gr. MiFID2, er fjallað um gildissvið frumvarpsins.

Í 1. mgr. kemur fram að frumvarpið gildir um verðbréfafyrirtæki, rekstraraðila markaða, veitendur gagnaskýrsluþjónustu og fyrirtæki í þriðja landi sem veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi hér á landi.

Jafnframt kemur fram að frumvarpið gildir um verðbréfafyrirtæki þegar þau veita viðbótarþjónustu í nánnum tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi. Það kemur ekki berum orðum fram í gildissviðsákvæði MiFID2 að gerðin eigi við um viðbótarþjónustu en það er ljóst af vísunum til viðbótarþjónustu á fjölmörgum stöðum í gerðinni að sú er raunin. Hið sama á við um MiFID1 og við innleiðingu hennar í íslenskan rétt var tekið fram í 2. mgr. 1. gr. laga um verðbréfavíðskipti að með verðbréfavíðskiptum í skilningi laganna væri einnig átt við viðbótarþjónustu ef hún er í nánnum tengslum við starfsemi eða víðskipti skv. 1. mgr. laganna. Hér er því ekki um neina breytingu að ræða frá gildandi rétti hvað varðar hvernig fara skuli með viðbótarþjónustu, þ.e. ef hún er veitt í nánnum tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi þá gilda ákvæði frumvarpsins um hana.

Frumvarpið gildir því um aðila sem hafa heimild til að veita þjónustu hér á landi samkvæmt ákvæðum þess. Hér er í fyrsta lagi átt við þá aðila sem eru með starfsleyfi hér á landi, annað hvort á grundvelli frumvarpsins eða sem lánastofnun samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Í öðru lagi er átt við aðila sem hafa starfsleyfi í öðru ríki innan EES og heimilt er að veita þjónustu hér á landi á grundvelli tilkynningar (e. passporting). Í þriðja lagi er átt við fyrirtæki í þriðja landi sem hlotið hafa heimild til að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi annað hvort eingöngu hér á landi eða innan EES.

Í 2. mgr. er upptalning á því hvaða ákvæði gilda um lánastofnanir þegar þær veita veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi. Í 2. tölul. kemur meðal annars fram að III. kafli, um starfsemi verðbréfafyrirtækja á milli aðildarríkja, eigi við um lánastofnanir. Vert er að taka fram að ákvæði kafans skarst að vissu leyti við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, um víðskipti lánastofnana yfir landamæri. Skyldan til að tilkynna um víðskipti yfir landamæri þarf að vera í báðum lögunum svo ljóst sé meðal annars hvernig fara skuli með einkaumboðsmenn lánastofnana. Í framkvæmd munu lánastofnanir uppfylla ákvæði III. kafla með tilkynningu um víðskipti yfir landamæri á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki.

Í 3. mgr. kemur fram hvaða ákvæði frumvarpsins eigi við um verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir þegar þau selja eða ráðleggja víðskiptavinum sínum í tengslum við samsettar innstæður. Samsettar innstæður falla ekki undir skilgreiningu MiFID2 á fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi og er þess vegna fjallað sérstaklega um þær hér. Tekið er sérstaklega fram að I. kafla VII. hluta MiFIR gildi til að taka af allan vafa þar um enda er ekki fjallað sérstaklega um samsettar innstæður í gildissviðsákvæði MiFIR, þ.e. 1. gr., þó að ihlutunarheimildir Evrópsku bankaftirlitsstofnunarinnar og lögbærri yfirvalda skv. 41. og 42. gr. MiFIR taki til samsettra innstæðna.

Í 4. mgr., sem byggir á 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) og 6. mgr. 6. gr. tilskipunar 2011/61/ESB um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFMD), kemur fram að 20.–24. gr. og 33.–46. gr. frumvarpsins eigi við um rekstrarfélög verðbréfasjóða þegar þau veita þjónustu skv. 2. málsl. 1. mgr. 27. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og rekstraraðila sérhæfðra sjóða þegar þau veita þjónustu skv. 3. mgr. 9. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

Í 3. mgr. 9. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða kemur fram að rekstraraðila sé heimilt, að fenginni sérstakri heimild Fjármálaeftirlitsins, að sinna 1) eignastýringu, 2) fjárfestingaráðgjöf, 3) vörslu og umsýsla hlutdeildarskírteina eða hluta sjóða um sameiginlega fjárfestingu og 4) móttöku og miðlun fyrirmæla varðandi fjármálagerninga. Sérstaklega er tekið fram að framkvæmd þeirra skuli fara að lögum um verðbréfavíðskipti. Í 15. tölul. 147. gr. frumvarpsins er lagt til að þessari vísun til laga um verðbréfavíðskipti verði breytt í vísun til laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Í 27. gr. laga um fjármálafyrirtæki kemur fram að rekstrarfélagi verðbréfasjóðs sé heimilt að stunda eignastýringu, fjárfestingaráðgjöf og vörslu og umsýslu í tengslum við hluti og hlutdeildarskírteini sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Samkvæmt i-lið 1. mgr. 2. gr. MiFID2 þá eru rekstraraðilar sjóða um sameiginlega fjárfestingu, rekstraraðilar og vörsluaðilar þeirra undanskyldir frá gildissviði MiFID2. Fram kemur í 34. lið aðfaraorða MiFID2 að ástæður þessa séu þær að þessir aðilar falla undir Evrópureglur sem eru sérsniðnar að starfsemi þeirra, þ.e. AIFMD og UCITS, sem teknar voru upp í íslenskan rétt með lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóði og lögum um fjármálafyrirtæki. Út frá þessu verður að álykta að undanþága þessara aðila frá ákvæðum MiFID2 og þessa frumvarps eigi við um alla fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi sem fellur undir hefðbundna starfsemi þessara rekstraraðila og -félaga, svo sem framkvæmd fyrirmæla með hluti í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Hins vegar kemur fram í 4. mgr. 6. gr. UCITS og 6. mgr. 6. gr. AIFMD að ef aðildarríki ákveði að heimila rekstraaðilum og -félögum að stunda tiltekna fjárfestingaþjónustu þá eigi 2. mgr. 2. gr., 12, 13 og 19. gr. tilskipunar 2004/39/EB um markaði fyrir fjármálagerninga (MiFID1) við um þá þjónustu. Varðandi samlestur ákvæða MiFID1 og MiFID2 þá vísast til 2. málsl. 94. gr. MiFID2 þar sem segir að vísanir til tilskipunar 2004/39/EB (MiFID1) skuli skilja sem vísanir til ýmis MiFID2 eða MiFIR sbr. samanburðartaflan sem er í viðauka IV við MiFID2. Ástæða þykir til að 42. gr. um safnskráningu og 43. gr. um framtalsáritun gildi jafnframt enda fela þær í sér heimildir sem auðvelda víðskipti með fjármálagerninga og eðlilegt er að þær eigi almennt við.

Í 5. mgr. er kveðið á um að 34. gr. gildi um markaðsefni rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Með ákvæðinu er lagt til að sömu kröfur séu gerðar til markaðs-efnis verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða óháð því hver ber ábyrgð á markaðssetningunni enda sé eðlilegt að sömu kröfur gildi um slíka markaðssetningu óháð því hvort það er t.d. verðbréfa-fyrirtæki eða rekstrarfélag sjóðsins sem ber ábyrgð á henni. Með því móti er bæði gætt að fjárfestavernd almennra fjárfesta og jafnræðis gætt í þeim kröfum sem gerðar eru til aðila sem markaðssetja sjóði um sameiginlega fjárfestingu til fjárfesta. Eðli máls samkvæmt þá á 34. gr. einnig við um markaðssetningu erlendra sérhæfðra sjóða hér á landi, sbr. 65. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020.

Um 2. gr.

Í greininni, sem byggir á 2. MiFID2, eins og henni var breytt með 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1034, er fjallað um þá aðila sem undanþegnir eru gildissviði frumvarpsins.

Í 3. tölul. 1. mgr., sem byggir á c-lið 1. mgr. 2. gr. MiFID2, kemur fram að frumvarpið gildi ekki um lögmenn og löggilta endurskoðendur að vissum skilyrðum uppfylltum. Sambærilega undanþágu er að finna í 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sem byggir á c-lið 1. mgr. 2. gr. MiFID1. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. MiFID2 og c-liðar 1. mgr. 2. gr. MiFID1 eru samhljóða.

Lagt er til að við þýðingu á enska orðalaginu *that service is provided in an incidental manner in the course of a professional activity* sé notast við orðalagið enda sé um tilfallandi þjónustu að ræða og hún veitt sem hluti af eðlilegri starfsemi á starfssviði þeirra, í stað þess að taka fram líkt og gert er í 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki að um tilfallandi þjónustu sé að ræða sem veitt sé sem eðlilegur þáttur í viðtækara viðfangsefni á starfssviði þeirra. Ekki er um efnisbreytingu að ræða á inntaki undanþáguákvæðisins. Lagt er til að orðalagi 4. tölul. 3. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki verði breytt til samræmis, sbr. 142. gr. frumvarpsins.

Í 4. tölul. 1. mgr., sem byggir á g. lið 1. mgr. 2. gr., kemur meðal annars fram að frumvarpið gildi ekki um aðila sem stunda viðskipti fyrir eigin reikning. Í ákvæðinu er síðan skilgreint neikvætt í hvaða tilvikum það að aðili stundi viðskipti fyrir eigin reikning valdi ekki því að hann falli utan gildissviðsins. Sambærilegt ákvæði er að finna í d-lið 1. mgr. 2. gr. MiFID1, en var ekki tekið upp í íslenskan rétt við innleiðingu MiFID1. Undanþágan í MiFID2 er þó nokkuð nákvæmari og þrengri enda eru fleiri tilvik nú sem taka þarf sérstaklega fram að falli ekki undir hana, svo sem þeir sem hafa beinan rafrænan aðgang eða beita há-tíðniviðskiptatækni með notkun algríms.

Við b-lið 4. tölul. er gert ráð fyrir viðbót sem byggir á 1. gr. tilskipunar (ESB) 2016/1034 sem felur í sér að í stað þess að aðilar að skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða hafi beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi falli aldrei undir undanþáguna þá er bætt við að þeir geti fallið undir hana ef um er að ræða ófjárhagslega aðila (e. non-financial entities) sem framkvæma viðskipti á viðskiptavettvangi sem á hlutlægt mælanlegan hátt draga úr áhættu sem tengist beint viðskiptastarfsemi eða lausafjármögnun þeirra eða samstæðu sem þær tilheyra. Hugtakið ófjárhagslegur aðili er skilgreint í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/591.

Í 9. tölul. 1. mgr. kemur fram að frumvarpið gildi ekki um sjóði um sameiginlega fjárfestingu og rekstrar- og vörsluaðilar þeirra. Þó ber að líta til 4. mgr. 1. gr. sem tiltekur þau ákvæði sem gilda þrátt fyrir 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. um rekstrarfélög verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða í þeim tilvikum þegar þessir aðilar sinna tilteknum verkefnum.

Í 12. tölul. kemur fram að frumvarpið gildir ekki um flutningsfyrirtæki í skilningi raforkulaga þegar það veitir fjárfestingarþjónustu eða stundar fjárfestingarstarfsemi í tengslum við hrávörufleiður við rækslu skyldna sinna samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær þó ekki til reksturs eftirmarkaðar svo sem með fjárhagsleg flutningsréttindi. Ekki er gert ráð fyrir að þessi undanþága hafi nein áhrif hér á landi enda er Landsnet eina flutningsfyrirtækið hér á landi og það á ekki í viðskiptum sem þessum.

Í 13. tölul. 1. mgr. 2. gr. kemur fram að frumvarpið gildir ekki um verðbréfamiðstöðvar, nema í þeim tilvikum sem greinir í 73. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sbr. lög nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga. Hér er um að ræða innleiðingu á 1. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að MiFIR og reglugerðir (ESB) 2016/1033, 2017/565 og 2017/567, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2019 frá 29. mars 2019, skuli hafa lagagildi hér á landi.

Í MiFIR og reglugerðum (ESB) 2017/565 og 2017/567 er nokkuð um vísanir til annarra Evrópugerða sem teknar hafa verið upp í íslenskan rétt. Í þeim tilvikum sem um er að ræða vísanir til tilskipana sem innleiddar hafa verið þá er nánar skýrt í greininni hvar viðkomandi tilskipun í heild eða hluta hefur verið tekin upp í íslenskan rétt.

Hér á eftir er útskýrt hvar þær reglugerðir ESB, sem vísað er til í MiFIR og reglugerðum (ESB) 2017/565 og 2017/567, hafa verið teknar upp í íslenskan rétt:

1. Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár er innleidd með lögum um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 15/2018.
2. Reglugerð (ESB) nr. 1095/2010 um að koma á fót evrópski eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) er innleidd með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017.
3. Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 er innleidd með reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.
4. Reglugerð (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga er innleidd með lögum um skortsölu og skuldatryggingar, nr. 55/2017.
5. Framseld reglugerð (ESB) nr. 149/2013 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um óbeint stöðustofnunarfyrikomulag, stöðustofnunar skyldu, opinbera skrá, aðgang að viðskiptavettvangi, ófjárhagslega mótaðila og aðferðir til að draga úr áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili hefur ekki stöðustofnað er innleidd með reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár, nr. 381/2019.
6. Reglugerð (ESB) nr. 1308/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 er innleidd með reglugerð um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (VI), nr. 327/2016. Vakin er athygli á því að flest ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 varða ekki EES þar sem þau tengjast sameiginlegri skipulagningu markaða með landbúnaðarvörur og eru því talin upp sérstaklega þau ákvæði sem gilda í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2016.

Í fyrrgreindum reglugerðum ESB eru einnig nokkrar vísanir til Evrópugerða sem ekki hafa verið teknar upp í íslenskan rétt. Hér á eftir er fjallað um þær helstu þeirra og hvernig beri að túlka vísanir til þeirra:

1. Reglugerð (ESB) nr. 1227/2011 um heilindi og gagnsæi heildsölumarkaðar með rafmagn (REMIT) hefur ekki verið tekin upp í íslenskan rétt. Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 er vísað til skilgreiningar 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1227/2011 á hugtakinu heildsöluorkuafurð. Lagt er til að skilgreiningunni verði fundinn staður í 21. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins fram að þeim tíma er reglugerð (ESB) nr. 1227/2011 hefur verið innleidd.
2. Vísað er til skilgreiningar reglugerðar (ESB) 2015/2365 (SFTs) á fjármögnunarviðskiptum með verðbréf í 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565. Fyrrgreinda reglugerðin

er ekki orðin hluti EES-samningsins en búast má við að hún verði það fljótlega og að hún verði tekin upp í íslenskan rétt árið 2021. Með fjármögnunarviðskiptum með verðbréf er átt við:

- a. endurhverf viðskipti,
 - b. verðbréfa- eða hrávörulánveitingu og verðbréfa- eða hrávörulántöku,
 - c. kaup- og endursöluviðskipti eða sölu- og endurkaupaviðskipti, og
 - d. viðbótarlánveitingu vegna kaupa/sölu verðbréfa.
3. Reglugerð (ESB) nr. 1286/2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og vátrygginga-tengdar fjárfestingarvörur fyrir almenna fjárfesta (PRIIPs) var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2020 frá 30. apríl 2020, en hefur ekki ennþá tekið gildi. Búast má við að PRIIPs verði tekin upp í íslenskan rétt árið 2021.

Um 4. gr.

Lagt er til að 4. gr. MiFID2, sem fjallar um skilgreiningar, verði innleidd í 4. gr. frumvarpsins.

Um 1. tölul. Í ákvæðinu er hugtakið aðildarríki skilgreint. Hugtakið er ekki sérstaklega skilgreint í MiFID2. Til aðildarríkja í skilningi ákvæðisins teljast öll aðildarríki ESB, auk Íslands, Noregs, Lichtenstein, Sviss og Færeyja.

Um 2. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 49. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, sbr. 29. tölul. 1. mgr. 2. gr. MiFIR, er hugtakið afleiður skilgreint. Hugtakið er lítillega breytt frá MiFID1. Losunarheimildir falla nú undir hugtakið auk þess sem það tekur mið af tilkomu skipulegra markaðstorga.

Um 3. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 39. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið algrímsviðskipti (e. algorithmic trading) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki í MiFID1.

Um 4. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 11. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2 er hugtakið almennur fjárfestir skilgreint. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1 og er samhljóða skilgreiningu 11. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 5. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 41. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið beinn rafrænn aðgangur (e. direct electronic access) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki í MiFID1.

Um 6. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið C6 orkuafleiðusamningur skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem ekki var skilgreint í MiFID1. C6 er vísun til 6. tölul. C-þáttar I. viðauka MiFID2. Til þess að það sé skýrt að þegar vísað er til fjármálagerna/afleiða skv. 6. tölul. C-þáttar I. viðauka MiFID2 í afleiddum gerðum MiFID2/MiFIR sé átt við C6 orkuafleiðusamninga í skilningi þessa frumvarps þá er vísun til viðaukans bætt við innan sviga á eftir heiti skilgreiningarinnar.

Um 7. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 33. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið dótturfélag skilgreint. Skilgreiningin er óbreytt frá MiFID1.

Um 8. tölul. Í ákvæðinu kemur fram skammstöfun fyrir Evrópska efnahagssvæðið.

Um 9. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 8. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið eignastýring skilgreint. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1 og er skilgreining þess samhljóða skilgreiningu 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, að undanskildu því að í frumvarpinu er talað um stjórnun eignasafns í stað stjórnun verðbréfasafns, enda geta allar tegundir fjármálagerna verið hluti af safninu.

Um 10. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 29. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið einka-umboðsmaður skilgreint. Skilgreiningin er óbreytt frá MiFID1. Hugtakið er ekki skilgreint í lögum um verðbréfavíðskipti, en inntak þess kemur fram í 20. gr. laganna.

Um 11. tölul. Í ákvæðinu kemur fram ensk skammstöfun fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðs-efirlitsstofnunina, ESMA (e. European Securities and Markets Authority).

Um 12. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 10. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, sbr. II. viðauka hennar, er hugtakið fagfjárfestir skilgreint. Hugtakið er að mestu óbreytt frá MiFID1 og skilgreiningu 9. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Helstu breytingar felast í því að samkvæmt MiFID2 verður verðbréfafyrirtækjum ekki heimilt að flokka sveitarfélög sem fagfjárfesta nema í kjölfar mats á sérfræðikunnáttu, þekkingu og reynslu þeirra, sbr. 53. gr. frumvarpsins. Jafnframt er lagt til að það verði ekki lengur forsenda þess að falla undir skilgreininguna að um lögaðila sé að ræða. Í enskri útgáfu MiFID2 er talað um *entity* sem getur bæði verið lögaðili og einstaklingur. Þó að það sé skilyrði að íslenskum rétti að þeir aðilar sem falla undir skilgreininguna og eru með starfsleyfi og/eða staðfestu hér á landi séu almennt lögaðilar þá þarf ekki svo að vera með slíka aðila með starfsleyfi og/eða staðfestu í öðrum löndum innan EES eða þriðju löndum. Að lokum er lagt til að í stað orðsins fjármálafyrirtæki komi orðin lánastofnun og verðbréfafyrirtæki enda er það skýrara og í meira samræmi við frumtextann þó að notkun á orðinu fjármálafyrirtæki í þessu samhengi sé ekki efnislega röng.

Um 13. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 4. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið fjárfestingarráðgjöf skilgreint. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1 og er samhljóða skilgreiningu í 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 14. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á A-þætti I. viðauka við MiFID2, er hugtakið fjárfestingarþjónusta- og fjárfestingarstarfsemi skilgreint. Sú þjónusta sem fellur undir skilgreininguna er nánast sú sama og samkvæmt MiFID1. Við upptalninguna bætist aðeins rekstur skipulegs markaðstorgs. A-þáttur I. viðauka við MiFID1, sem fjallar um fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi, var tekinn upp í íslenskan rétt með 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Lögð er til sú breyting frá gildandi rétti að taka verðbréfa til víðskipta á skipulegum markaði sé ekki hluti af skilgreiningu á fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi, enda verður ekki séð að þörf sé á því að gera þá þjónustu starfsleyfisskylda og ganga þannig lengra en ákvæði MiFID2 gera ráð fyrir.

Um 15. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 15. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, sbr. C-þátt I. viðauka hennar, er hugtakið fjármálagerningur skilgreint. Hugtakið er nánast óbreytt frá MiFID1 og er skilgreining frumvarpsins nánast sú sama og skilgreining 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Eina breytingin varðar skilgreiningu á afleiðu, sbr. 2. tölul.

Um 16. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er skilgreint hvað felst í því að framkvæma fyrirmæli fyrir hönd víðskiptavinar. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1. Gerð samninga um sölu á fjármálagerningum, sem verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun gefur út á sama tíma og þeir eru gefnir út, falli undir skilgreininguna. Skilgreiningin var ekki tekin upp í íslenskan rétt við innleiðingu MiFID1.

Um 17. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 37. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið framkvæmdastjórn skilgreint. Hér á landi tíðkast almennt að aðeins einn framkvæmdastjóri sé í hverju fyrirtæki. Þó er það ekki algilt og er t.d. í 65. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gert ráð fyrir að þeir séu einn til þrjár nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félags.

Um 18. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 57. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið fyrirtæki í þriðja landi skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 19. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 56. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið gistaðildarríki skilgreint. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1, en það var ekki sérstaklega tekið upp í íslenskan rétt við innleiðingu MiFID1.

Um 20. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 40. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið hátíðniviðskiptatækni með notkun algríms (e. High Frequency Trading) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki í MiFID1.

Um 21. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 58. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið heildsöluorkuafurð (e. wholesale energy product) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki skilgreint í MiFID1. Í 58. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2 er vísað til skilgreiningar á heildsöluorkuafurð skv. 4. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1227/2011 um heilindi og gagnsæi heildsöluorkumarkaðar. Þar sem reglugerðin hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn þá er skilgreining hennar á hugtakinu tekin upp í frumvarp þetta.

Með notkunargetu er átt við raforku- eða gasnotkun notanda við fulla nýtingu á framleiðslugetu hans. Þetta felur í sér alla notkun notandans sem einnar efnahagseiningar, að svo miklu leyti sem notkunin er á mörkuðum þar sem heildsöluverð tengist innbyrðis.

Um 22. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 55. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið heimaaðildarríki skilgreint. Hugtakið var skilgreint í MiFID1 og er óbreytt að öðru leyti en því að nú er fjallað sérstaklega um hvert sé heimaaðildarríki í tilviki nýrrar starfsemi sem ekki var til þegar MiFID1 var samþykkt, þ.e. viðurkenndrar birtingarþjónustu, þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar og viðurkennds skýrslugjafarkerfis.

Um 23. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 45. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið heimildarskírteini (e. depositary receipts) skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1. Með útgefanda í ákvæðinu er í báðum tilvikum átt við útgefanda verðbréfsins, en ekki útgefanda heimildarskírteinisins.

Um 24. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 50. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, sbr. 30. tölul. 1. mgr. 2. gr. MiFIR, er hugtakið hrávörufleiður (e. commodity derivatives) skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 25. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 20. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið innmiðlari skilgreint. Hugtakið er að mestu óbreytt frá MiFID1 og að mestu samhljóða skilgreiningu í 14. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Í frumvarpinu er hugtakið skilgreint sem verðbréfafyrirtæki sem eigi skipulega, títt og kerfisbundið í umfangsmiklum viðskiptum fyrir eigin reikning með því að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina utan við viðskiptavettvang án þess að starfrækja marghliða kerfi. Mæla skal umfang viðskipta annað hvort út frá stærð OTC-viðskipta á vegum verðbréfafyrirtækis í tengslum við heildarviðskipti þess með tiltekinn fjármálagerninga eða stærð OTC-viðskipta á vegum verðbréfafyrirtækis í tengslum við heildarviðskipti innan EES með tiltekinn fjármálagerning. Aðili telst aðeins innmiðlari þegar hann fer bæði yfir fyrir fram ákveðin mörk hvað varðar tíð og kerfisbundin viðskipti og umfang viðskipta eða þegar verðbréfafyrirtæki ákveður að gerast innmiðlari.

Munurinn á skilgreiningu hugtaksins í MiFID1 og MiFID2 felst í því að nú er tekið tillit til skipulegra markaðstorga. Auk þess er sérstaklega tekið fram að verðbréfafyrirtækið reki ekki marghliða kerfi. Því til viðbótar hefur verið bætt við skilgreininguna að um sé að ræða umfangsmikil viðskipti. Að lokum kemur ekki fram í MiFID1 hvernig beri að mæla umfang viðskipta o.fl.

Um 26. tölul. Ákvæðið, sem byggir á 38. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, skilgreinir hugtakið jöfnuð eigin viðskipti (e. matched principal trading) en það er nýtt hugtak í tilskipuninni. Jöfnuð viðskipti eru samkvæmt skilgreiningunni viðskipti þar sem milligönguaðili staðsetur

sig á milli kaupanda og seljanda í viðskiptum án þess að birtast sem seljandi eða kaupandi í viðskiptunum þar sem hann tekur ekki á sig neina markaðsáhættu við framkvæmd þeirra.

Um 27. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 46. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið kauphallarsjóður (e. exchange-traded fund) skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 28. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 42. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið krosssala (e. cross-selling practice) skilgreint. Krosssala er sala á fjárfestingarþjónustu ásamt annarri þjónustu eða vöru sem er hluti af pakka eða sem skilyrði fyrir samningnum eða pakkanum. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki í MiFID1.

Um 29. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 59. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið landbúnaðarhrávörufleiða (e. agricultural commodity derivatives) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 30. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 27. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið lánastofnun skilgreint. Skilgreining er óbreytt frá MiFID1 og er tilvísun í skilgreiningu í lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um 31. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 13. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er skilgreint hvað felst í hugtakinu lítil og meðalstór fyrirtæki. Hugtakið, sem er vel þekkt bæði í Evrópurétti og íslenskum rétti, var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 32. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 26. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2 er hugtakið lögbært yfirvald skilgreint. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1 en var ekki tekið upp í íslenskan rétt við innleiðingu þeirrar gerðar.

Um 33. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 19. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið marghliða kerfi skilgreint. Um er að ræða nýja skilgreiningu þó að hugtakið hafi verið notað í MiFID1.

Um 34. tölul. Í ákvæðinu kemur fram skammstöfun á ensku heiti reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 um markaðssvik, MAR (Market Abuse Regulation).

Um 35. tölul. Í ákvæðinu kemur fram að með markaðssvikum í frumvarpinu sé átt við markaðssvik í skilningi MAR.

Um 36. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 22. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið markaðstorg fjármálagerna skilgreint. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1 og er það samhljóða 6. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 37. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 51. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið miðlægur mótaðili skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1. Skilgreiningin vísar í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuvíðskiptaskrár, sem tekin var upp í íslenskan rétt með lögum um afleiðuvíðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuvíðskiptaskrár, nr. 15/2018.

Um 38. tölul. Í ákvæðinu kemur fram skammstöfun á ensku heiti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 65/2014/ESB um markaði fyrir fjármálagerna, MiFID2.

Um 39. tölul. Í ákvæðinu kemur fram skammstöfun á ensku heiti reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 um markaði fyrir fjármálagerna, MiFIR.

Um 40. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 32. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2 er hugtakið móðurfélag skilgreint. Skilgreining er óbreytt frá MiFID1 og vísar hún til skilgreiningar laga um fjármálafyrirtæki á hugtakinu.

Um 41. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 35. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið náin tengsl skilgreint. Skilgreiningin er ekki fyllilega samhljóða MiFID1, en efnislegt inntak hennar er hið sama. Skilgreiningin er efnislega samhljóða skilgreiningu í lögum um fjármálafyrirtæki um náin tengsl.

Um 42. tölul. Í ákvæðinu er OTC-samningur skilgreindur sem samningur sem ekki séu viðskipti með á viðskiptavettvangi. Hugtakið er ekki skilgreint í MiFID2 en kemur fyrir í gerðinni, ásamt hugtakinu OTC-viðskipti. Með OTC-viðskiptum í frumvarpinu er átt við viðskipti með fjármálagerninga utan viðskiptavettvangs.

Um 43. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 17. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið peningamarkaðsgerningur skilgreint. Skilgreiningin er óbreytt frá MiFID1 og efnislega samhljóða skilgreiningu b-liðar 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Þar er þó notast við orðið peningamarkaðsskjöl til að lýsa hugtakinu.

Um 44. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 18. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2 er hugtakið rekstrar- aðili markaðar skilgreint. Hugtakið var notað í MiFID1 án þess að vera sérstaklega skilgreint.

Um 45. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 28. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið rekstrar- félag verðbréfasjóðs skilgreint. Skilgreiningin er óbreytt frá MiFID1 og vísar til skilgreiningar í lögum um fjármála fyrirtæki nr. 161/2002.

Um 46. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 61. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið ríkis- skuld (e. sovereign debt) skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 47. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 60. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið ríkis- útgefandi (e. sovereign issuer) skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 48. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 48. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið sam- settar fjármálaafurðir (e. structured finance products) skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 49. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 43. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið sam- settar innstæður (e. structured deposits) skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1. Með óefnislegum óútskiptanlegum eignum í c-lið er átt við enska hugtakið *non-physical non- fungible assets*.

Um 50. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 34. tölul. 1. mgr. 4. gr. er hugtakið samstæða skil- greint. Skilgreining er óbreytt frá MiFID1 og vísar hún til laga um fjármála fyrirtæki.

Um 51. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 14. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið skilyrt fyrirmæli (e. limit order) skilgreint. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1 en var ekki tekið upp í íslenskan rétt við innleiðingu þeirrar tilskipunar.

Um 52. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 23. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið skipu- legt markaðstorg (e. organised trading facility, OTF) skilgreint. Um er að ræða marghlíða viðskiptakerfi þar sem hægt er að eiga viðskipti með fjármálagerninga, aðra en hlutabréf, þar sem kaup- og söluáhugi þriðju aðila mætast þannig að það leiði til sammings. Kaup- og sölu- áhugi þriðju aðila er þýðing á enska hugtakinu *multiple third-party buying and selling interests*.

Um 53. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 21. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið skipu- legur markaður skilgreint. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1 og efnislega samhljóða skilgreiningu 2. tölul. 2. gr. laga um kauphallir, nr. 110/2007, að því undanskildu að nú er talað um skipulegan markað í stað skipulegs verðbréfamarkaðar.

Um 54. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 47. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið skírteini skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 55. tölul. Í ákvæðinu er hugtakið stjórn skilgreint. Enska hugtakið management body skv. 36. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2 er ekki sérstaklega skilgreint í frumvarpinu en það tekur bæði til framkvæmdastjóra og stjórnar samkvæmt íslenskum lögum. Á þeim stöðum sem verið er að umrita ákvæði MiFID2 í frumvarpinu og enska hugtakið management body kemur fyrir þá eru, eins og við á hverju sinni, bæði íslensku hugtökin stjórn og framkvæmdastjórn notuð til að ná utan um þá aðila sem um ræðir.

Um 56. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 30. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið útibú skilgreint. Skilgreiningin er óbreytt frá MiFID1. Útibú er ekki sjálfstæður lögaðili og útibú getur ekki verið aðalskrifstofa. Allar starfsstöðvar verðbréfafyrirtækis hér á landi teljast sem eitt útibú.

Um 57. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 62. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið varanlegur miðill skilgreint. Hugtakið var ekki skilgreint í MiFID1, en er vel þekkt í Evrópurétti og kemur á nokkrum stöðum fyrir í íslenskum rétti, svo sem í lögum um neytendalán og lögum um fasteignalán til neytenda.

Um 58. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 12. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið vaxtarmarkaður fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem ekki var skilgreint í MiFID1.

Um 59. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 63. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið veitendur gagnaskýrsluþjónustu (e. data reporting services provider) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 60. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 44. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið verðbréf skilgreint. Hugtakið sem er óbreytt frá MiFID1 og er efnislega samhljóða a-lið 2. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 61. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið verðbréfafyrirtæki skilgreint. Orðskýringin var ekki tekin beint upp í íslenskan rétt við innleiðingu MiFID1 í íslenskan rétt, heldur felld undir regnhlífarhugtakið fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul. 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, sbr. 6. tölul. 3. gr. og 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. sömu laga.

Um 62. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 64. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, eins og henni var breytt með 2. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sbr. lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, nr. 7/2020, er hugtakið verðbréfamiðstöð skilgreint.

Um 63. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á B-þætti I. viðauka við MiFID2 eins og honum var breytt með 3. mgr. 71. gr. reglugerðar (ESB) nr. 909/2014, sbr. lög um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga, nr. 7/2020, er hugtakið viðbótarþjónusta skilgreint. Sú þjónusta sem fellur undir orðskýringuna er nánast óbreytt frá MiFID1. Eina efnislega breytingin er sú að við a-lið, sem fjallar um vörslu og umsýslu í tengslum við fjármálagerninga fyrir reikning viðskiptavinar, er sérstaklega tilgreint að þar undir falli ekki varsla verðbréfareikninga á efsta stigi (e. top tier level). Með vörslu á efsta stigi er á við eitt af þeim kjarnaverkefnum sem aðeins verðbréfamiðstöðvum er heimilt að sinna samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamiðstöðvar, sbr. A-þátt viðauka við hana. Einnig er lagt til að í stað þess að talað sé um fjárfestingarrannsóknir og fjármálagreiningar í f-lið sé talað um fjárfestingar- og fjármálagreiningar.

Um 64. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 7. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið viðskiptavaki skilgreint. Hugtakið, sem er efnislega óbreytt frá MiFID1, var ekki tekið upp í íslenskan rétt við innleiðingu MiFID1 en inntak viðskiptavaktar er útfært og útskýrt í 116. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 65. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 24. tölul. 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið viðskiptavettvangur (e. trading venue) skilgreint. Hugtakið er nýtt og var ekki skilgreint í MiFID1. Það felur í sér yfirheiti sem nær yfir skipulega markaði, markaðstorg fjármálagerninga og skipulegt markaðstorg.

Um 66. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 9. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið viðskiptavinur skilgreint. Hugtakið er efnislega óbreytt frá MiFID1 en var ekki tekið upp í íslenskan rétt við innleiðingu MiFID1.

Um 67. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 6. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er skilgreint hvað felst í því að framkvæma viðskipti fyrir eigin reikning. Hugtakið er óbreytt frá MiFID1, en var ekki tekið upp í íslenskan rétt við innleiðingu þeirrar gerðar í íslenskan rétt.

Um 68. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 52. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið viðurkennd birtingarþjónusta (e. approved publication arrangement) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 69. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 2.–4. mgr. 30. gr. MiFID2, er hugtakið viðurkenndur gagnaðili skilgreint. Skilgreiningin er að mestu óbreytt frá MiFID1. Helsta breyting felst í því að samkvæmt MiFID2 verður verðbréfafyrirtækjum ekki heimilt að flokka sveitarfélög sem viðurkennda gagnaðila. Sambærilegt ákvæði er að finna í 10. tölul 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfaviðskipti, nr. 108/2007.

Lagt er til að til viðurkenndra gagnaðila teljist þeir aðilar sem falla undir a-, b-, eða c-lið skilgreiningar frumvarpsins á fagfjárfesti í samræmi við 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, þar sem kröfur 30. gr. MiFID2 eru nánar útfærðar.

Um 70. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 54. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið viðurkennt skýrslugjafarkerfi (e. approved reporting mechanism, ARM) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 71. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 31. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið virkur eignarhlutur skilgreint. Skilgreining er óbreytt frá MiFID1 og samhljóða 21. tölul 1. mgr. 1. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um 72. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 25. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið virkur markaður (e. liquid market) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 73. tölul. Í ákvæðinu, sem byggir á 53. tölul 1. mgr. 4. gr. MiFID2, er hugtakið þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (e. consolidated tape provider, CTP) skilgreint. Um nýtt hugtak er að ræða sem var ekki skilgreint í MiFID1.

Um 2. þátt.

Í 2. þætti er fjallað um veitingu og afturköllun starfsleyfis og skilyrði fyrir starfsemi verðbréfafyrirtækis. Um er að ræða reglur sem áður voru í lögum um fjármálafyrirtæki. Í 2. þætti er einnig að finna reglur um framkvæmd fyrirmæla á markaðstorgi fjármálagerninga og skipulegu markaðstorgi hjá verðbréfafyrirtækjum og rekstraraðilum markaða.

Um 5. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. og 4. mgr. 5. gr. MiFID2, eru reglur um starfsleyfi verðbréfafyrirtækja. Sambærileg ákvæði er að finna í 1., 2. og 4. mgr. 5. gr. MiFID1.

Í 1. og 2. mgr. kemur fram að fjárfestingarþjónusta og fjárfestingarstarfsemi sé starfsleyfis skyld og að verðbréfafyrirtæki sé heimilt að veita fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi að fengnu starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins. Slík starfsemi og þjónusta er háð fyrir fram samþykki lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki verðbréfafyrirtækis. Á Íslandi er Fjármálaeftirlitið lögbært yfirvald og fer með eftirlit samkvæmt frumvarpinu. Í málsgreininni er jafnframt gerð sú krafa að verðbréfafyrirtæki sem fengið hefur starfsleyfi hér á landi hafi höfuðstöðvar sínar hér á landi og starfi sem hlutafélag.

Í 3. mgr. kemur fram að einungis ríkisborgarar aðildarríkja og lögaðilar stofnaðir í aðildarríki geta verið stofnendur verðbréfafyrirtækja hér á landi nema að fengnu samþykki ráðherra. Ákvæðið er efnislega samhljóða 11. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í 4. mgr. er fjallað um heiti verðbréfafyrirtækja. Ákvæðið er samhljóða 1. og 2. mgr. 12. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um 6. gr.

Í greininni, sem byggir á 3. mgr. 5. gr. og 6. gr. MiFID2, er fjallað um gildissvið starfsleyfis. Í starfsleyfi verðbréfafyrirtækis skal taka fram hvaða fjárfestingarþjónustu því er heimilt að veita. Auk fjárfestingarþjónustu samkvæmt skilgreiningu 4. gr. frumvarpsins, sbr. A-þátt I. viðauka við MiFID2, getur starfsleyfi einnig náð til einnar eða fleiri tegunda viðbótarþjónustu samkvæmt skilgreiningu 3. gr. frumvarpsins, sbr. B-þátt I. viðauka við MiFID2.

Starfsleyfi verðbréfafyrirtækis gildir á öllu Evrópska efnahagssvæðinu og heimilar verðbréfafyrirtæki að veita þá þjónustu sem það hefur starfsleyfi fyrir alls staðar á EES, annað hvort á grundvelli stofnsetningarréttarins, þ.m.t. með stofnun útibús, eða á grundvelli frelsis til að veita þjónustu samkvæmt reglum III. kafla 2. þáttar frumvarpsins.

Um 7. gr.

Í greininni, sem byggir á 7. gr. MiFID2, er fjallað um málsmeðferð umsókna um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki.

Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1943, sem sett er með stoð í 4. mgr. 7. gr. MiFID2, kemur fram hvaða upplýsingum umsækjandi skal skila inn með umsókn sinni, kröfur sem gerðar eru til stjórnunar verðbréfafyrirtækja, upplýsingar sem tilkynningar skulu innihalda, kröfur sem gerðar eru til hluthafa og þeirra sem fara með virka eignarhluti og hindranir sem geta komið í veg fyrir skilvirkt eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1945 er að finna eyðublöð, sniðmát og verkferla fyrir tilkynningar og upplýsingagjöf skv. 2. og 5. mgr. 7. gr. MiFID2.

Um 8. gr.

Í greininni, sem byggir á 8. gr. MiFID2, er fjallað um heimild Fjármálaeftirlitsins til afturköllunar starfsleyfis verðbréfafyrirtækis. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að meta hvort starfsleyfi skuli afturkallað í heild sinni eða að hluta til.

Í ákvæðinu kemur fram að Fjármálaeftirlitinu beri að tilkynna ESMA um afturköllun starfsleyfis og er það áréttung á skyldu Fjármálaeftirlitsins skv. 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins til að tilkynna ESMA um allar breytingar sem verða á skrá yfir verðbréfafyrirtæki.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um verklag við afturköllun á starfsleyfi verðbréfafyrirtækis. Greinin er samhljóða 1. mgr. 10. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, að því undanskildu að bætt er við þeirri skyldu að tilkynning um afturköllun starfsleyfis sér birt á vef Fjármálaeftirlitsins til viðbótar því að hún sé birt í Lögbirtingarblaðinu og fjölmiðlum.

Um 10. gr.

Í greininni, sem byggir á 9. gr. MiFID2, er fjallað um stjórn og framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis.

Í 1. mgr. kemur fram að um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis fari eftir ákvæðum 52. gr. og 52. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og í tilviki kerfislega mikilvægs verðbréfafyrirtækis, 52. gr. e sömu laga. Með kerfislega mikilvægu verðbréfafyrirtæki er átt við kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki í skilningi laga um fjármálafyrirtæki, enda falla verðbréfafyrirtæki undir skilgreiningu þeirra laga á hugtakinu fjármálafyrirtæki. Ákvæðið byggir á 1. mgr. 9. gr. MiFID2, en í henni kemur meðal annars fram að lögbær yfirvöld skuli tryggja að verðbréfafyrirtæki og stjórnir þeirri fari að ákvæðum 88. og 91. gr. tilskipunar 2013/36/ESB (CRDIV), sem tekin voru upp í íslenskan rétt með framangreindum ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki.

Í 5. mgr. kemur meðal annars fram að stjórn skal hafa eftirlit með og meta hvort stefnu-mótun og innleiðing markmiða fyrirtækisins vegna fjárfestingarþjónustu og viðbótarþjónustu sé fullnægjandi og hvort unnið sé eftir henni, sbr. 35. gr. frumvarpsins.

Í 10. mgr. er lagt er til að Seðlabanki Íslands setji nánari reglur um hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þar á meðal um hvað felist í fullnægjandi þekkingu og reynslu, góðu orðspori og fjárhagslegu sjálfstæði, og um hvernig staðið skuli að hæfismati.

ESMA og EBA hafa gefið út sameiginlegar viðmiðunarreglur sem beint er að eftirlitsaðil-um í aðildarríkjum, hér á landi Fjármálaeftirlitinu, sem fjalla meðal annars um hvernig Fjár-málaeftirlitið eigi að meta hvort stjórn verðbréfafyrirtækis uppfylli þær skyldur sem fram koma í greininni.

Um 11. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. og 2. mgr. 10. gr. MiFID2, er fjallað um aðila með virka eignar-hluti. Ákvæðið er óbreytt frá MiFID1.

Í 1. mgr. er fjallað um þau tilvik þar sem Fjármálaeftirlitið skal ekki veita starfsleyfi. Í 4. tölul. segir að starfsleyfi skuli ekki veitt ef nán tengsl á milli verðbréfafyrirtækisins og annarra aðila koma í veg fyrir að það geti sinnt eftirlitshlutverki sínu. Nauðsynlegur þáttur í virku eftirliti með þeim sem eiga virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtæki er að fylgjast með nánnum tengslum. Þau viðmið sem koma fram um athuganir og úrræði Fjármálaeftirlitsins varðandi mat á hæfi aðila til að eiga virkan eignarhlut gilda einnig um nán tengsl eftir því sem við á. Sambærilegt ákvæði er að finna í 49. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um 12. gr.

Greinin, sem byggir á 1. mgr. 11. gr. MiFID2, fjallar um tilkynningar vegna virks eignar-hlutar. Ákvæðið er hluta til sambærilegt 10. gr. MiFID1. Samkvæmt greininni skal tilkynna fyrir fram ef aðili eða aðilar í samstarfi hafa tekið ákvörðun um að afla sér aukningu á eignar-hlut, ef eignarhluturinn nær eða fer yfir umrædd mörk. Aðili eða aðilar í samstarfi er þýðing á enska hugtakinu *acting in concert* og er með því átt við það þegar tveir eða fleiri aðilar gera með sér samkomulag, formlegt eða óformlegt, um að taka þátt í viðskiptum þar sem allir aðilar eru með sama markmið, sem í þessu tilviki er að afla sér beint eða óbeint virks eignarhlutar í verðbréfafyrirtæki eða auka, beint eða óbeint, virkan eignarhlut sinn í slíku fyrirtæki.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. MiFID2 nær tilkynningarskyldan til 20%, 30% og 50% en skv. 3. másl. sömu málsgreinar er heimilt að miða við 33% hlutfall í stað 30%. Lagt er til að það svigrúm verði nýtt og tilkynningarskyldan haldist óbreytt frá því sem nú er skv. 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í 5. mgr. kemur fram að verðbréfafyrirtæki skuli að lágmarki einu sinni á ári tilkynna Fjár-málaeftirlitinu um nöfn þeirra hluthafa sem eigi virkan eignarhlut og um hlutafjáreign þeirra, t.d. með upplýsingum sem veittar eru á aðalfundi þess eða á grundvelli reglna sem gilda um

félög sem hafa fengið fjármálagerninga tekna til viðskipta á skipulegum markaði. Sambærilegt ákvæði er að finna í 48. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um 13. gr.

Greinin, sem byggir á 1.–3. mgr. 12. gr. MiFID2, fjallar um matstímabil vegna mats á hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtæki. Greinin er efnislega samhljóða 1. mgr. 42. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Efni 12. gr. MiFID2 er sambærilegt 10. gr. a MiFID1.

Í 4. mgr. kemur fram að ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er staðsettur í ríki utan EES, eða hann lýtur ekki opinberu fjármálaeftirliti innan EES sem verðbréfafyrirtæki, lánastofnun eða verðbréfasjóður, bætist bið eftir upplýsingum við dagafjölda samkvæmt 3. málslið 2. mgr. en þó ekki meira en 30 virkir dagar. Til nánari skýringar er hér átt við, skv. 3. mgr. 12. gr. MiFID2, aðila sem ekki sæta eftirliti á grundvelli MiFID2, tilskipunar 2009/65/EB um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) eða tilskipun 2013/36/ESB um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum (CRDIV).

Um 14. gr.

Greinin, sem byggir á 2. mgr. 11. gr. og 13. gr. MiFID2, fjallar mat á hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtæki. Núverandi ákvæði um sama efni er að finna í 42. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, en 14. gr. er ítarlegri.

Í 1. mgr. segir meðal annars að Fjármálaeftirlitið skuli leggja mat á hvort aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut samkvæmt tilkynningu skv. 12. gr. sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til varfærins og trausts rekstrar verðbréfafyrirtækis að teknu tilliti til hugsanlegra áhrifa hans á verðbréfafyrirtækið. Lögð er til orðalagsbreyting frá 2. mgr. 42. gr. laga um fjármálafyrirtæki þannig að talað sé um „varfærinn og traustan rekstur“ í stað „heilbrigðs og trausts“. Hér er um að ræða þýðingu á enska orðasambandinu *sound and prudent management* og þykir orðið varfærni ná betur utan um inntak þess að vera *prudent* heldur en orðið heilbrigður. Í 1. mgr. eru talin upp í fimm tölulíðum þau atriði sem mat Fjármálaeftirlitsins skal grundvallast á. Fyrsta atriðið sem skal horfa til er orðspor aðilans, en í gr. 10.1 sameiginlegra viðmiðunarregla EIOPA, EBA og ESMA um mat á hæfi aðila til að fara með virkan eignarhlut (JC/GL/2016/01) kemur fram að með orðspori sé bæði átt við heilindi og faglega hæfni. Æskilegt er að horft sé til slíkra viðmiðunarregla eins og þær standa hverju sinni til að tryggja samræmda túlkun lögbærra yfirvalda innan EES. Lögð er til orðalagsbreyting á 4. tölul. í þeim tilgangi að textinn samræmist betur orðalagi d-liðar 1. mgr. 13. gr. MiFID2.

Með aðila sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er átt við einstakling eða lögaðila sem hyggst, hvort sem er einn eða í samstarfi við aðra, eignast eða auka við virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtæki, enda kemur fram í 69. tölul. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins að með virkum eignarhlut sé átt við beina eða óbeina hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutfé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.

Í 2. mgr. er nýtt ákvæði þar sem áréttað er að Fjármálaeftirlitinu sé aðeins heimilt að hafna fyrirhuguðum kaupum þegar til þess liggja haldbær rök á grundvelli viðmiðanna sem sett eru fram í 1. mgr. eða þegar upplýsingarnar sem fyrirhugaður kaupandi að eignarhlut veitir reynast ófullnægjandi. Sérstaklega er tekið fram að ekki skuli setja nein skilyrði fyrir fram um hlutfall

eignarhlutdeildar né meta fyrirhugaða yfirtöku með tilliti til efnahagslegra eða samkeppnislegra forsendna. Er þetta í samræmi við dómafordæmi á sviði EES-réttar og má þar sérstaklega nefna dóm EFTA-dómstólsins í máli E-9/11 (Eftirlitsstofnun EFTA gegn norska ríkinu).

Í 3. mgr. er ákvæði um að Fjármálaeftirlitið skuli birta opinberlega lista yfir þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og skuli fyrirhugaður kaupandi senda þær með tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. 12. gr. Upplýsingarnar sem krafist er skulu vera í réttu hlutfalli við og lagaðar að eðli fyrirhugaðs kaupanda og fyrirhugaðra kaupa. Fjármálaeftirlitið birtir nú lista yfir framangreindar upplýsingar á vef sínum. Ekki má krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem skipta máli fyrir varfærnismat.

Um 15. gr.

Í greininni, sem byggir á 4. og 5. mgr. 12. gr. MiFID2, er fjallað um tilkynningu Fjármálaeftirlitsins til aðila sem telst ekki hæfur til að eignast eða auka við virkan eignarhlut. Telji Fjármálaeftirlitið aðila ekki hæfan til að fara með eignarhlutinn skal tilkynna það eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að niðurstaða liggur fyrir. Þessi frestur lengir þó ekki matstímabil skv. 13. gr. frumvarpsins.

Um 16. gr.

Í greininni, sem byggir á 6. mgr. 12. gr. MiFID2, kemur fram heimild Seðlabanka Íslands til að ákvarða í reglum hámarkstíma sem aðili sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hefur til að ráðast í fjárfestingu í kjölfar þess að heimild Fjármálaeftirlitsins þar um liggur fyrir.

Um er að ræða breytingu frá gildandi rétti. Í 44. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er hámarkstíminn sex mánuðir og er ekki kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að veita undanþágur frá þeim tímafresti. Í athugasemdum við þá grein kemur fram að rökin fyrir því að miðað sé við sex mánuði séu þau að á þeim tíma kunni aðstæður að breytast hjá þeim sem hyggist eignast eða auka við virkan eignarhlut og því eðlilegt að mat þurfi að fara fram að nýju. Þegar við eigi, t.d. ef ekki er líklegt að aðstæður kunni að breytast á sex mánuðum, sé heimilt að veita lengri frest. Þessi sjónarmið eiga ennþá við nú, en lagt er til að Seðlabanka Íslands verði falið að ákveða hver fresturinn skuli vera í reglum og að stofnuninni verði heimilt að veita undanþágur frá tímamarkinu þegar við eigi, í samræmi við 6. mgr. 12. gr. MiFID2.

Um 17. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. másl. 4. mgr. 11. gr. MiFID2, er fjallað um aðila sem hyggst auka við virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtæki en tilkynnir ekki um fyrirhuguð kaup eða aukningu til Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt ákvæðinu fellur niður atkvæðisréttur aðilans, sem fylgir þeim hlutum sem eru umfram það sem hann átti áður, við það að tilkynna ekki um fyrirhuguð kaup eða aukningu. Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi verðbréfafyrirtæki um brottfall atkvæðisréttarins fái stofnunin vitneskju um kaupin eða aukninguna. Fjármálaeftirlitinu ber að krefjast þess að aðilinn sendi inn tilkynningu og öðlast hann við það atkvæðisrétt í samræmi við eignarhlut sinn, að því gefnu að Fjármálaeftirlitið geri ekki athugasemdir við aukninguna.

Um 18. gr.

Í greininni, sem byggir á 2. másl. 4. mgr. 11. gr. MiFID2, er fjallað um réttaráhrif þess þess að óhæfur aðili eignist virkan eignarhlut í verðbréfafyrirtæki. Ákvæðið er samhljóða 46. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í greininni er byggt á því að gætt verði meðalhófs og aðila gefinn möguleiki á að öðlast yfirráð yfir hlut sem hann átti áður eftir að hafa selt það sem hann eignaðist án samþykkis.

Um 19. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. mgr. 14. gr. MiFID2, er fjallað um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að sannreyna að verðbréfafyrirtæki uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum um innstæðu-tryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta áður en starfsleyfi er veitt. Ákvæðið er óbreytt frá MiFID1. Við upptöku MiFID1 í íslenskan rétt var ákvæðið ekki sérstaklega innleitt heldur var talið nægjanlegt að í 1. másl. 1. mgr. 3. gr. laga um innstæðu-tryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, kæmi fram almenn krafa um að verðbréfafyrirtæki skyldi eiga aðild að sjóðnum.

Vakin er athygli á því að í 2. mgr. 14. gr. MiFID2 kemur fram að 1. mgr. sömu greinar eigi jafnframt við um samsettar innstæður í þeim tilvikum sem hún er gefin út af lánastofnun sem er aðili að innstæðu-tryggingakerfi sem er viðurkennt á grundvelli tilskipunar 2014/49/ESB um innstæðu-tryggingakerfi. Umrædd tilskipun hefur ekki verið tekin inn í EES-samninginn. Farin er sú leið í skilgreiningu á hugtakinu samsett innstæða í 4. gr að þar sé um að ræða innlán í skilningi laga um innstæðu-tryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Markmiðið með því er að gera ljóst að samsettar innstæður skuli njóta innstæðu-tryggingaverndar rétt eins og aðrar innstæður þó að hvorki sé búið að taka tilskipun 2014/49/ESB upp í EES-samninginn né íslenskan rétt.

Um 20. gr.

Í greininni, sem byggir á 15. gr. MiFID2, er fjallað um stofnframlag verðbréfafyrirtækja. Fram kemur að Fjármálaeftirlitið skuli ekki veita starfsleyfi nema verðbréfafyrirtæki hafi nægilegt stofnframlag skv. 14. og 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, að teknu tilliti til þeirrar fjárfestingarþjónustu sem starfsleyfið tekur til. Í 15. gr. MiFID2 er vísað til krafna um stofnframlag samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 575/2013 um varfærniskröfur vegna starfsemi lánastofnana og verðbréfafyrirtækja, sem fundinn hefur verið staður í 14. og 14. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.

Um 21. gr.

Í greininni, sem byggir á 2. mgr., 1. másl. 3. mgr., 4. og 5. mgr. 16. gr. MiFID2, er fjallað almennt um skipulagskröfur sem gerðar eru til verðbréfafyrirtækja og þær ráðstafanir sem slíkum fyrirtækjum ber skylda til að gera svo reksturinn geti talist traustur og hagsmunir viðskiptavina tryggðir. Þessar kröfur lúta að innri málefnum fyrirtækjanna og er orðalag óbreytt frá 2.–5. mgr. 13. gr. MiFID1 að því undanskildu að við 5. mgr. 16. gr. MiFID2 hefur verið bætt nýjum máslíður, 3. másl., sem kveður á um skyldu verðbréfafyrirtækja til að hafa öryggisferla.

Um 22. gr.

Í greininni, sem byggir á 2.–6. másl. 3. mgr. 16. gr. MiFID2, er fjallað um reglur um vörubrúun og dreifingu (e. distribution) fjármálagerninga. Um er að ræða nýmæli. Skv. 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins gildir ákvæðið um bæði verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir þegar þau selja eða ráðleggja viðskiptavinum í tengslum við samsettar innstæður.

Í því augnamiði að forða eða minnka mögulega hættu á að verðbréfafyrirtæki gæti ekki að fjárfestavernd í starfsemi sinni er kveðið á um að framleiðendur fjármálagerninga og samsettra

innstæðna hafi vörubrúnaferli til staðar. Um inntak hugtakanna framleiðandi og dreifingaraðili er fjallað í 15. lið aðfaraorða reglugerðar (ESB) nr. 2017/593, sbr. 1. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. hennar. Þar kemur meðal annars fram að verðbréfafyrirtæki sem búa til, þróa, gefa út eða hanna fjármálagerninga, þ.m.t. þegar veitt er ráðgjöf til útgefenda vegna útgáfu nýrra fjármálagerninga, teljist framleiðendur (e. manufacturers). Til dreifenda teljast verðbréfafyrirtæki sem bjóða til sölu og/eða selja fjármálagerninga eða fjármálaþjónustu.

Í 2.–5. mgr. er fjallað um framleiðslu og sölu fjármálagerninga.

Nánar er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til verðbréfafyrirtækja samkvæmt greininni í 9. og 10. gr. reglugerðar (ESB) 2017/593, sem lagt er til að verði tekin upp í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra og viðmiðunarreglum Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar um kröfur um vörustjórnunarferli samkvæmt MiFID2 (ESMA35-43-620).

Um 23. gr.

Í greininni, sem byggir á 6., 7. og 1. másl. 11. mgr. 16. gr. MiFID2, er fjallað um skráningu og varðveislu gagna.

Í 1. mgr. er kveðið á um skyldu verðbréfafyrirtæka til að halda skrá um alla þjónustu sem það veitir og öll verðbréfavíðskipti sem það hefur milligöngu um. Sambærilegt ákvæði er að finna í 6. mgr. 13. gr. MiFID1, sem var tekin upp í íslenskan rétt með 1. mgr. 10. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Í 2.–4. mgr. er fjallað um að samskipti viðskiptavina og verðbréfafyrirtækis skuli fara fram þannig að hægt sé að skrásetja þau og að viðskiptavinum, nýjum og núverandi, sé tilkynnt að símtöl og önnur samskipti séu skráð og/eða tekin upp. Um er að ræða nýjar kröfur sem var ekki að finna í MiFID1.

Í 3. mgr. kemur fram skylda verðbréfafyrirtækis til að tilkynna viðskiptavinum um að símtöl og samskipti þeirra á milli, sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta, verði skráð. Jafnframt kemur fram að nægilegt er að slíkt sé gert einu sinni, áður en fjárfestingarþjónusta er veitt nýjum eða núverandi viðskiptavinum. Hér er átt við að nægilegt sé að tilkynna um slíkt í eitt skipti þegar nýr viðskiptavinur kemur í viðskipti eða í fyrsta skipti sem núverandi viðskiptavinum er veitt þjónusta eftir gildistöku frumvarpsins.

Í 5. mgr. er kveðið á um að verðbréfafyrirtæki skuli varðveita skrár samkvæmt greininni í a.m.k. fimm ár og afhenda þær viðkomandi viðskiptavinum, óski hann þess. Jafnframt er kveðið á um heimild Fjármálaeftirlitsins til að framlengja þann tíma í sjö ár, telji stofnunin þörf á því.

Dæmi um tilvik þar sem Fjármálaeftirlitið gæti nýtt þessa heimild væri þegar stofnunin hefði til skoðunar flókið mál sem tengdist verðbréfafyrirtæki eða málið varðaði viðskipti sem hefðu áttu sér stað nokkrum árum áður en málið fór af stað hjá Fjármálaeftirlitinu. Krafa skv. 5. mgr. tekur þó ekki til upplýsinga sem eru orðnar fimm ára þegar krafa Fjármálaeftirlitsins um að varðveita upplýsingar í sjö ár kemur fram. Fjármálaeftirlitið skal láta verðbréfafyrirtæki vita um leið og ekki er lengur þörf á því að upplýsingar séu varðveittar í sjö ár.

Ákvæði sem er að nokkru leyti sambærilegt er að finna í 2. mgr. 10. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, sem byggir á 2. mgr. 25. gr. MiFID1. Síðarnefnda ákvæðinu hefur nú verið fundinn staður í 1. mgr. 25. gr. MiFIR, en þar kemur meðal annars fram að verðbréfafyrirtæki skuli, í fimm ár, geta afhent lögbæru yfirvaldi tiltekin gögn sem tengjast þöntunum eða viðskiptum.

Nánar er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til verðbréfafyrirtækja samkvæmt greininni í reglugerð (ESB) 2017/593, sem lagt er til að verði teknar upp í íslenskan rétt með reglugerð ráðherra.

Um 24. gr.

Í greininni, sem byggir á 8.–10. mgr. 16. gr. MiFID2, er kveðið á um verndun eigna viðskiptavina. Ákvæðin eru óbreytt frá 7.–9. mgr. 13. gr. MiFID1 með þeirri undantekningi að í 10. mgr. 16. gr. MiFID2 er nýtt ákvæði, sbr. 3. mgr. 24. gr. frumvarpsins, sem kveður á um að verðbréfafyrirtæki skuli ekki ganga til samninga við almenna fjárfesta um framsal eignarréttar yfir fjárhagslegri tryggingu í þeim tilgangi að tryggja eða vernda skuldir og skuldbindingar viðskiptavina. Með skuldum og skuldbindingum er átt við raunverulegar, skilyrtar eða væntanlegar skuldbindingar eða skuldir viðskiptavina.

Ákvæðinu er ætlað að treysta réttarstöðu viðskiptavina verði verðbréfafyrirtæki gjaldþrota eða ógjaldfært og tengist ákvæðið þannig 109. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og 9. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999.

Þar sem hægt er að komast framhjá kröfunum, að því er varðar verndun eigna viðskiptavina, með því að viðskiptavinur framselji eignarrétt fjármuna og fjármálagerninga til verðbréfafyrirtækja í tryggingarskyni þykir rétt að banna slík framsöl þegar um er að ræða almenna fjárfesta.

Nánar er fjallað um verndun eigna viðskiptavina í reglugerð (ESB) 2017/593, sem lagt er til að ráðherra innleiði í íslenskan rétt með reglugerð.

Um 25. gr.

Í greininni, sem byggir á 1., 2. og 6. mgr. 17. gr. MiFID2, er fjallað almennt um kröfur vegna algrímsviðskipta. Um er að ræða nýmæli sem ekki var að finna í MiFID1.

Í 1. mgr. kemur meðal annars fram að verðbréfafyrirtæki sem hafi með höndum algrímsviðskipti skuli ráða yfir viðeigandi og skilvirkum kerfum og stjórnækjum vegna eftirlits með áhættu. Með viðeigandi kerfi er átt við að það sé viðeigandi með tilliti til þeirrar starfsemi sem verðbréfafyrirtækið stundar.

Með hugtakinu almennur „færsluvísir“, sbr. 7. mgr., er átt við við enska hugtakið *clearing*. Samkvæmt skilgreiningu Evrópska seðlabankans felur hugtakið í sér miðlun og þörun og í sumum tilvikum staðfestingu á greiðslufyrirmælum áður en uppgjör á sér stað, auk þess sem það getur falið í sér jöfnun/nettun fyrirmæla og stofnun lokastöðu til uppgjörs. Samkvæmt framangreindri skilgreiningu felur færsluvísun ekki endilega alltaf í sér stöðustofnun. Þá gerir Evrópski seðlabankinn greinarmun á færsluvísun og peningalegu uppgjöri.

Nánar er fjallað um kröfur til algrímsviðskipta í reglugerð (ESB) 2017/589 sem lagt er til að verði innleidd í íslenskan rétt með reglum Seðlabanka Íslands.

Um 26. gr.

Í greininni, sem byggir á 3. og 4. mgr. 17. gr. MiFID2, er fjallað almennt um viðskiptavakt með notkun algríms. Um er að ræða nýmæli sem ekki var að finna í MiFID1.

Nánar er fjallað um kröfur til viðskiptavaktar með notkun algrímsviðskipta í reglugerðum (ESB) 2017/589 og 2017/578 sem lagt er til að verði innleiddar í íslenskan rétt með reglum Seðlabanka Íslands.

Um 27. gr.

Í greininni, sem byggir á 5. mgr. 17. gr. MiFID2, er fjallað almennt um beinan rafrænan aðgang. Um er að ræða nýmæli sem ekki var að finna í MiFID1.

Í 1. mgr. kemur fram að verðbréfafyrirtæki sé óheimilt að bjóða beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi nema að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum, þar á meðal að það ráði yfir skilvirkum kerfum og stjórnækjum sem tryggja fullnægjandi mat á hæfi viðskiptavina

sem nota þjónustuna. Hér er átt við upphaflegt og viðvarandi mat á því hvort viðkomandi viðskiptavinur sé hæfur. Í málsgreininni kemur einnig fram að til staðar skuli vera viðeigandi áhættueftirlit sem komi í veg fyrir viðskipti sem gætu leitt til áhættu fyrir verðbréfafyrirtækið sjálft eða stuðlað að óróleika á markaði, markaðssvikum eða gengið gegn reglum viðskiptavettvangsins.

Í 2. mgr. segir að verðbréfafyrirtæki sem opni fyrir beinan rafrænan aðgang að viðskiptavettvangi skuli bera ábyrgð á því að tryggja að viðskiptavinir sem noti þá þjónustu uppfylli kröfur laganna og reglur viðskiptavettvangsins. Jafnframt segir að verðbréfafyrirtækið skuli fylgjast með viðskiptunum til að greina brot á reglunum, óróleika í viðskiptum (e. disorderly trading) eða háttsemi sem kann að fela í sér brot gegn ákvæðum MAR og tilkynna skuli til Fjármálaeftirlitsins. Með þessum reglum í 2. másl. er átt við bæði brot á lögum, reglum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim, og reglum markaðarins.

Nánar er fjallað um skipulagskröfur til verðbréfafyrirtækja sem bjóða upp á beinan rafrænan aðgang í reglugerð (ESB) 2017/589 sem lagt er til að verði innleidd í íslenskan rétt með reglum Seðlabanka Íslands.

Um 28. gr.

Í greininni, sem byggir á 18. gr. MiFID2, er fjallað um þær kröfur sem gerðar er til framkvæmdar viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga (MTF) og skipulegu markaðstorgi (OTF) sem verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða geta starfrækt á grundvelli starfsleyfis frá Fjármálaeftirlitinu. Hugtakið markaðstorg fjármálagerninga er óbreytt frá MiFID1 en skipulegt markaðstorg er ný tegund markaðstorgs fyrir fjármálagerninga, sbr. skilgreiningar í 4. gr. frumvarpsins.

Í 5. tölul. 1. mgr. er fjallað um hagsmunaárekstra. Með traustri virkni viðkomandi markaðstorgs í ákvæðinu er átt við enska hugtakið *sound functioning*.

Í 3. mgr. kemur fram að fari viðskipti fram með verðbréf, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði, einnig fram á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi, án samþykkis útgefanda, sé útgefanda ekki skylt að annast fjárhagslega upplýsingagjöf gagnvart viðkomandi markaðstorgi. Hér er átt við alla upplýsingagjöf, þ.e. upphaflega, viðvarandi og óreglulega upplýsingagjöf.

Nánar er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til verðbréfafyrirtækja samkvæmt greininni í reglugerð (ESB) 2016/824 um efni og form lýsinga á starfsemi markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga o.fl. sem lagt er til að verði tekin upp í íslenskan rétt með reglum Seðlabanka Íslands.

Um 29. gr.

Í greininni, sem byggir á 19. gr. MiFID2, er fjallað um sérstakar kröfur sem gerðar eru til markaðstorga fjármálagerninga. Líkt og í sambærilegum ákvæðum um markaðstorg fjármálagerninga í gildandi lögum um verðbréfavíðskipti er gerð krafa um að reglur um framkvæmd fyrirmæla á markaðstorgi fjármálagerninga séu hlutlægar, þ.e. feli ekki í sér svigrúm til ákvörðunar um framkvæmd fyrirmæla af hálfu verðbréfafyrirtækis eða rekstraraðila markaða sem starfrækir það.

Í 1. mgr. er kveðið á um bann við því að framfylgja fyrirmælum viðskiptavinar gegn eiginfjármagni. Að eiga viðskipti gegn eiginfjármagni þýðir að eigið fé er undirliggjandi, sbr. skilgreiningu á viðskiptum fyrir eigin reikning í 4. gr.

Um 30. gr.

Í greininni, sem byggir á 20. gr. MiFID2, er fjallað um sérstakar kröfur sem gerðar eru til skipulegra markaðstorga. Verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaða sem starfrækir skipulegan viðskiptavettvang er heimilt að setja reglur sem fela í sér svigrúm til ákvörðunar fyrir rekstraraðilann um framkvæmd fyrirmæla, sbr. 6. mgr. 30. gr. Í ljósi þessa hefur Fjármálaeftirlitið heimild til að krefjast ítarlegra lýsinga á því hvenær og hvernig slíkar ákvarðanir eru teknar. Vegna þessa svigrúms sem er fyrir hendi hjá skipulegum markaðstorgum er einnig gert ráð fyrir heimild Fjármálaeftirlitsins til að krefjast þess við starfsleyfisveitingu, eða eftir þörfum, að fá rökstuðning fyrir því að það kerfi sem umsækjandi segir vera skipulegt markaðstorg, sé ekki skipulegur markaður, markaðstorg fjármálagerninga eða innmiðlari.

Í 1. mgr. kemur fram að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem starfrækja skipuleg markaðstorg skuli gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fyrirmæli viðskiptavina á skipulegu markaðstorgi séu framkvæmd gegn eiginfjármagni verðbréfafyrirtækisins eða rekstraraðila markaðarins eða aðila sem er hluti af sömu samstæðu eða lögaðila. Að eiga viðskipti gegn eiginfjármagni þýðir að eigið fé er undirliggjandi, sbr. skilgreiningu á viðskiptum fyrir eigin reikning í 4. gr.

Í 3. mgr. kemur fram að einungis sé heimilt að stunda viðskipti fyrir eigin reikning, önnur en jöfnuð eigin viðskipti, með skuldagerninga ríkis sem lítill seljanleiki er með á markaði. Við mat á því hvenær lítill seljanleiki er á markaði skal fara eftir þeim viðmiðum sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2017/583.

Um II. kafla 2. þáttar.

Í kaflanum er fjallað um viðvarandi kröfur til verðbréfafyrirtækja.

Um 31. gr.

Í greininni, sem byggir á 21. gr. MiFID2, er fjallað um reglulegt eftirlit með starfsleyfis-skilyrðum verðbréfafyrirtækja. ESMA er heimilt skv. 2. undirmálgrein 2. mgr. 21. gr. MiFID2 að gefa út viðmiðunarreglur um nánari framkvæmd greinarinnar.

Um 32. gr.

Í greininni, sem byggir á 23. gr. MiFID2, er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til verðbréfafyrirtækja vegna hagsmunaárekstra.

Í 1. mgr. er kveðið á um það að verðbréfafyrirtæki skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir (e. appropriate steps) til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra. Í 1. tölul. 1. mgr. segir meðal annars að viðeigandi ráðstafanir verðbréfafyrirtækis eigi að taka til hagsmunaárekstra milli fyrirtækisins annars vegar, þ.m.t. starfsmanna þess, einkaumboðsmanna eða aðila sem eru tengdir því vegna yferráða, og viðskiptavina þess hins vegar. Til fyrirtækisins í skilningi 1. tölul. teljast stjórnendur, starfsfólk og einkaumboðsmenn og aðilar sem beint eða óbeint tengjast því með yferráðum. Með aðilum sem eru tengdir fyrirtækinu vegna yferráða er einnig átt við aðila sem þannig eru tengdir starfsmönnum, stjórnarmönnum eða einkaumboðsmönnum.

Ákvæði 1. mgr. eru breytt frá MiFID1 að því leyti að meginreglan í MiFID2 felur í sér skyldu verðbréfafyrirtækja til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra en samkvæmt MiFID1 bar verðbréfafyrirtækjum að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar sköðuðu hagsmuni viðskiptavina þeirra. Um nýmæli er að ræða í lokamálslið málgreinarinnar

þar sem segir að einnig skuli líta til hagsmunaárekstra sem leiði af viðtöku þóknana, þ.m.t. frá þriðju aðilum eða gegnum kaupaukakerfi verðbréfafyrirtækisins.

Í 2. mgr. kemur fram að þar sem ráðstafanir skv. 2. mgr. 21. gr. og 22. gr., sbr. 3. mgr. 16. gr. MiFID2, veiti ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hættunni verði afstýrt, skuli fjármálaframtækni, áður en þjónusta er veitt, upplýsa viðskiptavin skýrt um eðli og ástæður hagsmunaárekstranna og hvaða ráðstafanir voru gerðar til að draga úr hættunni. Þessi skylda á við bæði um núverandi og hugsanlega viðskiptavini. Upplýsingagjöf um hagsmunárekstra er hugsuð sem úrræði til þrautavara og leysir verðbréfafyrirtæki ekki undan skyldunni til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í starfseminni. Ekki á að viðgangast að verðbréfafyrirtæki treysti um of á upplýsingagjöf um hagsmunaárekstra.

Nánar er fjallað um þær kröfur sem gerðar eru til ráðstafana vegna hagsmunaárekstra í 3. þætti II. kafla reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins.

Um 33. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. og 2. mgr. 24. gr. MiFID2, er fjallað um meginreglur um viðskiptahætti verðbréfafyrirtækja.

Í 1. mgr. segir að verðbréfafyrirtæki skuli starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Orðalaginu hefur lítillaga verið breytt frá 5. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, til að það samræmist fyllilega orðalagi 1. mgr. 24. gr. MiFID2, sbr. 19. gr. MiFID1.

Í 2. og 3. mgr., sem byggja á 2. mgr. 24. gr. MiFID2, er að finna nýmæli um að dreifa skuli fjármálagerningum til ákveðins markhóps, í samræmi við stefnu verðbréfafyrirtækisins og í þágu hagsmuna viðskiptavinarins. Jafnframt er kveðið á um að til staðar sé skilningur innan verðbréfafyrirtækisins á fjármálagerningum sem það býður til sölu eða mælir með.

Nánar er fjallað um viðskiptahætti í reglugerð (ESB) 2017/593 sem lagt er til að ráðherra innleiði í íslenskan rétt með reglugerð.

Um 34. gr.

Í greininni, sem byggir á 3.–6. mgr. 24. gr. MiFID2, er fjallað um upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækja til viðskiptavina.

Samkvæmt 2. mgr. skal verðbréfafyrirtæki veita upplýsingar með góðum fyrirvara, meðal annars um viðskiptastað (e. execution venue). Viðskiptastaður er víðtækara hugtak en viðskiptavettvangur (e. trading venue) og falla þar undir fleiri markaðir en skipulegur verðbréfavettvangur, markaðstorg fjármálagerninga og skipuleg markaðstorg, t.d. innmiðlarar, viðskiptavakar, aðrir aðilar sem tryggja seljanleika og sambærilegir aðilar í þriðja ríki. Skv. b-lið 1. tölul. 2. mgr. 34. gr. skal verðbréfafyrirtæki upplýsa um hvort greining sé takmörkuð við fjármálagerninga sem gefnir eru út eða látnir í té af aðila með nánin tengsl við verðbréfafyrirtækið, eða aðila sem hefur önnur lagaleg eða fjárhagsleg tengsl (e. economic relationship), svo sem á grundvelli samnings, sem draga úr óhæði ráðgjafar. Þó að enska hugtakið *economic relationship* sé hér þýtt sem fjárhagsleg tengsl, þá skal við túlkun á því horft til þess að hugtakið efnahagsleg tengsl getur haft víðtækari merkingu en hugtakið fjárhagsleg tengsl.

Samkvæmt 5. mgr. eru fjármálaafurðir sem veita skal upplýsingar um samkvæmt ákvæði í lögum um lán til neytenda undanskildar upplýsingagjöf skv. 3.–5. mgr. greinarinnar. Hér

undir falla bæði fjármálaafurðir sem falla undir lög um fasteignalán til neytenda og lög um neytendalán.

Um 35. gr.

Í greininni, sem byggir á 7. mgr. 24. gr. MiFID2, er fjallað um óháða fjárfestingarráðgjöf. Samkvæmt 1. mgr. skal verðbréfafyrirtæki sem veitir óháða fjárfestingarráðgjöf upplýsa viðskiptavini sína um það og uppfylla ákveðin skilyrði. Nánar er fjallað um þau skilyrði sem gerð eru til óháðrar fjárfestingarráðgjafar í 53. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að ráðherra setji reglugerð með nánari reglum um efni greinarinnar sem byggir á reglugerð (ESB) 2017/593.

Um 36. gr.

Í greininni, sem byggir á 8. og 9. mgr. 24. gr. MiFID2, er fjallað um þóknanir, umboðslaun og annan ávinning. Þessar greiðslur eru oft nefndar hvatagreiðslur.

Nánar er fjallað um þóknanir, umboðslaun og annan ávinning í reglugerð (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins. Einnig er lagt til að ráðherra setji reglugerð með nánari reglum um efni greinarinnar sem byggir á reglugerð (ESB) 2017/593.

Um 37. gr.

Í greininni, sem byggir á 10. mgr. 24. gr. MiFID2, er fjallað um kaupaukakerfi og starfslokasamninga verðbréfafyrirtækja. Lagt er til ákvæði laga um fjármálafyrirtæki um kaupaukakerfi og starfslokasamninga gildi áfram um verðbréfafyrirtæki.

Um 38. gr.

Í greininni, sem byggir á 11. mgr. 24. gr. MiFID2, er fjallað um það þegar verðbréfafyrirtæki býður fjárfestingarþjónustu ásamt annarri vöru eða þjónustu sem hluta af pakka.

Um 39. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. mgr. 25. gr. MiFID2, er fjallað um kröfur um þekkingu og hæfni til einstaklinga sem veita fjárfestingarráðgjöf, upplýsingar um fjármálagerninga og fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu fyrir hönd verðbréfafyrirtækis. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið leggi viðmiðunarreglur Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA71-1154262120-153 EN (rev) til grundvallar við mat á því til hvaða þátta verðbréfafyrirtæki eigi að horfa til við mat á þekkingu og hæfni.

Einstaklingar með verðbréfaréttindi skv. 40. gr. ættu að uppfylli stærstan hluta þeirra krafna sem gerðar eru til þeirra samkvæmt þessari grein. Hins vegar eru alltaf ákveðnir þættir, sér í lagi þeir sem snúa að verðbréfafyrirtæknu sjálfu, svo sem upplýsingar um vöruframboð, kostnað við viðskipti, framkvæmd tilhlýðileikamats o.fl., sem próf til öflunar verðbréfaréttinda og endurmenntunarkrafan til að viðhalda réttindunum taka ekki til. Vert er að nefna að ákveðnar kröfur haldast óbreyttar frá gildandi rétti, svo sem um að verðbréfafyrirtæki hafi yfir að ráða nauðsynlegri þekkingu og að verðbréfafyrirtæki skuli ráða starfsfólk með færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að inna af hendi þau verkefni sem þeim eru falin.

Um 40. gr.

Í greininni er fjallað um verðbréfaréttindi. Krafan um að þeir starfsmenn verðbréfafyrirtækis sem veita fjárfestingarráðgjöf hafi verðbréfaréttindi byggir að einhverju leyti á 1. mgr. 25. gr. MiFID2.

Í 1. mgr. er gerð sú krafa að starfsmenn verðbréfafyrirtækis, sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi eða veita fjárfestingarráðgjöf, hafi verðbréfaréttindi. Í 1. mgr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, eru einungis tiltekin viðskipti með fjármálagerninga skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna. Í umræddum 6. tölul. segir hins vegar „viðskipti og þjónusta með fjármálagerninga samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti“ en ekki einungis viðskipti. Í 1. mgr. eru því bæði viðskipti og þjónusta tiltekin.

Krafan um verðbréfaréttindi nær til þeirra starfsmanna sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi. Það er því ekki skilyrði að framkvæmdastjórar verðbréfafyrirtækis og fjármálafyrirtækis hafi verðbréfaréttindi. Skilyrðið nær aðeins til þeirra starfsmanna innan fyrirtækisins sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi. Það þýðir þó ekki að framkvæmdastjórar séu alfarið undanþegnir kröfu um verðbréfaréttindi. Í flestum tilfellum verður að ætla að skipulag fyrirtækja sé þannig að eðlilegt sé að framkvæmdastjórinn hafi öðlast verðbréfaréttindi. Ekki er þó loku fyrir það skotið að í einstaka tilfellum sé skipulag fyrirtækja, sérstaklega þeirra stærri, þannig að framkvæmdastjórinn hafi ekki daglega umsjón með starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi.

Krafan um verðbréfaréttindi nær einnig til þeirra starfsmanna sem veita fjárfestingarráðgjöf. Líkt og fjallað er um í almenna hluta greinargerðarinnar er hér um nýmæli að ræða. Til að bregðast við auknum kröfum sem MiFID2 gerir til fjárfestingarráðgjafar og þróuninni annars staðar á Norðurlöndum, jafnvel þótt tilskipunin sjálf geri ekki kröfu um tiltekin réttindi eða próf, var talið nauðsynlegt að mæla í frumvarpi þessu fyrir um kröfu um verðbréfaréttindi fyrir þá aðila sem veita fjárfestingarráðgjöf. Tekið er fram að starfsmenn verðbréfafyrirtækis, sem veita fjárfestingarráðgjöf, skuli hafa verðbréfaréttindi. Krafan um verðbréfaréttindi nær til allra þeirra aðila sem hyggjast veita fjárfestingarráðgjöf eins og hún er skilgreind í frumvarpinu. Það felur meðal annars í sér skv. 1. mgr. að óheimilt er að veita fjárfestingarráðgjöf nema viðkomandi hafi umrædd réttindi eftir 1. júní 2022, þegar krafan um réttindi tekur gildi, sbr. 146. gr. um gildistöku.

Í 2. mgr. segir að ráðherra veiti verðbréfaréttindi, en til þess að öðlast réttindin þarf viðkomandi að hafa staðist sérstakt próf skv. 41. gr. Í sömu málsgrein kemur jafnframt fram að ráðuneytið skuli halda skrá yfir þá sem hafa verðbréfaréttindi, líkt og ráðuneytið gerir nú vegna prófs í verðbréfavíðskiptum. Að lokum er tekið fram að öðrum en þeim sem hafa verið skráðir hjá ráðuneytinu verður óheimilt að vísa til eða gefa að öðru leyti til kynna að þeir hafi öðlast viðkomandi verðbréfaréttindi samkvæmt þessari grein. Sambærilegt orðalag er t.d. að finna um viðurkennda bókara í 1. mgr. 43. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994.

Í 3. mgr. er lögð sú skylda á verðbréfafyrirtæki, með starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki, að tilkynna Fjármálaeftirlitinu við veitingu starfsleyfisins um þá starfsmenn sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi hjá fyrirtækinu eða veita fjárfestingarráðgjöf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt samkvæmt málsgreininni að veita allt að sex mánaða frest fyrir starfsmenn verðbréfafyrirtækis til að öðlast verðbréfaréttindi sem þurfa vegna nýráðningar eða breytinga í starfi að hafa verðbréfaréttindi, t.d. vegna stöðuhækkunar, ef sérstakar ástæður mæla með því. Sótt skal um slíka undanþágu til Fjármálaeftirlitins. Horft skal til þess að undanþágan sé aðeins veitt við aðstæður sem gera það

illmögulegt fyrir verðbréfafyrirtæki að uppfylla skilyrði greinarinnar. Sem dæmi um slíkt væri ef að starfsmaður sem sinnir stöðu sem krefst verðbréfaréttinda lætur af störfum með skömmum fyrirvara og sá sem er fenginn til að gegna stöðunni í hans stað tímabundið er ekki með verðbréfaréttindi. Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd málsgreinarinnar.

Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu þess sem hefur öðlast verðbréfaréttindi að sækja endurmenntun sem tryggir að hann viðhaldi reglulega fræðilegri þekkingu, faglegri hæfni og faglegum gildum. Fjallað er um kröfur sem gerðar eru annars staðar á Norðurlöndum til endurmenntunar í almenna hluta greinargerðarinnar. Krafa í 4. mgr. byggir að miklu leyti á þeirri kröfu sem gerðar eru til endurmenntunar löggiltra endurskoðenda í lögum um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019. Skv. 2. mgr. 9. gr. þeirra laga skal endurmenntun endurskoðanda svara að lágmarki til 20 klukkustunda á ári og samtals 120 klukkustunda á hverju þriggja ára tímabili. Í frumvarpi þessu er gengið skemur en í lögum um endurskoðendur og endurskoðun. Nánar verður fjallað um kröfur til endurmenntunar hjá þeim sem hafa öðlast verðbréfaréttindi í reglugerð sem ráðherra setur.

Í 5. mgr. er að finna heimild fyrir ráðherra til að fella niður réttindi hjá viðkomandi aðila þegar skilyrði um endurmenntun er ekki uppfyllt innan tilskilins frests.

Um 41. gr.

Í greininni er fjallað um prófnefnd verðbréfavíðskipta og fyrirkomulag prófs til öflunar verðbréfaréttinda. Orðalag 1. og 2. mgr. er sambærilegt því sem er að finna í 2. og 3. mgr. 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í 3. mgr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um skipan prófnefndar og framkvæmd prófa til öflunar verðbréfaréttinda og heimild prófnefndar til að ráða starfsmann.

Um 42. gr.

Í greininni, sem byggir ekki á MiFID2, er fjallað um safnskráningu. Greinin er samhljóða 12. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Ákvæði um safnskráningu var fyrst lögfest með lögum nr. 164/2000, um breytingu á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti, lögum nr. 131/1997, um rafræna eignarskráningu verðbréfa, og lögum nr. 2/1995, um hlutafélag.

Lagt er til að ráðherra verði falið að setja reglugerð um nánari framkvæmd og skilyrði til safnskráningar. Um safnskráningu gildir nú reglugerð nr. 706/2008.

Um 43. gr.

Í greininni, sem byggir ekki á MiFID2, er fjallað um framsalsáritun. Greinin er samhljóða 13. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Sambærilegt ákvæði hefur verið í lögum frá 1986. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, kemur fram að „gert [sé] ráð fyrir að umboð af þessu tagi geti sem endranær hljóðað á heimild verðbréfamiðlara til að framselja tiltekið verðbréf í þágu viðskiptamanns síns eða verið víðtækara, þannig að viðskiptamaður veiti verðbréfamiðlara ótakmarkað umboð til að framselja verðbréf sem hljóða á nafn hans. Með því að hagnýta heimild til notkunar umboðs sem þessa má samkvæmt fyrirmælum 3. mgr. ákvæðisins komast hjá því, að eintak umboðs þurfi að fylgja öllum verðbréfum sem verðbréfamiðlari áritar um framsal í þágu viðskiptamanns. Í þess stað er gert ráð fyrir að verðbréfamiðlari greini við framsalsáritun sína að hann framselji verðbréfi samkvæmt varðveittu umboði. Í tilvikum sem þessum væri verðbréfamiðlara skylt að varðveita umboð þannig sem mælt er fyrir um í lokamálslið 3. mgr. Með því að setja reglu um sérstakt umboð af þessu tagi, sem þarf laust er að fylgi framseldu

skjali, ber nauðsyn til að setja sérreglur um stöðu þess sem fær verðbréf framselt á þennan hátt, þar sem hann ætti þess ekki kost að kynna sér af eigin raun við skoðun verðbréfs hvort umboð hafi verið fullnægjandi til framsals samkvæmt almennum reglum um þau efni. Umræddar sérreglur koma fram í 4. og 5. mgr. 7. gr. frumvarpsins og þykja þær ekki þarfnast sérstakra skýringa.“

Um 44. gr.

Í greininni, sem byggir á 2. mgr. 25. gr. MiFID2, er fjallað um mat á hæfi þegar veitt er fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónusta. Í reglugerð (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 3. gr. frumvarpsins, er fjallað nánar um þessar skyldur verðbréfafyrirtækja. ESMA hefur einnig gefið út viðmiðunarreglur um tiltekna þætti krafna um mat á hæfi samkvæmt MiFID2.

Framkvæma þarf mat á hæfi, óháð því hvort þjónusta leiðir til viðskipta. Þá ber að framkvæma mat á hæfi hvort sem um er að ræða fjárfestingarráðgjöf um kaup, óbreytta stöðu eða sölu fjármálagernings. Í samræmi við gildissvið MiFID2, sem er viðtækara en samkvæmt MiFID1, ber að framkvæma mat á hæfi vegna samsettra innstæðna, sem er nýmæli. Veiti verðbréfafyrirtæki fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónustu að hluta til eða að öllu leyti í gegnum hálfsjálfvirk eða alsjálfvirk kerfi (e. robo-advice) ber því að tryggja að mat á hæfi fari fram skv. 54. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

Í 1. mgr. kemur fram hvaða nauðsynlegra upplýsinga verðbréfafyrirtækjum ber að afla frá viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum. Um er að ræða ítarlegri kröfur en í gildandi lögum um verðbréfavíðskipti sem byggja á MiFID1. Nú er þess krafist að afla sé upplýsinga um áhættuþol og getu til að þola tap. Fjallað er um upplýsingar vegna mats á hæfi í 54. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 og um upplýsingar um þekkingu og reynslu vegna mats á hæfi og tilhlýðileika í 55. gr. sömu reglugerðar. Ef verðbréfafyrirtæki er kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um að upplýsingar frá viðskiptavini séu úreltar, rangar eða ófullgerðar er því óheimilt að reida sig á þær við matið.

Í 2. mgr. kemur fram að þær upplýsingar sem aflað er skv. 1. mgr. eigi að gera verðbréfafyrirtæki kleift að meta hvort vara eða þjónusta hæfi viðskiptavini. Í reglugerð (ESB) 2017/565 er að finna nánari útfærslu á kröfum 2. mgr. Verðbréfafyrirtækjum ber t.d. að tryggja að upplýsingar um viðskiptavini og hugsanlega viðskiptavini séu áreiðanlegar og að þær séu reglulega uppfærðar. Þá er verðbréfafyrirtækjum heimilt að taka mið af því við upplýsingaöflun skv. 1. mgr. hvort um er að ræða fagfjárfesti varðandi þá vöru eða þjónustu sem um ræðir. Í tilviki fjárfestingarráðgjafar til almennra fjárfesta er verðbréfafyrirtækjum skylt að afhenda þeim yfirlýsingu um mat á hæfi skv. 3. mgr. 43. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. er fjallað um það nýmæli að mat á hæfi fari fram þegar um er að ræða pakka. Pakki getur samanstáðið af tveimur eða fleiri þjónustum og/eða vörum. Í þeim tilvikum skal mat á hæfi taka til þess hvort pakkinn hæfi viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini.

Um 45. gr.

Í greininni, sem byggir á 3. og 4. mgr. 25. gr. MiFID2, er fjallað um mat á tilhlýðileika þegar veitt er önnur fjárfestingarþjónusta en fjallað er um í 44. gr. Í reglugerð (ESB) 2017/565 er fjallað nánar um skyldur verðbréfafyrirtækja. Útgáfa viðmiðunarreglna um mat á tilhlýðileika og undanþágur frá því mati er í burðarliðnum hjá ESMA og er áætlað að þær verði gefnar út á þriðja ársfjórðungi 2021.

Í 1. mgr. er fjallað um hvaða upplýsinga verðbréfafyrirtæki skal afla frá viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini. Í 55. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sem fjallar um upplýsingar

um þekkingu og reynslu sem ber að afla við mat á hæfi og tilhlýðileika, kemur fram að verðbréfafyrirtæki skuli afla tiltekinnar upplýsinga á viðeigandi sviði fjárfestinga, eftir því hvaða flokki viðskiptavinur tilheyrir, eðli og umfangi þjónustunnar og tegund vöru eða fyrirhugaðra viðskipta, þ.m.t. flækjustígs og áhættuþátta. Í fyrsta lagi skal afla upplýsinga um þau viðskipti, þjónustu eða fjármálagerninga sem viðskiptavinurinn þekkir. Í öðru lagi skal afla upplýsinga um eðli, fjölda og tíðni þeirra viðskipta sem viðskiptavinurinn hefur átt með fjármálagerninga, auk upplýsinga um það á hvaða tímabili þau viðskipti áttu sér stað. Loks skal afla upplýsinga um menntun, starf og starfsreynslu viðskiptavinar. Mat á tilhlýðileika á að gera verðbréfafyrirtæki kleift að meta hvort viðskiptavinur eða hugsanlegur viðskiptavinur hafi þá reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til að geta skilið áhættu sem felst í vöru eða þjónustu. Ef verðbréfafyrirtæki er kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um að upplýsingar frá viðskiptavini séu úreltar, rangar eða ófullgerðar er því óheimilt að reiða sig á þær við matið.

Í 2. mgr. er fjallað um það nýmæli að mat á tilhlýðileika fari fram þegar um er að ræða pakka. Pakki getur samanstðið af tveimur eða fleiri þjónustum og/eða vörum. Í þeim tilvikum skal mat á tilhlýðileika taka til þess hvort pakkinn sé tilhlýðilegur fyrir viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin.

Í 1. tölul. 5. mgr. er upptalning á þeim fjármálagerningum sem verðbréfafyrirtækjum er heimilt að sjá eingöngu um framkvæmd eða móttöku og miðlun fyrir mæla á án þess að afla upplýsinga skv. 1. mgr. Í d-lið tölulíðarins kemur fram að afleiðutengdir verðbréfasjóðir skv. 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 583/2010, sem innleidd var með reglugerð nr. 983/2013 um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 583/2010, falli ekki undir fjármálagerninga skv. 1. tölul. Í f-lið tölulíðarins kemur fram að aðrir einfaldir fjármálagerningar falli einnig undir 5. mgr. Í 57. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 er að finna eftirfarandi viðmið sem fjármálagerningar þurfa að uppfylla til að teljast einfaldir í skilningi f-liðar 1. tölul. 5. mgr.:

1. Fjármálagerningurinn fellur hvorki undir skilgreiningu skv. c-lið 16. tölul. 3. gr. frumvarpsins eða skv. 13. tölul. 3. gr.
2. Það eru tíð tækifæri til að selja, innleysa eða ráðstafa fjármálagerningnum á annan hátt á verði sem stendur markaðsaðilum almennt til boða, sem er annað hvort markaðsvirði eða verð sem býðst eða byggir á virðismati sem er metið af aðila óháðum útgefanda hans.
3. Fjármálagerningurinn felur ekki í sér raunverulega eða mögulega skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en kostnaðinum við kaup hans.
4. Fjármálagerningurinn felur ekki í sér ákvæði, skilyrði eða kveikju sem gæti breytt grundvallaratriðum varðandi eðli, áhættu eða greiðsluflæði fjárfestingarinnar, svo sem fjárfestingar sem fela í sér rétt til að breyta fjármálagerningi í annars konar fjármálagerning.
5. Fjármálagerningurinn felur ekki í sér bein eða óbein gjöld við lokun sammings sem gerir að verkum að fjármálagerningurinn verður illseljanlegur jafnvel þó það séu tíð tækifæri til að selja, innleysa eða ráðstafa honum.
6. Fullnægjandi upplýsingar um einkenni fjármálagerningsins eru almennt aðgengilegar og eru nægilega auðskiljanlegar til að meðal almennur fjárfestir geti tekið upplýsta ákvörðun um fjárfestingu í viðkomandi fjármálagerningi.

Í 5. mgr. er vísað til sambærilegra markaða þriðja lands í a- og b-lið 1. tölul.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins getur, að beiðni lögbærs yfirvalds, tekið jafngildisákvörðun skv. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 um hvort regluverk og eftirlit í þriðja landi tryggi að skipulegur markaður í viðkomandi ríki uppfylli kröfur samkvæmt lögum sem eru sambærilegar þeim sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (MAR), III. bálki MiFID2, II. bálki MiFIR og tilskipun 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað, og séu

undir skilvirku eftirliti í viðkomandi landi. Regluverk getur talist sambærilegt ef í því felst að lágmarki eftirtalin skilyrði sem talin eru upp í 4. mgr. 25. gr. MiFID2:

1. markaðurinn starfar samkvæmt starfsleyfi og undir skilvirku viðvarandi eftirliti,
2. starfsemi hans lýtur skýrum og gagnsæjum reglum um töku fjármálagerna til viðskipta sem tryggja að hægt sé að eiga viðskipti á sanngjarnan, skipulegan og skilvirkan hátt og án takmarkana þegar um framseljanleg verðbréf er að ræða,
3. viðhaft sé skilvirkt fyrirkomulag til að fylgjast með því hvort útgefendur fjármálagerna, sem teknir hafa verið til viðskipta á markaðinum, uppfylli skyldur um upplýsingagjöf til að tryggja ríka fjárfestavernd, og
4. gagnsæi í viðskiptum og heilleiki markaðarins er tryggt með því að hindra innherjaviðskipti og markaðsmisnotkun.

Um 46. gr.

Í greininni, sem byggir á 5.–7. mgr. 25. gr. MiFID2, er fjallað um samninga og upplýsingagjöf til viðskiptavina.

Í 1. mgr. kemur fram að verðbréfafyrirtæki skuli halda skrá yfir alla samninga sem gerðir eru við hvern viðskiptavin þess sem innihalda ákvæði um réttindi og skyldur í viðskiptum aðila. Í slíkum samningum er verðbréfafyrirtæki heimilt að vísa til ákvæða um réttindi og skyldur aðila samkvæmt lögum og reglum eða samkvæmt öðrum samningum, að því gefnu að þeir séu aðgengilegir viðskiptavininum.

Um 47. gr.

Í greininni, sem byggir á 26. gr. MiFID2, er fjallað um það þegar verðbréfafyrirtæki tekur við fyrirmælum um að framkvæma fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu fyrir hönd viðskiptavinar frá öðru verðbréfafyrirtæki. Greinin er óbreytt frá 20. gr. MiFID1 sem var tekin upp í íslenskan rétt með 17. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Lagt er til að örlítið annað orðalag verði notað í 45 gr. frumvarpsins en í 17. gr. laga um verðbréfavíðskipti, sem samræmist betur orðalagi 26. gr. MiFID2. Því er ætlað gera skýrar hverjar skyldur verðbréfafyrirtæki sem sendir fyrirmæli og verðbréfafyrirtækis sem móttækur eru.

Með ráðleggingum í 1. og 2. mgr. er átt við bæði ráðleggingar (e. recommendation) og ráðgjöf (e. advice).

Í 3. mgr. kemur fram að verðbréfafyrirtæki sem tekur á móti fyrirmælum skv. 1. mgr. beri ábyrgð á að framkvæmd þjónustu og viðskipta sé í samræmi við ákvæði þess þáttar frumvarpsins sem 45. gr. heyrir undir. Með þessu er aðeins átt við framkvæmd viðskipta og þjónustu sem framkvæmd er á grundvelli fyrirmæla skv. 1. mgr.

Með greininni er afmarkað hvernig skyldur verðbréfafyrirtækja um upplýsingaöflun og ráðgjöf skiptast þegar eitt verðbréfafyrirtæki felur öðru að framkvæma fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu fyrir hönd viðskiptavinar. Í ákvæðinu felst ekki skylda verðbréfafyrirtækis til að veita upplýsingar um viðskiptavini sína þegar það leitar til annarra verðbréfafyrirtækja um framkvæmd einstakra viðskipta. Í ákvæðinu felst að verðbréfafyrirtækinu sem framkvæmir viðskiptin er óskylt að afla upplýsinga um aðstæður viðskiptavinar þegar fyrirtækið sem hefur milligöngu um viðskiptin hefur þegar aflað þeirra upplýsinga. Þá þarf fyrirtækið sem framkvæmir viðskiptin ekki að ganga úr skugga um að ráðleggingar sem þegar hafa verið veittar séu viðeigandi fyrir viðskiptavininn.

Um 48. gr.

Í greininni, sem byggir á 27. gr. MiFID2, er fjallað um skyldu verðbréfafyrirtækja til að framkvæma fyrirmæli með skilmálum sem eru hagstæðastir viðskiptavininum (besta framkvæmd). Greinin er að hluta til óbreytt frá 21. gr. MiFID1, sem var tekin upp í íslenskan rétt með 18. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, en hún er nú ítarlegri.

Í 1. mgr. segir að verðbréfafyrirtæki skuli við framkvæmd fyrirmæla leita allra leiða til að ná bestu mögulega niðurstöðu fyrir viðskiptavin að teknu tilliti til viðeigandi þátta. Ákvæðið er óbreytt frá MiFID1 að því undanskildu að í MiFID1 er talað um viðeigandi (e. reasonable) skref en í MiFID2 er talað um fullnægjandi (e. sufficient) skref. Í orðalagsbreytingunni felst að nú skuli ríkari krafa gerð til þess að verðbréfafyrirtæki nái bestu niðurstöðu fyrir viðskiptavin við framkvæmd fyrirmæla. Orðalagið er þó ekki breytt í frumvarpinu frá lögum um verðbréfavíðskipti, þ.e. enn er talað um verðbréfafyrirtæki skuli við framkvæmd fyrirmæla leita allra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin. Við túlkun á því hvað teljist vera að leita allra leiða skal nú miðað við að framkvæmd séu fullnægjandi skref í þá átt, í stað þess að miðað sé við að þau séu viðeigandi. Þessi aukna áhersla á bestu framkvæmd endurspeglast í nýjum kröfum í 1. og 2. undirmálgrein 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 27. gr. MiFID2., sem teknar eru upp í 2.–5. mgr. 46. gr., sbr. eftirfarandi umfjöllun. Í 2. másl. 1. mgr. er kveðið á um að mæli viðskiptavinur fyrir um ákveðna framkvæmd skuli fylgja fyrirmælum hans. Þrátt fyrir skýr fyrirmæli viðskiptavinar undanþiggur það verðbréfafyrirtæki ekki frá því að uppfylla aðrar skyldur frumvarpsins um framkvæmd og umgjörð viðskipta, t.d. reglur er kveða á um góða viðskiptahætti.

Í 2.–5. mgr. koma fram nýjar kröfur, sem byggja á 1. og 2. undirmálgrein 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 27. gr. MiFID2, um það hvernig verðbréfafyrirtæki skuli ákvarða bestu mögulegu niðurstöðu. Með þóknun og kostnaði í 3. mgr. er átt við þóknunir til verðbréfafyrirtækisins og hver konar kostnað vegna greiðsluöfnunar og uppgjors, og hvers konar annan kostnað sem greiddur er til þriðju aðila sem koma að framkvæmd fyrirmæla.

Í 6.–10. mgr. koma fram að mestu sömu kröfur og finna má í MiFID1, að tveimur atriðum undanskildum. Annars vegar kemur nú fram í lokamálslið 6. mgr. ítarlegar en áður hvað teljist viðeigandi upplýsingagjöf til viðskiptavinar um stefnu verðbréfafyrirtækis um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, þ.e. að í upplýsingunum skuli greina skilmerkilega, nægilega ítarlega og á þann hátt að auðskilið sé fyrir viðskiptavin hvernig verðbréfafyrirtækið muni framkvæma viðskiptafyrirmælin. Hins vegar er í 8. mgr. að finna nýja kröfu sem kveður á um að verðbréfafyrirtæki sem framkvæmir fyrirmæli viðskiptavinar skuli taka saman og birta árlega, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, yfirlit um fimm efstu viðskiptakerfin með tilliti til umfangs viðskipta þar sem fyrirmæli viðskiptavina voru framkvæmd á næstliðnu ári og upplýsingar um gæði framkvæmdar.

Sambærileg ákvæði vegna MiFID2 er að finna í 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. tölul. 3. gr., en þar er til að mynda hugtakið viðskiptastaður (e. execution venue) skilgreint.

Um 49. gr.

Í greininni, sem byggir á 28. gr. MiFID2, er fjallað um reglur um meðferð fyrirmæla viðskiptavina. Greinin er efnislega óbreytt frá 22. gr. MiFID1, sem var tekin upp í íslenskan rétt með 19. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007, og er henni ætlað að tryggja að framkvæmd fyrirmæla sé samræmi við bestu framkvæmd.

Í 1. mgr. kemur fram að verðbréfafyrirtæki skal skuli hafa til staðar verkferla og fyrirkomulag þar sem kveðið er á um skjóta og sanngjarna framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina samanborið við fyrirmæli annarra viðskiptavina og viðskiptahagsmuni verðbréfafyrirtækisins. Rétt

er að taka fram að eðli máls samkvæmt á þessi skylda aðeins við um verðbréfafyrirtæki sem hafa heimild samkvæmt starfsleyfi sínu til að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina.

Í 2. mgr. kemur fram að verðbréfafyrirtæki skuli framkvæma fyrirmæli viðskiptavina, sem eru sambærileg, í þeirri röð sem þau berast. Með því að kveða á um þessa framkvæmd er markmiðið að koma í veg fyrir að verðbréfafyrirtæki hafi færi á að veita viðskiptavinum, að geðþótta einum, hagstæðari kjör á kostnað annars. Krafan um að fyrirmæli skuli afgreidd í þeirri röð sem þau berast á þó aðeins við ef þau eru sambærileg og ef það er viðskiptavininum í hag. Ómögulegt er að afgreiða fyrirmæli algjörlega í tímaröð þegar skilyrði þeirra eru ólík, t.d. ef þau eru skilyrt. Þá getur stærð fyrirmæla greint á milli þeirra, einkum þegar um er að ræða stór eða umfangsmikil viðskipti. Hið sama getur átt við þegar fyrirmæli berast sama verðbréfafyrirtæki á ólíkan hátt, t.d. í gegnum bankaútibú, miðlara eða netið, eftir því hvernig viðskiptahættir og kerfi fyrirtækisins eru uppbyggð.

Í 3. mgr. segir að ef skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar vegna hlutabréfa, sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi, eru ekki framkvæmd jafnskjótt og þau berast vegna markaðsaðstæðna skuli verðbréfafyrirtæki, nema viðskiptavinur mæli fyrir um annað, gera ráðstafanir til að þau verði framkvæmd eins skjótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis þannig að þau séu aðgengileg öðrum markaðsaðilum. Með hlutabréfum (e. shares) er bæði átt við hlutabréf og hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum sem eru skráð á markað. Undir ákvæðið falla bæði hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum markaði og hlutabréf sem eru í viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga og skipulögðu markaðstorgi.

Í 2. másl. 2. mgr. 28. gr. MiFID2 kemur fram heimild fyrir aðildarríki til að ákveða að verðbréfafyrirtæki geti fullnægt skyldu sinni skv. 1. másl. með því að senda viðkomandi skilyrt fyrirmæli viðskiptavinar til viðskiptavettvangs. Lagt er til að heimildin verði nýtt í lokamálslið 3. mgr. 49. gr. frumvarpsins á sama hátt og við innleiðingu á MiFID1 í íslenskan rétt, sbr. 2. másl. 2. mgr. 19. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Í 4. mgr. er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti veitt undanþágu frá skyldu verðbréfafyrirtækis til að birta skilyrt fyrirmæli ef þau er óvenju umfangsmikil. Slík undanþága skal sett fram á sama hátt og undanþága fyrir skipulega markaði.

Um 50. gr.

Í greininni, sem byggir á 29. gr. MiFID2, er fjallað um heimild verðbréfafyrirtækis til að tilnefna einkaumboðsmenn sem meðal annars geta haft það með höndum að selja fjármálagerninga fyrir hönd útgefanda á eftirmarkaði til fjárfesta. Með sölu er átt við enska hugtakið *placement*.

Í 2. mgr. segir að einkaumboðsmönnum sé skylt að gera viðskiptavinum grein fyrir í umboði hvers þeir starfa. Með þessu er átt við að þeim sé það skylt þegar þeir setja sig í samband við viðskiptavin og þegar viðskiptavinur setur sig í samband við þá.

Um 51. gr.

Í greininni, sem byggir á II. viðauka MiFID2 auk 45. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 er fjallað um flokkun viðskiptavina. Greinin er efnislega samhljóða 21. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um flokkun viðskiptavina er nánar fjallað í reglugerð (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr.

Um 52. og 53. gr.

Greinarnar, sem byggja á II. viðauka MiFID2, fjalla um aukna vernd fyrir fagfjárfesta og aðila sem geta óskað eftir að vera fagfjárfestar.

Um 54. gr.

Greinin, sem byggir á 30. gr. MiFID2, fjallar um viðskipti verðbréfafyrirtækja við viðurkennda gagnaðila. Í henni kemur fram að verðbréfafyrirtæki þurfi ekki að fara að tilteknum ákvæðum frumvarpsins þegar viðskipti eru við viðurkennda gagnaðila. Viðurkenndir gagnaðilar eru stórir fjárfestar og jafnan sérfróðir um fjárfestingarþjónustu- og starfsemi og því þarf ekki að veita þeim sömu vernd og öðrum fjárfestum. Þrátt fyrir það getur viðurkenndur gagnaðili farið fram á að skyldur samkvæmt tilgreindum ákvæðum frumvarpsins verði uppfylltar, annað hvort almennt eða á grundvelli hverra viðskipta fyrir sig. Slík beiðni skal vera skrifleg og í henni skal taka fram til hvaða viðskipta hún taki. Nánar er fjallað um viðskipti við viðurkennda gagnaðila í reglugerð (ESB) 2017/565 um skipulagskröfur og starfsleyfisskilyrði verðbréfafyrirtækja.

Um 55. gr.

Í greininni, sem byggir á 31. gr. MiFID2, kemur fram sú krafa að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða sem reka markaðstorg fjármálagerninga eða skipuleg markaðstorg skuli hafa eftirlit með því að lögum og þeirra eigin reglum sé fylgt. Sambærileg ákvæði er að finna í 26. gr. MiFID1, sem var tekin upp í íslenskan rétt með 35. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Í 1. mgr. er gildissvið ákvæðisins útvíkkað frá því sem nú er skv. 35. gr. laga um verðbréfavíðskipti svo það taki einnig til skipulegra markaðstorga.

Í 2. mgr. kemur fram að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða skv. 1. mgr. skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu þegar í stað um veruleg brot á reglum þeirra, óróleika í viðskiptum, háttsemi sem kann að fela í sér brot gegn ákvæðum MAR og kerfisaraskanir. Ákvæðið er nánar skýrt í reglugerð (ESB) 2017/565 um skipulagskröfur og starfsleyfisskilyrði verðbréfafyrirtækja. Í 81. gr. reglugerðarinnar er tilgreint hvernig meta skuli hvort brot á reglum teljist verulegt og í 82. gr. hennar er tilgreint hvernig meta skuli tilvik þar sem ætla má að um markaðssvik sé að ræða.

Í málgreininni eru tvö nýmæli. Annars vegar að eftirlit verðbréfafyrirtækja og rekstraraðila markaða skv. 1. mgr. skuli ná til tilboða og afturkallana þeirra, í stað aðeins viðskipta áður, auk kerfisaraskana (e. system disruptions). Hins vegar um að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðilar markaða skuli veita Fjármálaeftirlitinu og lögreglu fulla aðstoð við rannsókn og saksókn vegna markaðssvika sem eiga sér stað í eða gegnum kerfi þeirra.

Í 3. mgr. er nýmæli um skyldu Fjármálaeftirlitsins til að framsenda upplýsingar sem því berast frá verðbréfafyrirtækjum eða rekstraraðilum markaða um veruleg brot á reglum, óróleika í viðskiptum (e. disorderly trading conditions), markaðssvik og kerfisaraskanir til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda annarra aðildarríkja. Tekið er fram í 2. máls. að Fjármálaeftirlitið skuli aðeins áframsenda upplýsingar í tengslum við háttsemi sem kann að fela í sér brot gegn ákvæðum MAR að því gefnu að stofnunin sé sannfærð um að slík ólögmat háttsemi hafi átt sér stað. Hvað teljist verulegt brot er nánar skilgreint í 81. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565 um skipulagskröfur og starfsleyfisskilyrði verðbréfafyrirtækja.

Um 56. gr.

Í greininni, sem byggir á 32. gr. MiFID2, er fjallað um tímabunda stöðvun viðskipta með fjármálagerninga og töku þeirra úr viðskiptum á markaðstorgi fjármálagerninga eða skipulegu markaðstorgi. Um nýmæli er að ræða og er ekki að finna sambærileg ákvæði í MiFID1 eða lögum um kauphallir, nr. 110/2007.

Í 1. mgr. kemur fram að verðbréfafyrirtæki og rekstraraðila markaðar sem starfrækir markaðstorg fjármálagerninga eða skipulegt markaðstorg sé heimilt að stöðva viðskipti eða taka fjármálagerning úr viðskiptum, sem uppfyllir ekki lengur reglur markaðstorgsins, nema slíkt sé líklegt til að valda verulegu tjóni á hagsmunum fjárfesta eða skipulegri starfsemi markaðarins. Með skipulegri starfsemi markaðarins (e. orderly functioning of the market) er átt við verðbréfamarkaðinn almennt, en ekki aðeins viðkomandi markaðstorg.

Nánar er fjallað um hvaða aðstæður valdið geta verulegu tjóni á hagsmunum fjárfesta eða skipulegri starfsemi markaðarins í 80. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 3. tölul. 3. gr.

Lagt er til að Seðlabanki Íslands setji reglur um framkvæmd greinarinnar sem byggja á reglugerðum (ESB) 2017/569 og 2017/1005.

Um 57. gr.

Í greininni, sem byggir á 33. gr. MiFID2, er fjallað um vaxtarmarkaði lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Um er að ræða nýmæli.

Í 1. mgr. er mælt fyrir um heimild rekstraraðila markaðstorgs fjármálagerninga með starfsleyfi hér á landi til að sækja um skráningu til Fjármálaeftirlitsins á því að markaðstorg þeirra verði skráð sem vaxtarmarkaður lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í 5. tölul. 3. mgr. er gerð sú krafa að útgefendur, stjórnendur og aðilar þeim fjárhagslega tengdir skuli uppfylli viðeigandi ákvæði XIII. kafla laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Skilgreining á fjárhagslega tengdum aðilum í skilningi frumvarpsins ræðst af skilgreiningu á sambærilegu hugtaki í lögum um verðbréfavíðskipti. Samkvæmt gildandi skilgreiningu á hugtakinu sem fram kemur í 16. gr. reglna Fjármálaeftirlitsins um meðferð innherjaupplýsinga og víðskipti innherja, nr. 1050/2012, myndu makar og sambúðarmakar, ófjárráða börn, kjörbörn og stjúpborn á heimili útgefenda eða stjórnenda, önnur skyldmennir sem búa á heimili með útgefendum og stjórnendum eða hafa búið á heimili með útgefendum og stjórnendum í a.m.k. eitt ár þegar víðskipti áttu sér stað, teljast til fjárhagslegra tengdra aðila. Þá myndu lögaðilar sem lytu framkvæmdastjórn útgefenda og stjórnenda eða aðila sem talinn var upp hér að framan, eða lögaðili sem stjórnað er með beinum eða óbeinum hættu af innherja eða aðila sem talinn var upp hér að framan, eða annar lögaðili en vísað hefur verið til ef fjárhagslegir hagsmunir hans eru samtvinnaðir hagsmunum útgefenda eða stjórnenda eða aðila, sem taldir hafa verið upp hér að framan, annarra en lögaðila.

Í 7. mgr. kemur fram að hafi fjármálagerningur verið tekinn til víðskipta á einum vaxtarmarkaði fyrir lítill og meðalstór fyrirtæki sé heimilt að taka hann til víðskipta á öðrum vaxtarmarkaði, að því tilskildu að útgefandinn hafi verið upplýstur um slíkt og ekki hreyft við því andmælum. Útgefandanum beri í slíkum tilvikum ekki skylda til að uppfylla reglur um stjórnarhætti fyrirtækja eða birtingu upplýsinga vegna síðari vaxtarmarkaðarins. Á það jafnt við um upphaflega, áframhaldandi og viðbótarupplýsingagjöf.

Um 58. gr.

Í greininni, sem byggir á 75. gr. MiFID2, er fjallað um úrskurðar- og réttarúræði ef ágreiningur rís milli verðbréfafyrirtækis og neytanda um fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu. Sambærilegar greinar eru 10. gr. laga um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016, 33. gr. laga um

neytendalán, nr. 33/2013, 1. mgr. 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og 76. gr. laga um greiðsluþjónustu, nr. 120/2011.

Fjármálaeftirlitið og aðrir opinberir eftirlitsaðilar skera ekki úr um einkaréttarleg álitæfni eða kröfur um skaðabætur. Eftirlit með framkvæmd ákvæða frumvarpsins er allsherjarréttarlegs eðlis. Því er gert ráð fyrir að neytendur geti skotið ágreiningi er varðar fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni sem tengjast fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Neytendur geta jafnframt vitanlega borið ágreining um fjárhagslegar kröfur og einkaréttarlega hagsmuni undir dómstóla, en í 73. gr. MiFID2 er gert ráð fyrir að aðildarríki sjái neytendum fyrir þeim möguleika að skjóta slíkum málum til úrskurðaraðila, annars en dómstóla.

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki starfar samkvæmt samkomulagi sem fjármála- og efnahagsráðuneytið, Samtök fjármálafyrirtækja og Neytendasamtökin eru aðilar að og á grundvelli 19. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um III. kafla 2. þáttar.

Í kaflanum er fjallað um starfsemi verðbréfafyrirtækja á milli aðildarríkja. Um skyldur lánastofnana sem hafa heimild til að veita fjárfestingarþjónustu til að tilkynna um veitingu slíkrar þjónustu yfir landamæri fer samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um 59. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. mgr. 34. gr. MiFID2, er fjallað um þjónustu verðbréfafyrirtækja, með starfsleyfi í aðildarríki, hér á landi án stofnunar útibús.

Í 1. mgr. segir að verðbréfafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi og eru undir eftirliti í öðru aðildarríki sé heimilt að veita þjónustu samkvæmt frumvarpinu hér á landi án stofnunar útibús eða í gegnum einkaumboðsmann sem staðsettur er í heimaaðildarríki þess. Í framkvæmd mun Fjármálaeftirlitið gera athugasemd við slíka starfsemi ef stofnuninni hefur ekki borist viðeigandi tilkynning um starfsemina frá lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríki fyrirtækisins og, í tilviki einkaumboðsmanna, upplýsingar um auðkenni þeirra. Aðeins einkaumboðsmönnum í heimaaðildarríki fyrirtækisins er heimilt að vera þjónustu hér á landi á grundvelli 1. mgr.

Í 3. mgr. er gert ráð fyrir að réttindi þau sem í greininni felast nái einnig til aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyja, með vísan til svokallaðra Hoyvikur- og Vaduz-samninga, en aðeins að því gefnu að gerður hafi verið samstarfssamningur á milli Seðlabanka Íslands og lögbærra svissneskra eða færeyskra yfirvalda.

Um 60. gr.

Í greininni, sem byggir á 1., 6., 8. og 9. mgr. 35. gr. MiFID2, er fjallað um þjónustu verðbréfafyrirtækja, með starfsleyfi í aðildarríki, með stofnun útibús eða í gegnum einkaumboðsmann.

Í 1. mgr. segir að verðbréfafyrirtæki, sem hafa starfsleyfi og eru undir eftirliti í öðru aðildarríki, geti stofnsett útibú hér á landi eða veitt þjónustu í gegnum einkaumboðsmann sem er staðsettur hér á landi tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi frá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki fyrirtækisins, sbr. þó 2. mgr. Almenn tveimur mánuðum eftir að Fjármálaeftirlitið hefur fengið tilkynningu. Samtals geta því liðið allt að fimm mánuðir frá því að fyrirtæki sendir lögbæru eftirliti í heimaaðildarríki tilkynningu þar til fyrirtæki er heimilt að stofnsetja útibú eða veita þjónustu í gegnum einkaumboðsmann.

Þegar verðbréfafyrirtæki notar einkaumboðsmenn með staðfestu utan heimaaðildarríkis þess þá eiga ákvæði frumvarpsins um útibú við um þá. Hafi útibú verðbréfafyrirtækis verið stofnað í viðkomandi aðildarríki skal einkaumboðsmaður samsamaður því. Í slíkum tilvikum skal útibúið tilkynna um þá einkaumboðsmenn sem það notar, en ekki verðbréfafyrirtækið.

Um 61. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. undirmásl. 2. mgr., 3. og 4. mgr. 34. gr. MiFID2, er fjallað um þjónustu verðbréfafyrirtækja, með starfsleyfi á Íslandi, í aðildarríki án stofnunar útibús.

Lagt er til að Seðlabanki Íslands setji reglur um form og efni tilkynninga samkvæmt greininni. Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út tvær slíkar reglugerðir, 2017/1018 og 2017/2382.

Um 62. gr.

Í greininni, sem byggir á 2.–5., 7., 9. og 10. mgr. 35. gr. MiFID2, er fjallað um tilkynningu innlendra verðbréfafyrirtækja um stofnun útibús í öðru aðildarríki.

Lagt er til að Seðlabanki Íslands setji reglur um form og efni tilkynninga samkvæmt greininni. Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út tvær slíkar reglugerðir, 2017/1018 og 2017/2382.

Um 63. gr.

Í greininni, sem byggir á 6. og 7. mgr. 34. gr. MiFID2, er fjallað um starfsemi markaðstorga fjármálagerninga og skipulegra markaðstorga milli aðildarríkja.

Lagt er til að Seðlabanki Íslands verði heimilt að setja reglur um form og efni tilkynninga skv. 1. mgr. Í MiFID2 er ekki gert ráð fyrir reglugerð ESB um þetta atriði.

Um 64. gr.

Í greininni, sem byggir á 36. gr. MiFID2, er fjallað um aðild verðbréfafyrirtækja í öðrum aðildarríkjum að skipulegum mörkuðum hér á landi.

Um 65. gr.

Í greininni, sem byggir á 37. gr. MiFID2, er fjallað um aðgang að miðlægum mótaðila, færsluvísunar- og uppgjörsaðstöðu og rétt til að tilgreina uppgjörskerfi.

Um 66. gr.

Í greininni, sem byggir á 38. gr. MiFID2, er fjallað um miðlæga mótaðila og færsluvísunar- og uppgjörsfyrirkomulag að því er varðar markaðstorg fjármálagerninga.

Um IV. kafla 2. þáttar.

Í kaflanum er fjallað um starfsemi verðbréfafyrirtækja milli Íslands og ríkja sem eru ekki aðildarríki.

Um 67. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. mgr. 39. gr., er fjallað um þjónustu og/eða starfsemi verðbréfafyrirtækis með staðfestu utan EES hér á landi. Lagt er til að gerð verði krafa um að slík fyrirtæki stofni útibú hér á landi.

Ákvæðið tiltekur að ætli fyrirtæki sem staðsett er utan EES að veita fjárfestingarþjónustu eða stunda fjárfestingarstarfsemi hér á landi ber slíkum aðila að sækja um heimild til að stofna útibú til Fjármálaeftirlitsins. Þegar aðili hér á landi óskar eftir því að eigin frumkvæði að fyrirtæki í ríku utan EES sinni fjárfestingarstarfsemi eða veiti fjárfestingarþjónustu fyrir

viðkomandi þá á krafa skv. 67. gr. ekki við. Þetta á þó aðeins við um þá starfsemi eða þjónustu sem fer fram að frumkvæði aðila hér á landi sbr. 42. gr. MiFID2. Viðkomandi fyrirtæki í þriðja ríki er óheimilt að bjóða aðra fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingarstarfsemi en óskað er eftir án þess að hafa fyrst stofna útibú hér á landi.

Fjármálaeftirlitið getur krafist þess að útibú frá ríki utan EES verði gert að færa starfsemi útibús í dótturfélag með starfsleyfi hér á landi, ef stærð útibúsins, fjöldi viðskiptavina eða áhrif á fjármálamarkað hér á landi eru slík að Fjármálaeftirlitið metur það nauðsynlegt. Hér getur Fjármálaeftirlitið bæði horft til áhrifa á fjármálamarkað hér á landi og einnig til þess að starfsemi útibúsins hér á landi sé orðin það stór hluti af fyrirtækinu í heild sinni að rétt gæti talist að eftirlitið sé alfarið hér á landi. Hér getur torveldun með eftirliti með útibúinu einnig komið til skoðunar.

Um 68. gr.

Í greininni, sem byggir á 2. mgr. 39. gr. og 2. mgr. 41. gr. MiFID2, er fjallað um almenn skilyrði fyrir heimild fyrirtækis utan EES til að stunda fjárfestingarstarfsemi eða veita fjárfestingarþjónustu hér á landi í gegnum útibú. Auk þess er fjallað um skilyrði þess að til staðar skuli vera jafngildisvottun Evrópusambandsins á þeirri þjónustu sem fyrirhugað er að veita. Jafngildisvottun tekur til þess að starfsemin sem um ræðir er talin lúta sömu skilyrðum og vera undir sambærilegu eftirliti í viðkomandi ríki og er viðhaft innan EES. Fjármálaeftirlitið gerir almennt samstarfssamninga við ríki sem veita íslenskum fyrirtækjum sambærilegar heimildir til að starfa í viðkomandi ríki.

Um 69. gr.

Í greininni, sem byggir á 40. gr. MiFID2, er fjallað um upplýsingaskyldu aðila sem sækir um heimild til að stofna útibú hér á landi skv. 67. gr.

Um 70. gr.

Í greininni, sem byggir á 43. gr. MiFID2, er fjallað um afturköllun heimildar til að starfrækja útibú hér á landi.

Um 71. gr.

Í greininni, sem byggir ekki á MiFID2, er fjallað um starfsemi innlendra verðbréfafyrirtækja utan aðildarríkja. Sambærilegt ákvæði er að finna í 38. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Í 2. mgr. kemur fram að Fjármálaeftirlitið geti bannað starfsemi eða þjónustu skv. 1. mgr. hafi stofnunin réttmæta ástæðu til að ætla að upplýsingagjöf með starfseminni eða samstæðunni verði ekki nægilega traust eða eftirlit með henni torveldað. Hér er átt við upplýsingagjöf almennt og á samstæðugrunni.

Um 72. gr.

Í greininni, sem byggir ekki á MiFID2, er fjallað um kaup innlendra verðbréfafyrirtækja á hlutum í fjármálafyrirtæki utan aðildarríkja. Sambærilegt ákvæði er að finna í 39. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Í n-lið 2. tölul. 145. gr. er lögð til breyting á 39. gr. svo hún samræmist betur 71. gr. frumvarpsins og EES-rétti.

Um 3. þátt.

Í þættinum er fjallað um skipulega markaði.

Í 4. mgr. 44. gr. MiFID2 kemur fram að án þess að hafa áhrif á ákvæði Evrópugerða um markaðssvik, þ.e. reglugerð ESB 596/2014 (MAR) og tilskipun 2014/57/ESB (MAD2), þá eigi landslög heimaaðildarríkis skipulegs markaðar við um viðskiptin sem eiga sér stað á markaðinum. Þannig eiga íslensk lög við um þau viðskipti sem fara fram á skipulegum markaði sem er með starfsleyfi hér á landi, óháð staðsetningu þeirra aðila sem eiga viðskipti á markaðinum. Að sama skapi eiga dönsk lög við um viðskipti héraðs fjárfestis á skipulegum dönskum verðbréfamarkaði. Þetta breytir því ekki að ef danskur skipulegur markaður markaðssetur sig hér á landi þá gilda íslensk lög um þá markaðssetningu, svo sem um upplýsingagjöf í auglýsingum o.fl.

Um 73. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. másl. 1. mgr., 2. og 3. mgr. 44. gr., 1.–2. másl. 7. mgr. 45. gr. og 3. mgr. 46. gr. MiFID2, er fjallað um starfsleyfi til rekstrar skipulegs markaðar.

Í 5. mgr. kemur fram að veita skuli aðila sem fengið hefur starfsleyfi sem rekstraraðili markaða leyfi til þess að starfrækja markaðstorg fjármálagerninga uppfylli hann skilyrði I. kafla 2. þáttar frumvarpsins og er það frávik frá þeirri kröfu að aðili þurfi starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki til að veita fjárfestingarþjónustu.

Um 74. gr.

Í greininni, sem byggir á 4. másl. 1. mgr. 44. og 56. gr. MiFID2, er fjallað um umsókn um starfsleyfi til rekstrar skipulegs markaðar.

Um 75. gr.

Í greininni, sem byggir á 5. og 6. mgr. 44. gr. MiFID2, er fjallað um hvenær Fjármálaeftirlitinu er heimilt að afturkalla starfsleyfi til að reka skipulegan markað.

Um 76. gr.

Í greininni, sem byggir á f-lið 1. mgr. 47. gr. MiFID2, er fjallað um hlutafé skipulegs markaðar. Samkvæmt staflíðnum skal skipulegur markaður hafa til staðar nægilegt fjármagn á þeim tíma sem starfsleyfi er veitt og þaðan í frá til að greiða fyrir skipulegri starfsemi, að teknu tilliti til eðlis og umfangs viðskiptanna sem fram fara á markaðinum og þess hvers eðlis og hversu mikil áhættan er á honum. Lagt er til að kröfur um hlutafé skipulegs markaðar verði óbreyttar frá því sem nú er skv. 8. gr. laga um kauphallir, nr. 110/2007, þ.e. 730.000 evrur.

Um 77. gr.

Í greininni, sem byggir á 47. gr. MiFID2, er fjallað um skipulagskröfur til skipulegra markaða.

Í 1. mgr. eru taldar upp í sex liðum þær skipulagskröfur sem gerðar eru til skipulegra markaða. Málsgreinin er efnislega óbreytt frá 39. gr. MiFID1 sem tekin var upp í íslenskan rétt með 10. gr. laga um kauphallir, nr. 110/2007.

Í 2. mgr., sem felur í sér nýmæli, kemur fram að rekstraraðilum markaða sé óheimilt að framkvæma fyrirmæli viðskiptavina með því að nýta eiginfjármagn eða taka þátt í jöfnuðum eigin viðskiptum á skipulegum markaði sem þeir sjálfir reka.

Um 78. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. mgr., b–c-lið 2. mgr., 5. mgr. og 8. mgr. 45. gr. MiFID2, er fjallað um stjórn og framkvæmdastjóra rekstraraðila markaðar.

Í 4. mgr. kemur fram að rekstraraðili markaðar skal setja sér stefnu um val á stjórnarmönnum í þeim tilgangi að tryggja nægilega fjölbreytni í stjórninni. Líkt og fram kemur í 53. lið aðfaraorða við MiFID2 þá er með þessu átt við að stjórnarmenn ættu, til að komast hjá hjarðhugsun og ýta undir sjálfstæðar skoðanir og gagnrýna nálgun, að vera ólíkir hver öðrum að því er varðar aldur, kyn, landfræðilegan uppruna og með tilliti til menntunar og faglegs bakgrunns þannig að þeir standi fyrir mismunandi skoðanir og reynslu. Fyrirsvar starfsmanna í stjórnnum getur einnig talist vera góð leið til að stuðla að fjölbreytileika þar sem þeir koma með mikilvæga sýn og raunverulega þekkingu á innri starfsemi fyrirtækja. Því ætti fjölbreytileiki að vera eitt viðmiðanna við samsetningu stjórnna.

ESMA hefur gefið út viðmiðunarreglur (ESMA70-154-271) skv. 9. mgr. 45. gr. MiFID2 þar sem skilgreint er nánar hvað felst í þeim kröfum sem gerðar er til rekstraraðila markaða varðandi stjórn í 3.–5. mgr. 78. gr. frumvarpsins, þ.e. um fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu stjórnarmanna, sbr. 3. mgr. 78. gr., stefnu um val á stjórnarmönnum í þeim tilgangi að tryggja nægilega fjölbreytni, sbr. 4. mgr. 78. gr., og fullnægjandi fjármuni og þjálfun stjórnarmanna, sbr. 5. mgr. 78. gr.

Um 79. gr.

Í greininni, sem byggir á c-lið 2. mgr. og 6. mgr. 45. gr., er fjallað um störf stjórnar og framkvæmdastjóra rekstraraðila markaðar.

ESMA hefur gefið út leiðbeinandi tilmæli (ESMA70-154-271) skv. 9. mgr. 45. gr. MiFID2 þar sem skilgreint er nánar hvað felst í þeim kröfum sem gerðar eru til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í 1. mgr. 79. gr. frumvarpsins um að starfa af heiðarleika, heilindum og vera sjálfstæðir í hugsun.

Um 80. gr.

Í greininni, sem byggir á a-lið 2. mgr. 45. gr. MiFID2, er fjallað um takmarkanir á önnur störf stjórnar og framkvæmdastjóra rekstraraðila markaðar.

ESMA hefur gefið út viðmiðunarreglur (ESMA70-154-271) skv. 9. mgr. 45. gr. MiFID2 þar sem skilgreint er nánar hvað felst í þeirri kröfu sem gerðar er til stjórnarmanna í 1. mgr. 80. gr. frumvarpsins um að verja fullnægjandi tíma í störf sín í þágu starfsemi rekstraraðila markaðar.

Um 81. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. og 2. mgr. 46. gr. MiFID2, er fjallað um kröfur vegna virkra eignarhluta í rekstraraðila skipulegs markaðar. Lagt er til að um ferlið vegna tilkynninga, mats o.fl. fari skv. 11.–18. gr. frumvarpsins, sem fjalla um virka eignarhluti í verðbréfafyrirtækjum.

Í 2. mgr. kemur fram að Fjármálaeftirlitið skuli synja aðila um heimild til að fara með ráðandi hlut í rekstraraðila skipulegs markaðar ef stofnunin telur að eignarhaldið ógni traustri og varfærinni stjórnun skipulegs markaðar. Í 4. mgr. 18. gr. laga um kauphallir, nr. 110/2007, sem byggir á 3. mgr. 38. gr. MiFID1, er að finna sömu reglur, en þar er orðalagið „skaði heilbrigðan eða traustan rekstur félagsins“ notað í stað orðalagsins að „eignarhaldið ógni traustri og varfærinni stjórnun skipulegs markaðar“. Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða heldur er lögð til nákvæmari þýðing á enska orðalaginu *pose a threat to the sound and prudent management of the regulated market*.

Um 82. gr.

Í greinni sem byggir á 1., 4. og 5. mgr. 48. gr. MiFID2, er fjallað um álagsþol kerfa og sjálfvirka stöðvun viðskipta. Um er að ræða nýmæli sem ekki var að finna í MiFID1.

Í 1. mgr. er fjallað um þau skilyrði sem viðskiptakerfi skipulegs markaða þurfa að uppfylla svo viðskipti geti gengið hnökralaust (e. orderly trading) fyrir sig þegar mikið álag er á kerfinu.

Í 3. mgr kemur fram að skipulegur markaður þurfi að hafa til staðar kerfi til að stöðva tímabundið eða takmarka viðskipti þegar verðsveiflur verða á markaði, á stuttu tímabili, á þeim markaði eða öðrum tengdum markaði og þurfi í undantekningartilvikum að geta fellt niður (e. cancel), breytt eða leiðrétt viðskipti. Kerfið þarf að vera byggt á ákveðnum breytum sem eru kvarðaðar þannig að hægt sé að komast hjá verulegri röskun á viðskiptum (e. significant disruption to the orderliness of trading). ESMA hefur birt leiðbeiningar um hvaða atriði skuli taka tillit til þegar breyturnar sem eru notaðar til að stöðva viðskipti eru kvarðaðar.

Í 4. mgr. kemur fram að skipulegur markaður skuli senda Fjármálaeftirlitinu skýrslu um þær breytur sem eru notaðar og breytingar á þeim, sem Fjármálaeftirlitið sendir svo til ESMA. Ekki verða gefnir út tæknistaðlar um þær skýrslur sem skipulegur markaður skal skila inn um breyturnar sem eru notaðar til að stöðva viðskiptin og því er tekið fram að skýrslurnar skuli senda á samkvæman og samanburðarhæfan hátt.

Um 83. gr.

Í greininni sem byggir á 2. og 3. mgr. 48. gr. MiFID2, er fjallað um samninga sem skipulegur markaður skal gera við öll verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskiptavakt hjá honum. Um er að ræða nýmæli sem ekki er að finna í MiFID1.

Samkvæmt ákvæðinu er skipulegum markaði skylt að hafa til staðar samning við öll verðbréfafyrirtæki sem stunda viðskiptavakt. Ef þörf er á í samræmi við stærð og eðli viðskipta á markaðinum skal vera til staðar sérstök áætlun til að tryggja nægilegan fjölda verðbréfafyrirtækja með slíka samninga sem fela í sér skyldu til að setja inn föst tilboð á samkeppnishæfu verði með hliðsjón af eðli og umfangi viðskipta á markaðinum, til að tryggja seljanleika.

Um 84. gr.

Í greininni, sem byggir á 6. og 10. mgr. 48. gr. MiFID2, er fjallað um tilteknar skyldur sem hvíla á skipulegum markaði er tengjast algrímsviðskiptum, ólíkt því sem fjallað er um í 25.–27. gr., sem tekur á skyldum verðbréfafyrirtækja í sams konar viðskiptum. Inntak greinarinnar er nýmæli. Lagt er til að Seðlabanki Íslands setji reglur um framkvæmd greinarinnar, þ.m.t. um prófanir.

Um 85. gr.

Í greininni, sem byggir á 7. mgr. 48. gr. MiFID2, er fjallað um beinan rafrænan aðgang. Lagt er til að Seðlabanki Íslands setji frekari reglur um greinina sem byggir á reglugerðum ESB um sama efni.

Um 86. gr.

Í greininni, sem byggir á 9. mgr. 48. gr. MiFID2, er fjallað um fyrirkomulag þóknara á skipulegum markaði.

Lagt er til að Seðlabanki Íslands setji nánari reglur um fyrirkomulag þóknana sem byggist á reglugerðum ESB um sama efni.

Um 87. gr.

Í greininni, sem byggir á 11. mgr. 48. gr. MiFID2, er fjallað um aðgang Fjármálaeftirlitsins að tilboðabók.

Um 88. gr.

Í greininni, sem byggir á 8. mgr. 48. gr. MiFID2, er fjallað um reglur um samhýsingu (e. co-location).

Um 89. gr.

Í greininni, sem byggir á 49. gr. MiFID2, er fjallað um verðskref (e. tick size). Hún leggur meðal annars skyldu á skipulegan varðbréfamarkað að koma á verðskrefakerfi vegna hlutabréfa, heimildarskírteina, kauphallarsjóða, skírteina og annarra svipaðra fjármálagerninga og vegna hvers konar annarra fjármálagerninga sem falla undir reglugerð (ESB) 2017/588.

Um 90. gr.

Í greininni, sem byggir á 50. gr. MiFID2, er fjallað um samtillingu á viðskiptaklukkum. Lagt er til að Seðlabanki Íslands setji frekari reglur um samstillingu viðskiptaklukkanna sem byggja á reglugerðum ESB um sama efni. Evrópusambandið hefur gefið út reglugerð 2017/574 um nánari framkvæmd samstillingar á viðskiptaklukkum.

Um 91. gr.

Í greininni, sem byggir á 51. gr. MiFID2, er fjallað um töku fjármálagerninga til viðskipta. Lagt er til að Seðlabanki Íslands setji frekari reglur um greinina sem byggir á reglugerðum ESB um sama efni.

Um 92. gr.

Í greininni, sem byggir á 52. gr. MiFID2, er fjallað um tímabundna stöðvun viðskipta og töku fjármálagerninga úr viðskiptum. Lagt er til að Seðlabanki Íslands setji frekari reglur um greinina sem byggir á reglugerðum ESB um sama efni.

Um 93. gr.

Í greininni, sem byggir á 1.–5. mgr. 53. gr. MiFID2, er fjallað um aðild að skipulegum markaði. Greinin er því sem næst óbreytt frá 42. gr. MiFID1 sem tekin var upp í íslenskan rétt með 19. gr. laga um kauphallir, nr. 110/2007.

Í 1. mgr. er kveðið á um reglur sem skipulegur varðbréfamarkaður skuli setja um aðild eða aðgengi að honum þar sem gert er grein fyrir þeim skyldum sem hvíla á aðilum og þátttakendum. Í ákvæðinu kemur fram að í reglunum skuli gera grein fyrir þeim skyldum sem hvíla á markaðsaðilum. Er með þessu vísað til skyldna sem byggjast á skipulagi og stjórnun skipulega varðbréfamarkaðarins, reglum um viðskipti á markaðinum, reglum um hæfni og starfs-hætti starfsfólks varðbréfafyrirtækja og lánastofnana á markaðinum, skilyrða sem aðilar og þátttakendur, aðrir en varðbréfafyrirtæki og lánastofnanir, skulu uppfylla og reglum og málsmeðferð varðandi greiðsluöfnun og uppgjör viðskipta á skipulega varðbréfamarkaðinum.

Um 94. gr.

Í greininni, sem byggir á 6. mgr. 53. gr. MiFID2, er fjallað um heimildir skipulegra markaða til að gera gera viðeigandi ráðstafanir til að auðvelda erlendum aðilum að fá aðgang og stunda viðskipti á markaðinum.

Um 95. gr.

Í greininni, sem byggir á 54. gr. MiFID2, er fjallað um eftirlit skipulegs markaðar með viðskiptum.

Um 96. gr.

Í greininni, sem byggir á 55. gr. MiFID2, er fjallað um aðgengi að miðlægum mótaðilum, stöðustofnun og uppgjöri.

Um 4. þátt.

Í þættinum er fjallað um háþörk á stöður með hrávöruafleiður, áhættustýringu og skýrslugjöf.

Um 97. gr.

Í greininni, sem byggir á 1. og 2. mgr., 1. másl. 4. mgr., 5. og 9. mgr. 57. gr. MiFID2, er fjallað um ákvörðun um háþörk á stöður með hrávöruafleiður. Um er að ræða nýmæli sem ekki er að finna í MiFID1.

Nánari útfærslu má finna í reglugerð (ESB) 2017/591, sem byggir á tæknistöðlum ESMA, en gert er ráð fyrir að reglugerðin verði tekin upp í íslenskan rétt með reglum Seðlabanka Íslands.

Um 98. gr.

Í greinni, sem byggir á 6. mgr. 57. gr. MiFID2, er fjallað um háþörk þegar viðskipti með hrávöruafleiðu fara fram í fleiri en einu ríki og stærstur hluti viðskipta fer fram á viðskiptavettvangi hér á landi. Um er að ræða nýmæli sem ekki er að finna í MiFID1.

Í 3. mgr. kemur fram að um úrlausn ágreinings skv. 1. og 2. mgr. á milli Fjármálaeftirlitsins og annarra lögbærra yfirvalda innan EES fari skv. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1095/2010, sbr. lög um evrópskt eftirlitakerfi á fjármálamarkaði. Skv. 19. gr. reglugerðarinnar skulu ákvarðanir EFTA ganga framar fyrri ákvörðunum sem lögbær yfirvöld hafa samþykkt um sama efni.

Nánari útfærslu má finna í reglugerð (ESB) 2017/591, sem byggir á tæknistöðlum ESMA, en gert er ráð fyrir að reglugerðin verði tekin upp í íslenskan rétt með reglum Seðlabanka Íslands.

Um 99. gr.

Í greininni, sem byggir á 8.–10. mgr. 57. gr. MiFID2, er fjallað um áhættustýringu vegna hámarka á stöður. Um er að ræða nýmæli sem ekki er að finna í MiFID1.

Nánari útfærslu má finna í reglugerð (ESB) 2017/591, sem byggir á tæknistöðlum ESMA, en gert er ráð fyrir að reglugerðin verði tekin upp í íslenskan rétt með reglum Seðlabanka Íslands.

Um 100. gr.

Í greininni, sem byggir á 13. mgr. 57. gr. MiFID2, er að finna heimildir fyrir Fjármálaeftirlitið til að ákvarða, að uppfylltum skilyrðum greinarinnar, frekari háþörk á stöður í hrávöruafleiðum skv. 1. mgr. 94. gr. Um er að ræða nýmæli sem ekki er að finna í MiFID1.

Um 101. gr.

Í greininni, sem byggir á 1., 3. og 4. mgr. 58. gr. MiFID2, er fjallað um stöðutilkynningar eftir flokkum stöðueigenda. Um er að ræða nýmæli sem ekki var að finna í MiFID1.

Í 1. mgr. er kveðið á um skýrsluskil verðbréfafyrirtækja og rekstraraðila markaða sem starfrækja viðskiptavettvang þar sem fram fara viðskipti með hrávöruafleiður, losunarheimildir eða afleiður með losunarheimildir. Nánari upplýsingar um form og efni vikulegra skýrslna skv. 1. tölul. má finna í reglugerð (ESB) 2017/1093, sem byggir á tæknistöðlum ESMA. Þá eru nánari upplýsingar um tímasetningu vikulegra skýrsluskila samkvæmt sama tölulið í reglugerð (ESB) 2017/953, sem byggir á tæknistöðlum ESMA.

Í 2. mgr. kemur fram að skylda skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. eigi eingöngu við þegar bæði fjöldi aðila og opnar stöður þeirra fari yfir lágmarksviðmið. Þau eru útfærð í 83. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins.

Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu aðila og þátttakenda á skipulegum mörkuðum og markaðstorgum og viðskiptavina skipulegs markaðstorgs til að veita verðbréfafyrirtæki eða rekstraraðila markaðar sem starfrækir viðkomandi viðskiptavettvang, a.m.k. daglega, greinargóða lýsingu á eigin stöðum samkvæmt samningum sem viðskipti eru með á þeim viðskiptavettvangi, stöðum viðskiptavina sinna og viðskiptavina þeirra þar til komið er að endanlegum viðskiptavini. Upplýsingaskylda samkvæmt málsgreininni er til að hægt sé að hafa eftirlit með því að farið sé að ákvæðum 1. mgr. 97. gr.

Um 102. gr.

Í greininni, sem byggir á 2. mgr. 58. gr. MiFID2, er fjallað um stöðutilkynningar vegna viðskipta utan viðskiptavettvangs. Um er að ræða nýmæli sem ekki var að finna í MiFID1.

Í greininni er kveðið á um skyldu verðbréfafyrirtækja, sem eiga viðskipti með hrávöruafleiður eða losunarheimildir eða afleiður með losunarheimildir utan viðskiptavettvangs til að láta, a.m.k. daglega, eftirlitsstjórnvöldum í té nákvæma sundurliðun á stöðum sem þau taka í þeim sem hafa verið tekin til viðskipta á viðskiptavettvangi og fjárhagslega sambærilegum OTC-samningum, stöðum viðskiptavina sinna og viðskiptavina þeirra þar til komið er að endanlegum viðskiptavini. Upplýsingaskyldan er í samræmi við 26. gr. MiFIR og, þar sem við á, 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1227/2011 um heildstæðan og gagnsæjan heildsölumarkað fyrir orku.

Nánari ákvæði um form og efni skýrslna skv. 3. mgr. má finna í reglugerð (ESB) 2017/1093, sem byggir á tæknistöðlum ESMA, en gert er ráð fyrir að reglugerðin verði tekin upp í íslenskan rétt með reglum Seðlabanka Íslands.

Um 5. þátt.

Í 5. þætti er fjallað um gagnaskýrsluþjónustu, sem er safnheiti yfir aðila sem veita þrenns konar þjónustu og er hugtakið skilgreint í 58. tölul. 1. mgr. 4. gr. Kaflinn er nýmæli þar sem MiFID1 tók ekki til gagnskýrsluþjónustu.

Í fyrsta lagi er viðurkennd birtingarþjónusta (APA) sem er skilgreind í 66. tölul. 1. mgr. 4. gr. Í öðru lagi er þjónusta fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP) sem er skilgreind í 71. tölul. 1. mgr. 4. gr. Í þriðja lagi er viðurkennt skýrslugjafarkerfi (ARM) sem er skilgreint í 68. tölul. 1. mgr. 4. gr.

Veiting gagnaskýrsluþjónustu er starfsleyfisskyld starfsemi og eru gerðar skipulagskröfur til gagnaskýrsluþjónustuveitenda.

Um 103. gr.

Greinin, sem byggir á 59. gr. MiFID2, fjallar um starfsleyfiskröfur vegna veitingar gagnaskýrsluþjónustu og er nýmæli. Í henni kemur fram að veiting gagnaskýrsluþjónustu sé starfsleyfisskyld og að það sé Fjármálaeftirlitið sem veiti starfsleyfi. Þegar um er að ræða verðbréfa-fyrirtæki og rekstraraðila markaða þá er þeim heimilt að starfrækja gagnaskýrsluþjónustu eftir að Fjármálaeftirlitið hefur staðreynt að þeir uppfylli kröfur 5. þáttar laganna.

Um 104. gr.

Greinin, sem byggir á 60. gr. MiFID2, fjallar um gildissvið starfsleyfis og er nýmæli. Í henni kemur fram að í starfsleyfi veitanda gagnaskýrsluþjónustu skuli tilgreint hvaða þjónustu honum sé heimilt að veita. Hyggist hann auka við þjónustu sína skuli hann sækja um leyfi til þess til Fjármálaeftirlitsins. Starfsleyfi veitanda gagnaskýrsluþjónustu gildir á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

Um 105. gr.

Greinin, sem byggir á 61. gr. MiFID2, fjallar um málsmeðferð vegna umsóknar um starfsleyfi. Í greininni er fjallað um málsmeðferð umsókna um starfsleyfi til að veita gagnaskýrsluþjónustu. Þau skilyrði sem tilgreind eru í greininni þurfa að liggja fyrir þegar starfsleyfið er veitt. Gert er ráð fyrir að Seðlabankinn gefi út reglur byggðar á reglugerð ESB þar sem kveðið verði nánar á um form og upplýsingar sem fram skulu koma í umsókn um starfsleyfi sem veitandi gagnaskýrsluþjónustu.

Um 106. gr.

Greinin, sem byggir á 62. gr. MiFID2, fjallar um afturköllun starfsleyfis. Gert er ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitið hafi svigrúm til að meta hvort starfsleyfi skuli afturkallað í heild eða aðeins tiltekna starfsheimildir.

Um 107. gr.

Í greininni, sem byggir á 63. gr. MiFID2, er fjallað um stjórn og framkvæmdastjóra veitanda gagnaskýrsluþjónustu.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur gefið út viðmiðunarreglur (ESMA70-154-271) um hvernig meta skuli hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra veitanda gagnaskýrsluþjónustu að teknu tilliti til mismunandi hlutverks þeirra og nauðsynjar þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra milli stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra og notenda gagnaskýrsluþjónustu.

Um 108. gr.

Greinin, sem byggir á 64. gr. MiFID2, fjallar um skipulagskröfur til viðurkenndrar birtingarþjónustu. Greinin tekur til einnar tegundar gagnaskýrsluþjónustu, þ.e. viðurkenndrar birtingarþjónustu (APA), sbr. nánari skilgreiningu í 66. tölul. 1. mgr. 4. gr. Samkvæmt því ákvæði er viðurkennd birtingarþjónusta skilgreind sem aðili sem fengið hefur heimild til að veita þá þjónustu að birta viðskiptaskýrslur fyrir hönd verðbréfafyrirtækja skv. 20. og 21. gr. MiFIR. Skv. 20. gr. MiFIR eru gerðar kröfur um upplýsingagjöf verðbréfafyrirtækja að viðskiptum loknum, þ.m.t. innmiðlara, að því er varðar hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini og aðra svipaða fjármálagerninga sem fela í sér að birta skuli umfang og verð viðskiptanna, ásamt upplýsingum um það hvenær þau fóru fram. Er skylda lögð á verðbréfafyrirtækin að birta þessar upplýsingar í gegnum viðurkennda gagnaskýrsluþjónustu.

Jafnframt er mælt fyrir um það í 20. gr. MiFIR að upplýsingarnar og tímamörkin fyrir birtingu skuli uppfylla kröfurnar sem samþykktar eru skv. 6. gr. MiFIR, þ.m.t. reglugerðir ESB sem samþykktar eru í samræmi við a-lið 2. mgr. 7. gr. MiFIR. Þar er enn fremur tekið fram að ef ráðstafanirnar sem samþykktar eru skv. 7. gr. gefi kost á að fresta birtingu fyrir vissa flokka viðskipta með hlutabréf, heimildarskírteini, kauphallarsjóði, skírteini eða aðra svipaða fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangi, skuli þessi möguleiki einnig gilda um viðskipti þegar þau fara fram utan viðskiptavettvangs.

Í greininni eru gerðar tiltekna skipulagskröfur til þessara aðila sem ætlað er að tryggja áreiðanleika og öryggi þeirra gagna sem viðurkenndar birtingarþjónustur meðhöndla.

Um 109. gr.

Greinin, sem byggir á 65. gr. MiFID2, fjallar um skipulagskröfur til þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP). Þjónustu fyrir sameinaðar viðskiptaupplýsingar (CTP) er ein tegund gagnaskýrsluþjónustu og er hún starfsleyfisskyld skv. 103. gr. Nánari ákvæði um birtingu viðskiptaupplýsinga eru í 6., 10., 20. og 21. gr. MiFIR ásamt reglugerðum framkvæmdastjórnar ESB sem setja skal samkvæmt þeim greinum og 65. gr. MiFID2. Gert er ráð fyrir að þær reglugerðir verði innleiddar með reglum Seðlabanka Íslands og sama gildir um afleiddar gerðir ESB um aðgang að viðskiptaupplýsingum, sem gert er ráð fyrir í 7. mgr. 65. gr. MiFID2, og reglugerðir framkvæmdastjórnar ESB um upplýsingaskyldu og efni upplýsinga sem setja skal skv. 8. mgr. 65. gr.

Um 110. gr.

Greinin, sem byggir á 66. gr. MiFID2, fjallar um skipulagskröfur til viðurkennds skýrslugjafarkerfis. Viðurkennt skýrslugjafarkerfi (ARM) er ein tegund gagnaskýrsluþjónustu og er starfsleyfisskyld skv. 100. gr. Gert er ráð fyrir að reglugerðir framkvæmdastjórnar ESB sem geyma nánari reglur um hlýtingu við upplýsingaskyldu skv. 1. mgr. 66. gr. MiFID2, sbr. 26. gr. MiFIR og skipulagskröfur skv. 2.–4. mgr. 66. gr. MiFID2 verði innleiddar með reglum Seðlabanka Íslands.

Um 6. þátt.

Í þættinum er fjallað um samningsbundið uppgjör afleiðna. Þátturinn er óbreyttur frá V. kafla laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Ákvæðin komu fyrst inn í lög með 11. gr. laga nr. 99/2000, sem breyttu lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 13/1996, og eru að mestu leyti óbreytt.

Um 7. þátt.

Í þættinum er fjallað um endurskoðun verðbréfafyrirtækja, rekstraraðila markaðar og veitenda gagnaskýrsluþjónustu. Þátturinn byggist á sambærilegum ákvæðum í XI. kafla laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, auk 77. gr. MiFID2 sem fjallar um upplýsinga- og tilkynningarskyldu endurskoðenda, sbr. 110. gr.

Um 8. þátt.

Í þættinum er fjallað um eftirlit með lögunum.

Um 118. gr.

Í greininni, sem byggir á 22. gr., 2. mgr. 44. gr., 67., 69. og 72. gr. MiFID2, er fjallað um almennt eftirlit og eftirlitsheimildir.

Í 1. mgr. kemur fram að Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annist eftirlit samkvæmt frumvarpinu í samræmi við EES-samninginn, sbr. lög nr. 2/1993, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Með þessu er átt við að Fjármálaeftirlitið er lögbært yfirvald, líkt og fram kemur í 32. tölul. 1. mgr. 4. gr., og annast almennt eftirlit með að farið sé að ákvæðum frumvarpsins. Eftirlitsstofnun EFTA sinnir því hlutverki að sjá um sáttamiðlun á milli Fjármálaeftirlitsins og lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki skv. 135. gr. frumvarpsins og líkt og kemur fram í 2. mgr. þeirrar greinar þá getur slík sáttamiðlun leitt til bindandi ákvörðunar gagnvart Fjármálaeftirlitinu. Eftirlitsstofnun EFTA hefur jafnframt valdheimildir til tímabundinna íhlutana skv. 40.–41. gr. MiFIR sem geta annars vegar falið í sér tímabundið bann eða takmörkun á markaðssetningu, dreifingu eða sölu tiltekinnna fjármálagerninga eða samsettra innstæðna, eða fjármálagerninga eða samsettra innstæðna með tiltekna, tilgreinda eiginleika, og hins vegar falið í sér tímabundið bann eða takmörkun á vissri tegund af fjármálastarfsemi eða framkvæmd. Til slíkra aðgerða er þó ekki heimilt að grípa til nema að uppfylltum skilyrðum 2.–3. mgr. greinanna.

Í 2. mgr. kemur fram að um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fari nánar samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði. Um hlutverk og valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði fjármálaeftirlits er fjallað í 25. gr. a hins síðarnefnda samnings og bókun 8 við hann. Gert er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið aðstoði Eftirlitsstofnun EFTA, Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina eftir föngum við framkvæmd eftirlits í samræmi við ákvæði laganna sem og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett verða á grundvelli þeirra. Þá skyldu leiðir af þjóðréttarlegum skuldbindingum samkvæmt EES-samningnum, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, og annarri löggjöf á sviði fjármálastarfsemi.

Í 5. mgr. eru taldar upp þær ráðstafanir sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa til til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum frumvarpsins. Heimildirnar eru viðbót við gildandi heimildir Fjármálaeftirlitsins og hnika því ekki eftirlits- og rannsóknarheimildum þess samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi eða öðrum lögum. Eftirlitinu ber líkt og endranær að gæta meðalhófs við beitingu heimildanna. Sérstaklega ber að gæta friðhelgi einkalífs og heimilis þegar upplýsinga og gagna er aflað, sbr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Í 6. mgr. ef fjallað um heimildir Fjármálaeftirlitsins til að krefjast kyrrsetningar eigna og haldlagningar muna auk þess að krefjast þess fyrir dómi að fá aðgang að fyrirliggjandi gögnum um símtöl eða fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki í vörslu fjarskiptafyrirtækja þegar slíkar upplýsingar geta haft þýðingu við rannsókn á brotum á ákvæðum frumvarpsins. Til þess að þessum heimildum verði beitt verður að liggja fyrir rökstuddur grunur um brot og skal farið að ákvæðum laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, eftir því sem við getur átt. Af því leiðir að Fjármálaeftirlitið getur ekki nýtt heimild til haldlagningar án dómsúrskurðar skv. 60. gr. og um heimild til kyrrsetningar fer skv. 88. gr. nefndra laga.

Í 7. mgr. er nánar fjallað um lok kyrrsetningar skv. 6. mgr.

Í 8. mgr. kemur fram að laga- eða samningsákvæði um þagnarskyldu takmarki ekki skyldu aðila til að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar samkvæmt ákvæðunum. Aftur á móti eru upplýsingar og gögn sem lögmaður öðlast við athugun á lagalegri stöðu skjólstæðings í tengslum við dómsmál sérstaklega undanþegnar með hliðsjón af samsvarandi undanþágu í 9. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1988. Undanþágan nær ekki aðeins til upplýsinga sem verða til á meðan á dómsmáli stendur heldur einnig vegna ráðgjafar um hvort höfða eigi mál eða komast hjá máli og annarra upplýsinga sem verða til fyrir eða eftir

lok dómsmáls sem hafa bein tengsl við það. Ef óviljandi hefði verið lagt hald á slík gögn, t.d. ef í ljós kæmi að í safni gagna væru samskipti við lögmann um dómsmál, bæri Fjármálaeftirlitinu að eyða eða skila þeim þegar það kæmi í ljós og ekki notast við upplýsingar sem þar er að finna.

Um 119. og 120. gr.

Í greininni, sem byggir á 73. gr. MiFID2, er fjallað um tilkynningar starfsmanna um brot í starfi. Sambærileg ákvæði er að finna í 60. gr. a og b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Um 9. þátt.

Í þættinum er fjallað um viðurlög og opinbera birtingu niðurstaðna.

Um 121. gr.

Samkvæmt greininni skal Fjármálaeftirlitið krefjast úrbóta komi í ljós að ákvæðunum sé ekki fylgt. Hliðstætt ákvæði er í 1. mgr. 10. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

Um 122. gr.

Í greininni, sem byggist á d-lið 6. mgr. 70. gr. MiFID2, er fjallað um heimild Fjármálaeftirlitsins til að banna brotlegum einstaklingi tímabundið að sitja í stjórn verðbréfafyrirtækis eða gegna stjórnunarstörfum innan þess. Hið sama á við í tilviki einstaklings í stjórn lánastofnunar með starfsleyfi/-heimild sem verðbréfafyrirtæki. Við mat á því hvað felst í stjórnunarstörfum skal horft til skilgreiningar 25. tölul 1. mgr. 3. gr. MAR á þeim. Eðli máls samkvæmt skal tilgreina í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hve lengi bannið gildir. Sé um ítrekað brot að ræða þá getur bannið verið varanlegt.

Um 123. gr.

Í greininni, sem byggist á e-lið 6. mgr. 70. gr. MiFID2, er fjallað um heimild Fjármálaeftirlitsins til að banna verðbréfafyrirtæki tímabundið að vera aðili eða þátttakandi á skipulegum markaði eða markaðstorgi fjármálagerninga eða viðskiptavinur skipulegs markaðstorgs. Hið sama á við í tilviki einstaklings í stjórn lánastofnunar með starfsleyfi/-heimild sem verðbréfafyrirtæki. Eðli máls samkvæmt skal tilgreina í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins hve lengi bannið gildir.

Um 124. gr.

Í greininni, sem byggir á 70. gr. MiFID2, er fjallað um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota gegn ákvæðum frumvarpsins.

Í 1.–2. mgr. eru talin upp öll þau ákvæði frumvarpsins, þ.m.t. MiFIR, sem heimilt er að leggja á stjórnvaldssektir sé brotið gegn þeim. Í 2. mgr. kemur fram að verði aðili ekki við kröfum Fjármálaeftirlitsins skv. 4. mgr. 118. gr., svo sem um afhendingu upplýsinga, að starfsemi eða háttsemi sé hætt eða um úrbætur innan hæfilegs frests, þá geti Fjármálaeftirlitið beitt stjórnvaldssektum. Einstaklingur sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot yrði þó ekki beittur stjórnvaldssekt fyrir að nýta rétt sinn skv. 128. gr. til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni.

Heimild til að leggja á stjórnvaldssekt tekur bæði til einstaklinga og lögaðila. Lögaðili telst því aðeins hafa brotið af sér að fyrirsvarsmáður hans, starfsmaður eða annar á hans vegum hafi framið brot í starfsemi lögaðilans þótt ekki verði endilega staðreynt hver þessara aðila

hafi átt í hlut, sbr. til hliðsjónar 19. gr. c almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Ábyrgðin er valkvæð í þeim skilningi að gera má annað hvort einstaklingi eða lögaðila eða þeim báðum að sæta stjórnvaldssekt. Við ákvörðun á því er eðlilegt að taka mið af því meginmarkmiði stjórnvaldssektanna að hafa tilhlýðileg varnaðaráhrif.

Í 3.–4. mgr., sem byggir á f–h.-lið. 6. mgr. 70. gr. MiFID2, er fjallað um mörk stjórnvaldssekta. Tilvitnuð ákvæði MiFID2 fela í sér lágmarkskröfu um viðurlög og er aðildarríkjum heimilt að ganga lengra.

Í 5. mgr. er lagt til að ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir séu aðfararhæfar, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, til að stuðla að því að þær hafi tilskilin áhrif. Réttur aðila til að bera ákvörðun Fjármálaeftirlitsins undir dómstóla er talinn tryggja réttaröryggi nægjanlega. Um framkvæmd fullnustunnar fer samkvæmt lögum um aðför.

Lagt er til að dráttarvextir leggist á stjórnvaldssekt sem er ekki innt af hendi innan mánaðar frá því að tilkynnt er um hana til að knýja á um greiðslu. Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssekt telst hafa verið tilkynnt þegar hún er komin til viðtakanda. Ekki er áskilið að sýnt sé fram á að hún sé komin til vitundar hans. Fjallað er nánar um dráttarvexti í III. kafla laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Um 125. gr.

Í greininn, sem byggir á 2. mgr. 72. gr. MiFID2, er fjallað um ákvörðun stjórnvaldssektarlaga. Samkvæmt henni skal Fjármálaeftirlitið taka tillit til allra atvika sem máli skipta þegar það ákveður tegund og umfang stjórnvaldssektarlaga. Talin eru upp nokkur atriði sem skal líta til eftir því sem við á hverju sinni. Meginatriðið er að viðurlög hafi tilhlýðileg varnaðaráhrif. Þau þurfa því meðal annars að vinna gegn því að brotlegir aðilar hagnist á brotum.

Um 126. gr.

Oft er unnt að greiða fyrir úrlausn mála og spara bæði Fjármálaeftirlitinu og málsaðila tíma og fé með því að ljúka máli með sátt fremur en með einhliða ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um beiðingu stjórnvaldssektarlaga. Af þeim sökum er í ýmsum lögum á sviði fjármálamarkaðar mælt fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt við málsaðila. Fjármálaeftirlitið hefur á grundvelli þeirra sett reglur um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, nr. 326/2019.

Í sátt felst yfirleitt að málsaðili gengst við broti og upplýsir að fullu um það auk þess að greiða sekt, sem er þó lægri en ef Fjármálaeftirlitið hefði einhliða lagt á stjórnvaldssekt. Sátt getur einnig falið í sér annars konar úrræði, svo sem um viðeigandi úrbætur. Broti málsaðili gegn sátt getur Fjármálaeftirlitið fellt hana úr gildi og tekið mál til meðferðar á ný og þá eftir atvikum gert honum stjórnvaldssekt eða beitt öðrum ráðstöfunum.

Um 127. gr.

Gert er ráð fyrir að bæði ásetnings- og gáleysisbrot varði stjórnvaldssektum og öðrum viðurlögum samkvæmt frumvarpinu til að styrkja varnaðaráhrif þeirra og til samræmis við það sem almennt gildir um stjórnvaldssektarlög á sviði fjármálamarkaðar. Saknæmisstig getur þó haft áhrif á það hversu alvarlegt brot er talið og þar með ákvörðun stjórnvaldssektar eða annarra viðurlaga, sbr. 11. gr.

Um 128. gr.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur talið að það sé þáttur í réttlátri málsmeðferð skv. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu að þeim sem sakaður er um refsiverða háttsemi í skilningi þess

ákvæðis sé ekki skylt að tjá sig eða láta í té upplýsingar sem leitt geta til sakfellingar hans. Dómstóllinn hefur komist að þeirri niðurstöðu að ákvæðið geti við ákveðnar aðstæður verndað rétt manns til að fella ekki á sig sök í tengslum við meðferð stjórnslumála og ákvörðun stjórnsluviðurlaga, einkum stjórnvaldssekta. Ekki hefur þó enn verið sett almenn regla í íslensk lög um rétt einstaklinga til þess að fella ekki á sig sök við meðferð stjórnslumála sem geta leitt til ákvörðunar stjórnsluviðurlaga. Því er lagt til að rétturinn verði tilgreindur í 128. gr. frumvarpsins. Ákvæðið byggist á lögum um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, nr. 55/2007, sem aftur byggðust á skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum frá 12. október 2006.

Ákvæðið tekur aðeins til einstaklinga en ekki til lögaðila. Ákvæðinu er ekki ætlað að taka til réttinda annarra einstaklinga en þeirra sem eru aðilar að stjórnslumáli. Því hefur maður ekki rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn með vísan til þess að uppi sé rökstuddur grunur um lögbrot þriðja manns og upplýsingar eða gögn kunni að fella sök á hann.

Vernd ákvæðisins verður virk þegar rökstuddur grunur vaknar um að einstaklingur hafi gerst sekur um lögbrot. Þannig verða að vera til staðar aðstæður eða sönnunargögn sem benda til sektar hans og rannsókn að beinast að honum sérstaklega en ekki stærri hópi manna.

Ef til staðar er rökstuddur grunur um að viðkomandi hafi framið lögbrot sem varðað getur stjórnsluviðurlögum er honum aðeins skylt að veita upplýsingar eða gögn ef unnt er að útiloka að þær geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um sekt hans. Væri honum því t.d. skylt að veita upplýsingar um nafn sitt og heimilisfang. Einstaklingur getur aftur á móti ákveðið að nýta sér ekki þagnarrétt sinn og bæði tjáð sig og afhent gögn í stjórnslumáli sem kann að ljúka með stjórnsluviðurlögum. Við þær aðstæður telst ekki brotið gegn þagnarrétti hans.

Áréttað skal að rétturinn er víðtækari en að neita að gefa munnlegar upplýsingar. Hann tekur einnig til þess að þurfa ekki að afhenda gögn eða ljá atbeina sinn að öðru leyti við rannsókn máls sem getur fellt sök á mann. Það breytir þó ekki heimildum sem lög veita til þess að afla gagna með þvingunaraðgerðum þar sem ekki er þörf á atbeina hins grunaða eins og á t.d. við um húsleit og haldlagningu gagna sem finnast við slíka leit. Þá er ákvæðinu ekki ætlað að leysa einstakling undan lögmætri skyldu til að veita stjórnvaldi aðgang að húsnæði eða hirslum í fyrirtækjum. Það sem mestu skiptir og ákvæðið stefnir að er að einstaklingi verður ekki gert skylt að ljá atbeina sinn til rannsóknarinnar á virkan hátt þegar rökstuddur grunur leikur á að hann hafi gerst sekur um lögbrot.

Um 129. gr.

Lagt er til að heimild Fjármálaeftirlitsins til að beita stjórnvaldssektum og öðrum stjórnsluviðurlögum samkvæmt frumvarpinu falli niður þegar sjö ár eru liðin frá því að háttsemi lauk til að knýja á um úrlausn mála. Sams konar ákvæði er að finna í 144. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007. Rétt er að taka mið af meginreglum refsiréttar og fjármálamarkaðsréttar um það hvenær háttsemi telst lokið. Af því leiðir meðal annars að ef um samfellda brotastarfsemi eða ástandsbrott er að ræða telst broti ekki lokið fyrr en hinu ólögmeða ástandi linnir og upphaf frestsins telst þá einnig frá þeim tíma.

Af 2. málsli. leiðir meðal annars að þótt rannsókn beinist í upphafi að einum aðila hindrar 1. málsli. ekki að aðrir aðilar sem síðar kemur í ljós að stóðu einnig að broti verði beittir stjórnvaldssektum eða öðrum stjórnsluviðurlögum. Reglan á sér að nokkru leyti hliðstæðu í 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Um 130. gr.

Í greininni, sem byggist á 70. gr. MiFID2, er fjallað um refsingar við brotum gegn tilteknum ákvæðum frumvarpsins. Ekki er krafa skv. 70. gr. MiFID2 að kveðið sé á um refsingar í landslögum sem innleiða gerðina en tekið er fram að ákveði aðildarríki að gera slíkt þá skuli tilkynna framkvæmdastjórn ESB um hverjar þær refsingar séu.

Í greininni er lagt til óbreytt ástand frá gildandi rétti í þeim skilningi að áfram er lagt til að alvarlegustu brot gegn ákvæðum frumvarpsins geti varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 112. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Með fyrirsvarsmanni í 5. mgr. er átt við ædstu stjórnendur lögaðilans, þá sem marka heildarstefnu í rekstri hans, geta skuldbundið hann og hafa yfirumsjón með daglegum rekstri. Ákvæðið byggist á 19. gr. c almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og skilgreining á fyrirsvarsmanni samkvæmt ákvæðinu er því sú sama og samkvæmt þeirri grein.

Um 131. gr.

Í greininni er fjallað um kæru til lögreglu. Sambærilegt ákvæði er að finna í 148. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007.

Um 132. gr.

Greinin, sem byggir á 71. gr. MiFID2, fjallar um opinbera birtingu stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana vegna brota. Birtingu niðurstaðna um beitingu viðurlaga og annarra ráðstafana vegna brota er ætlað að tryggja bæði almenn og sérstök varnaðaráhrif þeirra og stuðla að bættri framkvæmd á fjármálamarkaði. Þá er birting mikilvæg leið til að upplýsa markaðsaðila um það hvaða háttsemi er andstæð lögum.

Samkvæmt 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í athugunum og málum er varða lögin. Birting samkvæmt ákvæðinu er háð því skilyrði að málið varði fjármálamarkaðinn, ógni ekki fjármálastöðugleika og valdi aðila ekki tjóni umfram það sem eðlilegt er.

Í 130. gr. er gengið lengra en í 9. gr. a, því samkvæmt ákvæðinu er Fjármálaeftirlitinu skylt að birta opinberlega niðurstöður sínar um beitingu viðurlaga og annarra ráðstafana vegna brota á lögunum. Niðurstaða sem er birt skal að lágmarki innihalda upplýsingar um tegund og eðli brots og nafn hins brotlega. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að fresta um tiltekinn tíma birtingu á nafni aðila sem tilgreindur er í ákvörðuninni eða birta niðurstöðuna nafnlaust ef nafnabirting samræmist ekki meðalhófsreglunni, birting geti stofnað stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða skaðað yfirstandandi rannsókn. Þá getur Fjármálaeftirlitið ákveðið að birta ekki niðurstöðu ef birting verði talin stofna stöðugleika fjármálamarkaða í hættu eða að hún geti skaðað yfirstandandi rannsókn. Með öðrum orðum þá geta sjónarmið er varða hlutaðeigandi aðila ekki komið í veg fyrir að niðurstaða verði birt. Mat á birtingu samkvæmt framangreindu er framkvæmt í hverju máli fyrir sig.

Fjármálaeftirlitinu ber enn fremur að birta upplýsingar þegar ákvörðun eftirlitsins um beitingu viðurlaga hefur verið afturkölluð. Komi til þess að Fjármálaeftirlitið taki nýja ákvörðun í kjölfar afturköllunar eða endurupptöku máls þá ber Fjármálaeftirlitinu að birta slíka niðurstöðu.

Fjármálaeftirlitinu verður, eftir sem áður, heimilt að birta opinberlega niðurstöður í öðrum málum er varða lögin. Um slíka birtingu fer skv. 9. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998.

130. gr. leggur þær skyldur á Fjármálaeftirlitið að uppfæra upplýsingar um niðurstöðu, sem áður hefur verið birt, ef aðili höfðar mál til ógildingar ákvörðun Fjármálaeftirlitsins. Jafnframt

ber Fjármálaeftirlitinu að birta upplýsingar um niðurstöður slíkra dómsmála, á öllum dómstigum. Þá er kveðið á um þann lágmarkstíma sem upplýsingarnar skulu birtast á vef Fjármálaeftirlitsins; í tilviki lögaðila eru það fimm ár en í tilviki einstaklinga birtast upplýsingarnar eins lengi og málefnalegar ástæður kalla á það í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Um 10. þátt.

Í þættinum, sem byggist á 80.–87. gr. MiFID2, er fjallað um samstarf Fjármálaeftirlitsins við önnur lögbær yfirvöld.

Seðlabanki Íslands mun setja reglur sem fjalla nánar um samstarfið. Evrópusambandið hefur gefið út þrjár reglugerðir, 2017/980, 2017/981 og 2017/988 sem Seðlabankinn byggir reglur sínar á.

Um 11. þátt.

Í þættinum er að finna ýmis ákvæði, þ.m.t. um aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA, málskot til EFTA-dómstólsins, reglu- og reglugerðarheimildir, gildistöku og breytingar á öðrum lögum.

Um 143. gr.

Í greininni er fjallað um aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA, dóma og úrskurða EFTA-dómstólsins og um málskot ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA til EFTA-dómstólsins.

Í 1. mgr. er kveðið á um aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og dóma EFTA-dómstólsins og tryggt að ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA verði fullnustaðar með atbeina íslenskra stjórnvalda. Í 11. tölul. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför, nr. 90/1989, er gerður lagaáskilnaður um aðfararhæfi krafna samkvæmt úrlausnum erlendra dómstóla og yfirvalda. Í ákvæðinu kemur fram að úrlausnir eða ákvarðanir erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sættir gerðar fyrir þeim séu aðfararhæfar ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfu talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi. Að öðru leyti gilda lög um aðför um fullnustu ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og EFTA-dómstólsins.

Um 144. gr.

Í greininni lagt til að ráðherra og Seðlabanka Íslands verði heimilt að setja reglugerðir eða reglur sem innleiða þær reglugerðir ESB sem settar eru með lagastoð í MiFIR.

Í 1. mgr. er lagt til að ráðherra verði heimilt að setja reglugerð sem kveður á um undanþágur frá gildissviði MiFIR. Evrópusambandið hefur gefið út þrjár reglugerðir sem kveða á um slíkar undanþágur, þ.e. reglugerðir (ESB) 2017/1799, 2019/1000 og 2019/462.

Í 2. mgr. er lagt til að Seðlabanka Íslands verði heimilt að setja reglur sem fela í sér innleiðingu í íslenskan rétt á þeim reglugerðum ESB sem byggja á tæknistöðlum frá ESMA.

Um 145. gr.

Í greininni er fjallað um þær Evrópugerðir sem lagt er til að innleiddar verði með frumvarpinu.

Um 146. gr.

Í 1. mgr. er lagt til að lögin öðlist gildi 1. maí 2021. Þó er lagt til að 1. mgr. 39. gr. um þekkingar- og hæfniskröfur einstaklinga sem veita upplýsingar um fjármálagerninga eða fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu fyrir hönd verðbréfafyrirtækisins búi yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni öðlist gildi 1. nóvember 2021. Vert er að taka fram að krafan í 1. mgr. 40. gr. um að þeir starfsmenn sem veita fjárfestingarráðgjöf skuli hafa verðbréfaréttindi öðlist gildi 1. júní 2022. Talið var nauðsynlegt að veita lengri frest vegna kröfunnar um verðbréfaréttindi hjá þeim sem veita fjárfestingarráðgjöf þar sem um er ræða auknar kröfur til þeirra sem veita slíka ráðgjöf.

Í 2. mgr. er lagt til að lög um kauphallir, nr. 110/2007, falli brott enda er fjallað um starfsemi skipulegra markaða í 3. þætti frumvarpsins.

Í 3. mgr. er fjallað um lagaskil í tengslum við kröfuna um verðbréfaréttindi skv. 40. gr.

Um 147. gr.

Í greininni er fjallað um breytingar á öðrum lögum sem leiða af efni frumvarpsins. Fyrst og fremst er verið að breyta hugtökum til samræmis við hugtakanotkun í frumvarpinu og breyta vísunum til laga um verðbréfavíðskipti í lög um markaði fyrir fjármálagerninga, eins og við á hverju sinni.

Fylgiskjal.**Innleiðingartafla. Samanburður á ákvæðum MiFID2 og frumvarpsins.**

www.althingi.is/alttext/pdf/151/fylgiskjol/s1081-f_I.pdf